Fjármálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, þar á meðal um stærð, gerð og búnað íbúðarhúsnæðis, sem ríkið eignast eða kostar að einhverju leyti, svo og um eftirlit með slíku íbúðarhúsnæði og viðhald þess.

Í reglugerð skulu enn fremur sett ákvæði um úttekt á leiguhúsnæðinu við upphaf og lok leigutíma.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1968. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 38/1947, um skipulag og hýsingu prestssetra, lög nr. 96/1947, um embættisbústaði dómara, 2. og 3. málslíður 4. mgr. 3. gr. laga nr. 41/1955, um greiðslu kostnaðar við skóla, sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum, svo og lög nr. 4/1957, um embættisbústaði héraðsdýralækna.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þeir starfsmenn ríkisins, er afnot hafa af húsnæði í eigu ríkisins við samþykkt þessara laga, skulu greiða leigu af húsnæði þessu eftir sömu reglum og stuðzt var við fyrir gildistöku laga þessara. Flytjist starfsmenn þessir í annað húsnæði, ber þeim að greiða leigu af því skv. ákvæðum 5. gr. þessara laga.

Gjört í Reykjavík, 25. apríl 1968.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Magnús Jónsson.

L Ö G

um breyting á sveitarstjórnarlögum, nr. 58 29. marz 1961.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðanna „að þriðjungi eftir tölu verkfærra karlanna“ í 101. gr. laganna komi: að þriðjungi eftir íbúatölu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal lagt á samkvæmt þeim fyrsta sinn árið 1968.

Gjört í Reykjavík, 25. apríl 1968.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Magnús Jónsson.

19. apríl 1968.

Nr. 29.

L Ö G

um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1966.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

Ríkisreikningurinn fyrir árið 1966 samþykkist með eftirgreindum niðurstöðutölum:

Innborganir:		Áætlun:	Reikningur:
1. Tekjur samkvæmt	2. gr.	fjárlaga kr. 3 289 300 000.00	kr. 4 015 775 214.57
2. — —	3. — A.	— — 472 000 000.00	— 618 242 312.39
3. — —	3. — B.	— — 75 000.00	
4. — —	4. —	— — 8 000 000.00	— 21 977 337.97
5. — —	5. —	— — 25 000 000.00	— 21 792 166.91
6. Eignahreyfingar skv.	20. gr. fjárlaga	— 6 100 000.00	— 381 588 911.31
		kr. 3 800 475 000.00	kr. 5 059 375 943.15

Útborganir:			Áætlun:	Reikningur:
1. Gjöld samkvæmt	7. gr.	fjárlaga kr.	8 514 265.00	kr. 8 339 046.44
2. — —	8. —	— —	2 706 664.00	— 3 358 566.82
3. — —	9. —	— —	27 600 000.00	— 33 290 374.69
4. — —	10. — I.	— —	46 299 820.00	— 59 485 916.28
5. — —	10. — II.	— —	31 091 521.00	— 36 366 434.34
6. — —	10. — III.	— —	13 132 900.00	— 13 532 759.01
7. — —	11. — A.	— —	194 640 428.00	— 224 664 641.71
8. — —	11. — B.	— —	77 075 305.00	— 95 617 736.07
9. — —	11. — C.	— —	4 200 000.00	— 4 554 855.35
10. — —	12. —	— —	145 801 240.00	— 171 381 152.20
11. — —	13. — A.	— —	380 000.00	— 380 000.00
12. — —	13. — B.	— —	33 192 000.00	— 44 655 641.30
13. — —	13. — C.	— —	64 133 232.00	— 63 324 639.87
14. — —	13. — D.	— —	23 821 548.00	— 28 118 614.21
15. — —	13. — E.	— —	10 538 996.00	— 12 194 864.29
16. — —	13. — F.	— —	12 727 336.00	— 14 581 886.10
17. — —	14. — A.	— —	512 022 690.00	— 560 274 555.85
18. — —	14. — B.	— —	39 276 330.00	— 43 525 078.24
19. — —	15. —	— —	36 281 000.00	— 39 373 093.43
20. — —	16. — A.	— —	203 922 188.00	— 214 912 810.73
21. — —	16. — B.	— —	142 699 474.00	— 161 595 788.45
22. — —	16. — C.	— —	11 479 715.00	— 13 549 712.30
23. — —	16. — D.	— —	45 150 000.00	— 49 778 010.66
24. — —	16. — E.	— —	30 266 406.00	— 31 787 735.71
25. — —	17. —	— —	875 138 100.00	— 897 216 469.27
26. — —	18. —	— —	88 267 626.00	— 95 937 721.52
27. — —	19. — 1.	— —	559 000 000.00	— 613 066 633.83
28. — —	19. — 2.	— —	214 000 000.00	— 248 044 886.34
29. — —	19. — 3.	— —	5 000 000.00	— 94 330 653.09
30. — —	19. — 4.	— —	14 000 000.00	—
31. — —	19. — 5.	— —	8 000 000.00	—
32. — —	19. — 6.	— —	1 800 000.00	— 1 546 322.49
33. — —	19. — 7.	— —	107 000 000.00	—
34. — —	19. — 8.	— —	19 000 000.00	— 20 406 505.81
35. Eignahreyfingar samkv. 20. gr. fjárlaga	—	—	190 752 495.00	— 749 157 289.33
Mismunur	—	—	1 563 721.00	— 411 025 547.42
			kr. 3 800 475 000.00	kr. 5 059 375 943.15

Gjört í Reykjavík, 19. apríl 1968.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Magnús Jónsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 44 3. apríl 1963, um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara eða tæknifræðinga.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Fyrirsögn laganna skal vera:

Lög um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara, tæknifræðinga eða byggingafræðinga.

2. gr.

Á eftir 6. gr. laganna komi tvær nýjar greinar, sem verða 7. og 8. gr., og greinatala laganna breytist því til samræmis, svo hljóðandi:

7. gr.

Rétt til að kalla sig byggingafræðinga (byggningskonstruktör) hafa hér á landi þeir einir, sem hafa fengið til þess leyfi ráðherra.

8. gr.

Engum má veita leyfi það, sem um ræðir í 7. gr., nema hann hafi lokið fullnáðarprófi í byggingafræði frá byggingafræðilegum æðri skóla, sem Byggingafræðingafélag Íslands viðurkennir sem fullgildan skóla í þeirri grein.

Þeir menn, sem fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru í 1. mgr. þessarar greinar, eiga rétt á, að þeim sé veitt leyfi til að kalla sig byggingafræðinga.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

4. gr.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í lög um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara eða tæknifræðinga, nr. 44 3. apríl 1963, og gefa þau út svo breytt.

Gjört í Reykjavík, 18. apríl 1968.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 53/1966, um vernd barna og ungmenna.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við 6. gr. komi ný mgr., svo hljóðandi:

Menntamálaráðherra er heimilt að fela félagsmálaráði Reykjavíkur störf barnaverndarnefndar í Reykjavík að nokkru eða öllu leyti. Ráðherra kveður nánar á um starfssvið í reglugerð. Skipan félagsmálaráðs, fjöldi ráðsmanna og kjörtímabil ákvarðast af borgarstjórn Reykjavíkur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 20. apríl 1968.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Gylfi P. Gíslason.

L Ö G

um eftirlit með framleiðslu og verzlun með fóðurvörur.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI**Um verzlun með fóðurvörur.****1. gr.**

Hjá Rannsóknastofnun landbúnaðarins skal vera fóðureftirlit, er hafi á hendi eftirlit með framleiðslu og sölu fóðurvara, sem seldar eru á innlendum markaði, eftir því, sem fyrir er mælt í lögum þessum.

2. gr.

Rannsóknastofnunin annast allar rannsóknir (efna-, smásjár- og gerlarannsóknir) í sambandi við eftirlitið og sér um töku sýnishorna hjá framleiðendum, innflytjendum og kaupendum eftir því, sem þörf krefur á hverjum tíma.

3. gr.

Enginn má framleiða til sölu eða flytja inn fódurblöndur nema með leyfi landbúnaðarráðuneytisins að fengnum tillögum Rannsóknastofnunar landbúnaðarins og Búnaðarfélagss Íslands. Sama gildir, þegar um er að ræða innflutning á fódurtegund, sem ekki hefur verið notuð hér áður. Ráðuneytið getur einnig hvenær sem er bannað innflutning á fódurblöndum.

4. gr.

Hver sá, sem fær leyfi til að framleiða til sölu eða flytja inn fódurblöndur, er skyldugur til að láta fylgja vörunni upplýsingar um eftirtalin atriði:

1. Nafn og heimili framleiðanda.
2. Nafn blöndunnar og þess getið fyrir hvaða búfé hún er ætluð.
3. Mánuðurinn, sem varan er framleidd í.
4. Nöfn og prósentumagn þeirra fódurtegunda, sem notaðar eru í fódurblönduna.
5. Magn af meltanlegri eggjahvítu (hrá- eða hreineggjahvítu) í hverri fódureiningu (F.E.) af blöndu (pepsin-saltsýru aðferðin).
6. Magn af blöndu í fódureiningu.
7. Kalsíum (Ca) og fosfór (P) magn blöndunnar og auk þess önnur þau steinefni, er fódureftirlitið ákveður hverju sinni.
8. Séu vítamín látin í blönduna, skal greina frá magni af hverri tegund vítamína fyrir sig í kg af blöndu í alþjóðlegum einingum.

Upplýsingar þessar ber að skoða sem skuldbindingu frá framleiðendum til tryggingar því, að um ákveðin fódurgæði og samsetningu sé að ræða.

5. gr.

Þeir, sem verzla með fódurblöndur, skulu ársfjórðungslega greiða eftirlitsgjald af hverri smálest, sem þeir selja. Landbúnaðarráðuneytið ákveður gjald þetta árlega. Þó skal aldrei innheimt með gjaldi þessu hærrí fjárhæð en sem nemur kostnaði við fódureftirlitið. Heimilt er að leggja gjald þetta á vöruna.

6. gr.

Rannsóknastofnun landbúnaðarins heldur reikning um tekjur, er inn koma vegna fódureftirlitsins samkvæmt 5., 11. og 17. grein, og gerir landbúnaðarráðuneytinu grein fyrir. Gjöld samkvæmt 5. og 17. gr. innheimta lögreglustjórar, í Reykjavík tollstjóri, með öðrum gjöldum og standa Rannsóknastofnun landbúnaðarins skil á því.

Eftirlitsgjald af fódurblöndum skal innheimta hjá framleiðanda og/eða innflytjanda, en af einstökum fódurtegundum hjá þeim söluaðila, sem selur vöruna til bænda (kaupenda).

7. gr.

Í fódurblöndur má aðeins nota þær fódurtegundir og fódurefni, sem eru holl fyrir búfé til þrifa og afurðamyndunar að dómi fódureftirlitsins. Eigi má nota í fódurblöndur fódurtegundir og fódurefni, sem hafa minna fódurgildi en sem svarar 65 fódureiningum í 100 kg af fódri. Þó eru hér undanskilin steinefni og vítamín.

8. gr.

Óheimilt er að selja fódur, sem blandað er þvagefni (urea), fúkkalyfjum (antibiotika), erlendu blóð-, kjöt- og beinamjöli, sem og öðru því erlendu mjöli, sem unnið er úr úrgangi frá sláturhúsum eða öðrum búfjárafurðum, svo sem þurrmjólkurdufti, sbr. lög nr. 11 23. apríl 1928, um varnir gegn gin- og klaufaveiki.

9. gr.

Í fódurblöndum skal fódurgildið eigi vera minna en 99% af því fódurgildi, sem skráð er á fylgiseðli, og magn eggjahvítu má lægst vera 97% af tilgreindu efnamagni. Um frávik annarra efna skal kveða á í reglugerð.

Komi í ljós tvisvar í röð, að frávik eru meiri en að framan greinir, skal fódureftirlitið skylda hlutaðeigandi aðila til að breyta framleiðslunni til samræmis við skráðar tölur eða gefa út nýja fylgiseðla.

10. gr.

Fóðureftirlitið skal taka sýnishorn til rannsóknar af innlendum og erlendum fódurblöndum eins oft og þurfa þykir og eigi sjaldnar en ársfjórðungslega. Sama gildir um einstakar fódurtegundir. Sýnishorn þessi má taka hvort sem er hjá framleiðendum, í verzlunum eða hjá bændum (kaupendum). Nánari reglur um töku sýnishorna skal ákveða í reglugerð.

11. gr.

Þegar fódureftirlitið hefur rannsakað sýnishorn samkvæmt 10. gr., skal hlutaðeiganda gert aðvart um niðurstöður. Í fyrsta sinn, sem tiltekin fódurblanda eða fódurtegund sýnir meira frávik frá tilgreindu efnamagni en leyft er samkvæmt 9. gr., skal aðila tilkynnt skriflega, hverju sé áfátt og hvaða viðurlög liggja við, ef eigi verður bætt úr. Í annað sinn eða síðar, sem rannsóknir sýna minna fódurgildi eða aðra efnasamsetningu en tilgreind er, skal aðili greiða til Rannsóknastofnunar landbúnaðarins verðmun þann, er fram kemur, miðað við tilgreint fódurgildi. Einnig skulu framleiðendur greiða skaðabætur til kaupenda vegna þessa fódurs samkvæmt mati fódureftirlitsins.

12. gr.

Fóðureftirlitið skal birta eins oft og þurfa þykir og eigi sjaldnar en einu sinni á ári skrá yfir alla þá, sem hafa leyfi til að framleiða og flytja inn fódurblöndur og fódurvörur til sölu. Þar skal tekið fram nafn og vörumerki hverrar tegundar, verð, fódurgildi, efnasamsetning og magn af eggjahvítu, kalsíum og fosfór í F.E. og enn fremur hvaða búfé fódurtegundin er ætluð. Jafnframt skal fódureftirlitið birta niðurstöður af efnarannsóknum hverrar tegundar, sem sé meðaltal tveggja síðustu rannsókna. Þá skal fódureftirlitið láta ráðunautum (leiðbeiningaþjónustu) í té, eins fljótt og hægt er, umsögn um gæði og efnasamsetningu nýrra fódurblandna og fódurtegunda, sem koma til sölumeðferðar á innlendum markaði.

13. gr.

Hver sá, sem framleiðir fódurblöndur undir vöruheiti, skal hafa þær staðlaðar með tilliti til eggjahvítumagns, fódurgildis, steinefnamagns og Ca/P hlutfalls, sbr. 4. og 9. grein. Óheimilt er að setja á markað blöndu með vöruheiti, sem ekki er í samræmi við áður tilgreinda stöðlun.

II. KAFLI

Um innlent kjarnfóður (Hvalmjöl, fiskmjöl o. fl.).

14. gr.

Í lögum þessum tákna fiskmjöl allt fódurmjöl, sem framleitt er úr hvers konar fiski, þar með talin síld og fisk- og síldarúrgangur.

15. gr.

Hvalmjöl og fiskmjöl til notkunar innanlands skal vera framleitt úr óskemmdu hráefni, hreint og nothæft sem fóður.

16. gr.

Við mat á gæðum hvalmjöls og fiskmjöls samkvæmt 15. grein skal tekið tillit til lyktar, útlits og innihalds af óbundnu ammoníaki í mjölinu, svo og hvort skaðlegir sýklar og myglusveppir eru í mjölinu og aðskotahlutir. Ekki má selja fiskmjöl, sem inniheldur meira en 0.2% af natríumnitrit á framleiðsludegi, og eigi má nota í kýrfóður fiskmjöl, sem framleitt er úr hráefni, rotvörðu með natríumnitrit. Fiskmjöl til kýrfóðurs skal greinilega merkt K á umbúðir. Síldarverksmiðjur ríkisins skulu selja K-mjöl til notkunar innanlands eftir sömu reglum og þær selja annað síldarmjöl, og skulu þær svo sem kostur er fullnægja eftirspurn. Seljandi skal ávallt ábyrgjast lágmarksmagn mjöltegundanna af eggjahvítu. Nánar skal kveðið á um efnamagn og gæði hvalmjöls og fiskmjöls í reglugerð.

17. gr.

Fiskmjöl og hvalmjöl svo og innlent fóðurmjöl, framleitt úr búfjárafurðum frá sláturhúsum og mjólkurbúum, lýtur sömu reglum um fóðureftirlit og um getur í I. kafla þessara laga.

18. gr.

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga.

19. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim varða sektum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

20. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 63 31. maí 1947, um eftirlit með framleiðslu og verzlun með fóðurvörur.

Gjört í Reykjavík, 20. apríl 1968.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.

L Ö G**um Félagsstofnun stúdenta við Háskóla Íslands.****FORSETI ÍSLANDS**

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við Háskóla Íslands skal starfa Félagsstofnun stúdenta. Menntamálaráðuneyti, Háskóli Íslands og allir skrásettir stúdentar innan hans eiga aðild að stofnuninni, svo sem nánar segir í lögum þessum.

Stofnunin er sjálfseignarstofnun með sjálfstæðri fjárhagsábyrgð. Eignir og skuldbindingar stúdentagarðanna og annarra fyrirtækja í þágu stúdenta, sem rekin eru innan skólans nú, skulu að fengnu samþykki háskólaráðs og stúdentaráðs hverfa undir hina nýju stofnun frá þeim tíma og með þeim hætti, sem nánar er kveðið á um í reglugerð samkvæmt 6. gr. laga þessara.

2. gr.

Stofnunin skal annast rekstur og bera ábyrgð á fyrirtækjum í þágu stúdenta og beita sér fyrir eflingu þeirra samkvæmt því, sem nánar er kveðið á um í reglugerð.

3. gr.

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð fimm mönnum, einum tilnefndum af menntamálaráðuneyti, einum kosnum af háskólaráði og þrem kosnum af stúdentaráði til tveggja ára í senn. Varamenn skal tilnefna með sama hætti til jafnlangs tíma. Stjórnin kys sér formann.

4. gr.

Stjórn stofnunarinnar aflar fjár til framkvæmda þeirra, er undir stofnunina heyra, í samvinnu við rektor og háskólaráð. Auk tekna af fyrirtækjum þeim, er Félagsstofnun stúdenta ræður yfir eftir lögum þessum og reglugerð, skal fjár til byggingarframkvæmda, rekstrar fyrirtækja og eflingar þeirra aflað sem hér segir:

1. Árleg skrásetningargjöld stúdenta við Háskóla Íslands skulu renna að hluta til stofnunarinnar, eftir því sem nánar er ákveðið í reglugerð fyrir Háskóla Íslands.
2. Með framlagi úr ríkissjóði, eftir því sem Alþingi ákveður hverju sinni.
3. Gjöfum, sem Félagsstofnun stúdenta kunna að berast.
4. Öðrum úrræðum, er stjórn stofnunarinnar telur tiltækileg.

5. gr.

Félagsstofnun stúdenta skal undanþegin tekju- og eignarskatti, aðstöðugjaldi og útsvari.

6. gr.

Menntamálaráðuneytið setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, að fengnum tillögum stúdentaráðs og háskólaráðs. Um breytingar á reglugerð skal hafa samráð við stúdentaráð, háskólaráð og stjórn stofnunarinnar.

7. gr.

Lög þessi koma til framkvæmda þegar í stað, og skal stofnunin taka til starfa frá þeim tíma, er í reglugerð segir.

Gjört í Reykjavík, 20. apríl 1968.

Ásgeir Ásgeirsson.
(L. S.)

Gylfi P. Gislason.

FJÁRAUKALÖG

fyrir árið 1966.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Til viðbótar við þau gjöld, sem veitt eru í fjárlögum fyrir árið 1966, eru veittar kr. 926 118 972.05 til gjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2. gr.

2. gr.

til viðbótar við gjöldin í 3. gr. A er veitt:

1. Póstur og sími	kr. 76 058 580.52
af kr. 125 443 592.27 tekjum umfram fjárlagaáætlun.	
2. Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins	— 61 980 598.10
af kr. 157 806 519.14 tekjum umfram fjárlagaáætlun.	
3. Ríkisútlarp	— 14 856 317.83
en tekjur fóru kr. 4 620 351.08 fram úr fjárlagaáætlun.	
4. Viðtækjaverzlun	— 1 784 905.99
en tekjur fóru kr. 1 192 916.03 fram úr fjárlagaáætlun.	
5. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg	— 1 963 875.37
en tekjur fóru kr. 1 891 207.45 fram úr fjárlagaáætlun.	
6. Áburðarsalan	— 8 317 845.27
af kr. 8 385 429.68 tekjum umfram fjárlagaáætlun.	
7. Landssmiðjan	— 1 512 195.30
af kr. 1 834 825.64 tekjum umfram fjárlagaáætlun.	
8. Innkaupastofnun	— 2 147 693.31
af kr. 4 228 038.71 tekjum umfram fjárlagaáætlun.	
9. Bessastaðabú	— 309 037.65
en tekjur urðu kr. 519 097.66 undir fjárlagaáætlun.	
10. Hvanneyrarbú	— 1 480 564.29
en tekjur fóru kr. 1 152 577.61 fram úr fjárlagaáætlun.	
11. Vífilsstaðabú	— 723 288.04
af kr. 767 702.87 tekjum umfram fjárlagaáætlun.	
12. Kópavogsbú	— 74 631.71
af kr. 88 542.54 tekjum umfram fjárlagaáætlun.	

 Kr. 171 209 533.38

Til viðbótar við gjöldin í 8. gr. eru veittar	kr. 651 902.82
— — — — - 10. — I. — —	— 13 186 096.28
— — — — - 10. — II. — —	— 5 274 913.34
— — — — - 10. — III. — —	— 399 859.01
— — — — - 11. — A. — —	— 30 024 213.71
— — — — - 11. — B. — —	— 18 542 431.07
— — — — - 11. — C. — —	— 354 855.35
— — — — - 12. — — —	— 25 579 912.20
— — — — - 13. — B. — —	— 11 463 641.30
— — — — - 13. — C. — —	— 808 592.13
— — — — - 13. — D. — —	— 4 297 066.21

Til viðbótar við gjöldin í 13. gr. E.	eru veittar	kr.	1 655 868.29
— — — — - 13. — F.	— —	—	1 854 550.10
— — — — - 14. — A.	— —	—	48 251 865.85
— — — — - 14. — B.	— —	—	4 248 748.24
— — — — - 15. —	— —	—	3 092 093.43
— — — — - 16. — A.	— —	—	10 990 622.73
— — — — - 16. — B.	— —	—	18 896 314.45
— — — — - 16. — C.	— —	—	2 069 997.30
— — — — - 16. — D.	— —	—	4 628 010.66
— — — — - 16. — E.	— —	—	1 521 329.71
— — — — - 17. —	— —	—	22 078 369.27
— — — — - 18. —	— —	—	7 670 095.52
— — — — - 19. — 1.	— —	—	54 066.633.83
— — — — - 19. — 2.	— —	—	34 044 886.34
— — — — - 19. — 3.	— —	—	89 330 653.09
— — — — - 19. — 8.	— —	—	1 406 505.81

 Kr. 587 599 561.42

 Til eignaaukningar skv. 20. gr. Út eru veittar — 338 519 410.63
 Inn fóru kr. 375 488 911.31 fram úr fjárlagaáætlun.

 Samtals kr. 926 118 972.05

Gjört í Reykjavík, 22. apríl 1968.

Ásgeir Ásgeirsson.
(L. S.)

Magnús Jónsson.

L Ö G

um Fiskimálaráð.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Sjávarútvegsmálaráðherra skipar Fiskimálaráð samkvæmt því, sem segir í 7. gr. laga þessara.

2. gr.

Fiskimálaráð skal vera ráðgefandi um mótun heildarstefnu í uppbyggingu sjávarútvegsins og markaðsmálum, og skal það beita sér fyrir góðri samvinnu allra aðila, sem hlut eiga að máli, með gagnasófnun, umræðufundum, skýrslugerð, út-gáfu- og fræðslustarfsemi og öðrum ráðum, sem líklegust eru talin til þess hverju sinni, að tilganginum með stofnun ráðsins verði náð.

3. gr.

Ályktanir sínar um uppbyggingu fiskiskipastólsins skal fiskimálaráð við það miða, að jafnan sé sem mest fjölbreytni í útgerðinni og eðlilegt jafnvægi milli einstakra greina hennar. Miða skal tillögur ráðsins við það, að hráefnisöflun til fiskiðnaðarins sé tryggð eftir föngum með tilliti til arðsemi fiskistofna á hverjum tíma.

4. gr.

Ályktanir sínar um uppbyggingu fiskvinnslu- og fiskiðnaðarfyrirtækja skal ráðið semja þannig, að tillit sé tekið til æskilegrar dreifingar fyrirtækjanna og við það miða, að afkastageta þeirra sé hæfileg með hliðsjón af mögulegri öflun hráefnis. Enn fremur skal miða að því, að sem mest fjölbreytni verði í vinnslu sjávarafla.

5. gr.

Fiskimálaráð skal hafa forgöngu um markaðsrannsóknir og skipulegar aðgerðir til öflunar nýrra markaða fyrir sjávarafurðir, svo og um framleiðslu nýrra vörutegunda.

6. gr.

Fiskimálaráð skal árlega gefa ríkisstjórn og Alþingi skýrslu um störf sín.

7. gr.

Sjávarútvegsmálaráðherra á sæti í Fiskimálaráði og er jafnframt formaður þess. Eftirtaldir aðilar skulu eiga rétt til að tilnefna einn fulltrúa hver og annan til vara í Fiskimálaráð, til 3 ára í senn:

- Landssamband isl. útvegsmanna.
- Félag isl. botnvörpuskipaeigenda.
- Sjómannasamband Íslands.
- Farmanna- og fiskimannasamband Íslands.
- Alþýðusamband Íslands.
- Félag fiskiðnfræðinga.
- Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna.
- Sjávarafurðadeild Sambands isl. samvinnufélaga.
- Sölusamband isl. fiskframleiðenda.
- Síldarútvegsnefnd.
- Félag isl. fiskmjölsframleiðenda.
- Félag isl. niðursuðuverksmiðja.
- Samlag skreiðarframleiðenda.
- Seðlabanki Íslands.
- Fiskveiðasjóður Íslands.
- Fiskimálasjóður.
- Efnahagsstofnunin.
- Fiskifélag Íslands.

Noti einhver ofangreindra aðila sér ekki rétt sinn til tilnefningar, skal ráðherra heimilt að skipa í hið auða sæti.

Fiskimálaráð skal koma saman til fundar, þegar formaður ákveður, en þó eigi sjaldnar en tvisvar á ári.

Störf í Fiskimálaráði eru ólaunuð.

8. gr.

Fiskimálaráð kýs þriggja manna framkvæmdanefnd, sem undirbýr fundi ráðsins og annast þau störf, sem Fiskimálaráð felur henni.

9. gr.

Kostnaður af störfum Fiskimálaráðs, þar með talin þóknun til framkvæmda-
nefndar, sem ráðherra ákveður, greiðist úr Fiskimálasjóði.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um starfsemi Fiskimálaráðs.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 23. apríl 1968.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Eggert G. Þorsteinsson.

L Ö G

um breyting á jarðræktarlögum, nr. 22 24. apríl 1965.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með sam-
þykki mínu:

1. gr.

II. liður í 10. gr. laganna orðist svo:

Framræsla vegna tún-, akur-, engja- og hagaræktar (vélgröftur):

- a. Skurðir vélgrafnir, 70% kostnaðar við gröft skurðanna. Ákvæðisvinna skal við-
höfð við skurðgröft þar, sem því verður við komið. Ríkisframlag skal miða við
ákvæðisvinnutaxta hvers ræktunarsvæðis sé hann fyrir hendi. Annars úr-
skurðar Búnaðarfélag Íslands reikninga.

Héraðsráðunautar skulu leita eftir óskum bænda um framræslufram-
kvæmdir og fyrir 1. maí, í fyrsta sinn 1968, senda stjórn Búnaðarfélags Íslands
sundurliðaðar pantanir og áætlanir, hver fyrir sitt starfssvæði, um þá fram-
ræslu, sem þeir telja æskilega á hverri jörð næstu fimm árin. Búnaðarfélag Ís-
lands gerir síðan heildaráætlun til næstu fimm ára um, hversu mikið skuli
grafa á hverju ræktunarsvæði. Þá skulu héraðsráðunautar árlega, fyrir 1. maí,
senda Búnaðarfélagi Íslands endurskoðaðar áætlanir fyrir næsta ár. Búnaðar-
félag Íslands lætur síðan framkvæma nauðsynlegar mælingar og annan undir-
búning, sem þarf til að bjóða verkið út. Jarðræktarráðunautar þess hafa um-
sjón með þessum áætlunum og skera úr um vafaatriði.

Þegar endurskoðaðar áætlanir hvers árs liggja fyrir, samþykktar af stjórn
Búnaðarfélags Íslands, skulu framræsluframkvæmdir á hverju ræktunarsvæði
boðnar út. Skulu útboð fara fram fyrir 15. marz hvert ár. Búnaðarfélag Íslands
gerir útboðin fyrir hönd þeirra samtaka, sem sjá um skurðgröft fyrir bændur
á hverju ræktunarsvæði, sbr. 20. gr. 2. málsg., og ákveður ásamt fulltrúa við-
komandi ræktunarsvæðis, hvaða tilboðum skuli tekið og hvaða tryggingar verk-
takar skuli setja.

Ræktunarsambönd og Vélasjóður geta jafnt og aðrir aðilar boðið í skurð-
gröft, hvar sem er á landinu. Ræktunarsambönd hafa rétt til að ganga inn í
lægsta tilboð, hvert á sínu ræktunarsvæði.

Berist engin tilboð eða óaðgengileg í skurðgröft á einhverju ræktunarsvæði, felur stjórn Búnaðarfélags Íslands vélanefnd eða öðrum að láta grafa þar. Jarðræktarráðunautar Búnaðarfélags Íslands hafa eftirlit með framkvæmdum við skurðgröft.

Bændur, sem láta aðra en samþykktu verktaka grafa á jörðum sínum, fá aðeins hálf framlag á skurðina. Ákvæði þetta gildir þó ekki um framræsluframkvæmdir, sem unnar eru á árinu 1968.

Á ræktunarsvæðum, þar sem kostnaður við skurðgröft vegna óhagstæðrar aðstöðu er meira en 25% hærri en meðalkostnaður á landinu, en telst þó nauðsynleg framkvæmd, er landbúnaðarráðherra heimilt eftir tillögu Búnaðarfélags Íslands að hækka ríkisframlagið svo, að hlutur bóndans verði eigi hærri en meðalkostnaður.

- b. Plógræsi skulu boðin út á sama hátt og vélgrafnir skurðir, og skal framlag á þau vera 75% af kostnaði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 24. apríl 1968.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.

24. apríl 1968.

Nr. 37.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 38 15. febr. 1945, um stofnun búnaðarmálasjóðs.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við lögin bætist svo hljóðandi

Ákvæði til bráðabirgða:

Á árunum 1968 og 1969 skal greiða $\frac{1}{4}\%$ viðbótargjald af söluvörum landbúnaðarins, sem um ræðir í 2. gr., og rennur það til Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda til húsbýggingar félagsins við Hagatorg í Reykjavík.

Framlaginu skal skipt í réttu hlutfalli við eignarhluta hvors félags í byggingunni. Um álagningu og innheimtu gjaldsins gilda sömu reglur og um búnaðarmálasjóðsgjald.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 24. apríl 1968.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 21/1957, um dýravernd.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á undan 8. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Óheimilt er að reka hvali á land, nema fullvíst sé, að unnt sé að hagnýta þá til matar eða á annan hátt. Við rekstur hvala skal nota eins mannúðlegar aðferðir og unnt er, og við deyðingu þeirra skal beita lagvopnum og aðferðum, sem nánar skal kveðið á um í reglugerð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 18. apríl 1968.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Gylfi Þ. Gíslason.

FORSETA BRÉF

um þinglausnir.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi, 88. löggjafarþing, hefur lokið störfum. Mun ég því slíta Alþingi í dag, laugardaginn 20. apríl 1968.

Gjört í Reykjavík, 20. apríl 1968.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

UMFERÐARLÖG

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Að ég samkvæmt 18. gr. laga nr. 65 13. maí 1966 um hægri handar umferð hef látið fella 1. gr. þeirra laga, svo og meginmál laga nr. 26 14. maí 1960, laga nr. 40 12. maí 1965, laga nr. 62 13. maí 1966 og laga nr. 15 28. marz 1968, allra um breyting á umferðarlögum nr. 26 2. maí 1958, inn í lög nr. 26 2. maí 1958, og gef þau út svo breytt:

I. Inngangur.

1. gr.

Ákvæði laga þessara gilda um umferð á vegum.

Þar, sem vegir eru fyrir sérstaka umferð, gilda reglur laga þessara um þá, eftir því sem við á.

Ákvæði laganna gilda einnig, eftir því sem við á, um umferð ökutækja á lóðum, lendum, afréttum og almenningum.

2. gr.

Í lögum þessum merkir:

Vegur: Vegur, gata, götuslóði, torg, brú, húsasund, stigur eða þess háttar, sem notað er til almennrar umferðar.

Akbraut: Sá hluti vegar, sem ætlaður er ökutækjum.

Akreinar: Samhliða reinar, sem skipta má akbraut í að endilöngu, hæfilega breiðar, hver um sig, fyrir eina röð ökutækja.

Vegfarandi: Hver, sem fer um veg eða er staddur á vegi eða í ökutæki á vegi.

Vegamót: Þar, sem tveir eða fleiri vegir mætast.

Ökutæki: Tæki, sem aka má á hjólum, beltum, völtum eða meiðum og eigi rennur á spori.

Vélknúið ökutæki: Sérhvert ökutæki með aflvél til að knýja það áfram.

Bifreið: Vélknúið ökutæki, sem aðallega er ætlað til fólks- eða vöruflutninga, svo og til annarra nota, ef það er gert til hraðari aksturs en 30 km á klst. án verulegra breytinga á því.

Bifhjól: Vélknúið ökutæki með 2 hjólum. Einnig vélknúið ökutæki með 3 hjólum, ef eigin þungi þess er 400 kg eða minni.

Létt bifhjól: Bifhjól, sem í er aflvél, eigi stærri en 2.5 hestöfl (DIN) og ekki yfir 50 rúmsentimetra að slagrúmmáli, enda sé það eigi gert til hraðari aksturs en 50 km á klst. án verulegra breytinga á því.

Dráttarvél: Vélknúið ökutæki, sem aðallega er ætlað til að draga annað ökutæki eða vinnutæki og ekki er gert til hraðari aksturs en 30 km á klst. án verulegra breytinga á því.

Vinnuvél: Vélknúið ökutæki, sem aðallega er ætlað til nota sem vinnutæki og ekki er gert til hraðari aksturs en 30 km á klst. án verulegra breytinga á því.

Tengivagn: Ökutæki, sem vélknúið ökutæki dregur og ætlað er til fólks- eða vöruflutninga, þó að undanteknum festivögnum.

Festivagn: Ökutæki, sem fest er við vélknúið ökutæki þannig, að ökutækið eða farmur þess hvílir að nokkru leyti á dráttartækinu, og ætlað er til fólks- eða vöruflutninga. Vélknúið ökutæki, sem annað ökutæki dregur, telst þó ekki tengi- eða festivagn.

Hliðarvagn: Ökutæki á einu hjóli, sem fest er á hlið bifhjól og ætlað er til fólks- eða vöruflutninga.

Tengitæki: Önnur ökutæki, sem tengd eru eða fest við vélknúin ökutæki.

Eigin þyngd: Þyngd ökutækis, sem tilbúið er til notkunar, að meðtöldum öllum tækjum, sem nauðsynleg eru til notkunar þess. Þyngd eldsneytis, smurningsolíu og kælivatns, svo og ökumanns, telst ekki til eigin þyngdar ökutækis.

Heildarþyngd: Eigin þyngd ökutækis, að viðbættu eldsneyti, smurningsolíum og kælivatni, svo og ökumanni, farþegum og farmi.

Leyfð heildarþyngd: Heildarþyngd ökutækis, sem leyfð er við skráningu þess.

Öxulþungi: Sá hluti þyngdar ökutækis, með eða án farms, sem kemur á hvern öxul.

Ljósatími: Tíminn frá hálfri klukkustund eftir sólarlag til hálftrar klukku-stundar fyrir sólarupprás. Ákvæði laganna um ljósatíma gilda einnig, þótt á öðrum tíma sé, í þoku og við önnur svipuð birtuskilyrði.

3. gr.

Nú rís ágreiningur um það, til hvernar tegundar, samkvæmt 2. gr., ökutæki skuli teljast, og sker dómsmálaráðherra þá úr til fullnaðar.

Ef ágreiningsefnið varðar gjaldskyldu, skal leita álits fjármálaráðherra, áður en úrskurðað er.

II. Ákvæði um ökutæki.

A. Gerð og búnaður ökutækja.

4. gr.

Sérhvert ökutæki skal svo gert og haldið þannig við, að af notkun þess leiði hvorki óþarfa hættu né óþægindi, þar með talinn hávaði, reykur eða óþefur eða hætta á skemmdum á vegi.

Eigandi eða umráðamaður ber ábyrgð á, að ökutæki sé í lögmæltu ástandi. Sérstaklega skal þess gætt, að stjórnþæki og hemlar verki vel og örugglega og að skráningarmerki og merkjateki séu í lagi.

5. gr.

Í hverri bifreið skal vera:

- a. Stýris- og hemlabúnaður.
- b. Ljósker, er lýsi fram fyrir bifreiðina, a. m. k. eitt rautt ljós, er lýsi aftur fyrir hana, og ljósker til lýsingar á aftara skráningarmerki hennar. Enn fremur rauðlitað glitauga aftan á bifreiðinni. Þó skulu vera rauð glitaugu á báðum pallhornum vörubifreiðar að aftan. Sama gildir, þótt pallurinn sé yfirbyggður.
- c. Tæki til þess að gefa með hljóðmerki og stefnummerki.
- d. Hraðamælir.
- e. Búnaður, er tryggir nauðsynlega útsýn ökumanns.
- f. Gúmbarðar á hjólum.
- g. Ef hált er, skal hafa snjókeðjur á hjólum eða annan búnað, sem bifreiðaeftirlit ríkisins viðurkennir.
- h. Búnaður til aksturs aftur á bak, sé eigin þyngd bifreiðar yfir 400 kg.
 - i. Merki, er sýni framleiðsluverksmiðju og framleiðslunúmer bifreiðarinnar.
 - j. Á útblásturspípum hreyfla skulu vera tæki, er dragi úr hávaða.

Í fólksbifreiðum, sem flytja mega 8 farþega eða færri, og vörubifreiðum, sem skráðar eru fyrir allt að 1000 kg farm (sendiferðabifreiðum) og skráðar eru í fyrsta sinn eftir 1. janúar 1969, skulu vera öryggisbelti fyrir ökumann og farþega í fram-

sæti. Ákvæði þetta gildir frá sama tíma um allar kennslubifreiðar og bifreiðar, sem leigðar eru án ökomanns. Óheimilt er að nota önnur öryggisbelti en þau, sem bifreiða-
eftirlit ríkisins hefur viðurkennt.

Í fólksbifreiðum, sem flytja mega yfir 30 farþega, skal vera ökuríti, er sýni farna vegalengd og hraða bifreiðarinnar á hverjum tíma. Eiganda bifreiðar ber að geyma árituð eyðublöð tækisins í eitt ár, og er skylt að sýna þau lögreglumönnum, ef óskað er. Eigi má nota aðrar tegundir ökurita en þær, er bifreiðaeftirlit ríkisins viðurkennir.

Bifhjól skal hútið sömu tækjum og bifreið, þó ekki tækjum til að gefa með stefnumerki.

6. gr.

Dráttarvélar skulu búnar öruggum tengibúnaði og tækjum þeim, sem um getur í 5. gr., eftir því sem við á og nánar skal ákveðið í reglugerð.

7. gr.

Í hverri vinnuvél skal vera:

- a. Stýris- og hemlabúnaður.
- b. Rauðlitað glitauga aftan á vinnuvélinni og hvítt að framan, ef þar er ekki ljósker.
- c. Ljósker, ef vinnuvélin er notuð á ljósátíma. Skal annað lýsa fram fyrir, en hitt aftur fyrir vélin.

8. gr.

Á hverju reiðhjóli skal vera:

- a. Hæfilega traustur hemill.
- b. Ljósker, er sýni hvítt eða daufgult ljós í hæfilegri fjarlægð framan frá, þegar reiðhjólið er notað á ljósátíma.
- c. Rauðlitað glitauga eða ljósker aftan á reiðhjólinu.
- d. Bjalla. Eigi má nota annað hljóðmerkjataeki á reiðhjóli.
- e. Lás.

Ákvæði 1. mgr. gilda einnig um létt bifhjól með þeirri viðbót:

Að á þeim skulu vera tveir hemlar, sem verka sjálfstætt, hvor um sig, og rafmagnsljós, tengt við rafal. Í stað bjöllu má nota eintóna horn.

9. gr.

Við notkun hestvagna skal örugglega hútið um aktygi og festingar.

Aftan á hestvögnum, sem notaðir eru á ljósátíma á vegum, skal vera rauðlitað glitauga.

10. gr.

Dómsmálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um gerð ökutækja, búnað o. fl. Hann getur og veitt nauðsynlegar undanþágur fyrir ökutæki, sem ætluð eru til sérstakra nota, og enn fremur kveðið á um áritanir og merki, sem nauðsynlegt er að setja á ökutæki til eftirlits.

B. Skráning ökutækja og eftirlit með þeim.

11. gr.

Eigandi eða umráðamaður bifreiðar, bifhjóls, dráttarvélar eða léttis bifhjóls skal senda lögreglustjóra þess umdæmis, sem hann er búsettur í, tilkynningu um ökutæki sitt, áður en það er tekið í notkun. Sama er um tengivagna og festivagna, sem eru 500 kg að eigin þyngd eða meira.

Fullnægi ökutækið settum reglum, skráir lögreglustjóri það í ökutækjaskrá. Jafnframt skulu sett skráningarmerki framan og aftan á ökutækið.

Á hverjum ársfjórðungi ber forstöðumanni bifreiðastöðvar að senda hlutaðeigandi lögreglustjóra skrá um allar bifreiðar og bifreiðastjóra á stöðinni.

Lögreglustjóri gefur út skráningarskirteini ökutækis, og skal það ávallt fylgja því.

12. gr.

Lögreglustjóri lætur í té skráningarmerki af þeirri gerð og gegn því gjaldi, sem dómsmálaráðherra ákveður. Merkin skulu ávallt vera vel læsileg, og má eigi hylja þau.

Nú glatast skráningarmerki eða verður ónothæft, og skal það þegar tilkynnt lögreglustjóra í því umdæmi, sem ökutækið er skrásett í, en ef það er í öðru umdæmi, þá jafnframt lögreglunni þar.

13. gr.

Lögreglustjóri getur, er sérstaklega stendur á, heimilað, samkvæmt reglum, sem dómsmálaráðherra setur, akstur skráningarskyldra ökutækja án skráningar. Skal í þessum reglum ákveða, að gjald komi fyrir leyfið.

14. gr.

Nú verða eigendaskipti að skráðu ökutæki, og skal þá bæði hinn fyrri og hinn nýi eigandi tafarlaust tilkynna það lögreglustjóra í því umdæmi, sem ökutækið er skráð í. Ef nýi eigandinn er búsettur í öðru umdæmi, skal hann jafnframt tilkynna lögreglustjóra þar eigendaskiptin, og skal ökutækið þá skráð af nýju, en afskráð í umdæminu, sem það fluttist frá.

Nú flyzt eigandi ökutækis búferlum með ökutæki sitt í annað lögsagnarumdæmi, og skal hann þá senda tilkynningu um flutninginn til lögreglustjóra beggja umdæmanna. Skal ökutækið þá afskráð í umdæmi því, er það fluttist frá, en skráð af nýju í umdæmi því, sem það flyzt í, og fá þar ný skráningarmerki. Ef aðeins er um að ræða 6 mánaða eða skemmri dvöl í öðru umdæmi, er umskráning ekki nauðsynleg.

Um leið og ökutæki er afskráð, skal afhenda lögreglustjóra skráningarmerkin endurgjaldslaust.

15. gr.

Sérstök stofnun, bifreiðaeftirlit ríkisins, er lýtur yfirstjórn dómsmálaráðherra, annast skoðun og eftirlit ökutækja.

Dómsmálaráðherra skipar eftirlitsmenn ökutækja, bifreiðaeftirlitsmenn, og skal veita þeim lögregluvald á starfssviði sínu. Hann ákveður umdæmi þeirra og starfssvið. Eftirlitsmenn skulu vera sérfróðir um þau mál, er vélknúin ökutæki varða, gerð þeirra, akstur og aðra meðferð, svo og lög þau og reglur, er um þau gilda. Engan má skipa eftirlitsmann, nema hann hafi lokið prófi, er sýni, að hann sé þeim kostum búinn og hafi þá kunnáttu, sem nauðsynleg er til starfsins. Dómsmálaráðherra setur reglur um kennslu, prófkröfur og önnur hæfniskilyrði eftirlitsmanna, svo og reglur um starfsemi bifreiðaeftirlits ríkisins.

16. gr.

Innflytjendum skráningarskyldra, vélknúinna ökutækja er skylt að senda bifreiðaeftirliti ríkisins nákvæma lýsingu og myndir af nýjum gerðum vélknúinna ökutækja, sem þeir ætla að flytja til landsins. Tollstjórum er óheimilt að tollafgreiða skráningarskyllt, vélknúin ökutæki, nema bifreiðaeftirlit ríkisins hafi gefið yfirlýsingar um, að sú gerð ökutækja fullnægi ákvæðum íslenskra laga.

17. gr.

Þegar lögreglustjóri hefur fengið tilkynningu um ökutæki, samkvæmt 11. gr., lætur hann eftirlitsmann skoða það, og sker hann úr um, hvort ökutækið fullnægi kröfum laga og reglugerða.

Eftirlitsmaður ákveður, hve marga farþega ökutækið má flytja, meðal annars, hve marga í sætum við hlið ökumanns. Hann ákveður og, hve mikla þyngd vörubifreið má flytja. Aldrei má hlaða ökutæki meira né flytja á því fleiri farþega en heimilað er. Leyfð farþegatala og farmsþyngd skal skráð í skráningarskirteini.

Eftirlitsmaður ákveður, samkvæmt reglum, sem dómsmálaráðherra setur, hvort heimilt sé að nota vörubifreið til flutnings farþega á palli. Skal það skráð í skráningarskirteini.

18. gr.

Lögreglustjórar eða eftirlitsmenn geta, hvenær sem er, krafizt þess, að öll ökutæki, sem skráð eru eða notuð í umdæmi þeirra, séu færð til skoðunar á tiltekna staði í umdæminu, svo að ganga megi úr skugga um, hvort þau séu í lögmæltu ástandi. Dómsmálaráðherra ákveður, hve oft almenn skoðun skráningarskyldra ökutækja skuli fara fram. Hann getur ákveðið í reglugerð, að fengnum tillögum bifreiðaeftirlits ríkisins, að tilteknar gerðir ökutækja séu skoðaðar á skemmra fresti en almennt er boðið. Lögreglustjóri ákveður, hvenær og hvar í umdæmi hans skoðun ökutækja fer fram. Eftirlitsmenn rita vottorð um skoðun ökutækja í skráningarskirteini.

19. gr.

Lögreglustjóri eða bifreiðaeftirlitsmaður getur, hvenær sem er, krafizt þess, að skráningarskylt ökutæki, sem skráð er eða notað í umdæmi hans, sé fært til sérstakrar skoðunar á þann stað, er hann ákveður.

Eftirlitsmönnum og öðrum lögreglumönnum er heimilt, hvenær sem er, að stöðva ökutæki, skoða það samstundis og athuga ökuskirteini.

Ávallt skal skoða ökutæki, er umskráning þess fer fram.

Verði starfsmaður viðgerðarverkstæðis þess var, að öryggisbúnaði vélknúins ökutækis, sem þar er til viðgerðar eða breytinga, sé áfátt, skal hann skýra yfirmanni verkstæðisins frá því, en honum ber að gera eiganda ökutækisins aðvart og síðan tilkynna það bifreiðaeftirlitsmanni eða lögreglustjóra, ef eigi verður úr bætt.

20. gr.

Nú kemur í ljós, að skráningarskylt ökutæki fullnægir ekki lögum og reglum eða er eigi fært til skoðunar, þegar krafizt er, og getur þá lögreglustjóri bannað notkun þess og tekið af því skráningarkerki, unz bætt hefur verið úr því, sem áfátt var eða vanrækt. Skal þá eftirlitsmaður skoða ökutækið, áður en skráningarkerkin eru afhent aftur.

Heimilt er lögreglustjóra að afskrá ökutæki án samþykkis eiganda, ef það er ónýtt að dómi eftirlitsmanns. Tilkynna skal nafnskráðum réttihöfum ökutækisins um afskráninguna með hæfilegum fyrirvara.

Nú vill eigandi ökutækis fá það afskráð, og skal þá því aðeins sinna þeirri beiðni, að telja megi ökutækið ónýtt.

21. gr.

Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um ökutækjaskrá, skráningu og afskráningu ökutækja. Hann getur og fyrirskipað skráningu á reiðhjólum og ákveðnum tegundum vinnuvéla og tengitækja.

22. gr.

Eigendur skráningarskyldra ökutækja greiða skoðunargjald í rikissjóð eftir reglum, er dómsmálaráðherra setur.

*C. Erlend ökutæki.***23. gr.**

Erlend ökutæki, sem nota má hér á landi um stundarsakir samkvæmt alþjóðasamningum, sem Ísland er aðili að, skulu fullnægja ákvæðum 5.—10. gr. Ökutæki, sem eru skráningarskyld samkvæmt 11. gr., má nota án skráningar hér á landi, ef þau eru löglega skráð í heimalandi, enda sé á þeim þjóðernismerki, auk skráningarmerkis, sbr. þó 3. mgr.

Í reglugerð skal kveðið á um eftirlit með erlendum ökutækjum, hve lengi þau mega vera hér á landi, tilkynningu þeirra og skráningu.

Ef eigandi (umráðamaður) skráningarskylds ökutækis, sem flutt hefur verið hingað frá útlöndum, er búsettur hér á landi, skal skrá ökutækið hjá hlutaðeigandi lögreglustjóra eða afhenda honum skráningarmerki þess innan hálf mánaðar, eftir að það kom til landsins. Taki eigandi (umráðamaður) hins erlenda ökutækis sér búsetu hér á landi, eða ef ökutækið verður eign aðila, sem hér er búsettur, skal skrá ökutækið eða afhenda hin erlendu skráningarmerki innan hálf mánaðar.

III. Um ökumenn.**24. gr.**

Sérhver ökumaður skal vera líkamlega og andlega fær um að stjórna ökutæki því, sem hann fer með.

Enginn má aka eða reyna að aka ökutæki, ef hann, vegna veikinda, ofreynslu, svefnleysi, undanfarandi neyzlu áfengis, æsandi eða deyfandi lyfja eða annarra slíkra orsaka, er haldinn slíkri þreytu eða sljóleika, að hann geti eigi stjórnað ökutækinu á tryggilegan hátt. Það telst til þyngingar við ákvörðun refsingar, ef maður hefur í slíku ástandi ekið leigubifreið til mannflutninga.

Enginn má neyta æsandi eða deyfandi lyfja við akstur vélknúins ökutækis.

Tóbaksreykingar eru bannaðar við akstur leigubifreiða til mannflutninga.

Eigi má fela manni, sem er í því ástandi, sem um ræðir í 2. mgr., stjórn ökutækis.

Ákveða má í reglugerð lágmark hvíldartíma í sólarhring hverjum fyrir ökumenn, og skal þá höfð hliðsjón af hættu, sem stafað getur af ofþreytu eða svefnleysi.

25. gr.

Enginn má neyta áfengis við akstur vélknúins ökutækis.

Enginn má aka eða reyna að aka vélknúnu ökutæki, ef hann vegna áfengisneyzlu verður eigi talinn geta stjórnað því örugglega.

Ef vínandamagn í blóði manns er 0.50‰ til 1.20‰ eða hann er undir áhrifum áfengis, þótt vínandamagn í blóði hans sé minna, telst hann ekki geta stjórnað ökutæki örugglega.

Ef vínandamagn í blóði ökumanns nemur 1.20‰ eða meira, telst hann óhæfur til að stjórna vélknúnu ökutæki.

Enginn má stjórna eða reyna að stjórna hestvagni eða reiðhjóli, ef hann er með svo miklum áfengisáhrifum, að hann geti ekki með fullu öryggi stjórnað hestvagninum eða reiðhjólinu.

Bannað er að fela manni, sem er í því ástandi, sem um getur í 2.—5. mgr., stjórn vélknúins ökutækis, reiðhjóls eða hestvagns.

Ef ástæða er til að ætla, að maður hafi brotið framangreind ákvæði, getur lögreglan fært hann til læknis til rannsóknar, þ. á m. blóð- og þvagrannsóknar, og er honum þá skylt að hlíta þeirri meðferð, sem lækniurinn telur nauðsynlega vegna rannsóknarinnar. Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um þessi efni.

Það leysir ekki undan sök, þótt maður ætli vinnandamagn í blóði sínu vera minna en greinir í 2. og 3. mgr.

Nú hefur ökumaður neytt áfengis við akstur eða fyrir hann, þannig að vinnandamagn í blóði hækkar eftir að akstri lauk, og skal þá litið svo á, sem hið aukna vinnandamagn hafi verið í blóði hans við aksturinn.

Þegar maður hefur neytt áfengis á opinberum veitingastað og veitingamaður eða þjónar hans vita, eða hafa ástæðu til að ætla, að hann muni verða brotlegur við framangreind ákvæði, ber þeim að gera það, sem unnt er, til að hindra brotið, þar á meðal að gera lögreglunni viðvart.

Bannað er að selja eða afhenda öikumanni vélknúins ökutækis eldsneyti eða annað, sem þarf til aksturs, ef hann er með áhrifum áfengis.

26. gr.

Öikumanni er skylt að sýna þrúðmennsku og varkárni gagnvart farþegum og öðrum vegfarendum.

Ökumaður skal hafa góða útsýn úr sæti sínu frameftir vegi og til hliðar. Hann skal ávallt gæta þess, að ökutæki og búnaður þess, einkum stjórnþæki, hemlar, ljósker og merkjatakki séu í fullkomnu lagi.

Ökumaður vélknúins ökutækis skal hafa gát á, að notkun þess valdi ekki óþarfa hávaða, reyk, gufu eða óþef.

27. gr.

Enginn má stýra bifreið, nema hann hafi fengið til þess ökuskrirteini hjá lögreglustjóra. Bifreiðarstjóri skal ávallt hafa skirteinið meðferðis, er hann ekur bifreið, og sýna það, er löggæzlumaður krefst þess.

Skilyrði til þess að öðlast ökuskrirteini eru þau, að umsækjandi sé fullra 17 ára, sé áreiðanlegur, samvizkusamur og reglusamur, hafi góða sjón og sé að öðru leyti nógu hraustur andlega og líkamlega. Enginn má fá ökuskrirteini, ef ástæða er til að ætla, að hann geti misst meðvitund snögglega vegna flogaveiki eða annars sjúkdóms. Umsækjandi skal hafa notið kennslu löggilts ökukennara og staðizt próf í umferðarlöggjöf, akstri bifreiðar og meðferð hennar. Lögreglustjóri getur neitað um ökuskrirteini, ef varhugavert þykir vegna fyrri hegðunar umsækjanda að veita honum það. Ef óskað er eftir ökuskrirteini hjá lögreglustjóra utan heimilissveitar umsækjanda, skal hann láta beiðninni fylgja samþykki lögreglustjóra í heimilissveit sinni.

Enginn getur fengið leyfi til að aka leigubifreið til mannflutninga né vöru-bifreið, sem skráð er fyrir 5 smálesta farm eða meira, nema hann sé fullra 20 ára, hafi staðizt viðbótarpróf og fullnægi frekari skilyrðum, sem ákveðin eru í reglugerð. Heimilt er og að setja með reglugerð sérstök skilyrði til að öðlast ökuskrirteini til aksturs fólksbifreiða, er flytja mega fleiri en 16 farþega.

Ökuskrirteini til aksturs bifreiða, sem notaðar eru til farþegaflutninga í atvinnuskyni, skal eigi veita þeim, sem hafa flekkað mannorð, samkvæmt dómi.

Ef leigubifreiðarstjóri brýtur af sér í starfi sínu, svo sem með því að eiga við fólk viðskipti, er varða við lög, eða gætir á annan hátt eigi fulls velsæmis, má svipta hann réttindum leigubifreiðarstjóra, svo og atvinnuleyfi um lengri eða skemmri tíma og ævilangt, ef um ítrekað brot er að ræða. Skal dómsmálaráðuneytið, að fengnum tillögum hlutaðeigandi bifreiðastjórafélaga, setja í reglugerð nánari ákvæði um starf atvinnubifreiðastjóra.

Ökuskrirteini eru tvenns konar: Bráðabirgðaskirteini og fullnaðarskirteini. Bráðabirgðaskirteini er gefið út til byrjanda og gildir í eitt ár frá útgáfudegi. Fullnaðarskirteini gildir í 10 ár frá útgáfudegi. Fullnaðarskirteini þeirra, sem náð hafa 60 ára aldri, og ökuskrirteini skv. 3. mgr. skulu þó gilda í 5 ár. Ef sérstakar ástæður

þykja til, getur lögreglustjóri þó gefið út ökuskírteini til skemmri tíma en að framan greinir. Áður en fullnaðarskírteini er gefið út, skal lögreglustjóri kanna sérstaklega öikumannsferil hlutaðeiganda, og er heimilt að ákveða, að hann skuli þá ganga undir og standast próf í umferðarreglum og akstri bifreiða, svo og sæta rannsókn sérfræðinga um líkamlega og andlega heilbrigði. Þegar fullnaðarskírteini er endurnýjað, verður hlutaðeigandi að sanna að nýju fyrir lögreglustjóra, að hann fullnægi skilyrðum til þess að fá ökuskírteini. Heimilt er að ákveða, að hlutaðeigandi skuli þá ganga undir skriflegt próf í umferðarlöggjöf. Lögreglustjóri getur og ákveðið, að hlutaðeigandi skuli að nýju ganga undir bifreiðastjórapróf.

Lögreglustjóri getur, hvenær sem er, svipt mann ökuskírteini, ef það vitnað, að hann fullnægi ekki settum skilyrðum. Skírteinishafa er skylt að sæta nauðsynlegum rannsóknum til úrskurðar samkvæmt þessari málsgrein.

Ákvæði þessarar greinar gilda einnig um bifhjól, eftir því sem við á.

28. gr.

Enginn má stýra dráttarvél, nema hann hafi fengið skírteini til bifreiðaaksturs eða sérstakt skírteini til aksturs dráttarvéla. Slik skírteini má ekki veita yngri mönnum en 16 ára. Eigi þarf ökuskírteini til aksturs dráttarvéla, þegar þær eru notaðar við jarðyrkjustörf utan alfaravegar.

Enginn má stýra vinnuvél, fyrr en hann er orðinn 17 ára. Sé vinnuvél ekið um vegi, skal ökumaður þó hafa skírteini til bifreiðaaksturs.

Enginn má stýra léttu bifhjóli, nema hann sé orðinn 15 ára.

Ákvæði 7. mgr. 27. gr. gilda og um stjórnendur ökutækja þeirra, sem grein þessi fjallar um.

Dómsmálaráðherra setur reglur um skilyrði til að öðlast réttindi til aksturs dráttarvéla og léttu bifhjóla og ákveður gjald fyrir.

29. gr.

Dómsmálaráðherra getur leyft, að sérstök ökuskírteini séu veitt mönnum, enda þótt þeir fullnægi ekki almennum kröfum um líkamshreysti, og setur þá hverju sinni nánari reglur um efni skírteinisins. Hann getur og leyft, að fatlaðir menn, sem eru orðnir 16 ára, fái ökuskírteini til aksturs hægfara, vélknúinna ökutækja fyrir sjúklinga.

30. gr.

Lögreglustjórar skulu halda skrá um öll veitt ökuskírteini samkvæmt reglum, sem dómsmálaráðherra setur.

31. gr.

Rétt til að hafa á hendi kennslu í akstri og meðferð bifhjóla og bifreiða hafa þeir einir, sem hlotið hafa til þess löggildingu dómsmálaráðherra, en hann ákveður gjald fyrir hana og framlengingu hennar. Engum má veita slíka löggildingu, nema hann sé 25 ára að aldri, hafi óflekkað mannorð, hafi ekki gerzt sekur um alvarleg eða ítrekuð brot á lögum þessum eða alvarleg brot á áfengislögum, hafi leyfi til að aka leigubifreið til mannflutninga, hafi frá útgáfu þess leyfis stundað akstur að staðaldri þann tíma, sem dómsmálaráðherra ákveður í reglugerð, og hafi staðizt sérstakt próf fyrir ökukennara. Í reglugerð skal nánar kveðið á um prófgreinar og tilhögun prófsins, svo og um, til hve langs tíma löggilding veitir rétt til ökukennslu. Dómsmálaráðherra getur, hvenær sem er, svipt mann ökukennararéttindum, ef ástæða þykir til.

32. gr.

Enginn má æfa sig í bifreiðaakstri, nema við hlið hans sitji löggiltur ökukennari, og telst ökukennarinn þá stjórnandi bifreiðarinnar. Nemandinn telst þó

stjórnandi, er prófakstur fer fram. Nú óskar maður, sem áður hefur fengið ökuskírteini, að æfa sig í akstri af nýju í viðurkenndri kennslubifreið hjá löggiltum ökukennara, og telst þá ökukennari stjórnandi bifreiðarinnar. Ákvæði 24. og 25. gr. gilda þó ávallt einnig um nemandann.

Enginn má æfa sig í akstri bifhjóls, nema undir stjórn og umsjón löggilts ökukennara.

Ökukennari ber ábyrgð á, að æfingarastur fari fram á þeim stöðum og þannig, að eigi stafi hætta af.

Engum má veita tilsögn í akstri, fyrr en 3 mánuðum áður en hann hefur aldur til að fá ökuskírteini, og engum, sem sviptur hefur verið rétti til að fá ökuskírteini, fyrr en 1 mánuði áður en hann öðlast þau réttindi aftur.

33. gr.

Dómsmálaráðherra löggildir prófdómendur og setur reglur um kennslu, próf, prófgjald og gerð ökuskírteina. Í ökuskírteini skal vera mynd af skírteinishafa. Ákveða má með reglugerð hámarksgjald fyrir ökukennslu.

34. gr.

Þeir, sem dveljast hér á landi um stundarsakir og hafa eigi íslenzkt ökuskírteini, mega stjórna ökutækjum hér sem í heimalandi sínu samkvæmt alþjóðasamningum, sem Ísland er aðili að. Að öðru leyti ákveður lögreglustjóri, með hvaða skilyrðum þeir, sem útlend ökuskírteini hafa, megi aka bifreið hér á landi, eftir reglum, sem dómsmálaráðherra setur.

35. gr.

Enginn má fela stjórn ökutækis manni, sem ekki hefur réttindi til aksturs þess konar ökutækis.

Þegar lögreglan krefst þess, er eiganda (umráðamanni) ökutækis skylt að gera grein fyrir, hver hafi stjórnað ökutæki hans á tilteknum tíma.

IV. Umferðarreglur.

A. Almenn ákvæði.

36. gr.

Ákvæði þessa kafla um ökutæki, akstur og ökumenn, gilda einnig um hjólreiðar, akstur handvagna og hestvagna og umferð riðandi manna, eftir því sem við á.

Ákvæði um fótgangandi vegfarendur gilda einnig um þá, sem leiða reiðhjól eða aka barnavagni. Ökutæki fatlaðra manna, önnur en vélknúin, mega fara um gangstéttir þar, sem aðstæður leyfa.

37. gr.

Vegfarendum er skylt að sýna varúð í umferð, gæta þess að trufla ekki né tefja að óþörfu aðra vegfarendur og valda eigi þeim eða öðrum, sem húa eða staddir eru við umferðarleið, hættu eða óþægindum.

Sérstaka varúð skal sýna í nánd við skóla, leikvelli og aðra staði, þar sem vænta má, að börn séu að leik. Sömu leiðis skal skylt að sýna sérstaka varúð gagnvart þeim, sem eru á ferð og bera merki fatlaðs fólks. Dómsmálaráðherra setur reglur um gerð slíkra merkja.

38. gr.

Vegfarendum er skylt að hlýða leiðbeiningum eða fyrirmælum, sem lögreglu- yfirvöld eða vegamálastjórn gefa með umferðarmerkjum, sem sett eru samkvæmt heimild í lögum þessum.

Stjórnendur lögreglubifreiða, sjúkrabifreiða og slökkvibifreiða eru þó eigi háðir ákvæðum þessum, ef brýna nauðsyn ber til, enda gæti þeir sérstakrar varúðar.

Vegfarendum ber að fara eftir fyrirmælum lögreglunnar og merkjum, sem hún notar við umferðarstjórn, og nema staðar, þegar lögreglan gefur bendingar um það. Bannað er að nema á brott eða skemma umferðarmerki.

39. gr.

Vegfarendum er skylt að víkja fyrir líkfylgdum, hópögungum skólabarna og öðrum lögmætum hópögungum.

40. gr.

Þegar ökumaður lögreglubifreiðar, sjúkrabifreiðar, slökkvibifreiðar eða björgunarbifreiðar gefur hljóð- og ljósmerki, skal öllum vegfarendum skylt að víkja úr vegi í tæka tíð. Stjórnendum annarra ökutækja er skylt að aka til hliðar eða nema staðar.

Dómsmálaráðherra ákveður, hvernig merkjum sbr. 1. mgr. skuli háttað. Þau má eingöngu nota, þegar nauðsyn ber til, og er stjórnendum ökutækjanna skylt að taka fullt tillit til annarra vegfarenda.

Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda einnig um vélknúin ökutæki, sem í einstök skipti eru notuð í þjónustu lögreglu, slökkviliðs, eða í lífsnauðsyn, svo sem við flutning sjúkra manna eða slasaðra. Þegar ökutæki er notað þannig, skal það auðkennt greinilega með hvítri veifu. Ökumaður skal tilkynna lögreglunni innan sólarhrings um aksturinn.

Framangreind ökutæki eru, þegar brýna nauðsyn ber til, undanþegin ákvæðum laga þessara um hámarkshraða og um takmarkanir, sem settar kunna að vera um akstur á ákveðnum vegum, enda séu þá notuð merki þau, er um ræðir í 1. og 3. mgr.

41. gr.

Nú verður umferðarslys, sem vegfarandi á hlut að, og skal hann þá þegar nema staðar, hvort sem hann á nokkra sök á eða ekki. Veita skal hann hverja þá hjálp og aðstoð, sem þörf er á.

Hver sá, sem hlut á að umferðarslysi eða hefur verið sjónarvottur að því, skal, ef þess er óskað, skýra frá nafni sínu og heimilisfangi. Eigi má hann hverfa af vettvangi, fyrr en þær ráðstafanir hafa verið gerðar, sem slysið gefur efni til. Ef meiðsl hefur orðið á mönnum eða dýrum eða skemmdir á ökutækjum, munum eða mannvirkjum, skal hann, svo fljótt sem verða má, sjá um, að lögreglunni verði skýrt frá slysinu.

Nú hefur umferðarmerki eða varúðarmerki laskazt eða færzt til við umferðarslys, og skal þá hver sá, sem hlut á að því slysi, skyldur til að lagfæra merkið tafarlaust, svo sem honum er unnt, og tilkynna síðan lögreglunni hið fyrsta. Sama skylda hvílir á hverjum þeim, sem verður þess var, að umferðar- eða varúðarmerki er verulega laskað, numið brott eða fært úr stað.

42. gr.

Bannað er að stökkva af eða upp í ökutæki, hanga í því, standa á aurhlífum þess eða annars staðar utan á því, þegar það er á ferð. Bannað er að tengja vagn eða sleða aftan í ökutæki, sbr. þó 57. og 58. gr.

Sleða-, skiða- eða rennibrautir má eigi gera á alfaravegi, nema lögreglustjóri leyfi. Eigi má heldur vera að leikjum á vegum, þannig að hætta eða umferðartruflun geti hlotizt af, nema á vegum, sem merktir eru sem leikgötur. Þar mega ekki aðrir fara með ökutæki en íbúar gatnanna eða menn í erindum til þeirra. Á leikgötum skal gæta ýtrustu varúðar og tillitssemi gagnvart börnum.

43. gr.

Eigi má án leyfis lögreglunnar skilja eftir eða geyma á alfaravegum muni eða tæki, sem geta orðið til trafala fyrir umferð, nema sérstakar ástæður geri bráðabirgðageymslu nauðsynlega. Ef eigi er unnt að setja slíka hluti eða tæki út fyrir akbraut, skal þeim komið fyrir svo utarlega á henni, sem unnt er. Ef talið verður, að umferðarhætta geti stafað af slíkum hlutum eða tækjum, skal vörður gæta þeirra eða staðurinn merktur viðvörðunarkerkjum. Þetta gildir einnig um vegagerðarefni.

Muni, sem eru á vegi og 1. mgr. fjallar um, skal á ljósatíma merkja greinilega með ljóskerum með ólituðu gleri eða á annan hátt, er sýni, hve langt hluturinn nær inn á veginn.

Eigi má fleygja eða skilja eftir á vegi neitt það, sem getur haft í för með sér hættu eða óþægindi fyrir umferðina, svo sem steina, glerbrot, nagla, ávaxtahýði eða olíu.

B. *Ákvæði um akstur og ökutæki.*

44. gr.

Þar, sem vegi er skipt í sérstakar brautir fyrir ýmsar tegundir umferðar, skal vegfarandi nota þá braut, sem honum er ætluð.

45. gr.

Ökumenn skulu halda ökutækjum sínum hægra megin á akbraut eftir því, sem við verður komið og þörf er á vegna annarrar umferðar.

Þar, sem útsýn er slæm, svo sem í beygjum, við hæðarbrúnir, eða ef skyggni er lélegt, skal ávallt aka við hægri brún akbrautar, nema þar sem einstefnuakstur er.

Aka skal hægra megin við umferðarmerki, sem sett eru á akbraut, nema önnur fyrirsmæli séu skráð á merkið.

Skylt er ökumönnum að gæta þess sérstaklega, er þeir beygja á vegi eða aka af stað frá brún akbrautar, að það valdi ekki hættu eða verulegum óþægindum fyrir þá, sem á eftir eða móti koma.

Ökutæki, sem ekið er á eftir öðru ökutæki, skal vera í svo mikilli fjarlægð frá því, að eigi sé hætt á árekstri, þótt ökutækið, sem á undan er, stöðvist eða dregið sé úr hraða þess. Gæta skal þess, þegar stórar bifreiðar, eða bifreiðar með tengivagna, eru á ferð utan þéttbýlis, að hæfileg fjarlægð sé á milli þeirra, þannig að eigi verði erfiðleikum bundið að komast fram fyrir þær. Ef heildarþyngd ökutækis er yfir 10 smálestir, skal fjarlægð milli þess og næsta ökutækis eigi vera minni en 30 m, þegar ekið er yfir brýr.

Víkja má frá framangreindum reglum við vegagerð, ef nauðsyn ber til, en gæta skal þá ávallt ýtrustu varúðar.

46. gr.

Ökumaður skal aðgæta vandlega, áður en hann beygir, að unnt sé að gera það án hættu fyrir þá, sem á eftir koma.

Ökutæki, sem stefna til hægri á vegamótum, skal í hæfilegri fjarlægð frá þeim ekið út á hægri brún akbrautar. Ef beygja á til vinstri, skal, ef aðstæður leyfa, ekið að miðlínu vegar, eða, ef um einstefnuakstur er að ræða, yfir að vinstri brún akbrautar. Nú eru tvær eða fleiri akreinar fyrir sömu akstursstefnu á vegi, og skal þá ökumaður í tæka tíð, áður en komið er að vegamótum, færa ökutækið á þá rein, sem heppilegust er, miðað við fyrirhugaða akstursstefnu.

Þegar komið er á vegamót og beygt til hægri, ber að aka eins nálægt hægri brún akbrautar og unnt er. Þegar beygt er til vinstri, skal ökutæki, þegar það er komið yfir vegamót, vera hægra megin á akbraut þeirri, sem ekið er inn á. Þetta

gildir þó ekki um akstur inn á einstefnuakbraut. Ekki má taka beygju til vinstri, fyrr en nálæg ökutæki, sem á móti koma, hafa farið fram hjá.

Ekki má snúa ökutækjum á vegi eða aka þeim aftur á bak, nema unnt sé að gera það án áhættu eða óþæginda fyrir aðra umferð.

47. gr.

Þegar ökutæki mætast, skulu stjórnendur þeirra aka út að hægri brún akbrautar í tæka tíð og draga úr hraða, ef nauðsyn krefur. Ef hindrun er á vegi, skal ökumaður, sem ekur á þeim vegarhelmingi, þar sem hún er, nema staðar, ef nauðsynlegt er.

Ef ökutæki mætast, þar sem vegur er svo mjór, að hvorugt kemst fram hjá öðru, áhættulaust, skal sá ökumaður, sem betur fær því við komið, aka út af vegi eða aftur á bak.

Ökumenn skulu hleypa fram fyrir sig á vinstri hönd þeim, sem fram fyrir vilja. Eigi má aka fram úr ökutæki, nema unnt sé án hættu eða óþæginda fyrir aðra umferð, enda sé útsýn yfir akbraut góð. Eigi má aka fram úr ökutæki á vegamótum, beygjum, ef þær eru brattar eða þröngar, né við eða á afmörkuðum brautum fyrir gangandi fólk.

Aka skal fram fyrir ökutæki vinstra megin við það. Skal sá, sem fram hjá ætlar, gefa þeim, sem á undan fer, merki, þannig að hann megi vita um þá ætlan. Sá, sem á undan er, skal þá, er hann verður var við þann, sem á eftir kemur, vikja til hægri og draga úr hraða eða nema staðar, þannig að áhættulaust sé að aka fram hjá. Sá, sem fram fyrir hefur ekið, má ekki aka að hægri brún akbrautar, fyrr en hann er kominn svo langt, að hinu ökutækinu geti ekki stafað hætta eða veruleg óþægindi af.

Þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. má við vegamót, ef aðstæður leyfa, aka hægra megin fram hjá ökutæki, sem á undan fer, ef ökumaður þess gefur greinilega merki um, að hann ætli að aka til vinstri.

Þar sem akbraut er skipt í tvær eða fleiri merktar akreinar með sömu akstursstefnu, má aka hægra megin fram úr ökutæki, en gæta skal þá sérstakrar varúðar.

Aka má fram hjá vegagerðartæki með þeim hætti, sem hagkvæmastur er, miðað við aðstæður, enda sé gætt sérstakrar varúðar.

48. gr.

Þegar tveir ökumenn stefna svo, að leiðir þeirra skerast, skal sá vikja, sem hefur hinn á hægri hönd. Sá, sem kemur frá hægri, skal þó gæta fyllstu varúðar.

Vegur nýtur aðalbrautarréttar, ef vegur, sem að honum liggur, er við vegamótin merktur biðskyldu- eða stöðvunarmerkjum, sbr. 65. og 66. gr.

Þar sem sett hefur verið biðskyldumerki, skal sá, sem kemur af hliðarvegi, skilyrðislaust vikja fyrir umferð þess vegar, sem hann ekur inn á eða yfir, hvort sem um aðalbraut er að ræða eða ekki. Hann skal í tæka tíð draga úr hraða og nema staðar, ef nauðsyn krefur. Skytt er að nema staðar, þegar ekki er fullkomin útsýn yfir veginn.

Þar sem sett hefur verið stöðvunarmerki, ber ökumanni skilyrðislaust að nema staðar. Þegar ekið er af stað aftur, er skytt að sýna ýtrustu varúð og vikja fyrir umferð frá báðum hliðum, hvort sem um aðalbraut er að ræða eða ekki.

Þeir, sem aka frá brún akbrautar, einkavegum, löndum, lóðum, bifreiðastæðum eða aka yfir gangstétt, skulu vikja fyrir umferð á vegi þeim, sem ekið er inn á.

Ökumönnum ber að draga úr hraða eða nema staðar, ef nauðsyn krefur vegna fótgangandi vegfarenda á merktum gangbrautum.

49. gr.

Ökuhraða skal ávallt miða við gerð og ástand ökutækis, staðhætti, færð, veður og umferð og haga þannig, að aksturinn valdi ekki hættu eða óþægindum fyrir aðra vegfarendur né geri þeim óþarfa tálmanir.

Hraðinn má aldrei vera meiri en svo, að ökumaður geti haft fullkomna stjórn á ökutæki og stöðvað það á þriðjungji þeirrar vegalengdar, sem auð er og hindrunarlaus framundan og ökumaður hefur útsýn yfir.

Sérstök skylda hvílir á ökumanni að aka hægt og sýna ýtrustu varkárni:

- a. Í þéttbýli.
- b. Þegar skuggsýnt er eða skyggni lélegt.
- c. Við vegamót.
- d. Í beygjum.
- e. Við hæðarbrúnir.
- f. Þar sem útsýn er takmörkuð að öðru leyti.
- g. Þar sem hætta er á, að ljós blindi ökumann.
- h. Þegar mæta þarf öðru ökutæki á mjóum vegi eða brú, eða þegar farmur stendur út af ökutæki.
- i. Þegar hált er.
- j. Við gangbrautir.
- k. Þar sem almenningsvagn hefur numið staðar eða er um það bil að stöðvast við biðstöð.
- l. Þar sem börn eru á eða við veg eða gera má ráð fyrir, að börn séu að leik.
- m. Þar sem húfé stafar hætta af umferð ökutækja.
- n. Þar sem unnið er að vegagerð.
- o. Þegar ökutæki dregur annað ökutæki.

Þegar bleyta er á vegum, skal aka þannig, að vegfarendur verði ekki fyrir aurlettum að óþörfu.

Um ökuhraða gilda enn fremur reglur um hámarkshraða samkvæmt 50. gr.

50. gr.

Í þéttbýli má eigi aka hraðar en 45 km á klukkustund.

Útan þéttbýlis má eigi aka hraðar en 70 km á klukkustund.

Almenningsvögnum, sem flytja mega 10 farþega eða fleiri, og vörubifreiðum, sem eru 3,5 smálestir eða meira að heildarþyngd, má þó eigi aka hraðar en 60 km á klukkustund. Bifreiðum, sem draga tengi- eða festivagna, má eigi aka hraðar en 45 km á klukkustund.

Dómsmálaráðherra getur að fenginni tillögu umferðarlaganefndar sett nánari reglur um ökuhraða, þar á meðal ákveðið lægri hámarkshraða almennt en að framan greinir eða á einstökum vegum. Dómsmálaráðherra getur á sama hátt ákveðið hærri hámarkshraða en að framan greinir, allt að 90 km á klukkustund á einstökum vegum (hraðbrautum), og bundið þá heimild við ákveðna árstíma. Í kaupstöðum og kaupúnum má setja slíkar reglur í lögreglusamþykktum.

51. gr.

Ökutæki má ekki stöðva né leggja á þeim stað eða þannig, að hættu geti valdið fyrir aðra eða ónauðsynlegum óþægindum fyrir umferðina.

Leggja ber ökutæki utan vegar, ef aðstæður leyfa, en annars við brún akbrautar og samhliða henni, nema annað sé sérstaklega ákveðið.

Í þéttbýli má eingöngu stöðva eða leggja ökutæki á vegi við hægri brún akbrautar. Þar sem einstefnuakstur er, getur lögreglustjóri þó sett aðrar reglur.

Flytja ber bilað ökutæki tafarlaust af akbrautum.

Bannað er að stöðva ökutæki eða leggja því:

- a. Í eða við beygjur, þar sem útsýn er takmörkuð eða vegur brattur, í eða við hæðarbrún og þar sem útsýn er takmörkuð af öðrum ástæðum.
- b. Við vegamót, ef staða ökutækis tálmar útsýn yfir veg, eða nær vegamótum en 10 metra, miðað við næstu brún þvervegjar. Heimilt er þó að ákveða í lög-reglusamþykkt, að stöðva megi ökutæki nær vegamótum í þéttbýli.
- c. Við umferðarmerki, þannig að það sjáist illa.
- d. Á merktri gangbraut.
- e. Á merktri akrein, eða svo nálægt henni, að torveldi akstur inn á hana eða aðra akrein.
- f. Á 20 metra svæði við merktá biðstöð almenningsvagna.
- g. Á hringtorgum.
- h. Á merktum stæðum fyrir leigubifreiðar.

Einnig er bannað að leggja ökutæki:

- a. Á brúm.
- b. Við akbrautir að húsum eða lóðum, eða svo nálægt þeim, að akstur um þær verði verulegum örðugleikum bundinn.
- c. Fyrir framan vatnshana slökkviliðs.
- d. Hjá merktum bifreiðastæðum.

Þegar ökumaður yfirgefur vélknúð ökutæki, skal stöðva vél þess og ganga svo tryggilega frá því, að það geti ekki runnið sjálfkrafa né óviðkomandi menn flutt það úr stað.

Þess skal gætt vandlega, þegar dyr ökutækis eru opnaðar, að eigi valdi hættu né óþarfa óþægindum fyrir umferðina. Sama gildir og, er fólk fer í eða úr ökutæki og við fermingu eða affermingu.

52. gr.

Þegar hætta er á ferðum, skal ökumaður gefa hljóðmerki, ljósmerki eða aðrar bendingar til þess að vekja athygli vegfaranda á hættunni. Slíkar bendingar skal ætíð gefa þannig, að sem minnstum óþægindum valdi, og bannað er að gefa þær að nauðsynjalausu.

Skylt er að gefa merki um breytta akstursstefnu, þegar þörf er á, til leiðbeiningar fyrir aðra umferð. Merki þessi skal einkum gefa, þegar breytt er um akstursstefnu á vegi eða vegamótum eða ekið er af stað frá brún akbrautar. Merki skal gefa með stefnuljósum á þeim ökutækjum, er hafa skulu slík tæki. Annars skulu þau gefin með því að rétta út hægri eða vinstri hönd, eftir því, sem við á, eða á annan greinilegan, ótvíræðan hátt. Ökumanni er skylt að hætta merkjabendingum, þegar þær eiga ekki lengur við.

Ökumaður, sem ætlar að nema staðar eða draga snögglega úr hraða, skal gefa þeim, sem á eftir koma, greinilegt merki um þá ætlan sína. Skal það gert með hemla-ljósmerki á þeim ökutækjum, sem hafa skulu hemlaljós, en annars með því að rétta upp hönd eða á annan greinilegan og ótvíræðan hátt.

Ökumanni er skylt að gæta þess vandlega, áður en merki er gefið, að breyting á akstursstefnu eða hraða valdi ekki hættu eða verulegum óþægindum fyrir aðra. Merkjagjöf leysir ökumann ekki undan varúðarskyldu.

53. gr.

Þegar ekið er á ljósátíma, skulu vera tendruð ljós á lögboðnum ljóskerum. Þegar ökutæki er fest eða tengt aftan í annað, nægir, að afturljós séu tendruð á því ökutæki, er síðar fer. Á ökutækjum mega ljós, sem lýsa fram, aðeins vera hvít eða daufgul.

Pegar ekið er um vel lýstan veg, skal nota lágan ljósgeisla. Þegar ekið er á móti öðru ökutæki, má ekki nota háan ljósgeisla. Skipta skal þá á lágan ljósgeisla í tæka tíð.

Ef bifreið, dráttarvél eða annað ökutæki, sem hefur stöðuljósabúnað, er stöðvað eða lagt á dimmri akbraut á ljósátíma, skal það hafa tendruð stöðuljós. Önnur ökutæki, sem skilin eru eftir á akbraut, skulu greinilega auðkennd með glitaugum að framan og aftan.

Eigi má nota aðrar tegundir ljósa né glitaugna en boðnar eru eða heimilaðar í lögum þessum, eða reglum, settum samkvæmt þeim.

Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um ljósabúnað ökutækja og notkun hans.

Ákveða má í lögreglusamþykktum, að nota skuli eingöngu stöðuljós við akstur á tilgreindum, vel lýstum vegum.

54. gr.

Við hleðslu ökutækis skal þess gætt, að hvorki farþegar né farmur byrgi nauðsynlega útsýn ökumanns fram eða til hliðar eða í baksýnispegli, né tálmi notkun stjórnstækja eða valdi annarri umferð hættu eða truflun.

Ganga skal svo frá farmi, að hann raskist ekki né valdi óþrifnaði né óþarfa hávaða.

Ökutæki skal þannig hlaðið, að því megi stjórna örugglega. Eigi má farmur dragast eftir vegi, nema óhjákvæmilegt sé og eigi valdi skemmdum.

Ef farmur nær fram eða aftur fyrir eða út fyrir ökutæki, skal gæta sérstakrar varúðar. Þá skal og festa til viðvörunar á yztu brún farmsins greinilegt merki, og á ljósátíma hvítt glitauga, er snýr fram, og rautt, er snýr aftur. Í stað glitaugna má nota ljósker með sama lit.

Lögreglumaður eða eftirlitsmaður ökutækja getur stöðvað ökutæki, ef hann telur hleðslu þess varhugaverða, og bannað akstur þess, nema úr verði bætt.

55. gr.

Breidd ökutækis má hvergi vera meiri en 2.35 m. Vegamálastjóri getur þó veitt undanþágu frá þessu ákvæði og leyft allt að 2.50 m breidd. Vegamálastjóri má binda undanþágu þessa við ákveðna vegi utan kaupstaða, en lögreglustjóri í kaupstöðum.

Baksýnispegill, stefnumerki og snjókeðjur teljast ekki með breidd ökutækis.

Hæð ökutækis má aldrei vera meiri en 3.8 m.

Heimilt er að aka landbúnaðartæki og vinnuvél, enda þótt breiðara sé en segir í 1. og 2. mgr. Þó má breidd ekki fara fram úr 3.5 m, nema að fengnu leyfi vegamálastjóra.

Ökumaður ökutækis, sem er breiðara en 2.35 m, skal sýna sérstaka varúð, vikja greiðlega fyrir öðru ökutæki og nema staðar, ef þörf gerist. Ökumaður með háfermi á ökutæki skal sýna sérstaka aðgæzlu, er farið er undir síma- eða rafmagnslínur eða yfir brýr með þverböndum efra.

Ákvæðin hér að framan um breidd og hæð ökutækis gilda einnig um farm þess.

Lögreglustjóri getur veitt undanþágu frá ákvæðum greinar þessarar, þegar brýn nauðsyn þykir vegna sérstakra flutninga. Þó skal samþykki vegamálastjóra koma til, ef aka þarf á vegum utan kaupstaða.

56. gr.

Leyfileg hámarksþyngd vélknúins ökutækis á gúmhjólum, svo og tengivagns og festivagns með eða án farms, miðast við öxulþunga ökutækis, þannig:

a. Hámarksþungi á öxli er 6000 kg.

b. Hámarksþungi á tveim öxlum, sem eru nær hvor öðrum en 2.0 m, er 8000 kg.

Leyfileg heildarþyngd vélknúins ökutækis á beltum er 12000 kg.

Vegamálastjóri getur þó bæði leyft meiri öxulþunga og heildarþyngd ökutækis á einstökum vegarköflum, svo og ákveðið minni öxulþunga eða heildarþyngd á öðrum, hvort tveggja miðað við burðarþol brúa eða vega.

Þá getur vegamálastjóri og veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar, þegar brýn nauðsyn þykir vegna sérstakra flutninga.

57. gr.

Við bifreið eða dráttarvél má aðeins tengja einn tengivagn eða festivagn. Lög-reglustjóri getur þó veitt undanþágu frá ákvæðum þessum, ef sérstök nauðsyn er, enda komi samþykki vegamálastjóra til um akstur á vegum utan kaupstaða.

Skráningarskyldan tengi- eða festivagn má aðeins tengja við bifreið eða dráttarvél, sem til þess er talin hæf og hefur um það áritun í skráningarskirteini. Auk skráningarmerkis skal hver tengi- eða festivagn auðkenndur að aftan skráningar-tölu dráttartækisins.

58. gr.

Til dráttar tengitækis má nota dráttarvél eða vinnuvél. Enn fremur bifreið, sem skráð er til aksturs með tengivagn eða viðurkennd til aksturs með tengitæki. Ekki má aka með meira en eitt tengitæki.

Ef tengitæki er ekki búíð hæfilega öflugum hemli, sem stjórnna má úr öikumanns-sæti, má þyngd þess ekki vera meiri en tvöföld heildarþyngd dráttartækisins.

Þegar dregið er tengitæki, sem er breiðara en dráttartækið, skal sýna sérstaka varúð.

Tenging skal vera örugg.

Fjarlægð milli ökutækjanna má ekki vera meiri en 4 metrar. Ef fjarlægð er meiri en 2 metrar, skulu tengslin merkt greinilega.

Nota má vélknúíð ökutæki til dráttar annars vélknúins ökutækis, ef gætt er ákvæða 2.—4. mgr. Ekki má draga bifhjól né nota það til dráttar annars ökutækis.

C. Sérreglur um bifhjól.

59. gr.

Eigi má aka tveim bifhjólum eða fleiri hlið við hlið á sömu akbraut.

Ökumaður bifhjóls skal leiða það, þegar farið er yfir gangstéttir og gangstiga.

Þegar bifhjól er skilið eftir á almannafæri, skal því læst með lás og þannig frá því gengið, að eigi sé hætta á, að það falli, þótt við það sé komið.

D. Sérreglur um reiðhjól.

60. gr.

Ökumaður reiðhjóls skal ávallt hafa aðra eða báðar hendur á stýri og báða fætur á fótstigum. Honum er óheimilt að hanga aftan í öðrum ökutækjum á ferð, svo og að leiða annað reiðhjól. Eigi má aka tveim eða fleiri reiðhjólum samhliða á vegi.

Bannað er að aka á reiðhjóli á gangstigum og gangstéttum eða yfir þær. Ekki má leiða reiðhjól á gangstigum eða gangstéttum, þar sem það er til óþæginda fyrir aðra vegfarendur. Reglur um gangandi vegfarendur gilda að öðru leyti um þá, sem leiða reiðhjól.

Ekki má skilja reiðhjól eftir á almannafæri, nema því sé læst og svo gengið frá því, að eigi stafi hætta eða truflun af fyrir umferð.

Barni yngra en 7 ára er óheimilt að aka reiðhjóli á almannafæri.

Óheimilt er að flytja farþega á reiðhjóli. Þó má vanur ökumaður, sem er orðinn 17 ára, flytja barn, yngra en 7 ára, á reiðhjóli, enda sé barninu ætlað sérstakt sæti og þannig um búíð, að því stafi ekki hætta af hjólteinunum.

Ekki má flytja á reiðhjóli þyngri hluti eða fyrirferðarmeiri en svo, að ökumaður geti haft fullkomna stjórn á reiðhjólínu og gefið umferðarmerki, svo sem skylt er. Sömuleiðis er bannað að flytja á reiðhjóli hluti, sem valdið geta óþægindum fyrir aðra umferð.

Dómsmálaráðherra er heimilt að setja nánari reglur um hámarks lengd, breidd, hæð og þyngd hluta, sem fluttir eru á reiðhjólum, sem sérstaklega eru ætluð til vöruflutninga, svo og hliðarvagna reiðhjóla.

Reglur greinar þessarar gilda einnig um létt bifhjól. Þó má aldrei flytja á því farþega.

E. Umferð gangandi manna.

61. gr.

Gangandi menn skulu nota gangstéttir og gangstíga, sem liggja með akbrautum. Skulu þeir að jafnaði ganga á hægri hluta stéttar eða stígs og víkja til hægri fyrir þeim, sem á móti koma, en hleypa þeim fram hjá sér á vinstri hönd, er fram úr ganga.

Ef ekki er gangstétt eða gangstígur meðfram vegi, skulu menn að jafnaði ganga á vinstri vegarbrún og aldrei fleiri en tveir samhliða.

Þar sem merkt er gangbraut yfir veg, skulu menn nota hana, er þeir ætla yfir veginn. Ef ekki er gangbraut, skulu menn ávallt ganga þvert yfir veg með jöfnum hraða. Gangandi menn skulu gæta vel að umferð, áður en farið er yfir veg.

62. gr.

Gangandi menn mega ekki safnast á akbrautum, gangstéttum eða gangstígum, þannig að þeir truflí á nokkurn hátt umferð annarra.

Ekki mega gangandi menn flytja neitt það með sér á akbrautum, gangstéttum eða gangstígum, sem er til hindrunar eða truflunar öðrum vegfarendum eða getur valdið þeim tjóni.

F. Umferð riðandi manna og hestvagna.

63. gr.

Á vegum skulu riðandi menn halda sig á hægri hluta vegarins. Þeim ber að víkja greiðlega til hægri fyrir þeim, sem á móti koma, en hleypa fram fyrir sig á vinstri hönd þeim, sem fram fyrir vilja fara.

Ef vænta má umferðar ökutækja um veg, skulu aldrei fleiri en tveir menn, einhesta, ríða samhliða né riðandi maður teyma fleiri en tvö laus hross. Má þá enginn annar ríða honum samhliða.

Taglhnýting hesta og stórgripa er bönnuð á vegum.

Ef farið er með hestvagna um veg í þéttbýli, skal maður stjórna hverjum vagni. Utan þéttbýlis má einn maður stjórna tveim vögnum.

Bannað er að skilja eftir á vegi lausa hesta eða fyrir vagni eða sleða.

G. Um rekstur búfjár.

64. gr.

Óheimilt er að reka hópa búfjár á vegum í þéttbýli, nema sérstakt leyfi lög-reglustjóra komi til.

Után þéttbýlis má reka slíka búfjárhópa eftir vegum, en fylgja skulu rekstr-

inum nægilega margir gæzlumenn, og ef vænta má umferðar ökutækja um veginn, skal einn gæzlumaður ætíð fara fyrir.

Búfénu skal vikið fljótt og greiðlega út af veginum, ef þess er þörf vegna annarrar umferðar.

V. Umferðarstjórn og umferðarmerki.

65. gr.

Lögreglan stjórnar umferð, þar sem hún telur þess þörf og með þeim hætti, er hún telur henta.

Dómsmálaráðherra ákveður, að fengnum tillögum vegamálastjóra, hvaða vegir skulu teljast aðalbrautir og njóta réttar samkvæmt 2.—4. mgr. 48. gr. Lögreglustjóri getur, að fengnum tillögum bæjar- og sveitarstjórnar, ákveðið hið sama um vegi í kaupstað eða kauptúni. Sömu reglur gilda um önnur varanleg sérákvæði um notkun vegar til umferðar, svo sem bann gegn stöðvun eða stöðu ökutækja á vegi, bifreiðastæði, einstefnuakstur, leikgötur eða aðrar takmarkanir á akstri um veg.

Í kauptúni eða kaupstað er sveitar- eða bæjarstjórn heimilt, að fengnu samþykki lögreglustjóra, að setja reglur um notkun stöðureita og gjald fyrir hana.

Lögreglustjóri getur sett bráðabirgðaákvæði um akstur á vegi í öryggisskyni eða til þess að halda uppi greiðri umferð.

Vegamálastjóri getur takmarkað eða bannað um stundarsakir umferð um veg, ef nauðsynlegt er vegna vegavinnu, til hlífðar vegi eða vegna umferðaröryggis. Í kaupstað eða kauptúni geta yfirvöld bæjar eða sveitar gert sömu ráðstafanir að fengnu samþykki lögreglustjóra.

66. gr.

Dómsmálaráðherra setur reglur um gerð og notkun umferðarmerkja, umferðarljósa og annarra merkja á vegi eða við veg til stjórnar, viðvörunar eða leiðbeiningar fyrir umferð.

Í kaupstöðum skal lögreglustjóri sjá um, að greinileg umferðarmerki séu sett á eða við veg, þar sem sérreglur eiga að gilda um umferð. Það er þó ekki nauðsynlegt, ef lögreglumaður stjórnar umferð.

Vegamálastjóri skal sjá um, að umferðarmerki séu sett á eða við veg utan kaupstaða.

Óheimilt er að setja umferðarmerki á eða við veg, nema með leyfi lögreglustjóra eða vegamálastjóra.

Lögreglustjóri getur bannað auglýsingaspjöld, ljósaauglýsingar, glitaugu og annað, sem valdið getur hættu eða óþægindum fyrir umferð.

Þar sem unnið er að vegagerð eða vegi raskað af öðrum ástæðum, þannig að hætta stafi af, er þeim, sem stjórnar verki, skylt að sjá um, að sett verði upp greinileg viðvörunarmerki.

Kostnað vegna umferðarmerkja skal sá greiða, sem kostar viðhald vegar.

VI. Um fébótaábyrgð og vátryggingu.

67. gr.

Nú hlýzt slys eða tjón á mönnum eða munum af skráningarskyldu, vélknúnu ökutæki í notkun, og er þá þeim, sem ábyrgð ber á ökutækinu, skylt að bæta það fé, enda þótt slysið eða tjónið verði eigi rakið til bilunar eða galla á tækinu eða ógætni ökumanns. Ef vélknúið, skráningarskylt ökutæki dregur annað tæki og tjón hlýzt af, er eigandi dráttartækisins ábyrgur.

Ábyrgðarreglan gildir þó ekki um slys eða tjón á mönnum eða munum, er ökutækið flytur, nema flutt sé gegn gjaldi.

Lækka má fébætur og jafnvel láta þær alveg niður falla, ef sá, sem fyrir slysi eða tjóni varð, er meðvaldur þess eða meðábyrgur.

68. gr.

Ef tjón hlýzt eða slys af árekstri skráningarskyldra ökutækja, skiptist tjónið á þau sín á milli, að tiltölu við sök þeirra, sem hlut eiga að máli, og með hliðsjón af atvikum öllum.

69. gr.

Skráður eða skráningarskyldur eigandi vélknúins ökutækis ber ábyrgð á því og er fébótaskyldur samkvæmt 67. gr.

Fébótaskyldan færist þó yfir á þann, sem ökutækið notar í algjöru heimildarleysi.

Hver sá, sem á sök á tjóni eða slysi, er hlýzt af notkun skráningarskylds, vélknúins ökutækis, ber, auk ábyrgðar samkvæmt 1. og 2. mgr., fébótaábyrgð eftir almennum skaðabótareglum.

Kröfum samkvæmt 1. mgr. fylgir lögveð í ökutækinu. Lögveð þetta gengur fyrir öðrum skuldum, sem á því kunna að hvíla, að fráskildum opinberum gjöldum.

70. gr.

Eiganda skráðs, vélknúins ökutækis er skylt að kaupa í váttryggingarfélagi, sem viðurkennt er af dómsmálaráðherra, og halda við váttryggingu fyrir ökutæki sitt, sem nemi kr. 500 000.00 fyrir létt bifhjól, kr. 1 000 000.00 fyrir dráttarvél, kr. 1 000 000.00 fyrir bifhjól og kr. 2 000 000.00 fyrir bifreið.

Fyrir vélknúin ökutæki, er flytja mega farþega, skal váttryggingarfjárhæðin þó aldrei vera lægri en svo, að kr. 100 000.00 bætist við váttryggingarfjárhæðina fyrir hvern farþega, er ökutækið má flytja umfram tíu.

Með fyrrgreindri váttryggingu skal vera tryggð greiðsla, að því leyti, sem til hrekkur, á hverri þeirri bótakröfu, sem falla kann á þann, er ábyrgð ber á tjóni samkvæmt lögum þessum eða almennum skaðabótareglum.

Hverjum þeim, sem notar erlent ökutæki hér á landi samkvæmt 23. gr., er skylt að váttryggja það eftir þeim reglum, sem að framan greinir.

Undanþegnir váttryggingarskyldu eru ríkissjóður, forseti Íslands og erlendir þjóðhöfðingjar.

71. gr.

Skráður eigandi vélknúins ökutækis skal tryggja ökumann þess, og gildir sú trygging fyrir hvern ökumann, sem tækinu stjórnar. Tryggingin er fyrir bótum vegna slyss, sem ökumaðurinn kann að verða fyrir við starfa sinn. Tryggt skal hjá Tryggingastofnun ríkisins og eftir þeim reglum, sem henni eru settar.

72. gr.

Iðgjöld, er tryggingartaki, samkvæmt 70. gr., skuldar váttryggingarfélagi, eru lögtakskræf.

Nú verður tryggingartaki gjaldþrota, og skulu þá iðgjöld þau, sem í gjalddaga eru fallin, njóta forgangsréttar í búi hans, samkvæmt 3. tl. 83. gr. skiptalaganna, og gildir það, þó að tryggt sé fyrir hærri fjárhæð en lögboðið er.

73. gr.

Nú hefur viðurkennt váttryggingarfélag, sbr. 70. gr., greitt bætur samkvæmt framangreindu, og á það þá endurkröfurétt á hendur hverjum þeim, sem valdið hefur slysi eða tjóni af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Lækka má endurkröfuna

með hliðsjón af sök ljónvalds, efnabag hans, fjárhæð ljónsins og öðrum atvikum. Bannað er að kaupa tryggingu gegn endurkröfu váttryggingarsala.

74. gr.

Nú er höfðað einkamál gegn manni til heimtu bóta samkvæmt 67. og 68. gr., og skal þá gera félagi því, er váttryggt hefur ökutækið, kost á að gæta réttar síns í málinu.

Höfða má slíkt mál jafnframt gegn váttryggingarfélaginu, og er þá dómur í því bindandi fyrir félagið og aðfararhæfur gagnvart því.

Nú er bótakrafa samkvæmt ákvæðum 67. og 68. gr. höfð uppi í refsímáli samkvæmt ákvæðum XVII. kafla laga nr. 82 frá 1961, og skal þá tilkynna váttryggingarfélagi því, er váttryggt hefur ökutækið, um kröfuna. Hefur félagið þá sama rétt og sökunaatur sjálfur til að koma að vörnum í skaðabótamálinu, enda er þá áfellis- dómur bindandi fyrir váttryggingarfélagið og aðfararhæfur gagnvart því.

75. gr.

Nú eru bætur vegna sama slyss ákveðnar hærri samtals en váttryggingarfjár- hæðinni nemur, og skal þá skipta henni að tiltölu á milli þeirra, sem kröfur eiga vegna slyssins. Þetta ákvæði gildir einnig, þótt váttryggingarfjárhæðin sé hærri en lögboðið er.

Ef einhver þeirra, sem bótarétt eiga samkvæmt framangreindu, hefur eigi til- kynnt félaginu um kröfu sína innan sex mánaða frá slysdegi, má váttryggingar- félagið vítalaut greiða váttryggingarféð að fullu öðrum þeim, er bótarétt eiga.

76. gr.

Váttryggingarfélag þau, sem fengið hafa viðurkenningu samkvæmt 70. gr., og landsamband bifreiðaeigenda, ef til er, skulu hvert nefna einn mann í nefnd, en dómsmálaráðherra skal skipa einn mann, og er hann formaður hennar. Nefnd þessari skulu váttryggingarfélag senda gögn, er þau hafa reist á bótageiðslur sínar sam- kvæmt lögum þessum. Nefndin kveður á um, hvort endurkröfurétti skuli beitt gegn þeim, sem talinn er eiga sök. Í meðferð hvers máls taka þátt formaður og tveir aðrir nefndarmenn, er hann kveður til. Skal annar þeirra vera sá, sem félag það, er hlut á að máli, hefur kjörið í nefndina. Hinn skal vera fulltrúi sá, er lands- samband bifreiðaeigenda hefur tilnefnt. Sé slíkt landssamband ekki til, nefnir Félag íslenskra bifreiðaeigenda mann í nefndina eða það félag bifreiðaeigenda, sem sá er félagsmaður í, er krafa beinist gegn.

Kostnað af störfum nefndarinnar greiða váttryggingarfélagin eftir reglum, sem dómsmálaráðherra setur. Hann setur og nánari reglur um starfsháttu nefndarinnar.

77. gr.

Váttryggingarfélag þau, sem hafa fengið rétt til að váttryggja vélknúin ökutæki samkvæmt 70. gr., skulu halda bókhaldi þeirra trygginga sérgreindu. Sameiginlegum rekstrarkostnaði váttryggingarfélagsins skal skipt á tryggingar þessar hlutfallslega eftir iðgjaldafjárhæðum.

Reikningar hvers váttryggingarfélags um skylduváttryggingar samkvæmt 70. gr. skulu endurskoðaðir af tveim mönnum, sem dómsmálaráðherra skipar til þess, annan eftir tilnefningu frá samtökum eigenda vélknúinna ökutækja, Vörubílstjórafélaginu Þrótti, Bifreiðastjórafélaginu Hreyfli, Félagi sérleyfishafa og Félagi íslenskra bif- reiðaeigenda, en hinn án tilnefningar. Ef ágreiningur verður milli samtakanna um tilnefningu, sker dómsmálaráðherra úr.

Váttryggingarfélagin skulu greiða endurskoðendum þóknun fyrir starf þeirra eftir ákvörðun dómsmálaráðherra.

Rekstrarreikning hvers árs um greindar tryggingar skal vátryggingarfélag birta í Lögbirtingablaði eigi síðar en 1. október næsta ár á eftir, ásamt athugasemdum endurskoðenda við reikninga og svörum vátryggingarfélagsins.

78. gr.

Allar bótakröfur samkvæmt þessum kafla, bæði á hendur þeim, sem ábyrgur er, og vátryggingarfélagi, svo og endurkröfur vátryggingarfélags, fyrnast á fjórum árum frá lokum þess almanaksárs, er kröfuhafi fékk vitneskju um kröfu sína og átti þess fyrst kost að leita fullnustu hennar. Þó fyrnast þessar kröfur í síðasta lagi á 10 árum frá því, að tjónsathurðurinn varð.

79. gr.

Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um vátryggingarskyldu, viðurkenningu á vátryggingarfélögum, gerð reikninga, endurskoðun þeirra og birtingu.

VII. Refsingar o. fl.

80. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglum, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum, varðhaldi eða fangelsi, allt að einu ári.

Við ákvörðun sekta skal hafa hliðsjón af efnahag sökunauts. Sektir samkvæmt lögum þessum renna í ríkissjóð.

Brot gegn 2. sbr. 4. mgr. 25. gr., misnotkun merkja þeirra, sem 2. og 3. mgr. 40. gr. fjalla um, notkun skráningarmarkis á annað ökutæki en til er ætlað og akstur vélknúins ökutækis, er ökumaður hefur verið sviptur ökuleyfi eða réttindum til að öðlast það, varðar varðhaldi eða fangelsi, allt að tveim árum.

Ítrekuð brot gegn 1., 2. sbr. 3. og 6. mgr. 25. gr. og 2. og 5. mgr. 24. gr. varða varðhaldi eða fangelsi allt að tveim árum.

Ef brot gegn lögum þessum eða reglum, sem settar eru samkvæmt þeim, er framið eftir fyrir mælum eða með vitund og vilja bifreiðareigandans eða stjórnanda í starfi, skal honum einnig refsað fyrir brotið.

Mál út af brotum gegn lögum þessum og reglum, sem settar eru samkvæmt þeim, skulu rekin að hætti opinberra mála.

81. gr.

Svipta skal mann rétti til að stjórna vélknúnu ökutæki, ef hann hefur orðið sekur um mjög vífaverðan akstur, eða ef telja verður, með hliðsjón af eðli brotsins eða annars framferðis hans sem ökumanns, varhugavert vegna öryggis umferðarinnar, að hann hafi ökuleyfi.

Nú hefur stjórnandi vélknúins ökutækis gerzt brotlegur við 1. eða 2. sbr. 3. og 4. mgr. 25. gr., og skal hann þá sviptur ökuleyfi eða rétti til að öðlast það. Ef sérstakar málsbætur eru og kærði hefur eigi áður orðið sekur um sams konar eða annað verulegt brot gegn skyldum sínum sem bifreiðarstjóri, má sleppa sviptingu réttinda vegna brota á 1. og 2. sbr. 3. mgr. 25. gr.

Réttindasvipting skal vera um ákveðinn tíma, eigi skemur en 1 mánuð, eða að fullu og öllu, ef miklar sakir eru eða um ítrekað brot að ræða. Réttindasvipting vegna brota gegn ákvæðum 2. sbr. 4. mgr. 25. gr. skal þó eigi skemmri en 1 ár. Ef kærði hefur verið sviptur réttindum um stundarsakir samkvæmt ákvæðum 6. mgr. hér á eftir, skal ákveðið í dómi, hvort sá tími skuli dragast frá endanlegum sviptingartíma.

Nú hefur maður verið sviptur ökuleyfi eða rétti til að öðlast það um lengri tíma en 3 ár, og getur þá dómsmálaráðherra, er 3 ár eru liðin frá sviptingunni og

sérstakar ástæður mæla með því, ákveðið, að honum skuli veitt ökuleyfi af nýju eða réttur til að öðlast það, enda sé sannað, að hann hafi ekki gerzt brotlegur við áfengislöggjöf um þriggja ára skeið að undanfögnu. Umsókn um endurveitingu ökuleyfis samkvæmt þessari málsgrein skal fylgja vottorð tveggja valinkunnra manna um reglusemi og góða hegðun umsækjanda í næstliðin 3 ár. Leita skal umsagnar áfengisvarnarnefndar í heimilissveit umsækjanda, áður en ökuleyfi er veitt af nýju, ef brot gegn 25. gr. hefur valdið ökuleyfissviptingu. Slikt leyfi má þó eigi veita sama manni oftár en einu sinni, nema 6 ár séu liðin frá síðustu réttindasviptingu.

Svipting ökuleyfis eða réttar til að öðlast ökuleyfi skal gerð með dómi, sbr. þó 112. gr. laga nr. 82/1961. Áfrýjun frestar ekki verkun dóms að þessu leyti.

Nú telur lögreglustjóri, að maður hafi unnið til ökuleyfissviptingar, og skal hann þá svipta hann ökuleyfi til bráðabirgða. Lögreglustjóri skal tilkynna viðkomandi dómara ákvörðun sína innan viku. Aðili getur krafizt úrskurðar dómara um ákvörðun lögreglustjóra. Dómari getur og af sjálfsdáðum, ef efni standa til, felld ákvörðun lögreglustjóra niður. Úrskurð dómara um bráðabirgðasviptingu getur aðili kært til æðra dóms samkvæmt XXI. kafla laga nr. 82/1961.

Hver, sem sviptur hefur verið ökuleyfi samkvæmt þessari grein eða hefur misst það samkvæmt 7. sbr. 8. mgr. 27. gr., skal afhenda lögreglunni ökuskirteini sitt.

Ef maður hefur með dómi verið sviptur ökuleyfi eða rétti til að öðlast það, skal dómari þegar tilkynna það öllum lögreglustjórum á landinu.

Ef íslenzkur ríkisborgari eða maður búsettur hér á landi hefur sætt ökuleyfissviptingu eða refsingu erlendis fyrir verknað, sem samkvæmt lögum þessum hefði varðað missi ökuleyfis eða réttar til að öðlast það, má svipta hann þeim réttindum með dómi í opinberu máli, sem höfðað er gegn honum í þessu skyni, og koma þá að öðru leyti til framkvæmda ákvæðin hér að framan.

VIII. Um umferðarfræðslu o. fl.

82. gr.

Almenningi skal veitt fræðsla í umferðarlöggjöf og öðru því, er stuðlað getur að umferðaröryggi og umferðarmenningu. Gefa skal út og útbýta ókeypis prentuðum leiðarvísi, er skýrir helztu umferðarreglur ásamt myndum af vegarmerkjum og handarmerkjum ökumanns í umferð. Kostnaður greiðist úr ríkissjóði.

Bæjar- og sveitarstjórnnum ber enn fremur að fræða almenning um umferðarmál eftir því, sem staðhættir gefa efni til, svo og þær sérreglur, er gilda á hverjum stað.

Setja má í reglugerð nánari ákvæði um fræðslu samkvæmt þessari grein.

83. gr.

Kennsla í umferðarreglum skal fara fram í barna- og unglingskólum. Menntamálaráðherra setur reglugerð um tilhögun kennslunnar og prófkröfur.

84. gr.

Skólustjórn er skylt í samráði við lögreglustjóra og bæjar- og sveitarstjórn að gera ráðstafanir til þess að vernda skólabörn gegn hættu, er stafar af umferð í næstu grennd við skóla.

IX. Ýmis ákvæði.

85. gr.

Enginn má selja á leigu í atvinnuskyni skráningarskyld ökutæki til mannlutninga án ökumanns, nema hann hafi fengið til þess leyfi lögreglustjóra, samkvæmt reglum, sem dómsmálaráðherra setur. Heimilt er að ákveða gjald fyrir slíkt leyfi.

86. gr.

Samgöngumálaráðherra getur sett gjaldskrá, er ákveður fargjöld með leigubifreiðum til mannflutninga og flutningsgjöld sendibifreiða. Hann getur og ákveðið, að gjaldmælir skuli vera í slíkum bifreiðum.

87. gr.

Þeir, sem fyrir gildistöku laga þessara hafa öðlzt rétt til starfa, sem nú er krafizt sérstakrar löggildingar til, halda þeim rétti sínum, enda fullnægi þeir almennum skilyrðum til starfans.

Nota má ökutæki, sem stærra er eða þyngra en leyft er í lögum þessum, ef notkun þess var heimil samkvæmt eldri lögum.

88. gr.

Dómsmálaráðherra setur reglugerðir samkvæmt lögum þessum, nema annað sé tekið fram. Honum er heimilt að setja nánari reglur um einstök ákvæði laganna og framkvæmd þeirra.

Reglugerðir, sem settar hafa verið samkvæmt áður gildandi bifreiðalögum og umferðarlögum, skulu gilda þar til nýjar reglugerðir hafa verið settar, að því leyti, sem samrýmist lögum þessum.

89. gr.

Lög þessi öðlast gildi kl. 06.00 26. maí 1968.

Gjört í Reykjavík, 23. apríl 1968.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Jóhann Hafstein.

L Ö G**um verzlunaratvinnu.****FORSETI ÍSLANDS**

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Tilgangur þessara laga er að tryggja, eftir því sem tók eru á:

1. að borgararnir eigi vól á sem beztri verzlunarþjónustu á hverjum stað og tíma;
2. að þeir aðilar, sem fást við verzlun, séu búnir þeim hæfileikum, að þeir geti uppfyllt skyldur, sem slíkur rekstur leggur þeim á herðar gagnvart viðskiptavinum sínum og samfélaginu;
3. að verzlun geti þrifizt í landinu sem atvinnugrein.

2. gr.

Með orðinu verzlun í lögum þessum er átt við heildverzlun, umboðsverzlun, þar með talin tilboðasöfnun um vörusölu og vörukaup, og smásöluverzlun.

Lög þessi taka þó ekki til:

1. Lyfjaverzlunar, að því leyti sem lyfsalar hafa einkasölu á lyfjum.
2. Sölu á búsafurðum eða fiskfangi, sem maður hefur aflað sjálfur eða skyldulið hans.
3. Sölu framleiðsluvara, hvers konar iðju eða iðnaðar, sem seljandi hefur sjálfur gert.

Verði ágreiningur um, hvort leyfi þurfi samkvæmt lögum þessum til tiltekinnar tegundar verzlunar, sker ráðherra úr, en þann úrskurð má bera undir dómstóla til úrlausnar með málssókn á hendur lögreglustjóra, sem í hlut á.

3. gr.

Verzlun samkvæmt 2. gr. er óheimilt að reka á Íslandi eða í íslenskri landhelgi, nema til komi leyfi samkvæmt lögum þessum.

4. gr.

Hver einstaklingur, sem fullnægir eftirgreindum skilyrðum, á rétt á leyfi eða endurnýjun leyfis til verzlunar, enda hafi réttur til verzlunarrekstrar ekki verið af honum dæmdur:

1. Hefur íslenskt ríkisfang og er heimilisfastur á Íslandi.
2. Er fjárráða.
3. Hefur lokið prófi úr verzlunarskóla, sem viðurkenndur er af ráðherra, eða hefur aðra menntun, sem ráðherra metur jafngilda. Enn fremur má veita þeim verzlunarleyfi, sem um þriggja ára skeið hefur starfað við verzlun og að þeim starfstíma loknum sótt sérstakt námskeið í verzlunarfræðum, sem ráðherra viðurkennir, og lokið þaðan prófi. Meðan ekki er völ á slíkum verzlunarnámskeiðum sem gert er ráð fyrir í þessum tölulið, má veita þeim verzlunarleyfi, sem starfað hefur þrjú ár við verzlun og sannar með vottorðum vinnuveitenda, að hann hafi vegna starfsreynslu sinnar þá þekkingu á bókhaldi, vörum og lagafyrirmælum, sem varða verzlunarrekstur, sem telja má nauðsynlega til að reka verzlun.
4. Fullnægir að öðru leyti þeim skilyrðum, sem sett eru eða sett kunna að verða í lögum og reglugerðum til að mega reka verzlun.

Ákvæði þessarar greinar skulu gilda að svo miklu leyti, sem þau stangast ekki á við ákvæði í samningum Íslands við erlend ríki eða ákvæði alþjóðlegra samninga, sem Ísland kann að gerast aðili að.

5. gr.

Félag eða stofnun á rétt á verzlunarleyfi eða endurnýjun verzlunarleyfis sem hér segir:

1. Beri einhverjir félagar fulla og ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum félagsins, skal það eiga skráð heimili og varnarþing á Íslandi og félagsstjórnin öll og þeir, sem firmað rita, fullnægja skilyrðum 1., 2. og 4. töluliðs 4. gr. Þó skal einn stjórnandi og fulltrúi eða prókúruhafi félagsins fullnægja öllum skilyrðum 4. greinar.
2. Beri enginn féлага fulla og ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum félagsins, skal félagið eiga skrásett heimili og varnarþing á Íslandi og stjórnendur þess fullnægja skilyrðum 2. og 4. töluliðs 4. greinar. Þó skal einn stjórnenda, endurskoðendur og framkvæmdastjórar slíks félags fullnægja öllum skilyrðum 4. gr.

Sé félag hlutafélag, skal hlutafé enn fremur vera að meiru en helmingi eign manna búsettra hér á landi, enda sé ekkert í samþykktum félags, er brjóti í bág við íslensk lög.

6. gr.

Verzlunarleyfi má ekki veita starfsmönnum ríkisins eða ríkisstofnana, starfsmönnum sveitarfélaga eða stofnana þeirra og heldur ekki opinberum sýslunar-
mönnum né mökum þeirra, ef hjón búa saman, nema ráðherra hafi úrskurðað, að
verzlunarreksturinn megi samrýmast stöðu þeirra.

7. gr.

Verzlunarleyfi er bundið við nafn, persónu eða firma. Eftirlifandi maka er þó
heimilt að halda áfram verzlun látins maka síns án nýs leyfis, enda þótt hann full-
nægi ekki skilyrðum 4. gr., enda ráði eftirlifandi makei forstöðumann að verzlun-
inni, er fullnægi öllum skilyrðum 4. gr.

Sömu reglur gilda, eftir því sem við á, um bú aðila, svo og í því tilfalli, að verzl-
unarleyfishafi missi um stundarsakir hæfi samkvæmt 4. gr.

8. gr.

Í verzlunarleyfi skal skráð, hvers konar verzlun samkvæmt 2. gr. leyfð er, og
takmarkast heimildin við þá tegund verzlunar. Þó má sá, sem fengið hefur leyfi til
heildverzlunar, einnig reka umboðsverzlun eftir sama leyfisbréfi.

9. gr.

Verzlunarleyfi skal annað tveggja gefið út fyrir staðbundna verzlun í ákveðnu
lögsagnarumdæmi, sem tiltekið er í leyfisbréfi, eða fyrir landið allt. Verzlun, sem
rekin er í hreyfanlegri starfsstöð, skal í þessu tilliti talin með staðbundnum verzl-
unum.

Verzlunarleyfi, sem gefið er út fyrir landið allt, veitir heimild til smásöluverzl-
unar:

- a. utan löggiltra verzlunarstaða,
- b. innan löggiltra verzlunarstaða með vörutegundir, sem ekki er verzlað með í þeim
verzlunarstað.

Leyfi til verzlunar skv. 2. mgr. veitir þó ekki leyfishafa heimild til verzlunar
utan lögsagnarumdæmis, þar sem leyfi er út gefið, nema til komi samþykki lögreglu-
stjóra, þar sem verzlun á að reka hverju sinni.

Leyfi til heildverzlunar og umboðsverzlunar veitir rétt til að safna tilboðum í
vörur hvar á landi sem er og í islenskri landhelgi.

10. gr.

Borgarfógeti í Reykjavík eða lögreglustjóri í umdæmi, þar sem aðili ætlar að
verzla, lætur leyfisbréf af hendi. Leyfisbréf til verzlunar, sem gildir fyrir landið
allt, gefur lögreglustjóri út á þeim stað, þar sem umsækjandi á heimilisfesti eða
firma er skráð. Lögreglustjóri annast einnig um, að tilkynning um útgáfu leyfis-
bréfsins birtist í Lögbirtingablaði þegar í stað eftir útgáfu leyfisbréfs.

Í tilkynningu skal greina nafn leyfishafa eða firma, heimilisfang, tegund verzl-
unar, hvar verzla megi samkvæmt leyfinu og hvenær það var útgefið.

Verzlunarleyfi gildir í fimm ár, en skal endurnýjað að þeim tíma liðnum, ef
leyfishafi fullnægir þá skilyrðum þessara laga.

11. gr.

Hagstofa Íslands heldur skrá um þá aðila, sem á hverjum tíma hafa leyfi til
verzlunarrekstrar.

12. gr.

Hverjum þeim, sem hefur leyfi til að stunda verzlunaratvinnu, ber að hafa fasta starfsstöð eða starfsstöðvar og ber að tilkynna heimilisfang slíkrar starfsstöðvar og breytingu á því heimilisfangi til Hagstofu Íslands.

13. gr.

Verzlunarleyfishafi samkvæmt lögum þessum fyrirgerir leyfi sínu, ef hann fullnægir ekki lengur einhverjum þeirra skilyrða, sem löggin setja fyrir verzlunarleyfi, sbr. þó 2. mgr. 7. gr., eða ef réttur til verzlunar er af honum dæmdur. Sé hæfissmissir einstaklings, sem í hlut á, þannig vaxinn, að úr honum verði bætt eða stjórnandi eða framkvæmdastjóri félags eða stofnunar eigi í hlut, eða slíkt félag eða stofnun fullnægir ekki lengur skilyrðum 4. gr., skal aðili hafa komið þessum atriðum í löglegt horf innan þriggja mánaða frá því breytingin varð, en fyrirgeri ella leyfi sínu. Ráðherra getur lengt þennan frest, ef sérstaklega stendur á.

14. gr.

Fyrir útgáfu leyfisbréfs til að stunda verzlun skal lögreglustjóri (í Reykjavík borgarfélagi) innheimta gjald í rikissjóð, samkv. 7., 8. og 10. tölulið 29. gr. laga nr. 104/1965, um aukatekjur rikissjóðs. Fyrir endurnýjun verzlunarleyfis skal innheimta gjald samkvæmt 20. tölulið 29. gr. Endurnýjunargjald skal taka fyrir útgáfu verzlunarleyfis til fyrirtækis, sem starfrækt hefur verið samkvæmt verzlunarleyfi stjórnanda þess.

15. gr.

Ráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

16. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála og varða brot sektum.

17. gr.

Lög þessi öðlast gildi hinn 1. júlí 1968. Frá sama tíma eru úr gildi felld lög nr. 52 27. júní 1925, um verzlunaratvinnu, svo og lög nr. 11 13. febrúar 1943 og nr. 38 29. marz 1961, um breytingu á þeim lögum. Jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 78 22. nóvember 1907, um farandsala og umboðssala, og lög nr. 45 30. júlí 1909, um námskeið verzlunarmanna.

Ákvæði til bráðabirgða.

Innan eins árs frá gildistöku þessara laga skulu þeir aðilar, sem samkvæmt gildandi lögum hafa rétt til að stunda verzlunaratvinnu á Íslandi, endurnýja þau leyfi í samræmi við ákvæði laga þessara. Séu leyfi ekki endurnýjuð fyrir 1. júlí 1969, falla þau úr gildi.

Aðilar, sem öðlazzt hafa leyfi til einhverrar tegundar verzlunar skv. eldri lögum og stunda slíkan verzlunarrekstur við gildistöku laga þessara, skulu fá leyfi sin endurnýjuð skv. ákvæðum þessara laga, þótt þeir ekki fullnægi kröfum 4. gr. laganna að því leyti sem þær eru strangari en ákvæði 3. gr. laga nr. 52/1925.

Gjört í Reykjavík, 2. maí 1968.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Jóhann Hafstein.

L Ö G

um sölu á prestssetursjörðinni Setberg o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að bjóða til sölu og selja, ef viðunandi tilboð fást, eftirtaldar fasteignir ríkisins:

Prestssetursjörðina Setberg í Eyrarsveit, Snæfellsnessýslu, að undanskilinni Melrakkaey.

Húseignina Tómasarhaga 15 í Reykjavík.

Húseignina Brekkugötu 18, Hafnarfirði.

Húseignina Vesturbraut 2, Grindavík.

Prestsseturshúsið á Húsavík.

Húseignina Melgerði 10 í Kópavogi.

Prestssetursjörðina Velli í Svarfaðardal, enda hafi Svarfaðardalshreppur forkaupsrétt á jörðinni.

Þá er ríkisstjórninni heimilað að fá Skátafélagi Akraness til umráða með nánar tilteknum skilmálum spildu úr landi kirkjujarðarinnar Stóru-Drageyrar í Skorradal, allt að 700 metra meðfram Skorradalsvatni og upp í fjallshlíð.

Ríkisstjórninni er enn fremur heimilt að afhenda Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja til umráða allt að 50 hektara úr svonefndum Móadal í landi prestssetursjarðarinnar Saurbæjar á Hvalfjarðarströnd, svo og aðgang að hálfum hektara á sjávarströnd jarðarinnar.

Ríkisstjórninni er og heimilt að afhenda ábúandanum á nýbýlinu Tungunesi til eignarumráða vegna landskemmda af völdum vegagerðar spildu úr landi prestssetursins Háls í nesinu austan Fnjóskár.

Enn fremur að selja eigendum Ærlækjar í Öxarfirði spildu (Skinnastaðarandir) úr landi prestssetursins Skinnastaða, er svari til þeirrar landspildu, er miðskólinn í Lundi fær úr Ærlækjarlandi, enda sé söluverð hliðstætt á landspildum þessum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 2. maí 1968.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Jóhann Hafstein.

L Ö G

um breyting á lögum um tilbúning og verzlun með ópíum o. fl.,
nr. 14 20. júní 1923.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Dómsmálaráðuneytið getur úrskurðað, að ákvæði laga þessara gildi um öll efni, hvort sem þau eru afleidd af morfíni, kókaini eða söltum þeirra eða ekki, enda hafi sannazt við vísindalega rannsókn, að misnota megi þau á líkan hátt, eða að þau hafi lík skaðvænleg áhrif sem efni þau, sem nefnd eru í 2. gr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 2. maí 1968.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Jóhann Hafstein.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 75 27. apríl 1962, um Stofnlánadeild landbún-
aðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

4. málsgrein 7. gr. laganna orðist svo:

Lán til húsa er heimilt að veita í áföngum, eftir að hús er fokhelt.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 2. maí 1968.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.

L Ö G

um kaup ríkissjóðs á hlutabréfum Áburðarverksmiðjunnar h/f,
sem eru í einkaeign.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að kaupa fyrir hönd ríkissjóðs hlutabréf, sem eru í einkaeign í Áburðarverksmiðjunni h/f, á allt að fimmföldu nafnverði hlutabréfanna. Heimilt er ríkisstjórninni að taka lán í þessu skyni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 2. maí 1968.

Ásgeir Ásgeirsson.
(L. S.)

Ingólfur Jónsson.

L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Jórvík
í Hjaltastaðahreppi, Norður-Múlasýslu.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja eyðijörðina Jórvík í Hjaltastaðahreppi, Norður-Múlasýslu, Guðmundi Pálssyni bónda, Jórvíkurhjáleigu. Verð jarðarinnar fer eftir því sem um semst. Náist ekki samkomulag um kaupverðið, skal það ákveðið með mati dómkvaddra manna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 2. maí 1968.

Ásgeir Ásgeirsson.
(L. S.)

Ingólfur Jónsson.

L Ö G

um vörumerki.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Með skráningu samkvæmt lögum þessum geta atvinnurekendur öðlazzt einkarétt til þess að nota vörumerki sem sérstök auðkenni fyrir vörur, verk eða þjónustu, er þeir hafa til sölu í atvinnurekstri sínum (vörumerkjaréttur).

Vörumerki geta verið myndir, orð eða orðasambönd, þar á meðal vigoð, bókstafir eða tölur, búnaður vöru eða umbúðir.

Ákvæði laga þessara um vörur eiga einnig við um verk og þjónustu, sem í té er látin, eftir því sem við á.

2. gr.

Atvinnurekendur öðlast og vörumerkjarétt, þótt merki sé eigi skráð, ef það hefur náð markaðsfestu.

Nú er merki á vöru almennt þekkt á tilteknu sviði viðskipta hér á landi sem auðkenni á vöru notanda þess, og telst það þá hafa náð markaðsfestu.

3. gr.

Enn fremur er hverjum heimilt í atvinnurekstri sínum að nota nafn sitt, firmanafn, eða nafn á fasteign sinni sem vörumerki, svo fremi, að sú notkun sé ekki á þann veg, að villzt verði á merkinu og vörumerkjum annarra.

Nafn annars manns, firma eða sérkennilegt nafn á fasteign hans má ekki heimildarlaust nota sem vörumerki.

Eigi má heldur nota auðkenni sem vörumerki, ef villast má á því og vörumerki, er annar hefur þegar tekið í notkun hér á landi. Sama er um vörumerki, sem annar hefur þegar tekið í notkun erlendis, svo fremi, að sá, er ætlar að nota það hér á landi, þekki eða ætti að þekkja það.

4. gr.

Vörumerkjaréttur skv. 1.—3. gr. veitir eiganda vernd gegn því, að aðrir noti heimildarlaust í atvinnuskyni vörumerki, er villzt verður á og merki hans. Á þetta við um hvers konar notkun, hvort sem merkið er sett á sjálfa vöruna eða umbúðir hennar, notað í auglýsingum, verzlunarbréfum eða á annan hátt, og skiptir eigi máli, hvort selja á vöruna hér á landi eða erlendis. Heimildarlaus munnleg notkun merkisins er og bönnuð.

Nú er merki notað fyrir tiltekna vörur, og er þá öðrum en eiganda óheimilt að vísa til þess merkis, þegar seldir eru varahlutir, eða annað fylgífé þeirrar vöru, nema samþykki eiganda merkisins komi til, enda sé vísað til merkisins á þann hátt, að ætla megi, að fylgífé stafi frá eiganda merkisins eða hann hafi gefið samþykki sitt til notkunar þess.

Nú gerir annar en eigandi vörumerkis verulegar breytingar á vörum auðkenndum merkinu, hvort heldur er með aðgerðum, viðgerðum eða á annan svipaðan hátt,

og má hann þá því aðeins nota merkið, án samþykkis eiganda, ef varan er á ný boðin til sölu í atvinnuskyni, að breytinganna sé greinilega getið, eða að þær eftir atvikum komi greinilega í ljós.

5. gr.

Vörumerkjaréttur nær ekki til þeirra hluta vörumerkis, sem aðallega miða að því að gera vöruna, búnað hennar eða umbúðir hagkvæmari í notkun, eða miða annars að öðru en því að auðkenna hana.

6. gr.

Samkvæmt lögum þessum skal eigi telja vörumerki svo lík hvert öðru, að hætta sé á, að menn villist á þeim, nema þau nái til sömu vöru eða vöru svipaðrar tegundar.

Þó má líta svo á, að um hættu á misgripum sé að ræða:

a) ef vörumerki hefur náð ríkri markaðsfestu og er auk þess svo alkunnugt hér á landi, að notkun annars aðila á líku merki, jafnvel fyrir aðrar vörutegundir, felur í sér misnotkun á verðmæti („goodwill“) merkisins, eða

b) ef vörumerki hefur náð markaðsfestu og notkun annars en eiganda á líku merki fyrir aðrar vörur, með hliðsjón af séreiginleikum varanna, er bersýnilega til þess fallin að rýra verulega verðmæti þess merkis, sem markaðsfestu hefur náð.

7. gr.

Nú krefjast tveir eða fleiri, hver um sig, vörumerkjaréttar á auðkennum, er villast má á, og gengur þá eldri réttur fyrir yngri, ef annað leiðir ekki af síðargreindum ákvæðum.

8. gr.

Yngri réttur á skráðu vörumerki getur notið jafnhliða verndar rétti á eldra vörumerki, þótt merkin séu svo lík, að villast megi á þeim, svo fremi, að tilkynning um skráningu hafi verið afhent í góðri trú og 5 ár séu liðin frá skráningardegi hins síðar skráða merkis, án þess að mál hafi verið höfðað til ógildingar skráningunni.

9. gr.

Yngri réttur á vörumerki getur og notið jafnhliða verndar rétti á eldra merki, þótt villast megi á merkjunum:

a) ef eigandi eldra merkis hefur ekki innan hæfilegs tíma gert nauðsynlegar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir notkun yngra merkisins,

b) ef réttinum á merkjunum hefur verið náð með notkun þeirra í mismunandi landshlutum og álíta má, að nota megi bæði merkin eftir sem áður, án verulegs tjóns fyrir eiganda hins eldra réttar.

10. gr.

Í tilvikum þeim, er um ræðir í 8.—9. gr., geta dómstólar, ef það telst sanngjarnt, ákveðið, að annað merkjanna eða bæði megi eingöngu nota á sérstakan hátt, t. d. þannig, að þau séu af ákveðinni gerð, staðarnafni bætt við eða þau á annan veg skýrt aðgreind.

11. gr.

Samkvæmt beiðni eiganda skráðs vörumerkis ber höfundum, útgefendum og forleggjurum orðabóka, handbóka, kennslubóka og þess háttar sérfræðiriti að gæta þess, að merki sé ekki birt, nema þess sé jafnframt getið, að um skráð vörumerki sé að ræða.

Nú vanrækir maður skyldur sínar samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar, og ber honum þá að kosta leiðréttingu, er birt skal á þann hátt, er sanngjarnt þykir.

II. KAFLI

Um skráningu vörumerkja.

12. gr.

Vörumerkjaskrá skal haldin í Reykjavík fyrir land allt, sbr. 20. og 21. gr. Skráninguna annast vörumerkjaskráritari, er ráðherra skipar.

13. gr.

Það er skilyrði skráningar vörumerkis, að merkið sé til þess fallið að greina vörur merkiseiganda frá vörum annarra. Merki, sem eingöngu eða aðeins með smávægilegum breytingum eða viðbótum gefa til kynna tegund vörunnar, ástand, magn, notkun, verð, uppruna eða hvenær varan er framleidd, skal eigi telja nægjanlegt sérkenni. Sama er um merki, sem eingöngu eru bókstafir eða tölustafir og ekki hafa sérkennilegt lag.

Þegar kveða skal á um, hvort merki hafi nægjanlegt sérkenni, skal líta til allra aðstæðna, og þó einkum til þess, hversu lengi og að hve miklu leyti merkið hefur verið í notkun.

14. gr.

Vörumerki má eigi skrá:

1) ef heimildarlaust eru í merkinu ríkistákn, opinber alþjóðamerki, merki íslenskra bæjar- eða sveitarfélaga, opinber skoðunar- og gæðamerki, sérstök heiti greindra einkenna eða annað, sem til þess er fallið, að villzt verði á því og framangreindum merkjum og táknum. Bannið nær því aðeins til opinberra skoðunar- og gæðamerkja, að óskað sé skráningar merkis fyrir sömu eða svipaðar vörutegundir og þær, sem framangreind merki og tákn eru notuð fyrir,

2) ef merkið er til þess fallið að villa um fyrir mönnum,

3) ef merkið er annars andstætt lögum eða allsherjarreglu, eða til þess fallið að valda hneyksli,

4) ef í merkinu felst eitthvað það, sem gefur tilefni til að ætla, að átt sé við firma annars manns, nafn annars manns eða mynd, enda sé þá ekki átt við löngu látna menn, eða í merkinu felst sérkennilegt nafn á fasteign annars manns eða mynd af henni,

5) ef í merkinu felst eitthvað, er skilja má sem sérkennilegan titil á vernduðu bókmenntalegu eða listrænu verki annars manns, eða ef gengið er á höfundarrétt annars manns á slíku verki, einkaleyfisrétt hans, mynzturrétt eða rétt til ljósmynda,

6) ef villast má á merkinu og vörumerki, sem skráð hefur verið hér á landi samkvæmt eldri tilkynningu eða hefur verið notað hér á landi, þegar tilkynning um skráningu er afhent, og enn er notað hér,

7) ef merkið er til þess fallið, að villzt verði á því og vörumerki, sem notað er erlendis á þeim tíma, sem tilkynning um skráningu er afhent, og enn er notað þar, enda hafi tilkynnandi vitað eða átt að vita, hvernig á stóð um hið erlenda merki, þegar hann afhenti tilkynningu sína.

Þrátt fyrir ákvæðin í 4), 5), 6) og 7) tölul. má skrá merki, ef nægjanleg heimild er til og ekki er ástæða til að ætla, að skráningin valdi villu.

15. gr.

Vörumerkjaréttur sá, er menn öðlast við skráningu, nær eigi til þeirra hluta merkis, sem eigi er heimilt að skrá eina sér.

Nú er í merki eitthvað það, sem nefnt er í 1. mgr., og sérstök ástæða er til að ætla, að skráning merkisins geti valdið vafa um það, hve víðtækur vörumerkja-

rétturinn er, og má þá við skráninguna undanskilja berum orðum vernd á þeim hlutum merkis.

Nú kemur síðar í ljós, að þá hluta merkis, sem undanskildir hafa verið við vernd, megi að réttu lagi skrá, og má þá skrá slíka hluta merkis, eða merkið sjálft, án þeirra takmarkana, er um getur í 2. mgr.

16. gr.

Vörumerki skal skrá í ákveðnum flokki eða flokkum vara.
Greining í vöruflokka ákveður ráðherra og auglýsir.

17. gr.

Tilkynning vörumerkis til skráningar skal vera skrifleg og send vörumerkja-skráritara. Í tilkynningu skal vera mynd af merkinu, nafn eða firma tilkynnanda og hver atvinnurekstur hans er. Þá skal og geta um þær vörutegundir, sem merkið óskast skráð fyrir, eða vöruflokka, sem það óskast skráð í. Loks skal tilkynningin að öðru leyti vera í samræmi við ákvæði sett samkvæmt 46. gr.

18. gr.

Nú er vörumerki notað í fyrsta sinn fyrir vörur, sem sýndar eru á landssýningu eða alþjóðlegri sýningu hér á landi, er nýtur viðurkenningar ráðherra, og er síðan tilkynnt til skráningar innan 6 mánaða frá þeim tíma talið, er það kom fram á sýningunni, og skal sú tilkynning, að því er snertir síðar tilkomin atvik, svo sem notkun annarra á merkinu eða tilkynningu á því, talin fram komin þegar er merkið var birt á sýningunni.

Ráðherra getur ákveðið og auglýst, sbr. 46. gr., að reglur þær, sem um getur í 1. mgr., skuli gilda um vörumerki, er fram koma í fyrsta sinn á alþjóðasýningum erlendis, opinberum eða viðurkenndum af hinu opinbera, enda sé um gagnkvæma vernd að ræða.

19. gr.

Nú hefur tilkynnandi ekki gætt þeirra fyriræla, sem sett eru um tilkynningar, eða vörumerkjaskráritari telur, að aðrar lálmanir leiði til þess, að synja beri um skráningu, og ber þá vörumerkjaskráritara að senda tilkynnanda rökstudda synjun og ákveður hann jafnframt frest, er tilkynnandi má nota til þess að skýra mál sitt.

Að fresti loknum kveður vörumerkjaskráritari á um, hvort orðið skuli við beiðni tilkynnanda. Vörumerkjaskráritari getur þó gefið tilkynnanda kost á að koma fram nánari skýringum.

Ákvörðun vörumerkjaskráritara getur tilkynnandi skotið til ráðherra eða dómstólanna samkvæmt ákvæðum 44. gr.

20. gr.

Nú fullnægir tilkynning gerðum kröfum og engin tormeðki eru talin á því að skrá merkið, og skal þá vörumerkjaskráritari hið fyrsta birta auglýsingu um hana. Í auglýsingu skal skýrt frá aðalefni tilkynningarinnar og birt mynd af merkinu.

Auglýsing skal birt í Stjórnartíðindum eða sérstöku blaði, er ríkisstjórnin gefur út. Nánari reglur um birtinguna setur ráðherra.

Andmælum gegn skráningu merkis ber að koma skriflega fram innan tveggja mánaða talið frá birtingardegi auglýsingarinnar, og skulu þau rökstudd.

21. gr.

Að loknum fresti samkvæmt 20. gr. athugar vörumerkjaskráritari tilkynninguna að nýju, sbr. 19. gr.

Nú er tilkynning samþykkt, og ber þá að skrá merkið í vörumerkjaskrána og auglýsa skráninguna samkvæmt 20. gr.

Nú er synjað um skráningu merkis, sem auglýst hefur verið samkvæmt 20. gr., og skal þá synjun birt á þann hátt, er þar segir.

Ákvörðun vörumerkjaskráritara getur tilkynnandi skotið til ráðherra eða dómstóla samkvæmt ákvæðum 44. gr.

22. gr.

Vernd sú, sem skrásett vörumerki fær, hefst frá þeim degi, er tilkynning samkvæmt 17. gr., sbr. 19. gr., er afhent og helzt um 10 ára bil frá skráningardegi.

Samkvæmt umsókn eiganda merkis verður skráning endurnýjuð um 10 ára bil hverju sinni, talið frá lokum hvers skráningartímabils.

23. gr.

Tilkynningu um, að óskað sé endurnýjunar á skráningu, skal eigi afhenda vörumerkjaskráritara fyrr en 1 ári áður og eigi síðar en 6 mánuðum eftir að skráningartímabilinu lýkur.

Nú þykir eigi neitt athugasvert við tilkynninguna, og verður endurnýjun þá skráð í vörumerkjaskrána.

Nú hefur tilkynning um endurnýjun eigi verið afhent, áður en skráningartímabilinu lauk, og sendir þá vörumerkjaskráritari eiganda merkisins, eða umboðsmanni hans, sbr. 31. gr., tilkynningu um það. Nú er slík tilkynning eigi send, og ber þá vörumerkjaskráritari eigi ábyrgð á því.

24. gr.

Samkvæmt umsókn eiganda merkis má gera minni háttar breytingar á skráðu vörumerki, enda valdi þær því eigi, að heildaráhrif merkisins raskist.

Slíkra breytinga skal getið í skránni.

III. KAFLI

Um afnám skráningar.

25. gr.

Nú er vörumerki skráð andstætt ákvæðum þessara laga, og getur þá dómur fellt skráninguna úr gildi, sbr. þó ákvæði 8.—10. gr.

Með dómi má og fella skráningu úr gildi, ef eigandi merkis er hættur atvinnurekstri, merki er, eftir að það er skráð, bersýnilega orðið óhæft til þess að auðkenna vöru eiganda þess frá vörum annarra, og loks, ef það er orðið villandi, andstætt allsherjarreglu eða til þess fallið að valda hneyksli.

26. gr.

Hverjum þeim, sem hefur lögmatra hagsmuna að gæta, er rétt að höfða mál gegn eiganda merkis í því skyni, að skráning þess verði felld úr gildi.

Vörumerkjaskráritari er og réttur sóknaraðili í málum samkvæmt ákvæðum 13. gr., 1. til 3. tölul., 14. gr. og 2. mgr. 25. gr.

27. gr.

Merki verða afmáð úr vörumerkjaskránni samkvæmt dómi, svo og ef skráning er eigi endurnýjuð eða eigandi merkis óskar þess, að merkið verði afmáð.

Hverjum þeim dómstóli, sem fellir skráningu úr gildi eða breytir henni, ber að senda vörumerkjaskráritara endurrit dómsins.

IV. KAFLI

Sérreglur um skráningu erlendra vörumerkja.

28. gr.

Nú tilkynnir atvinnurekandi, sem ekki rekur fyrirtæki hér á landi, vörumerki til skráningar, og ber honum þá að sanna, að hann hafi fengið samsvarandi merki skráð í heimalandi sínu fyrir þær vörutegundir, sem tilkynning hans fjallar um.

Nú er um gagnkvæma réttarvernd að ræða, og getur ráðherra þá auglýst, að ákvæðum 1. málsgreinar skuli eigi beitt.

29. gr.

Nú er um gagnkvæma réttarvernd að ræða, og getur ráðherra þá auglýst, að vörumerki, sem eigi mundi talið skráningarhæft hér á landi, en hefur verið skráð í öðru ríki, megi þó skrá hér á sama hátt og í hinu erlenda ríki, enda sé þá fullnægt nánari skilyrðum, er auglýsingin greinir. Slík skráning veitir þó í engu rýmri rétt en samsvarandi skráning í hinu erlenda ríki.

30. gr.

Nú er um gagnkvæma réttarvernd að ræða, og getur ráðherra þá auglýst, sbr. 46. gr., að tilkynning hér á landi um vörumerki, sem tilkynnt hefur verið til skráningar erlendis, skuli, að því er snertir síðar til komin atvik, svo sem tilkynningu annarra á merkinu eða notkun á því, talin fram komin samtímis tilkynningunni í hinu erlenda ríki, enda komi tilkynningin fram hér innan frests, sem ráðherra ákveður.

31. gr.

Eiganda vörumerkis, sem eigi er heimilisfastur hér á landi, ber að hafa umboðsmann heimilisfastan hér. Umboðsmaðurinn skal hafa heimild eiganda merkis til þess að taka við stefnu af hans hálfu, svo og öðrum tilkynningum, er merkið varða, þannig að bindi eigandann. Nafn umboðsmanns og heimilisfang skal skráð í vörumerkjaskrána.

Nú hefur hæfur umboðsmaður eigi verið nefndur, og ber þá eiganda merkis að bæta úr því, sem áfátt er, innan frests, sem vörumerkjaskráritari ákveður. Tilkynningu um frestinn ber að senda í ábyrgðarbréfi, en ef ókunnugt er um heimilisfang eiganda merkis, þá með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu. Nú er umboðsmaður samkvæmt ofangreindu eigi nefndur, áður en frestur er úti, og skal þá merkið afmáð úr skránni.

V. KAFLI

Um framsal, leyfi o. fl.

32. gr.

Rétt til vörumerkis má framselja ásamt atvinnurekstri þeim, sem það er notað í, eða eitt sér.

Nú framselur einhver atvinnurekstur sinn, og eignast framsalshafi þá vörumerki atvinnurekstrarins, nema um annað hafi verið samið eða megi telja umsamið.

33. gr.

Hver sá, sem eignast hefur rétt á skráðu vörumerki, skal tilkynna það til vörumerkjaskráritara, og getur hann þá eigendaskiptanna í vörumerkjaskránni.

Þar til framsal er tilkynnt til skráningar, getur vörumerkjaskráritari talið þann eiganda merkis, sem síðast var skráður eigandi.

34. gr.

Nú hefur eigandi skráðs vörumerkis leyft öðrum að nota merkið í atvinnu-
skyni, og skal þess þá getið í vörumerkjaskránni, ef eigandi eða leyfishafi óskar
þess. Nú sannast, að leyfi sé niður fallið, og skal þess þá getið í vörumerkjaskránni,
á sama hátt og að framan greinir.

Leyfishafi getur því aðeins framselt rétt sinn, að um það hafi verið samið.

35. gr.

Nú hefur réttur að skráðu vörumerki verið veðsettur, eða aðför gerð í honum,
og skal þá, ef eigandi merkis, veðhafi eða aðfararhafi óskar, geta þess í vöru-
merkjaskránni.

VI. KAFLI

Um bann gegn notkun villandi vörumerkja.

36. gr.

Nú verður notkun vörumerkis villandi, eftir að það hefur verið framselt, eða
leyfi til þess að nota það hefur verið tilkynnt, og má þá með dómi banna hlutaðeig-
anda að nota merkið í þeirri gerð, sem það er.

Sama er og, ef vörumerki er annars villandi, eigandi þess notar það á villandi
hátt eða einhver annar með hans samþykki.

Vörumerkjaskráritari, svo og hver sá, sem hagsmuna hefur að gæta, getur
höfðað mál samkvæmt þessari grein.

VII. KAFLI

Ákvæði um réttarvernd.

37. gr.

Notkun vörumerkis, andstæða ákvæðum laga þessara, má banna með dómi.

Hver sá, sem af ásetningi brýtur gegn rétti á skráðu vörumerki, skal sæta
sektum.

Sókn sakar fyrir brot gegn ákvæðum laga þessara á sá, sem telur hagsmuni sína
skerta. Um málsmeðferð fer samkvæmt 2. tl. 1. liðs 200. gr. laga nr. 85/1936.

Mál, sem höfðuð eru samkvæmt lögum þessum, skulu rekin fyrir Sjó- og verzl-
unardómi Reykjavíkur, ef eigandi merkis er búsettur erlendis.

38. gr.

Hverjum þeim, sem af ásetningi eða gáleysi brýtur gegn vörumerkjarétti, er
skylt að bæta tjón það, sem af hefur hlotizt.

Nú brýtur einhver gegn vörumerkjarétti, án þess að um ásetning eða gáleysi
sé að ræða, og er honum þá skylt að bæta þeim, er brotið var gegn, tjón hans eftir
því, sem sanngjarnt þykir. Bætur þessar mega þó aldrei vera hærri en ætla má, að
nemi hagnaði hins bótaskylda af brotinu.

39. gr.

Í málum út af brotum gegn rétti á skráðu vörumerki verður 2. lið 37. gr. því
aðeins beitt, að brot hafi verið framið, eftir að merkið var skráð.

40. gr.

Krafa samkvæmt 38. gr. fyrnist á 5 árum. Stafi krafan af refsiverðu verki,
fyrnist hún á 10 árum.

Drátt fyrir ákvæði 1. liðs má höfða mál til greiðslu bóta fyrir brot gegn vörumerkjarétti, ef brot hefur verið framið, eftir að merkið var tilkynnt til skráningar, enda sé mál höfðað innan árs frá skráningardegi.

41. gr.

Í málum út af brotum gegn vörumerkjarétti getur dómur ákveðið, að gerðar skuli ráðstafanir til að hindra misnotkun á merkinu. Í því skyni getur dómur kveðið svo á, að merkið skuli numið brott af þeim vörum, sem eru í vörzlu hlutaðeiganda eða hann annars ræður yfir. Ef nauðsyn ber til, má ákveða, að ónýta skuli vöruna eða afhenda hana þeim, er misgert var við, gegn bótum eða án þeirra.

42. gr.

Nú hefur leyfi verið veitt til notkunar á vörumerki, og eru þá hvor um sig, leyfissali og leyfishafi, réttur sóknaraðili í málum um brot gegn vörumerkjaréttinum, enda hafi eigi verið á annan veg samið.

Nú vill leyfishafi höfða mál, og ber honum þá að tilkynna leyfissala það. Vanræksla í þessu efni varðar frávisun máls.

VIII. KAFLI

Gæðamerki.

43. gr.

Þau ákvæði þessara laga, er snerta vörumerki, ná og til gæðamerkja, að því leyti sem samrýmt getur sérákvæðum um þau merki.

IX. KAFLI

Ýmis ákvæði.

44. gr.

Ákvarðanir vörumerkjaskráritara samkvæmt lögum þessum getur tilkynnandi borið undir ráðherra þann, sem fer með vörumerkjamála, enda sé það gert innan þriggja mánaða frá þeim degi, er ákvörðun var tekin. Leita má til dómstóla, þótt málið hafi verið borið undir ráðherra. Nú óskar tilkynnandi úrskurðar dómstóla, og ber honum þá að höfða mál innan 6 mánaða frá þeim tíma, er vörumerkjaskráritari eða ráðherra tók ákvörðun sína.

45. gr.

Öllum er rétt að kynna sér efni vörumerkjaskrárinnar, annaðhvort með því að skoða hana eða með því að fá endurrit úr henni. Öllum er og rétt að fá vitneskju um, hvort merki er skráð.

46. gr.

Ráðherra sá, er fer með vörumerkjamála, setur nánari reglur um afhendingu og meðferð á tilkynningum til vörumerkjaskrárinnar, þar á meðal um fresti til að krefjast forgangsréttar, sbr. 18. og 30. gr., um form skrárinnar og færslu, útgáfu skráningarblaðs og efni þess, svo og um gjöld fyrir tilkynningar, afgreiðslur, endurrit o. fl.

47. gr.

Með þeim takmörkunum, sem leiðir af 48. gr., koma ákvæði laga þessara í stað laga um vörumerki nr. 43 13. nóvember 1903, án þess þó að það raski gildi fyrri skráninga. Vörumerki þau, sem skráð hafa verið samkvæmt eldri lögum, skulu

standa áfram í vörumerkjaskránni, þótt þau fullnægi eigi skilyrðum laga þessara til þess að verða skráð sem ný vörumerki.

Um þau vörumerki, sem skráð eru samkvæmt eldri lögum, kemur skráning í vöruflokka, sem um ræðir í 16. gr., eigi til framkvæmda, fyrr en skráning er endurnýjuð.

48. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla þá úr gildi lög nr. 43 13. nóvember 1903; lög nr. 13 13. janúar 1938; lög nr. 77 26. júní 1941, svo og önnur lög, er brjóta kunna í hága við lög þessi.

Með tilkynningar, sem borizt hafa vörumerkjaskráritara, áður en lög þessi öðlast gildi, og ekki hafa hlotið afgreiðslu, skal farið eftir eldri lögum. Ef tilkynnandi óskar, skal þó farið með slíkar tilkynningar eftir þessum lögum.

Gjört í Reykjavík, 2. maí 1968.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Jóhann Hafstein.

L Ö G

um breyting á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 52 14. ágúst 1959.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Kosningarrétt við kosningar til Alþingis eiga allir, karlar og konur, sem

1. eru 20 ára eða eldri, þegar kosning fer fram,
2. eiga ríkisborgararétt hér á landi,
3. eiga lögheimili hér á landi,
4. hafa óflekkað mannorð og
5. eru eigi sviptir löggræði.

2. gr.

2. töluliður 1. málgr. 15. gr. laganna orðist svo:

2. Þá, sem skortir það eitt á að fullnægja skilyrðum 1. töluliðs þessarar málsgreinar, að þeir hafa ekki fyllt 20 ára aldur, ef þeir ná að fullnægja þeim skilyrðum fyrir lok þess árs, er kosningar fara fram.

3. gr.

2. málgr. 15. gr. laganna orðist svo:

Um þann, sem settur er á kjörskrá og hefur ekki fullnægt aldurskilyrðinu, skal þess getið í athugasemd við nafn hans á kjörskránni, hvaða mánaðardag hann hefur náð að fullnægja því, og skal rita framan við mánaðardaginn: **Fær atkvæðisrétt.**

4. gr.

Á eftir 2. mgr. 27. gr. laganna komi ný mgr., svo hljóðandi:

Ef sá aðili, sem samkvæmt reglum flokks er ætlað að ákveða framboðslista, eða staðfesta framboðslista endanlega, ber fram mótmæli gegn því, að listi sé í framboði fyrir flokkinn, skal yfirkjörstjórn úrskurða slíkan lista utan flokka og landskjörstjórn úthluta uppþótarþingsætum í samræmi við það.

5. gr.

Á eftir 1. málsl. 2. mgr. 58. gr. laganna komi ný mgr., svo hljóðandi:

Hreppsnefnd er heimilt, að fengnu samþykki yfirkjörstjórnar, að hafa kjörstað utan hreppsfélagsins.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 30. apríl 1968.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Jóhann Hafstein.

1. maí 1968.

Nr. 49.

L Ö G

um áskorunarmál, viðauki við lög nr. 85 23. júní 1936,
um meðferð einkamála í héraði.

FORSETI ÍSLANDS

Gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Samkvæmt þessum lögum mega fara fjárkröfur samkvæmt víxlum, tékkum, skuldabréfum og öðrum einhliða óskilyrtum skuldaviðurkenningum, svo og mál til heimtu peningaskulda, sem stafa af lausafjárkaupum, sbr. lög nr. 39 19. júní 1922, enda hafi þá stefnandi staðið við skuldbindingar af sinni hálfu.

2. gr.

Stefna í málum þessum skal vera þannig úr garði gerð, að stefndi megi örugglega sjá, um hvaða kröfur sé um að tefla.

Í stefnu skal greina:

1. Nöfn aðilja, stöðu og heimili eða dvalarstað.
2. Nöfn fyrirsvarsmanna aðilja, ef því er að skipta, stöðu þeirra og heimili eða starfstofu.
3. Dómkröfur.
4. Ýtarlega lýsingu málavaxta.
5. Réttarsamband milli aðilja og þau atvik og ástæður, sem stefnandi telur staðfesta réttmæti kröfu sinnar.
6. Dómþing, stað þess og stund, svo og stefnufrest.

3. gr.

Stefnu skal vérlita á tvöfalda örku í stærðinni A 4.

Eitt eintak stefnunnar skal vera á löggiltum skjalapappír með spássíu eigi minni en 4 cm, séð frá kili arkarinnar.

4. gr.

Er stefnandi höfðar mál samkvæmt þessum lögum, skal hann snúa sér til dómara með stefnu í þriti, enda sé aðeins einum stefnt. Sé fleiri en einum stefnt, skal eintakafjöldi stefnu vera í samræmi við það, hversu mörgum er stefnt. Auk stefnu skal stefnandi sýna dómara skjal það, eða ljósrit þess, er hann reisir á dómkröfur sínar.

5. gr.

Er dómari hefur gengið úr skugga um, að mál megi reka samkvæmt þessum lögum, ritar hann eða stimplar á stefnu áskorun til stefnda að greiða stefnanda stefnukröfurnar. Dómari er óbundinn af ofangreindu álitinu, er hann endanlega afgreiðir málið síðar. Áritunin skal innihalda áskorun til stefnda að greiða stefnanda stefnukröfurnar innan tveggja sólarhringa frá stefnubirtingu eða í síðasta lagi við þingfestingu málsins, ellegar mæta við þingfestingu og halda uppi lögvörnum, þar eð annars megi hann búast við, að stefnukröfurnar verði gerðar aðfararhæfar gagnvart honum.

6. gr.

Nú telur dómari, að eigi séu efni til, að mál sæti meðferð samkvæmt lögum þessum, skal hann þá synja um áritun á stefnu með rökstuddri bókun í þingbók, sé þess krafizt. Þessari ákvörðun dómara verður eigi skotið til Hæstaréttar.

7. gr.

Stefnufrestur í þeim málum, er fara samkvæmt þessum lögum, skal vera skemmstur 3 sólarhringar. Að öðru leyti skal um stefnufrest og stefnubirtingu fara eftir VIII. kafla laga nr. 85 23. júní 1936.

8. gr.

Við þingfestingu máls skal stefnandi leggja fram tvö frumrit stefnu, bæði með áritun dómara, þar af annað með stefnubirtingarvottorði, og eitt afrit að auki, ásamt skjölum þeim, er hann byggir dómkröfur sínar á.

9. gr.

Nú heldur stefndi uppi lögvörnum í málinu, og skal málið þá sæta hinnu almennu eða sérstöku meðferð einkamála í héraði, eftir því, sem við á hverju sinni. Dómari getur þessa í þingbók.

10. gr.

Nú verður útivíst af hálfu stefnda, án þess að haldið sé uppi vörnum, og ritar dómari þá eða stimplar, samkvæmt kröfu stefnanda, á frumrit stefnunnar, að dómkröfurnar, svo og upphæð málskostnaðar eftir ákvörðun dómara, séu aðfararhæfar að liðnum sjö sólarhringum frá birtingu, enda sé málatilbúningi stefnunnar í engu áfátt.

11. gr.

Nú telur dómari, eftir að hann hefur tekið mál til endanlegrar meðferðar, að það fullnægi eigi skilyrðum til að sæta meðferð samkvæmt þessum lögum, og skal hann þá vikja málinu til þeirrar meðferðar, er málið á að sæta, með bókun í þingbók og geta þar ástæðna til vikningarinnar.

Nú telur dómari, að eigi sé unnt að gera kröfur stefnanda aðfararhæfar óbreyttar, þar sem sýkna beri að hluta eða í heild, eða frávísa beri að hluta, og skal hann þá, á þann hátt, er segir í 1. mgr. þessarar greinar, víkja málinu til venjulegrar eða sérstakrar meðferðar einkamála, sbr. þó ákvæði 2. mgr. 13. gr.

Dómari skal tilkynna stefnanda ákvarðanir þessar. Óheimilt er að skjóta ákvörðun dómara samkvæmt þessari grein til Hæstaréttar.

12. gr.

Nú verður dómari þess var, eftir að hann hefur tekið mál til endanlegrar afgreiðslu samkvæmt þessum lögum, að því sé svo áfátt, að efnisdómi megi eigi á það ljúka, hvorki samkvæmt almennri né sérstakri meðferð, eða stefnufrestur hefur verið of skammur, sbr. 7. gr., og skal hann þá vísa máli frá dómi með rökstuddri áritun á bæði frumrit stefnunnar.

13. gr.

Dómari skal byggja efnisúrlausn í málum samkvæmt þessum lögum á staðhæfingum stefnanda í stefnu um málsatvik, enda fái þær staðhæfingar samrýmzt málalíbúnaði hans og fari eigi í bága við þekktar staðreyndir.

Dómari getur í efnisúrlausn sinni breytt augljósum villum í stefnu til samræmis við skjöl þau, er stefnandi byggir mál sitt á.

14. gr.

Áritun dómara á stefnu um frávisun eða aðfararhæfi hefur sama gildi og dómur í einkamálum. Áfrýjun á málum þessum frestar eigi aðför.

15. gr.

Eigi er heimilt að láta mál sæta meðferð samkvæmt þessum lögum, ef birta þarf stefnu erlendis eða í opinberu blaði.

16. gr.

Mál þessi skal ekki leggja fyrir sáttanefnd.

17. gr.

Að öðru leyti en nú hefur verið rakið skulu mál samkvæmt þessum lögum fara eftir gildandi reglum réttarfarslaga.

18. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. ágúst 1968.

Gjört að Bessastöðum, 1. maí 1968.

Ásgeir Ásgeirsson.
(L. S.)

Jóhann Hafstein.

L Ö G

um veitingu ríkisborgararéttar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Íslenzkan ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Albrechtsen, Otto Erling, verkamaður í Kópavogi, f. í Danmörku 12. marz 1928.
2. Alm, Hanne, húsmóðir í Grundarfirði, f. í Danmörku 26. september 1939.
3. Aunio, Henrik Vilhelm, auglýsingastjóri í Reykjavík, f. í Finnlandi 7. október 1926.
4. Baxter, Þorlákur, verkamaður í Reykjavík, f. í Bandaríkjunum 19. marz 1947.
5. Björk, Lars-Erik, prentmyndasmiður í Reykjavík, f. í Svíþjóð 7. janúar 1937.
6. Dannheim, Eberhard, útvarpsvirki í Reykjavík, f. í Noregi 22. febrúar 1942.
7. Eggert, Uwe, trésmiður í Ytri-Njarðvík, f. í Þýzkalandi 23. nóvember 1936.
8. Eriksson, Elly Irma Birgitta, húsmóðir í Hafnarfirði, f. í Svíþjóð 26. marz 1943.
9. Foerster, Bärbel Cecilie, nunna í Hafnarfirði, f. í Þýzkalandi 9. marz 1929.
10. Gaard-Jensen, Hans Joen Johan, húsvörður í Vestmannaeyjum, f. í Færeyjum 12. september 1915.
11. Griffith, Alfreð Roy, verkamaður í Reykjavík, f. í Bandaríkjunum 29. nóvember 1950.
12. Hansen, Aage Laurits Grymen, vefari á Álafossi, f. í Danmörku 6. júní 1933.
13. Hansen, Ansa Sussanna, húsmóðir í Reykjavík, f. í Færeyjum 25. ágúst 1936.
14. Henriksen, Ally Birthe, húsmóðir á Akureyri, f. í Danmörku 20. ágúst 1930.
15. Hentze, Edmund Leander Frits, verkamaður í Reykjavík, f. í Færeyjum 11. apríl 1913.
16. Jensen, Egon Georg Vendelbo, matsveinn í Vestmannaeyjum, f. í Danmörku 3. janúar 1916.
17. Jensen, Poul Erik, landbúnaðarverkamaður á Ferjubakka í Borgarfirði, f. í Danmörku 26. desember 1936.
18. Joensen, Anna Friðbjörg, kennari í Vestmannaeyjum, f. í Færeyjum 6. september 1940.
19. Joensen, Bergleif Gannt, matsveinn í Reykjavík, f. í Færeyjum 6. apríl 1942.
20. Johansson, Áke Ragnvald, verkamaður í Hveragerði, f. í Svíþjóð 20. ágúst 1941.
21. Karl, Monika Charlotte (Ágústsson), hagfræðingur í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 24. september 1941.
22. Langheinrich, Rudi Robert, verkstjóri á Álafossi, f. í Þýzkalandi 23. febrúar 1940.
23. Ludvigsen, Ellen Margrethe, saumakona í Reykjavík, f. í Danmörku 3. marz 1911.
24. Michalik, Ernst, teiknari í Reykjavík, f. í Danmörku 18. maí 1927.
25. Mikkelsen, Hans Christian Hjorth, sjómaður í Grundarfirði, f. í Danmörku 4. febrúar 1942.
26. Nielsen, Sigríð Maria Elisabeth (Pétursson), húsmóðir í Suður-Múlasýslu, f. í Danmörku 25. febrúar 1930.
27. Pandrick, Renate (Skúlason), húsmóðir í Árnessýslu, f. í Þýzkalandi 13. ágúst 1939.

28. Prokic, Biserka, húsmóðir í Reykjavík, f. í Júgóslavíu 4. maí 1928. Fær réttinn 25. júní 1968.
29. Radtke, Helga, húsmóðir í Neskaupstað, f. í Þýzkalandi 16. ágúst 1941. Fær réttinn 24. maí 1968.
30. Raner, Nelly Eva (Jóhannesson), húsmóðir í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 29. september 1914.
31. Rasmussen, Kurt Sören, múrari í Reykjavík, f. í Danmörku 20. júlí 1940.
32. Saur, Hiltrud Anneliese (Guðmundsson), húsmóðir í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 29. júlí 1935.
33. Sehner, Erich Franz, iðnverkamaður í Keflavík, f. í Austurríki 24. apríl 1940.
34. Shepardson, George, matsveinn í Ytri-Njarðvík, f. í Bandaríkjunum 24. janúar 1911.
35. Smith, Kenneth Hilton, verkamaður í Kópavogi, f. í Bandaríkjunum 11. september 1947.
36. Stöckl, Andreas Franz Xaver, tæknifræðingur í Kópavogi, f. í Austurríki 31. janúar 1915.
37. Stöckl, Else Apollonia, húsmóðir í Kópavogi, f. í Austurríki 25. febrúar 1920.
38. Táfjord, Jóna Valdís, húsmóðir í Grundarfirði, f. í Noregi 3. október 1945.
39. Thomsen, Svanhild Daniella, húsmóðir á Kraunastöðum í Aðaldal, f. í Færeyjum 29. maí 1943.
40. Toftum, Jakop, verkamaður í Reykjavík, f. í Færeyjum 18. marz 1939.
41. Uri, Oddrun, húsmóðir í Reykjavík, f. í Noregi 3. október 1939.

2. gr.

Þeir, sem heita erlendum nöfnum, skulu þó ekki öðlast íslenzkan ríkisborgara-
rétt með lögum þessum, fyrr en þeir hafa fengið íslenzk nöfn samkvæmt lögum um
mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 30. apríl 1968.

Ásgeir Ásgeirsson.
(L. S.)

Jóhann Hafstein.

L Ö G

um bókhald.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með sam-
þykki mínu:

I. KAFLI Bókhaldsskylda.

1. gr.

Bókhaldsskyldir eru allir þeir, sem taldir eru í 2. gr. þessara laga.

2. gr.

- A. 1. Hlutfélög og önnur félög með takmarkaðri ábyrgð.
 2. Gagnkvæm tryggingafélög, samvinnufélög og önnur félög með breytilegum höfuðstól og breytilegri félagatölu, sem hafa það markmið að efla hag félagsmanna eftir þátttöku þeirra í starfsemi félagsins.
 3. Sameignarfélög og önnur félög með ótakmarkaðri ábyrgð félagsmanna.
 4. Bankar og sparisjóðir.
 5. Félög, sjóðir og stofnanir, sem hafa á hendi fjáröflun, fjárvörzlu eða rekstur, svo sem lífeyrissjóðir, stéttarfélög, íþróttafélög, líknanstofnanir, minningar- og styrktarsjóðir.

B. Einstaklingar, sem í atvinnuskyni reka eftirgreinda starfsemi:

1. Verzlun, þar með talin lyfjaverzlun.
2. Byggingarstarfsemi og önnur mannvirkjagerð, svo og alls konar verktaka-
starfsemi, þar með talið viðhald og viðgerðir mannvirkja.
3. Námarekstur, vinnsla og sala jarðefna, svo sem malarnám.
4. Framleiðsla, sala og dreifing vatns og orku.
5. Bóka-, blaða- og tímaritaútgáfa.
6. Skólar.
7. Sjúkrahús, elliheimili, heilsuhæli o. þ. h. stofnanir.
8. Umsýslustarfsemi, svo sem fasteigna-, skipa- og bílasala, vöru- og skipa-
miðlun, afgreiðsla skipa og annarra farartækja, rekstur ferðaskrifstofa, kaup-
þing, kauphallir og uppboðsmarkaðir.
9. Málflutningur og önnur lögmannsstörf.
10. Sala verðbréfa og peningaútlán.
11. Útleiga á fasteignum og lausafé.
12. Skemmtistarfsemi hvers konar, svo sem t. d. kvikmyndahús, leikhús, hljóm-
sveitir og miðlun skemmtikrafta.
13. Iðnaður og iðja, þar með talin viðgerðarstarfsemi.
14. Útgerð til veiða, verkun sjávarafla og fiskirækt.
15. Vinnsla landbúnaðarafurða. Búrekstur, þar sem afurðirnar eru að meiri
hluta seldar beint til smásala eða neytenda.
16. Fólks- og vöruflutningar.
17. Veitinga- og gistihúsarekstur.
18. Læknar, tannlæknar, tannsmiðir og dýralæknar.
19. Þjónustustarfsemi, svo sem starfsemi húsameistara, verkfræðinga, endur-
skoðenda, dómtúlka og skjalapýðenda, bókhaldsskrifstofur, auglýsingastof-
ur, teiknistofur, fjölritunar- og vélritunarstofur, þvottahús og efnalaugar,
ljósmyndastofur, rakarastofur, baðhús, nuddstofur og snyrtistofur, björg-
unarstarfsemi og þjónustustarfsemi ótalin annars staðar.

3. gr.

Allir þeir, sem bókhaldsskyldir eru skv. 2. gr., skulu halda tvíhliða bókhald, nema sérstök undantekning sé gerð.

Undanþegnir skyldu til að halda tvíhliða bókhald eru þeir einstaklingar, sem taldir eru í 2. gr. B-lið 13.—19. tölulið, ef þeir við starfsemi sína nota ekki meira aðkeypt vinnuafn en sem svarar 52 vinnuvikum á ári.

Sé aðili skyldur til að halda tvíhliða bókhald vegna einhvers þáttar starfsemi sinnar, skal það gilda fyrir allan atvinnureksturinn.

4. gr.

Bókhaldsskyldir aðilar skulu haga bókhaldi sínu og semja ársreikninga í samræmi við reglur þessara laga og góða bókhalds- og reikningsskilavenju.

Stjórnendur þeirra féлага og stofnana, sem um ræðir í A-lið 2. gr., og þeir, sem ábyrgð bera á starfsemi skv. B-lið sömu greinar, skulu sjá um, að ákvæðum þessara laga verði fullnægt.

II. KAFLI**Bókhaldið.****5. gr.**

Bókhaldið skal veita svo sundurliðaðar upplýsingar um rekstur og efnahag eins og þarfir eigenda, lánardrottna og hins opinbera krefjast.

Bókhaldinu skal haga svo, að rekja megi viðskiptin og notkun fjármunanna.

Þeir aðilar, sem skyldir eru að halda tvíhliða bókhald, skulu færa bækur þær, sem nú verða taldar:

1. Sjóðbók, fyrir inn- og útborganir úr sjóði.
2. Dagbók, fyrir öll önnur viðskipti.
3. Viðskiptamannabók.
4. Aðalbók.
5. Efnahagsbók.

Leyfilegt er að sameina sjóðbók og dagbók, sem nefnist þá sjóðdagbók. Einnig er heimilt að sameina aðalbók og efnahagsbók.

Þeir aðilar, sem undanþegnir eru skyldu til að halda tvíhliða bókhald samkv. 2. mgr. 3. gr., skulu færa eftirtaldar bækur:

1. Sjóðbók fyrir inn- og útborganir úr sjóði og bankareikningum.
2. Viðskiptamannabók.
3. Sundurliðunar- og efnahagsbók.

Auk þeirra bóka, sem að framan eru taldar, skal færa þær bækur, sem í hverju tilfelli er eðlilegt með tilliti til tegundar og stærðar starfseminnar.

Sjóðbók, sjóðdagbók, aðalbók og efnahagsbók skulu vera fyrirfram innbundnar og tölusettar. Efnahagsbók skal vera löggilt. Færi aðili bæði sjóðbók og sjóðdagbók, má hin síðarnefnda vera lausblaðabók.

6. gr.

Bókhaldsskyldum aðilum er heimilt að nota laus kort eða blöð eða önnur hjálpargögn í stað innbundinna bóka skv. 5. gr. Þetta er þó því skilyrði bundið, að gögn þessi séu hluti af skipulegu og öruggu kerfi. Þó skulu sjóðbók og efnahagsbók vera fyrirfram innbundnar og tölusettar.

Ráðherra setur með reglugerð nánari reglur um notkun á slíkum bókhaldsgögnum.

7. gr.

Í sjóðbók skal færa allar sjóðgreiðslur. Hver greiðsla færast sérstaklega. Þó er leyfilegt að færa í einu lagi fjárhæðir þær, er inn koma daglega vegna sölu gegn staðgreiðslu. Enn fremur er leyfilegt að færa undirbækur yfir sjóðgreiðslur, enda sé færslu þeirra hagað á sama hátt og sjálfrar sjóðbókarinnar. Skylt er að færa niðurstöðutölur undirbókanna daglega í sjálfa sjóðbókina, og sé í henni vísað til undirbókanna til sönnunar færslunum.

Enn fremur sé í sjóðbók vísað til mótfærslna eða tilsvarendi færslna í öðrum bókum.

Undirbækur sjóðbókar mega vera lausblaðabækur.

8. gr.

Í viðskiptamannabók skal færður sérstakur reikningur yfir viðskipti við hvern viðskiptamann önnur en þau, sem hönd selur hendi. Í bókinu skulu viðskipti þau, sem færð eru í frumbækur, skráð á sama hátt og þar eða samanlagðar fjárhæðir þær, sem úttekt eða innlegg hefur numið í hvert sinn.

Leyfilegt er að færa í viðskiptamannabókina samanlagðar fjárhæðir þær, sem úttekt hvers viðskiptamanns hefur numið um vikuna eða mánuðinn samkvæmt frumbókunum, sé um úttekt að ræða, sem samið er um að greiða skuli að fullu viku- eða mánaðarlega. Enn fremur er leyfilegt að færa sameiginlegan reikning í viðskiptamannabók fyrir alla þá viðskiptamenn, sem aðeins hafa slík viðskipti.

Við færslu í viðskiptamannabók sé ætíð vísað til mótfærslna eða tilsvarendi færslna í öðrum bókum.

9. gr.

Í hverju bókhaldi skal færa þá yfirlitsreikninga, sem eðlilegt er með tilliti til tegundar og stærðar starfseminnar.

Að jafnaði skal haga reikningaskipuninni þannig, að færðir séu hreinir eign-, skulda-, gjalda- og teknareikningar.

Enn fremur skal, eftir því sem aðstæður leyfa, haga reikningaskipuninni þannig, að eðlilegt sjálfseftirlit skapist.

Skýlt er þó alltaf að færa eftirgreinda yfirlitsreikninga:

1. Reikning(a), er sýni, hve mikið fé er lagt í byggingar, skip, áhöld og aðrar eignir, sem ætlaðar eru til stöðugar notkunar við reksturinn.
2. Reikning(a), er sýni öll viðskipti (framlög og úttekt) eiganda (eigenda) við fyrirtækið í peningum og öðrum verðmætum.
3. Sjóðreikning.
4. Hvers konar viðskiptareikninga við banka og lánastofnanir, svo sem reikninga, sem gefnar eru út ávísanir á, sparifjárreikninga og ábyrgðar- og geymslufjárreikninga.
5. Vixileignareikning.
6. Reikning yfir samþykkt vixla.
7. Viðskiptamannareikning.
8. Reikning(a), yfir keyptar vörur, hráefni, innlagðar afurðir o. s. frv.
9. Reikning(a), yfir seldar vörur, afurðir og þjónustu o. s. frv.
10. Reikning(a), er sýni rekstrargjöld.
11. Aðra þá reikninga, sem í hverju einstöku dæmi eru eðlilegir samkvæmt góðri bókhaldsvenju.

10. gr.

Í bókhaldinu skal skrá viðskiptin jafnskjótt og þau fara fram, ef upplýsingar um þau kunna að glatast eða misfarast. Sjóðgreiðslur séu færðar daglega og á þann hátt, að auðvelt sé að sannprófa sjóðsbirgðir við bókhaldið.

11. gr.

Sjóðbók, sjóðdagbók og dagbók sé lokað eigi sjaldnar en ársfjórðungslega. Niðurstöður hinna einstöku reikninga skulu þá færast í aðalbók.

Við gerð ársreikninga skal nákvæm og fullkomin lokun fara fram á bókhaldsbókunum.

Samræmi skal vera milli fjárhæðanna í ársreikningunum og í aðalbókinni.

Ákvæði þessarar greinar taka til bókhaldsgagna samkvæmt 6. gr., eftir því sem við á.

12. gr.

Þau útgjöld, sem færð eru í bækurnar, skulu vera samkvæmt áreiðanlegum og fullnægjandi skjölum. Það sama gildir um tekjur eftir því, sem við verður komið. Nánar skal kveðið á um þessi atriði í reglugerð.

13. gr.

Í frumbækur séu færð öll viðskipti, önnur en þau, er hönd selur hendi daglega, jafnskjótt og þau fara fram. Í bækur þessar skal rita nöfn þeirra, er hafa afhent og mótttekið peninga eða vöru, er hún var seld (= lánuð) eða keypt (= lögð inn), og sömuleiðis fyrir hvers reikning út er tekið eða lagt inn og enn fremur verð vörunnar.

Heimilt er að hafa í stað frumbóka laus reikningseyðublöð. Blöð frumbóka og laus reikningseyðublöð skulu vera fyrirfram tölusett í hlaupandi röð, enda sé ekki notað öruggara eftirlitskerfi.

Í verzlunarviðskiptum skal samrit af færslu frumbóka eða reiknings ætíð látið viðskiptavini í té í hvert sinn, er einhver viðskipti fara fram.

14. gr.

Vörutalningar skulu skráðar í þar til gerðar innbundnar eða heftar og fyrirfram tölusettar talningarbækur og undirritaðar af talningarmönnum.

Þeir aðilar, sem hafa öruggt reikningslegt eftirlit með vörubirgðum sínum, eru ekki bundnir af ákvæðum 1. mgr. þessarar gr., að því er snertir notkun innbundinna eða heftra talningarbóka.

15. gr.

Fylgiskjöl (færslugögn) með bókhaldinu skal tölusettja á reglubundinn hátt og til þeirra vísa við innfærslur þeirra í bókunum, og þau síðan geymd í rétttri töluröð.

Enn fremur er hverjum bókhaldsskyldum aðila skylt að geyma í skipulegri röð öll bréf og símskeyti, er honum berast viðkomandi atvinnu hans, og enn fremur að halda eftir samriti af öllum þeim bréfum og símskeytum, er hann ritar og sendir öðrum viðkomandi atvinnunni, og geyma eftir sömu reglum.

16. gr.

Allar þær bækur, sem fyrirskipaðar eru í lögum þessum, ásamt fylgiskjölum, svo og bréf þau og símskeyti, samrit bréfa og símskeyta, sem um ræðir í næstu grein hér á undan, séu geymd í 7 ár frá því síðast er ritað í bækurnar, og bréfin eða símskeytin móttekin eða send. Efnahagsbók skal þó varðveita í 25 ár.

17. gr.

Eigi má rita í bækur þær, sem fyrirskipaðar eru með lögum þessum, aðrar en frumbækur, með blýanti. Eigi má heldur skafa út eða gera á annan hátt ólæsilegt það, sem eitt sinn hefur verið í þær skráð, né rita ofan í skriftina, þótt fyrst hafi misritazt af vangá. Þurfi að gera breytingu á því, sem eitt sinn hefur verið ritað, skal það leiðrétt með annarri færslu, eða strikað yfir rangfærsluna án þess að ólæsilegt verði.

Eigi má rifa eða á annan hátt losa blöð úr þeim innbundnu bókum, sem fyrirskipaðar eru með lögum þessum.

III. KAFLI Ársreikningar.

18. gr.

Allir þeir, sem bókhaldsskyldir eru samkvæmt lögum þessum, skulu gera efnahags- og rekstrarreikning einu sinni á hverju reikningsári. Reikningsárið skal vera 12 mánuðir.

Reikningarnir séu fullgerðir og undirskrifaðir ekki síðar en 5 mánuðum eftir lok reikningsársins.

Reikningarnir skulu færðir inn í efnahagsbókina. Þeir séu undirritaðir af þeim, sem ábyrgð bera á bókhaldinu, sbr. 2. málsg. 4. gr. hér að framan.

Hafi einhver, sem skyldur er til að undirrita ársreikningana, mótbárur fram að færa gegn þeim, þá skal hann undirrita þá með árituðum fyrirvara. Koma skal fram, hvers eðlis fyrirvarinn er, og færa skal greinargerð um hann í efnahagsbókina.

19. gr.

Á efnahagsreikningi séu tilfærðar allar eignir og skuldir hlutaðeiganda, eins og þær eru í lok reikningsársins. Þannig skal reikningurinn t. d. sýna raunverulega stöðu sjóðs, banka, skuldunauta og lánardrottna í lok reikningsársins.

Krafizt er eftirfarandi lágmarkssundurliðunar á efnahagsreikningnum:

Sjóðseign.

Innstæður í bönkum og sparisjóðum.

Vixileignir.

Skuldir viðskiptamanna.

Birgðir fullunninna vara.

Birgðir hráefna og vara í vinnslu.

Aðrar vörubirgðir.

Fyrirframgreiddar vörur.

Fyrirframgreidd gjöld.

Skuldir hjá dótturfyrirtækjum.

Skuldabréfaeign.

Hlutabréfaeign.

Hlutabréf í dótturfyrirtækjum.

Eigin hlutabréf.

Fasteignir.

Fasteignir í smíðum.

Skip og flugvélar.

Vélar og áhöld.

Bifreiðar, flutninga- og farartæki.

Einkaleyfi o. þ. h. réttindi.

Skuldir á reikningum í bönkum og sparisjóðum.

Samþykktir víxlar.

Inneignir viðskiptamanna.

Inneignir dótturfyrirtækja.

Veðskuldir.

Önnur föst lán.

Hlutafé.

Óinnborguð hlutafjárloforð.

Varasjóðir.

Annað eigið fé.

20. gr.

Á rekstrarreikningi skal sýna heildartekjur og heildargjöld þannig sundurliðað, að reikningurinn gefi glögga mynd af rekstrarafkomunni á reikningsárinu.

Krafizt er eftirfarandi lágmarksundurliðunar á rekstrarreikningnum:

Sölutekjur af aðalstarfsemi, vöru og/eða efniseyðsla séu, eftir því sem hægt er, sundurliðaðar eftir atvinnugreinum, t. d. heildverzlun, smásöluverzlun, iðnaður, útgerð fiskiskipa, útgerð annarra skipa o. s. frv.

Tekjur af aukastarfsemi, svo sem arður af hlutabréfum, vaxtatekjur, leigutekjur o. þ. h.

Óvenjulegar tekjur, sem kunna að vera færðar í rekstrarreikninginn, svo sem hagnaður af sölu eigna o. þ. h.

Launagjöld.

Vaxtagjöld.

Afskriftir.

Skattar.

Óvenjuleg gjöld, sem kunna að vera færð í rekstrarreikninginn, svo sem halli af sölu eigna, eignatöp o. þ. h.

Önnur rekstrargjöld skal sundurliða í samræmi við góða reikningsskilavenju.

21. gr.

Í efnahagsreikningi ber að tilfæra eignir með þeirri fjárhæð, er raunverulega svarar til verðmætis þeirra. Þó ber að jafnaði að tilfæra fasteignir, skip, vélar, áhöld og aðrar eignir, sem ætlaðar eru til stöðugrar notkunar við reksturinn, með kostnaðarverði að frádregnum hæfilegum árlegum afskriftum fyrir fyrningu og sliti. Sé frá þessu vikið, skulu reikningarnir bera það greinilega með sér. Hafi verðryrnun átt sér stað á eignum umfram venjulega afskrift, ber að lækka þær í verði tilsvarendi.

Vörubirgðir má eigi telja á hærra verði en innkaupsverði eða framleiðsluverði. Þær má eigi heldur telja á hærra verði en söluverði vörunnar fullframleiddrar á reikningsskiladegi að frádregnum væntanlegum viðbótarframleiðslu- og sölu-kostnaði.

Séu gerðar meiri háttar breytingar á reglum um mat birgða og fyrningu fasta-fjármuna miðað við síðasta efnahagsreikning, skulu ársreikningarnir bera það greinilega með sér.

Verðbréf og útistandandi skuldir má aldrei telja á hærra verði en ætla má, að fyrir þær fáist.

22. gr.

Í ársreikningum skal koma fram aukning og lækkun, sem orðið hefur á fasteignum, skipum, vélum og áhöldum á reikningsárinu auk heildarafskrifta þeirra. Sé til opinbert mat (fasteignamat, brunabótamat) á eignunum, skal það upplýst í reikningnum.

Tilfæra skal nafnverð hlutabréfa.

Í ársreikningum skulu koma fram samandregnar hreyfingar á eiginjárreikningum.

Efnahagsreikningi fylgi greinargerð um allar veðsetningar á eignum hlutaðeiganda, að svo miklu leyti, sem greindur reikningur ber slíkt ekki með sér, enn fremur allar ábyrgðir, er hann hefur tekizt á hendur fyrir aðra.

Efnahagsreikningurinn skal bera það með sér, hvort viðkomandi eignir og skuldir eru háðar gengisáhættu eða verðtryggingu.

IV. KAFLI

Ýmis ákvæði.

23. gr.

Ráðherra mælir fyrir um nánari framkvæmd þessara laga með reglugerð, þar á meðal um staðlað bókhaldsskipulag fyrir ákveðnar atvinnugreinar að höfðu samráði við þær, löggildingu bóka, eftirlit og sektir fyrir brot á reglugerðinni.

24. gr.

Ákvæði þessara laga gilda, svo framarlega sem annað leiði ekki af sérstökum lögum eða reglum settum samkvæmt þeim.

25. gr.

Fyrir brot gegn lögum þessum skal refsað samkvæmt ákvæðum í almennum hegningarlögum.

26. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1969, og falla þá úr jafnframt úr gildi lög nr. 62 frá 1938.

Gjört í Reykjavík, 2. maí 1968.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Magnús Jónsson.

L Ö G

um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Inngangur og orðaskýringar.

1. gr.

Hverjum íslenskum ríkisborgara, sem fullnægir þeim skilyrðum, sem sett eru í lögum þessum, er heimilt að leita sér atvinnu við siglingar á íslenskum skipum.

2. gr.

- a. *Skip* merkir í lögum þessum hvert það far, sem er 6 rúmlestir eða stærra og skráð er á skipaskrár, án tillits til þess, hvort það gengur fyrir seglum eða vél eða hvoru tveggja.
- b. *Rúmlest* er brúttórúmlest = 100 teningsfet ensk = 2.83 teningsmetrar.
- c. *Mánuður* er 30 náttu mánuður, eins og ákveðið er með sjómanna-lögum, nr. 67 31. des. 1963, um kaupgreiðslur á sjó.

- d. *Fiskiskip* merkir hvert það skip, sem skrásett er sem fiskiskip, án tillits til stærðar, og notað er mestan hluta ársins til veiða, þótt það sé jafnframt notað til flutninga til útlanda á eigin afla eða keyptum afla.
- e. *Verzlunarskip* merkir hvert það skip, sem skrásett er sem verzlunarskip, án tillits til stærðar, og siglir með varning frá landinu og til þess og milli hafna innanlands eða flytur farþega eða hvort tveggja.
- f. *Innanlandssigling* er sigling og fiskveiðar við strendur Íslands og á hafinu kringum landið allt að 150 sjómíli frá sjálfu landinu.
- g. *Útanlandssigling* er hver sú ferð, sem farin er til annarra landa, eða til fiskimiða annarra landa, þótt hafna sé ekki leitað.
- h. *Siglingar innan fjarða eða flóa* ber að skilja sem siglingar með skipum, sem eru staðbundin við ákveðna firði eða flóa og eigi er ætlað að fara út fyrir þau takmörk.

3. gr.

- a. Próf þau og siglingatími, sem krafizt er í lögum þessum til þess að öðlast skirteini, eru hið lægsta, sem þarf í hverju einstöku tilfelli. Æðra próf í sömu greinum gildir einnig fyrir þau skirteini, sem lægra próf þarf til að öðlast. Ráðherra sá, sem fer með kennslumál, setur reglugerð um það, hvernig kennslu skipstjórnarmanna skuli hagað, svo og um inntökuskilyrði í skóla fyrir þá, próf og skilyrði þau, sem sett eru fyrir prófum.
- b. Siglingatími stýrimanna og háseta telst aðeins sá tími, sem þeir eru skráðir á skip, sem eru í förum. Sé skipi lagt upp, án þess að afskráning fari fram, skal geta þess í sjóferðabók, og má þá telja til siglingatíma stýrimanna og háseta allt að $\frac{1}{2}$ hluta þess tíma, sem skipið hefur legið um kyrrt. Siglingatíma skal sanna með sjóferðabók, innlendri eða útlendri, eða vottorði frá skráningarstjóra.

Til siglingatíma háseta getur aldrei talizt sá tími, sem hann er skráður á fiskiskip, en vinnur í landi að verkun afla eða við veiðarfæri.

II. KAFLI

Skipstjórnarmenn á fiskiskipum og verzlunarskipum allt að 400 rúmlestum.

4. gr.

Rétt til að vera skipstjóri eða stýrimaður í innanlandssiglingum á íslenzku skipi 6—30 rúmlestir að stærð hefur sá einn, er leggur fram vottorð frá siglingafróðum manni, tilnefndum af samgöngumálaráðuneytinu til 5 ára í senn eftir tillögum skólastjóra Stýrimannaskólans í Reykjavík, um, að hann:

- a. þekki á áttavita og kunni að leiðrétta stefnur og miðanir fyrir segulskekkju og misvísun;
- b. kunni alþjóðareglur til að forðast ásiglingu og þekki neyðarbendingar og kunni að nota þær;
- c. kunni að setja stefnur og miðanir á sjókort;
- d. kunni að nota vegmæli og djúpmæli í sambandi við sjókort;
- e. hafi þekkingu á vitakerfi landsins og björgunarstöðvum og kunni að nota al-gengustu björgunartæki;
- f. kunni að finna, hvenær flóð verður og fjara;
- g. þekki reglur um lífgun drukknaðra manna;
- h. sanni með læknisvottorði, að sjón hans og heyrn sé svo fullkomin sem nauðsynlegt er fyrir skipstjórnarmenn;
- i. sanni með sjóferðabók eða vottorðum frá skráningarstjóra, að hann hafi verið háseti eftir 15 ára aldur á skipi yfir 6 rúmlestir í 18 mánuði;

- j. sé 18 ára að aldri, en sé skipið stærra en 15 rúmlestir, skal aldurstakmarkið fyrir skipstjóra vera 21 ár, enda hafi hann þá verið stýrimaður á skipi yfir 15 rúmlestir í 6 mánuði eða formaður á skipi yfir 6 rúmlestir í 6 mánuði.

Varðandi siglingatíma þann, er um ræðir í i- og j-liðum á skipum 6—12 rúmlestir, nægir vottorð frá 2 trúverðum mönnum.

Hinir siglingafróðu menn, sem um getur í upphafi þessarar greinar, skulu skipaðir fyrir takmörkuð svæði, sem samgöngumálaráðuneytið tiltekur.

Gegn sliku vottorði og vottorði um sundkunnáttu gefur lögreglustjóri, í Reykjavík tollstjóri, út skirteini, sem veitir rétt til að vera skipstjóri á skipum allt að 15 rúmlestir og stýrimaður á skipum allt að 30 rúmlestir, eða skipstjóraskirteini á skipi allt að 30 rúmlestir samkvæmt þessari grein.

5. gr.

Rétt til að vera skipstjóri í innanlandssiglingum á íslenzku fiskiskipi allt að 120 rúmlestir hefur sá einn, sem fengið hefur hið minna skipstjóraskirteini á fiskiskipi.

6. gr.

Sá einn getur fengið hið minna skipstjóraskirteini á fiskiskipi, sem:

- staðizt hefur fiskimannapróf 1. stigs eða farmannapróf 1. stigs við stýrimannaskólana í Reykjavík eða í Vestmannaeyjum eða við námskeið Stýrimannaskólans í Reykjavík úti á landi;
- hefur verið í 12 mánuði stýrimaður á skipi yfir 30 rúmlestir; eða: hefur verið 6 mánuði stýrimaður á skipi yfir 30 rúmlestir og skipstjóri á skipi yfir 12—30 rúmlestir í 6 mánuði;
- er lögráða;
- sannar með læknisvottorði, að sjón hans og heyrn sé svo fullkomin sem nauðsynlegt er fyrir skipstjórarmenn.

7. gr.

Rétt til að vera stýrimaður í innanlandssiglingum á fiskiskipi allt að 120 rúmlestir hefur sá einn, sem fengið hefur hið minna stýrimannsskirteini á fiskiskipi.

8. gr.

Sá einn getur fengið hið minna stýrimannsskirteini á fiskiskipi, sem:

- staðizt hefur fiskimannapróf 1. stigs eða farmannapróf 1. stigs við stýrimannaskólana í Reykjavík eða í Vestmannaeyjum eða við námskeið Stýrimannaskólans í Reykjavík úti á landi;
- hefur eftir 15 ára aldur verið 24 mánuði háseti á skipi yfir 12 rúmlestir eða 6 mánuði stýrimaður eða skipstjóri á skipi yfir 12 rúmlestir;
- sé minnst 19 ára að aldri;
- sannar með læknisvottorði, að sjón hans og heyrn sé svo fullkomin sem nauðsynlegt er fyrir skipstjórarmenn.

9. gr.

Rétt til að vera skipstjóri í utan- og innanlandssiglingum á íslenzku fiskiskipi af hvaða stærð sem er og á íslenzku verzlunarskipi allt að 400 rúmlestir hefur sá einn, sem fengið hefur hið meira skipstjóraskirteini á fiskiskipi.

10. gr.

Sá einn getur fengið hið meira skipstjóraskirteini á fiskiskipi, sem:

- staðizt hefur fiskimannapróf 2. stigs við stýrimannaskólana í Reykjavík eða í Vestmannaeyjum;

- b. hefur verið í 18 mánuði einn stýrimaður eða yfirstýrimaður á skipi yfir 30 rúmlestir;
eða: hefur verið 6 mánuði einn stýrimaður eða yfirstýrimaður og 12 mánuði undirstýrimaður á skipi yfir 30 rúmlestir;
eða: hefur verið 12 mánuði einn stýrimaður eða yfirstýrimaður á skipi yfir 30 rúmlestir og skipstjóri á skipi yfir 15 rúmlestir í 6 mánuði;
eða: hefur verið einn stýrimaður eða yfirstýrimaður á skipi yfir 30 rúmlestir í 6 mánuði og skipstjóri á skipi yfir 15 rúmlestir í 12 mánuði;
- c. er lögráður;
- d. sannar með læknisvottorði, að sjón hans og heyrn sé svo fullkomin sem nauðsynlegt er fyrir skipstjórnarmenn.

11. gr.

Rétt til að vera stýrimaður í utan- og innanlandssiglingum á fiskiskipi af hvaða stærð sem er og á íslenzku verzlunarskipi eigi yfir 400 rúmlestir hefur sá einn, er fengið hefur hið meira stýrimannsskírteini á fiskiskipi.

12. gr.

Sá einn getur fengið hið meira stýrimannsskírteini á fiskiskipi, sem:

- a. staðizt hefur fiskimannapróf 2. stigs við stýrimannaskólana í Reykjavík eða í Vestmannaeyjum;
- b. hefur eftir 15 ára aldur verið háseti 30 mánuði á skipi stærra en 12 rúmlestir, þar af a. m. k. 12 mánuði á skipi stærra en 30 rúmlestir;
eða: hefur verið 6 mánuði skipstjóri eða 12 mánuði stýrimaður á skipi yfir 12 rúmlestir og 12 mánuði á skipi yfir 30 rúmlestir;
- c. er eigi yngri en 20 ára að aldri;
- d. sannar með læknisvottorði, að sjón hans og heyrn sé svo fullkomin sem nauðsynlegt er fyrir skipstjórnarmenn.

III. KAFLI

Skipstjórnarmenn á verzlunarskipum og varðskipum ríkisins.

13. gr.

Rétt til að vera skipstjóri í innan- og utanlandssiglingum á íslenzku verzlunarskipi af hvaða stærð sem er hefur sá einn, er fengið hefur skipstjóraskírteini á verzlunarskipi.

14. gr.

Sá einn getur fengið skipstjóraskírteini á verzlunarskipi, sem:

- a. hefur staðizt farmannapróf 3. stigs frá Stýrimannaskólanum í Reykjavík;
- b. hefur verið stýrimaður í 24 mánuði á verzlunarskipi eða varðskipi yfir 100 rúmlestir og auk þess yfirstýrimaður í 12 mánuði á verzlunarskipi eða varðskipi yfir 400 rúmlestir;
eða: hefur verið skipstjóri í 6 mánuði á verzlunarskipi yfir 100 rúmlestir og 12 mánuði yfirstýrimaður á verzlunarskipi eða varðskipi yfir 400 rúmlestir;
eða: hefur verið skipstjóri í 24 mánuði á fiskiskipi yfir 100 rúmlestir og auk þess stýrimaður á verzlunarskipi eða varðskipi yfir 400 rúmlestir í 12 mánuði, og af þeim tíma 6 mánuði yfirstýrimaður;
eða: hefur verið stýrimaður á fiskiskipi yfir 100 rúmlestir í 18 mánuði og auk þess stýrimaður á verzlunarskipi eða varðskipi yfir 400 rúmlestir í 18 mánuði, og af þeim tíma 12 mánuði yfirstýrimaður;
- c. hefur af siglingatíma þeim, sem um getur í b-lið, verið að minnsta kosti 6 mánuði stýrimaður á verzlunarskipi í utanlandssiglingum;

- d. er 25 ára að aldri;
- e. sannar með læknisvottorði, að sjón hans og heyrn sé svo fullkomin sem nauðsynlegt er fyrir skipstjórnarmenn.

15. gr.

Rétt til að vera stýrimaður í utan- og innanlandssiglingum á íslenzku verzlunarskipi eða varðskipi af hvaða stærð sem er hefur sá einn, er fengið hefur stýrimannsskírteini á verzlunarskipi.

16. gr.

- Sá einn getur fengið stýrimannsskírteini á verzlunarskipi, sem:
- a. hefur staðizt farmannapróf 3. stigs við Stýrimannaskólann í Reykjavík;
 - b. hefur verið háseti eftir 15 ára aldur á verzlunar- eða varðskipi yfir 100 rúmlestir í 36 mánuði; eða: hefur verið háseti eftir 15 ára aldur á verzlunar- eða varðskipi yfir 100 rúmlestir í 18 mánuði, og auk þess háseti á fiskiskipi yfir 30 rúmlestir í 18 mánuði;
 - c. er lögráður;
 - d. sannar með læknisvottorði, að sjón hans og heyrn sé svo fullkomin sem nauðsynlegt er fyrir stýrimenn.

17. gr.

Rétt til að vera undirstýrimaður í utan- og innanlandssiglingum á íslenzku verzlunar- og varðskipi af hvaða stærð sem er hefur sá einn, sem fengið hefur undirstýrimannsskírteini á verzlunarskipi.

18. gr.

Sá einn getur fengið undirstýrimannsskírteini á verzlunarskipi, sem staðizt hefur farmannapróf 2. stigs við Stýrimannaskólann í Reykjavík, enda fullnægi hann skilyrðum c- og d-liða 16. greinar.

Skírteini þetta gildir aðeins í 18 mánuði frá því umræddu prófi er lokið.

19. gr.

Rétt til að vera skipstjóri á varðskipum ríkisins hefur sá einn, sem fengið hefur skipstjóraskírteini á varðskipum ríkisins.

20. gr.

- Sá einn getur fengið skipstjóraskírteini á varðskipum ríkisins, sem:
- a. hefur staðizt skipstjórapróf á varðskipum ríkisins við Stýrimannaskólann í Reykjavík;
 - b. hefur siglt sem stýrimaður á verzlunarskipi yfir 400 rúmlestir eða á varðskipi í 24 mánuði og að auki á varðskipi í 12 mánuði og af samanlögðum þessum tíma eigi skemur en 12 mánuði sem yfirstýrimaður;
 - c. er 25 ára að aldri;
 - d. sannar með læknisvottorði, að sjón hans og heyrn sé svo fullkomin sem nauðsynlegt er fyrir skipstjórnarmenn.

IV. KAFLI

Almenn ákvæði.

21. gr.

Ekkert íslenzkt skip, sem stærra er en 20 rúmlestir, má afgreiða frá nokkurri höfn hér á landi til ferða á milli Íslands og annarra landa eða í innanlandssiglingum, nema á því sé til starfa, auk skipstjóra, einn eða fleiri stýrimenn, samkvæmt eftirfarandi ákvæðum:

- a. Á fiskiskipi allt að 300 rúmlestir og á verzlunarskipi allt að 200 rúmlestir í utan- og innanlandssiglingum sé einn stýrimaður að minnsta kosti;
- b. á fiskiskipi 300 rúmlestir og stærra í innan- og utanlandssiglingum og verzlunarskipi 200 rúmlestir og stærra í utanlandssiglingum séu að minnsta kosti tveir stýrimenn. Hið sama gildir um verzlunarskip í innanlandssiglingum, er flytur farþega og póst;
- c. á verzlunarskipi í innan- og utanlandssiglingum, er flytur farþega og póst og er 400 rúmlestir eða stærra, séu að minnsta kosti 3 stýrimenn. Sama gildir um skip, sem eru 1500 rúmlestir og stærri, þó að þau flytji ekki farþega. Skip, sem eru undir 1500 rúmlestum, þurfa þó eigi að hafa þriðja stýrimann, nema þau hafi rúm fyrir 12 farþega.

Undanþegin ákvæði 1. málsgreinar þessarar greinar um skyldu til að hafa stýrimann auk skipstjóra eru fiskiskip og bátar undir 30 rúmlestum, ef þeim er ætlað að leggja afla sinn á land daglega.

22. gr.

Á varðskipum ríkisins yfir 300 rúmlestir séu að minnsta kosti 3 stýrimenn, en á varðskipum undir 300 rúmlestum séu að minnsta kosti 2 stýrimenn.

23. gr.

Ráðherra er heimilt, í samráði við skipaskoðunarstjóra, að ákveða fjölda skipstjórnarmanna á skipum, sem notuð eru til styttri siglinga aðallega innan fjarða og flóa, svo og á dráttarbátum, grafvélum og öðrum fleytum, sem aðallega eru notuð á höfnum inni.

24. gr.

Hver sá, sem fullnægir skilyrðum þeim, sem sett eru í 4. gr., 6. gr., 8. gr., 10. gr., 12. gr., 14. gr., 16. gr., 18. gr. og 20. gr. þessara laga, á rétt á að fá þau skírteini, sem þar um getur. Skírteinin skulu gefin út af tollstjóranum í Reykjavík eða lögreglustjórum úti á landi og skulu þau rituð á þar til gerð eyðublöð, eftir fyrirmynd, sem samgöngumálaráðuneytið semur.

Að liðnum 10 árum frá dagsetningu skírteinis ber skírteinishafa að leggja fram endurnýjað læknisvottorð um sjón og heyrn, og skulu skírteinin árituð ókeypis af útgefendum þeirra. Að öðrum kosti fellur skírteini úr gildi. Sama er og ef skírteinishafi fyrirgerir því. Við útgáfu stýrimannsskírteinis skulu tekin gild læknisvottorð, sem framlögð voru við inntöku í stýrimannaskóla, enda sé skírteini innleyst á sama ári og prófi lauk og námi sé lokið með eðlilegum hraða. Önnur vottorð skulu ekki vera eldri en 2 mánaða.

25. gr.

Nú vill einhver ekki hlíta úrskurði tollstjórans í Reykjavík eða lögreglustjóra úti á landi um útgáfu skírteinis, og getur hann þá lagt málið undir úrskurð samgöngumálaráðuneytisins. Við það skerðist þó ekki réttur hans til þess að leita dómsúrskurðar um málið.

26. gr.

Heimilt er að synja manni um útgáfu atvinnuskírteinis samkvæmt lögum þessum, ef ákvæði 2. málsgreinar 68. greinar hegningarlaga eiga við um hagi hans.

Verði skírteinishafi með dómi fundinn sekur um vanrækslu eða kunnáttuleysi í starfi sínu, svo að tjón hlýzt af, má jafnframt dæma hann til að hafa fyrirgert skírteini sínu um stundarsakir, enda liggja ekki þyngri refsing við að lögum.

V. KAFLI

Ákvæði ýmislegs efnis.

27. gr.

Allir þeir, sem öðlazi hafa rétt til atvinnu við siglingar á íslenskum skipum áður en lög þessi öðlast gildi, halda réttindum sínum óskertum.

28. gr.

Samgöngumálaráðuneytið semur sjóferðabók þá, sem um getur í 3. gr. þessara laga, staflið b, og er lögskráningarstjóra skylt að afhenda slíka bók hverjum skipverja í fyrsta sinn, sem hann er lögskráður á íslenskt skip, eða síðar, ef sjóferðabók hefur glatazt eða er útnotuð. Skal sjóferðabókin ávallt sýnd við lögskráningu og þegar sanna á siglingatíma þann, sem ræðir um í 3. gr. staflið b.

Í sjóferðabókina skal rita fullt nafn skipverja, fæðingardag og fæðingarár, fæðingarstað (sýslu eða kaupstað). Svo skal og vera þar stutt lýsing á útliti hans, vexti og sérkennum, ef einhver eru.

Í bókinni skal enn fremur skýrt frá stöðu skipverjans á skipinu, nafni, tegund og stærð skipsins, í hvaða ferðum það er og hvenær skipverjinn er skráður í skiprúm og úr skiprúmi. Einnig skal sjóferðabókin bera með sér, hve mikinn hluta lögskráningartímans skipverjinn hefur verið í förum með skipinu.

Heimilt er að telja til hásetatíma tíma þann, sem skipverji hefur jafnframt vélstjórastörfum unnið á þilfari.

Skipstjóra ber að útfylla og undirrita sjóferðabækur skipverja. Skal sjóferðabók hvers skipverja við lögskráningu merkt með embættisstimpli lögskráningarstjóra. Skipstjóra er skylt að afhenda skipverja sjóferðabók hans undirritaða, um leið og hann fer úr skiprúmi, eða þegar skráning úr skiprúmi fer fram.

29. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum allt að kr. 20 000.00. Sektir renna í rikissjóð.

Með mál út af brotum á lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

30. gr.

Þeir menn, sem öðlazi hafa skipstjóraréttindi samkvæmt lögum nr. 104 frá 1936 á skipum allt að 75 rúmlestum, skulu öðlast rétt til að vera skipstjórar eða stýrimenn í innanlandssiglingum á skipum allt að 120 rúmlestum, sbr. ákvæði 5.—8. gr. laga þessara.

31. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi fallin lög nr. 66 17. júlí 1946, um atvinnu við siglingar á íslenskum skipum, að því er til skipstjórnarmanna tekur, lög nr. 42/1947, lög nr. 30/1957, lög nr. 47/1958, lög nr. 35/1961 og lög nr. 65/1965, um breytingar á fyrstnefndum lögum, svo og önnur lagaákvæði, sem brjóta kynnu í bága við lög þessi.

Gjört í Reykjavík, 2. maí 1968.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Eggert G. Dorsteinsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 4 28. febr. 1966, um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Útflutningsgjald af sjávarafurðum samkvæmt lögum þessum greiðist sem hér segir:

1. Kr. 530.00 á hvert útflutt tonn greiðist af freðfiskflökum, skreið, hertum þorskausum, verkuðum saltfiski, saltfiskflökum, saltbitum, frystum hrognum og frystum rækjum.

Nemi gjald samkvæmt þessum tölulíð meiru en svarar 3.5% af fob-verði útfluttrar sjávarvöru, er heimilt að fella niður þann hluta gjaldsins, sem er umfram þetta mark.

2. 3.5% gjald af fob-verði greiðist af frystum humar, óverkuðum saltfiski, loðnumjöli og loðnulýsi.
3. 4.2% gjald af fob-verði greiðist af heilfrystum fiski, frystum fiskúrgangi, söltuðum þunnildum og söltuðum hrognum.
4. 6% gjald af fob-verði greiðist af ísvörðum fiski, fiskmjöli, þorskalýsi, karfamjöli, karfalýsi, heilfrystri sild, frystum sildarflökum, hvallýsi, hvalmjöli, frystu hvalkjöti og öðrum þeim sjávarafurðum, sem ekki eru sérstaklega taldar í þessari grein.
5. 8.0% gjald af fob-verði greiðist af sildarlýsi, sildarmjöli og sildarsoðkjarna.
6. 10.0% gjald af fob-verði greiðist af saltsild.
7. Útflutningsgjald greiðist ekki af niðursoðnum eða niðurlögðum sjávarafurðum, hertum sjávardýraolíum né heldur vörum frá selveiðum. Niðurlagðar vörur skulu í þessu sambandi teljast vörur, sem lagðar eru niður tilbúnar til neyzlu og hafa innihald 10 kg nettó eða minna. Þó skulu vörur taldar niðurlagðar, sem lagðar eru fullverkaðar niður í stærri ílát, ef útflytjandi sannar, að hráfnisverð hinnar útfluttu vöru er minna en $\frac{1}{4}$ hluti útflutningsverðsins.

2. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Ríkissjóður annast innheimtu útflutningsgjalds skv. 2. gr., og skiptast tekjur af því sem hér segir frá og með 1. maí 1968:

1. Til greiðslu á váttryggingariðgjöldum fiskiskipa samkv. reglum, sem sjávarútvegsmálaráðherra setur	76.90%
2. Til Fiskveiðasjóðs Íslands	14.50%
3. Til Fiskimálasjóðs	4.98%
4. Til byggingar haf- og fiskirannsóknaskips	1.29%
5. Til rannsóknarstofnana sjávarútvegsins	0.99%
6. Til Landssambands ísl. útvegsmanna	0.67%
7. Til samtaka sjómanna skv. reglum, sem sjávarútvegsmálaráðherra setur	0.67%

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 38 29. apríl 1967, um breyting á lögum nr. 4 28. febrúar 1966, um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Útflutningsgjald af loðnumjöli og loðnulýsi skv. 2. grein laganna skal ekki greitt af framleiðslu ársins 1968.

Gjört í Reykjavík, 2. maí 1968.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Eggert G. Þorsteinsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 62 21. apríl 1962, um síldarútvegsnefnd og útflutning saltaðrar síldar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Síldarútvegsnefnd skipuleggur og hefur eftirlit með verkun saltaðrar síldar, svo og með útflutningi hennar, eins og nánar er kveðið á um í lögum þessum.

Nefndin skal skipuð átta mönnum til þriggja ára í senn, sem hér segir: Sameinað Alþingi kýs þrjú menn hlutfallskosningu, en ráðherra skipar fimm menn, eftir tilnefningu Alþýðusambands Íslands, Landssambands ísl. útvegsmanna, Félags síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi, Félags síldarsaltenda á Suðvesturlandi og einn eftir sameiginlegri tilnefningu tveggja síðast greindra félaga. Varamenn skulu kosnir og tilnefndir á sama hátt. Vanræki aðili tilnefningu aðalmanns eða varamanns í nefndina, skipar ráðherra þá án tilnefningar.

Ráðherra skipar formann og varaformann nefndarinnar úr hópi hinna þingkjörnu nefndarmanna, til eins árs í senn.

Séu atkvæði jöfn við atkvæðagreiðslu í nefndinni, ræður atkvæði formanns úrslitum.

Heimili síldarútvegsnefndar, varnarþing og aðalskrifstofa skal vera á Siglufirði, en nefndin skal einnig hafa skrifstofur í Reykjavík og á Austurlandi.

Nefndin ræður sér starfsfólk.

Ráðherra ákveður laun nefndarmanna, og greiðast þau af tekjum nefndarinnar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 2. maí 1968.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Eggert G. Þorsteinsson.

L Ö G

um eftirlit og mat á fiski og fiskafurðum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í lögum þessum merkja:

Fiskur: Fiskur, sem veiddur er í sjó, þar með talin síld, krabbadýr og skeldýr, og ætlaður er til manneldis.

Fiskafurðir: Afurðir, sem framleiddar eru úr fiski veiddum í sjó og ætlaðar eru til manneldis.

Eftirlit: Reglubundnar skoðanir og sýnishornataka, þegar hún á við, til að fylgjast með framleiðslukilyrðum og framleiðsluháttum fyrirtækis og meðferð, gæðum og flokkun vöru.

Mat: Skoðun og flokkun vörunnar allrar með tilliti til ákveðinna gæðaflokka eða staðla.

Lög þessi taka ekki til saltsíldar.

2. gr.

Allur fiskur, sem landað er, skal háður eftirliti, þar til hann hefur verið unninn eða honum ráðstafað á annan hátt.

Allur fiskur eða fiskafurðir, sem fluttar eru út, skulu háðar eftirliti eða vera metnar, nema hvort tveggja sé. Undanþegar eru þó sýnishornasendingar, svo og eigin afli, er fiskiskip flytja á erlendan markað, enda hafi hann ekki verið lagður hér á land. Setja má reglur um þennan útflutning.

3. gr.

Sjávarútvegsmálaráðherra skal, að fengnu áleti Fiskmats ríkisins, Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins og helztu samtaka útvegsmanna, sjómanna og eigenda fiskvinnslustöðva, setja reglugerðir og erindisbréf um framkvæmd laga þessara, og sé þar meðal annars kveðið á um eftirtalin atriði til tryggingar því, að fiskur og fiskafurðir, sem fluttar eru út frá Íslandi, séu góð og heilnæm vara:

1. Búnað og þrif fiskiskipa, fiskvinnslustöðva og fiskflutningatækja.
2. Meðferð, geymslu og flutning á fiski og fiskafurðum.
3. Framleiðsluhætti, umbúðir og merkingu, svo og vörustaðla fyrir fisk og fiskafurðir.
4. Eftirlit og mat á fiski og fiskafurðum.
5. Eftirlit með útskipun, hleðslu og meðferð fisks og fiskafurða við útflutning.
6. Útgáfu vottorða um eftirlit og mat fiskmatsins.
7. Bann við því, að verkaður sé fiskur undir tiltekinni lágmarksstærð eða fiskur, sem veiddur hefur verið á þeim svæðum eða árstíma, að ástæða sé til að ætla hann gallaðan.
8. Bann við því, að einstakar fiskvinnslustöðvar taki við meiri fiski en svo, að þær geti verkað hann, áður en hann skemmist.
9. Kröfur um menntun og reynslu forstöðumanna Fiskmats ríkisins og einstakra deilda þess, yfirfiskmatsmanna, fiskmatsmanna og verkstjóra við fiskverkun.
10. Starfssvið starfsmanna Fiskmats ríkisins.

Með samþykki ráðherra er fiskmatsstjóra heimilt að gefa út fyrirmæli um framkvæmdaatriði samkvæmt lögum þessum.

Reglugerðir og önnur fyrirmæli, sem settar hafa verið samkvæmt lögum nr. 46/1948 og nr. 42/1960, halda gildi sínu, eftir því sem við á.

4. gr.

Fiskmat ríkisins annast eftirlit og mat á fiski og fiskafurðum samkvæmt lögum þessum. Sjávarútvegsmálaráðherra hefur yfirumsjón þeirra mála.

Fiskmat ríkisins skiptist í ferskfisk- og freðfiskdeild annars vegar og saltfisk- og skreiðardeild hins vegar.

Ráðherra getur fjölgað deildunum, þegar þörf krefur. Eftirlit með niðursuðuvörum og mat á meðalalýsi skal falið Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins.

5. gr.

Verkefni ferskfisk- og freðfiskdeildar eru eftirfarandi:

1. Eftirlit með búnaði og þrifum fiskiskipa, fiskvinnslustöðva og fiskflutningatækja.
2. Eftirlit með gæðum og meðferð nýs og ísaðs fisks, sem ætlaður er til vinnslu eða útflutnings.
3. Eftirlit með framleiðslu, meðferð, geymslu og útflutningi frysts fisks og fiskafurða.
4. Gæða- og stærðarflokkun á ferskum og frystum fiski, samkvæmt ákvörðun ráðherra.
5. Veiting leiðbeininga um vinnslu á fiski, sem er í verkahring hennar, þegar þörf gerist eða þess er óskað.

6. gr.

Verkefni saltfisk- og skreiðardeildar eru eftirfarandi:

1. Eftirlit með þrifum saltfisk- og skreiðarhúsa.
2. Eftirlit með framleiðslu, meðferð, geymslu og útflutningi saltfisks, saltaðra fiskafurða og skreiðar.
3. Gæðamat og stærðarflokkun á saltfiski og skreið til útflutnings.
4. Veiting leiðbeininga um verkun á saltfiski og skreið, þegar þörf gerist eða þess er óskað.

7. gr.

Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins framkvæmir, í samráði við Fiskmat ríkisins og helztu samtök framleiðenda í hinum ýmsu framleiðslugreinum, þær rannsóknir og tilraunir, sem gera þarf vegna eftirlits og mats á fiski og fiskafurðum.

8. gr.

Sjávarútvegsmálaráðherra skipar fiskmatsstjóra, deildarstjóra og yfirfiskmatsmenn að fengnum umsóknum og meðmælum.

Við skipun deildarstjóra, yfirfiskmatsmanna og ráðningu annarra starfsmanna við Fiskmat ríkisins skal leitað álits væntanlegs yfirmanns starfsmanns þess, sem hlut á að máli.

9. gr.

Fiskmatsstjóri hefur á hendi stjórn Fiskmats ríkisins og yfirumsjón með öllu eftirliti og mati á fiski og fiskafurðum í landinu.

Deildarstjórar skulu vera tveir. Þeir veita forstöðu hvor sinni deild í Fiskmati ríkisins, sbr. 4. grein, og stjórna eftirliti og fiskmati, sem undir deildina fellur. Þeir hafa eftirlit með störfum yfirfiskmatsmanna.

Yfirfiskmatsmenn eru fulltrúar fiskmatsstjóra og deildarstjóra í einstökum landshlutum og hafa umsjón með öllu eftirliti og mati í umdæmi sínu. Þeir skulu vera svo margir sem þörf krefur og heimilað er í fjárlögum. Heimilt er, að yfirfiskmatsmaður annist fiskmat og eftirlit fyrir tvær deildir eða fleiri.

10. gr.

Fiskmatsmenn, er starfa á vegum Fiskmats ríkisins, skulu framkvæma, undir umsjón yfirfiskmatsmanna, eftirlit það og mat, sem lög þessi gera ráð fyrir.

Lögreglustjóri löggildir fiskmatsmenn, samkvæmt tilnefningu fiskmatsstjóra, og sér um, að þeir riti undir eiðstaf um, að þeir vilji rækja með alúð og kostgæfni skyldur þær, sem á þeim hvíla í starfi þeirra.

Nánar skal kveðið á um ráðningu fiskmatsmanna, starfssvið þeirra og annað í reglugerð, sem sjávarútvegsmálaráðherra setur.

Kaup fiskmatsmanna fyrir störf þeirra og annan kostnað af störfum þeirra við fiskmatið greiði eigendur fiskisins þeim, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð um störf fiskmatsmanna.

11. gr.

Fiskmatsstjóri, deildarstjórar og yfirfiskmatsmenn hafa skyldur og njóta réttinda sem opinberir starfsmenn. Um laun þeirra fer eftir ákvæðum kjarasamninga ríkisstarfsmanna. Þeim er óheimilt að stunda nokkurn atvinnurekstur, sem lýtur að fiskverkun eða fiskverzlun, og taka við nokkurri þóknun frá eigendum fiskis, fiskafurða og fiskvinnslustöðva, annarri en borgun þeirri, sem ákveðin er í lögum eða erindisbréfi þeirra.

12. gr.

Starfsmönnum Fiskmats ríkisins er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um brot í opinberu starfi, að skýra óviðkomandi mönnum frá nokkru því, sem leynt á að fara og þeir hafa fengið vitneskju um í starfi sínu.

13. gr.

Hver sá, sem ætlar að flytja úr landi fisk eða fiskafurðir, sem lög þessi taka til, skal tilkynna það hlutaðeigandi deildarstjóra eða yfirfiskmatsmanni með hæfilegum fyrirvara, enda fari hleðsla vörunnar í skip eða annað flutningatæki fram undir umsjón starfsmanna Fiskmats ríkisins.

Þeir, sem flytja út farma af fiski, skulu skyldir til að hafa hleðslustjóra með skipunum, ef þau taka farm í fleiri höfnum en einni.

Hleðslustjórar skulu hlíta fyrir mælum yfirfiskmatsmanna um hleðslu skipa, að því er varðar mat, gæði, útlit og merkingu vörunnar.

Lögreglustjóri löggildir hleðslustjóra samkvæmt tilnefningu fiskmatsstjóra og sér um, að þeir riti undir eiðstaf um, að þeir vilji rækja með alúð og kostgæfni skyldur þær, sem á þeim hvíla í starfi þeirra.

14. gr.

Hverjum þeim, sem veiðir, verkar eða verzlur með fisk eða fiskafurðir, sem lög þessi ná til, er skylt að gefa starfsmönnum Fiskmats ríkisins allar þær upplýsingar og veita þeim þá aðstoð, sem þeim er nauðsynleg við framkvæmd eftirlits og mats. Gildir þetta jafnt um upplýsingar um verkun, geymslu og flutning fiskis og fiskafurða sem um upplýsingar um greiðslu skaðabóta eða um kvartanir vegna þess, að vara var gölluð eða umbúnaði hennar áfátt.

Starfsmönnum Fiskmats ríkisins er heimill aðgangur að hverjum þeim stað, þar sem fiskur eða fiskafurðir, sem lög þessi taka til, eru unnar eða geymdar. Þeim er einnig heimilt að taka án endurgjalds hæfilegt magn sýnishorna af fiski

og fiskafurðum til rannsókna, enda verði eigendum fisksins eða fiskafurðanna skilað skriflegri skýrslu um niðurstöður rannsóknarinnar.

15. gr.

Fiskmatsstjóri, deildarstjórar, yfirfiskmatsmenn og matsmenn hafa vald til að stöðva móttöku fisks, svo og vinnslu, þökkun og útflutning fisks og fiskafurða, ef þrif og búnaður fiskiskips, fiskvinnslustöðvar eða fiskflutningataekis eða meðferð afla, gæði hráefnis eða fiskafurða, merking þeirra, umbúðir eða annar frágangur er ekki í samræmi við reglur, sem settar eru samkvæmt 3. grein laga þessara. Starfsmönnum Fiskmatsins ber þegar í stað að tilkynna yfirmanni sínum um stöðvun samkvæmt þessari málsgrein.

Nú hefur móttaka, vinnsla, þökkun eða útflutningur fisks eða fiskafurða verið stöðvaður samkvæmt heimild í 1. málsgrein, og ber þá Fiskmati ríkisins að leyfa, að sá fiskur eða fiskafurðir, sem um er að ræða, verði hagnýttur til hverra þeirra nota, sem að þess dómi eru hæfileg. Því er einnig skylt að leyfa, að ráðin sé bót á vörugöllum, ef unnt er, og skal banni aflétt, er lagfæring hefur farið fram.

Fiskmatsstjóri úrskurðar, ef ágreiningur ris vegna fiskmats eða eftirlits, en skjóta má úrskurði hans um skilning á lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim til sjávarútvegsráðuneytisins.

16. gr.

Nú er fersksild, saltsild, lýsi, niðursuðuvörur, fiskmjöl eða aðrar sjávarafurðir, sem eigi eru beinlínis háðar eftirliti eða mati Fiskmats ríkisins, seldar samkvæmt sýnishornum, eða afla þarf um afurðir þessar opinbers gæðavottorðs, er byggt sé á rannsókn sýnishorna, og skal þá fiskmatsstjóri fela fiskmatsmanni að framkvæma sýnishornatöku samkvæmt fyrirmælum rannsóknaraðila.

17. gr.

Hver sá, er sekur gerist um brot á lögum þessum eða á reglum settum samkvæmt þeim, skal sæta sektum, og renna sektir í ríkissjóð.

Um mál út af brotum á lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim skal fara að hætti opinberra mála.

18. gr.

Kostnaður af framkvæmd laga þessara greiðist úr ríkissjóði.

Til að standa straum af kostnaði af framkvæmd ferskfiskeftirlits skal greiða útflutningsgjald af íslenskum sjávarafurðum (öðrum en þeim, er koma frá hvalveiðum og selveiðum), er nemi $1\frac{1}{2}\%$ af fob-andvirði þeirra. Skal gjald þetta reiknað á sama hátt og annað útflutningsgjald af sömu vöru og renna í ríkissjóð.

19. gr.

Frá gildistöku laga þessara falla eftirtalin lög úr gildi:

Lög nr. 46 5. apríl 1948, um fiskmat og meðferð, verkun og útflutning á fiski.

Lög nr. 42 9. júní 1960, um ferskfiskeftirlit.

Lög nr. 42 19. júní 1933, um vinnslu, verkun og mat meðalalýsis.

20. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1968.

Gjört í Reykjavík, 2. maí 1968.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Eggert G. Þorsteinsson.

L Ö G

um breytingu á mörkum Eskifjarðarhrepps og Reyðarfjarðarhrepps
í Suður-Múlasýslu og um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja
ríkisjörðina Hólma.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Mörk Eskifjarðarhrepps í Suður-Múlasýslu skulu vera sem hér segir: Frá Hólmanestá eftir línu dreginni í beina stefnu á stað 3 metra í hánorður frá svonefndu Völvuleiði á Hólmahálsi og þaðan beina stefnu á austurkamb Hólmatinds. Síðan inn eggjar á vatnaskilum um Miðaftanstind og Kambafell í hæsta leiti Eskihnjúks. Eftir það gildir eldri hreppamarkalína um Tungufell og Fönn, út eggjar í Svartafell og þaðan til sjávar.

2. gr.

Nú verður eigi innan 3 mánaða frá gildistöku laga þessara samkomulag milli hreppsnefnda Eskifjarðarhrepps og Reyðarfjarðarhrepps um bætur vegna tjóns, sem Reyðarfjarðarhreppur kann að verða fyrir vegna ákvæðis 1. gr., og skal þá gerðardómur fjalla um það mál og skera úr um bótakröfur. Skal gerðardómurinn skipaður þremur mönnum. Skipa aðilar sinn manninn hvor í dóminn, en hæstiréttur tilnefnir oddamann. Vanræki aðilar að skipa mann í dóminn, tilnefnir hæstiréttur, þannig að dómur verði fullskipaður. Kostnað við dóminn greiðir Eskifjarðarhreppur.

3. gr.

Nú gefur Reyðarfjarðarhreppur Eskifjarðarhreppi kost á að kaupa eignarjörð sína, Borgir, sem yrði í Eskifjarðarhreppi eftir breytingu hreppamarka samkvæmt 1. gr., og fer þá um verð og greiðsluskilmála eftir því, sem um semst milli hreppanna, en náist ekki samkomulag milli þeirra innan 3 mánaða frá gildistöku laga þessara, skal Eskifjarðarhreppi skylt að kaupa jörðina eftir mati dómkvaddra manna. Um framkvæmd þess mats fer eftir lögum nr. 61/1917, um framkvæmd eignarnáms.

4. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja ríkisjörðina Hólma Reyðarfjarðarhreppi og Eskifjarðarhreppi, þannig að hvor þessara hreppa um sig eigi þess kost að fá keyptan þann hluta jarðarinnar, sem er innan marka hvors sveitarfélags.

Verð jarðarinnar fer eftir því, sem um semst. Náist ekki samkomulag um kaupverðið, skal það ákveðið með mati dómkvaddra manna.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1969.

Gjört í Reykjavík, 25. apríl 1968.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Eggert G. Þorsteinsson.

L Ö G**um breyting á lögum nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar.****FORSETI ÍSLANDS**

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Orðin „allt að þrem“ í 3. málsg. 35. gr. laganna falli burt.

2. gr.

Orðin „allt að þrem“ í 4. málsg. 50. gr. laganna falli burt.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 25. apríl 1968.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Eggert G. Þorsteinsson.

L Ö G**um Stofnfjár sjóð fiskiskipa.****FORSETI ÍSLANDS**

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Stofna skal deild við Fiskveiðasjóð Íslands, er nefnist Stofnfjár sjóður fiskiskipa.

2. gr.

Meginhlutverk Stofnfjár sjóðs er að veita eigendum fiskiskipa aðstoð við að standa straum af stofnfjáarkostnaði fiskiskipa sinna, og þá fyrst og fremst með því að greiða afborganir og vexti af lánunum þeim, sem veitt hafa verið af Fiskveiðasjóði og tryggð með veði í skipum.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er framlag úr ríkissjóði á árinu 1968, kr. 124 000 000.00. Um tekjur sjóðsins í framtíðinni verður ákveðið með lögum hverju sinni.

4. gr.

Fiskifélag Íslands skal senda Fiskveiðasjóði ársfjórðungslega skýrslu um afla og aflaverðmæti allra fiskiskipa, að undanskildum togurum. Í skýrslunni skal greina heildarverðmæti afla hvers skips, að frádregnu verðmæti sildar- og rækjuafla, svo og þess afla, sem landað er erlendis úr veiðiskipi. Þá skal í skýrslunni greina, hve mikill hundraðshluti aflaverðmætis hvers skips, þannig reiknaður, er af heildarverðmæti afla allra skipanna, reiknað á sama hátt.

5. gr.

Þegar stjórn Fiskveiðasjóðs hafa borizt skýrslur þær, sem um ræðir í 4. gr., skal hún skipta því fé, sem þá er í Stofnfjár sjóði, milli skipa þeirra, sem í skýrslunni greinir, eftir verðmætishlutfalli því, sem um getur í 4. gr.

6. gr.

Sérhvert skip, sem rétt á til fjár samkvæmt 5. gr., skal hafa reikning hjá Stofnfjár sjóði, og skal færa til tekna á reikning þessum fé það, er skipinu ber, samkvæmt 5. gr.

Sé innstæða á sliikum reikningi lengur en einn mánuð, skal Fiskveiðasjóður færa á reikninginn til tekna vexti, er séu $\frac{1}{2}\%$ lægri á ári en innlánsvextir eru á almennum sparisjóðsbókum á hverjum tíma.

7. gr.

Skuldi eigandi skips Fiskveiðasjóði gjaldfallnar afborganir, vexti, dráttarvexti og kostnað af lánnum, sem tryggð eru með veði í skipi, en skipið á innstæðu á reikningi sínum hjá Stofnfjár sjóði, og skal þá stjórn Fiskveiðasjóðs taka fé af reikningi þessum til greiðslu hinna gjaldföllnu greiðslna, að svo miklu leyti, sem það hrekkur til þess.

8. gr.

Skuldi skipseigandi eigi gjaldfallnar greiðslur til Fiskveiðasjóðs, sbr. 7. gr., né telji stjórn hans ástæðu til að ætla, að til vanskila sömu lána komi við sjóðinn á næsta gjalddaga þeirra, er stjórninni heimilt að nota innstæðu skips á reikningi hjá Stofnfjár sjóði til greiðslu gjaldfallinna afborgana og vaxta af stofnlánnum vegna skipsins eða til greiðslu annarra skulda vegna þess hjá öðrum opinberum sjóðum.

9. gr.

Skuldi skipseigandi eigi gjaldfallnar greiðslur til Fiskveiðasjóðs, sbr. 7. og 8. gr., er stjórn Fiskveiðasjóðs heimilt að leyfa skipseiganda að nota innstæðu skips hjá Stofnfjár sjóði til greiðslu kostnaðar við skipti á vél skipsins eða við verulegar endurbætur á því, til greiðslu á eftirstöðvum af kaupverði skipsins, til greiðslu kostnaðar skipseiganda við smíði nýs skips, til greiðslu kaupverðs skips eða til greiðslu kostnaðar hans við meiri háttar framkvæmdir í sjávarútvegi.

Áður en ákvarðanir eru teknar um ráðstöfun innstæðna í Stofnfjár sjóði, sbr. 8. gr. og 1. mgr. 9. gr., skal leitað umsagnar tveggja fulltrúa, er Landssamband íslenzkra útvegsmanna tilnefnir af sinni hálfu í því skyni.

10. gr.

Heimilt er stjórn Fiskveiðasjóðs að greiða skipseiganda innstæðu skips hjá Stofnfjár sjóði, enda skuldi skipseigandi engar gjaldfallnar greiðslur, sbr. 7.—8. gr., og eigi er fyrirsjáanlegt, að hann hefji framkvæmdir þær, er um ræðir í 9. gr.

11. gr.

Innstæða hjá Stofnfjár sjóði er undanþegin löghaldi, fjárnámi og lögtaki, enda þótt færð hafi verið til tekna á reikning skips.

Skipseiganda er óheimilt að veðsetja slíka innstæðu eða vísa á hana til greiðslu. Framsal innstæðu er aðeins heimil sem þáttur í sölu skips, sbr. 12. gr.

12. gr.

Innstæða hjá Stofnfjár sjóði og réttur til fjár úr honum fylgir skipi við frjálsa sölu og sölu á nauðungarupphöð.

Ef skip ferst eða verður dæmt ónýtt, skal innstæða hjá Stofnfjár sjóði falla til skipseiganda.

13. gr.

Óheimilt er að breyta nafni skips, sem aðild á að Stofnfjár sjóði, umdæmisbókstöfum eða umdæmisnúmeri, nema að fengnu skriflegu leyfi stjórnar Fiskveiðasjóðs.

14. gr.

Ráðherra sá, sem fer með sjávarútvegsmál, skal að fenginni umsögn stjórnar Landssambands íslenzkra útvegsmanna setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skal ákvæðum þeirra um aflaverðmæti beitt frá 1. janúar 1968.

Ákvæði til bráðabirgða.

Hafi fiskiskip verið í leigu hinn 15. janúar 1968, skal heimilt að draga frá leigufjárhæð það fé, sem aflaverðmæti á leigutímanum veitir rétt til úr Stofnfjár sjóði fiskiskipa, sbr. 4. og 5. gr.

Eigendur fiskiskipa, er stunduðu síldveiðar á tímabilinu 1. janúar til 29. febrúar 1968, skulu eiga rétt til þátttöku í Stofnfjár sjóði í hlutfalli við aflaverðmæti skipsins á þessu tímabili í samræmi við ákvæði 5. gr. þessara laga. Til þess að standa undir kostnaði af þessari þátttöku greiðist Stofnfjár sjóði ein millj. kr. af stofnframlagi til Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, samkvæmt d-lið 2. gr. laga um ráðstöfun á gengishagnaði á útfluttum sjávarafurðum o. fl., nr. 79 29. desember 1967. Um skiptingu þessarar fjárhæðar á milli fiskiskipa, er þátt tóku í síldveiðum á nefndu tímabili, og um ráðstöfun innstæðna, skulu gilda sömu reglur og ákveðnar eru í þessum lögum um Stofnfjár sjóð almennt, eftir því sem við á.

Gjört að Bessastöðum, 1. maí 1968.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Egbert G. Þorsteinsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 51 10. júní 1964, um tekjustofna sveitarfélaga.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

9. gr. laganna orðist svo:

Aðstöðugjald skal miða við rekstrarútgjöld næstliðið almanaksár samkvæmt ákvæðum skattalaga, þar með taldar fyrningar, vöru- og efnisnotkun.

Aldrei skal reikna aðstöðugjald af hærri upphæð en sem nemi brúttótekjum.

Hafi gjaldandi með höndum fjölpættan atvinnurekstur, sem tekur til fleiri en einnar atvinnugreinar, og verðmæti á tilgreindu verði eru flutt milli atvinnu-

greina, þá skal telja verðmæti, sem þannig er flutt, til brúttótekna hjá þeim þætti atvinnurekstrarins, er af hendi lætur, en til aðstöðugjaldskyldra rekstrarútgjalda hjá þeim þætti, sem á móti tekur.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um álagningu gjaldsins.

2. gr.

15. gr. d. orðist svo:

Að greiða aukaframlag til þeirra sveitarfélaga, sem fá ekki nægileg útsvör á lögð samkvæmt 34. gr. Þó er heimilt að greiða aukaframlag til sveitarfélags, þar sem fólksfækkun hefur átt sér stað eða tekjur gjaldenda rýrnað, ef útsvör í sveitarfélaginu eru a. m. k. 15% yfir meðalútsvarsstiga á öllu landinu árið á undan. Meðalútsvarsstigi hvers árs er summan af margfeldi hundraðstölu útsvarsstigans og íbúafjöldans í hverju sveitarfélagi deild með íbúatölu landsmanna 1. desember næsta ár á undan.

3. gr.

Síðasta málsgrein 31. gr. orðist svo:

Útsvör s. l. árs skulu einnig dregin frá hreinum tekjum, ef þau hafa verið greidd að fullu fyrir áramót næst á undan niðurjöfnun. Hafi gjalddagar samkvæmt a-lið 47. gr. verið ákveðnir, er sveitarstjórn heimilt að láta reglu þessa gilda því aðeins, að jafnframt hafi verið gerð full skil á fyrirframgreiðslu eigi síðar en 31. júlí álagningarárið. Hafi gjaldandi eigi greitt þá upphæð hinn 31. júlí, en gerir síðan full skil á öllu útsvarinu fyrir áramót, skal helmingur útsvarsins dreginn frá hreinum tekjum. Sé innheimta gjalda til ríkis og sveitarfélaga sameiginleg samkvæmt ákvæðum laga nr. 68 27. apríl 1962, um heimild til sameiginlegrar innheimtu opinberra gjalda, er það enn fremur skilyrði, að öll gjaldfallin opinber gjöld, sem hin sameiginlega innheimta tekur til, séu að fullu greidd fyrir ofangreind tímamörk. Neyti sveitarstjórn heimildar samkvæmt 2. málslíð þessarar málsgr., skal hún gera um það sérstaka samþykkt fyrir 15. jan. ár hvert og auglýsa hana á þann hátt, sem venjulegt er um almennar auglýsingar á hverjum stað.

4. gr.

B-liður 32. gr. orðist svo:

Af hreinum eignum skal greiða eignautsvar, lagt á eftir sömu reglum og gilda um álagningu eignarskatts, samkvæmt 26. gr. laga nr. 90 7. okt. 1965.

5. gr.

e-liður ákvæða til bráðabirgða orðist svo:

Á árunum 1968 og 1969 er heimilt að víkja frá ákvæðum skattalaga um frádrátt, samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt 11. gr. B, 2. mgr., 12. gr. D og 17. gr. 2. mgr.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu útsvara og aðstöðugjalda og greiðslu aukaframlaga á árinu 1968. Þó skulu ákvæði 3. gr. um frádrátt á greiddu útsvari, að því er tekur til fyrirframgreiðslu, eigi koma til framkvæmda fyrr en á árinu 1969. Jafnframt fellur úr gildi 2. málslíður 1. mgr. 31. gr. laga nr. 51 10. júní 1964, um tekjustofna sveitarfélaga, sbr. lög nr. 67 21. maí 1965, um breyting á þeim lögum, sjá 2. málslíð 2. gr. þeirra laga.

Ákvæði til bráðabirgða.

Að því er varðar álagningu útsvara árið 1969 er nægilegt, að sveitarstjórnir hafi tekið um það ákvörðun fyrir 15. maí 1968, hvort þær muni neyta heimildar skv. 2. ml. 3. gr. laga þessara.

Gjört í Reykjavík, 16. apríl 1968.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Magnús Jónsson.

10. maí 1968.

139

Nr. 60.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um ráðstafanir vegna flutninga sjósaltaðrar síldar
af fjarlægum miðum sumarið 1968.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Sjávarútvegsmálaráðherra hefur tjáð mér, að brýna nauðsyn beri til að gera ráðstafanir til framleiðslu sjósaltaðrar sumarsíldar á miðunum norðaustur og austur af Íslandi, til að koma í veg fyrir yfirvofandi rýrnun markaða fyrir saltsíldarframleiðslu landsmanna svo og til að bæta hag þeirra, sem eiga hlut að saltsíldarframleiðslunni á sjó og í landi.

Nefnd, sem skipuð var á s. l. vetri til að gera tillögur um hagnýtingu síldar á fjarlægum miðum sumarið 1968, hefur gert tillögur um flutninga á síld, sem söltuð yrði um borð í skipum á sumri komanda og um greiðslu kostnaðar við þá flutninga. Samtök sjómanna, útvegsmanna og síldarsaltenda hafa lýst sig samþykka þessum tillögum.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán eða takast á hendur sjálfsskuldarábyrgð á láni sem Síldarútvegsnefnd tæki, að fjárhæð allt að 15 milljónir króna, eða jafnvirði þess í erlendri mynt, til greiðslu kostnaðar við flutninga sjósaltaðrar síldar til islenzkra hafna af miðunum norðaustur og austur af Íslandi á árinu 1968.

2. gr.

Síldarútvegsnefnd skal hafa forgöngu um og hafa á hendi framkvæmd flutninga samkvæmt 1. gr. og er henni heimilt að taka á leigu allt að fimm flutningaskip í því skyni og gera aðrar ráðstafanir, er nauðsynlegar reynast til tryggingar framgangs flutninganna. Enn fremur er henni heimilt að veita öðrum aðilum fjárhagslegan stuðning eða aðra fyrirgreiðslu í þessu skyni, samkvæmt reglum, sem sjávarútvegsmálaráðherra setur.

3. gr.

Síldarútvegsnefnd skal fyrir 10. júní 1968 gera áætlun um heildarkostnaðinn við flutninga samkvæmt lögum þessum. Skal sú áætlunarfjárhæð dregin frá útflutningsandvirði saltsíldarframleiðslunnar á Norður- og Austurlandi á árinu 1968 hjá Síldarútvegsnefnd áður en kemur til greiðslu andvirðisins til síldarsaltenda. Áætlunarfjárhæð þessi skal ganga til greiðslu kostnaðar við flutningana og endurgreiðslu lána ásamt vöxtum samkvæmt 1. gr.

Verðlagsráð sjávarútvegsins skal leggja áætlun Síldarútvegsnefndar samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar til grundvallar verðlagningu sumarsíldar til söltunar á árinu 1968. Hinn áætlaði heildarkostnaður við flutningana skal við verðákvörðun skiptast til helminga milli útgerðarmanna og sjómanna annars vegar og síldarsaltenda hins vegar.

4. gr.

Reynist kostnaður við flutninga samkvæmt lögum þessum minni en áætlun Síldarútvegsnefndar samkvæmt 3. gr. gerir ráð fyrir, skal sú inneign geymd á sérstökum reikningi til næsta árs til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun Verðlagsráðs sjávarútvegsins.

Reynist kostnaður við flutninga samkvæmt lögum þessum meiri en áætlun Síldarútvegsnefndar samkvæmt 3. gr. gerir ráð fyrir, skal sá viðbótarkostnaður greiddur af útflutningsandvirði saltsíldarframleiðslunnar á Norður- og Austurlandi á árinu 1969 og skal Verðlagsráð sjávarútvegsins leggja þann viðbótarkostnað til grundvallar við verðákvörðun sumarsíldar til söltunar vorið 1969 og skiptast til helminga milli útgerðarmanna og sjómanna annars vegar og síldarsaltenda hins vegar.

5. gr.

Sjávarútvegsmálaráðherra getur sett reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara, þar á meðal um löndunarstaði, kaup, yfirtöku og skoðun saltsíldar, sem flutt er samkvæmt ákvæðum laganna.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 10. maí 1968.

Ásgeir Ásgeirsson.
(L. S.)

Eggert G. Þorsteinsson.

17. maí 1968.

141

Nr. 61.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um heimild til útgáfu reglugerðar um tilkynningarskyldu íslenskra skipa.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Samgöngumálaráðuneytið hefur tjáð mér að nauðsyn beri til að gefa út bráðabirgðalög um heimild til útgáfu reglugerðar um tilkynningarskyldu íslenskra skipa.

Er sérstaklega brýn nauðsyn á útgáfu slíkrar reglugerðar nú þegar, þar sem almennar veiðar á fjarlægum miðum fara í hönd.

Auk þess ber nauðsyn til af öryggisástæðum að hafa sem gleggsta vitneskju um ferðir skipa og báta við strendur landsins og á úthöfunum.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög, samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

Samgöngumálaráðherra er heimilt að gefa út reglugerð um tilkynningarskyldu íslenskra skipa.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 17. maí 1968.

Ásgeir Ásgeirsson.
(L. S.)

Eggert G. Þorsteinsson.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum um vörumerki, nr. 47 2. maí 1968.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Iðnaðarmálaráðherra hefur tjáð mér, að mjög mikil vandkvæði séu á því að framkvæma, án nokkurs umbóttunartíma, lög um vörumerki, nr. 47 2. maí 1968, aðallega vegna ákvæða laganna um að skrásetja skuli og endurnýja vörumerki fyrir ákveðna vöruflokka.

Til að ákveða slíkt flokkakerfi og auglýsa, þurfi góðan tíma og sé því brýn nauðsyn að fresta gildistöku hinna nýju laga til 1. janúar 1969.

Fyrir því er hér með sett bráðabirgðalög, samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

Í stað orðanna „Lög þessi öðlast þegar gildi“, í 48. gr. laga um vörumerki nr. 47 2. maí 1968, komi: Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1969.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 28. maí 1968.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Jóhann Hafstein.

L Ö G

um tollskrá o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Að ég samkvæmt 3. gr. laga nr. 3 15. febrúar 1968, um breyting á lögum nr. 7 1963, um tollskrá o. fl., hef látið fella meginmál þeirra, ásamt meginmáli eldri laga um breyting á lögum nr. 7 1963, um tollskrá o. fl., að því leyti, sem þau eru enn í gildi, inn í meginmál laga nr. 7 1963, um tollskrá o. fl., og gef þau út hér með svo breytt:

I. KAPÍTULI

Tollskráin o. fl.

1. gr.

Af öllum vörum, sem koma eða eru fluttar inn á tollsvæði ríkisins, skal greiða aðflutningsgjöld, nema annað sé tekið fram í lögum þessum eða öðrum sérstökum lögum, og skulu gjöldin vera eins og fyrir er mælt í eftirfarandi

tollskrá:

Almennar reglur um túlkun tollskrárákvæða.

Við skýringar á tollskránni skal fylgt eftirfarandi reglum:

1. Fyrirsagnir á flokkum, köflum og undirköflum eru einungis til leiðbeiningar. Tollflokkunin skal byggð á orðalagi tollskrárnúmera, athugasemda við tilheyrandi flokka eða kafla, og fari það ekki í bága við orðalag tollskrárnúmeranna eða athugasemdanna, skal fylgt eftirfarandi reglum:
2. Þegar talað er um tiltekið efni í tollskrárnúmeri, tekur það ekki einungis til efnisins óblandaðs, heldur einnig til þess í blöndum eða í samböndum við önnur efni. Sérhver tilvísun til vara úr tilteknu efni tekur til vara, sem að öllu eða nokkru leyti eru úr því efni. Um tollflokkun blandaðra og samsettra vara fer eftir reglum 3. liðs hér á eftir.
3. Nú kemur það til álita skv. 2. lið að framan eða af öðrum ástæðum, að telja vörur til tveggja eða fleiri tollskrárnúmera, og skal þá tollflokkurinn fara eftir því, sem hér segir:
 - a. Tollskrárnúmer, sem felur í sér nákvæmasta vörulýsingu, skal tekið fram yfir tollskrárnúmer með almennari vörulýsingu.
 - b. Blöndur og samsettar vörur, sem eru úr ýmsum efnum eða eru samsettar af mismunandi hlutum og ekki verða flokkaðar eftir reglunni í a, skulu flokkaðar eftir því efni eða þeim hluta, sem helzt einkennir vöruna, enda verði slíku mati komið við.
 - c. Ef ekki er hægt að flokka vörur eftir reglunum í a eða b hér á undan, skal telja þær til þess tollskrárnúmers, sem ber hæstan toll.

4. Ef svo er fyrir mælt í athugasemd við flokk eða kafla, að tilteknað vörur skuli ekki taldar til þess flokks eða kafla og vísað er til annars flokks eða kafla eða í ákveðið tollskrárnúmer, þá skal athugasemdin, nema annað leiði af samhenginu, einnig eiga við allar þær vörur, sem teljast til þess flokks, kafla eða tollskrárnúmers, sem vísað er til, þó aðeins sé talað um nokkuð af vörum í athugasemdinni.
5. Vörur, sem ekki falla undir neitt tollskrárnúmer, skulu taldar til sama tollskrárnúmers og þær vörur, sem þeim eru líkastar.

I. flokkur.

Lifandi dýr og afurðir úr dýraríkinu.

1. kafli.

Lifandi dýr.

Athugasemd:

Til kaflans teljast öll lifandi dýr, nema fiskar, krabbadýr, lindýr og smáveru-
gróður.

01.01	00	Hestar, asnar, múlasnar og múldýr	50%
01.02	00	Nautgripir	50%
01.03	00	Svín	50%
01.04	00	Sauðfé og geitfé	50%
01.05	00	Alifuglar (hænsni, endur, gæsir, kalkúnar og perluhænsni)	50%
01.06		Önnur lifandi dýr:	
	10	<i>Einkum ætluð til neyzlu handa mönnum</i>	50%
	20	<i>Annað (þar á meðal dýr í dýragarða, hundar og kettir)</i>	50%

2. kafli.

Kjöt og ætir hlutar af dýrum.

Athugasemd:

Til kaflans telst ekki:

- a. Vörur þær, er teljast til nr. 02.01—02.04 og nr. 02.06, ef þær eru óhæfar til neyzlu handa mönnum.
- b. Þarmar, blöðrur og magar (nr. 05.04), og dýrablóð (nr. 05.15).
- c. Dýrafeiti, önnur en óbrædd og ópressuð feiti af svinum og alifuglum (15. kafli).

02.01		Kjöt og ætir hlutar af dýrum þeim, er teljast til nr. 01.01-01.04, nýtt, kælt eða fryst:	
	10	<i>Af nautgripum</i>	50%
	20	<i>Af sauðfé og geitum</i>	50%
	30	<i>Af svínum</i>	50%
	40	<i>Af hrossum, ösnum, mülösnum og múldýrum</i>	50%
	50	<i>Kjötúrgangur</i>	50%
02.02	00	Kjöt og ætir hlutar (þó ekki lifur) af alifuglum (hænsnum, öndum, gæs- um, kalkúnum og perluhænum), nýtt, kælt eða fryst	50%
02.03	00	Lifur úr alifuglum, ný, kæld, fryst, söltuð eða í saltlegi	50%

02.04	Annað kjöt og ætir hlutar af dýrum, nýtt, kælt eða fryst:	
01	Hvalkjöt og hvalrengi	0
09	Annars	50%
02.05	00 Óbrædd svínafita án kjöts og óbrædd alifuglafita, ný, kæld, fryst, söltuð, í saltlegi, þurrkuð eða reykt	50%
02.06	Kjöt og ætir hlutar af dýrum (þó ekki alifuglalifur), saltað, í saltlegi, þurrkað eða reykt:	
10	„Bacon“, svínslæri og annað svínakjöt	50%
20	Annað	50%

3. kafli.

Fiskur, krabbadýr og lindýr.

A t h u g a s e m d i r :

- Til kaflans telst ekki:
 - Sjávarspendýr (nr. 01.06) og kjöt af þeim (nr. 02.04 eða 02.06).
 - Fiskur, krabbadýr og lindýr, dautt, óhæft til manneldis (5. kafli).
 - Styrjuhrogn, einnig eftirlíkingar (nr. 16.04).
- Orðið *fiskur* í þessum kafla tekur einnig til lifrar og neytluhæfra hrognna úr fiski.

03.01	Fiskur, nýr (lifandi eða dauður), ísvarinn, kældur eða frystur:	
01	Lifandi fiskur í fiskibúri eða öðru íláti	50%
02	Síld ný	0
03	Annar fiskur nýr	0
04	Síld, ísvarin, kæld eða fryst	0
09	Annar fiskur, ísvarinn, kældur eða frystur	0
03.02	Fiskur, saltaður, í saltlegi, þurrkaður eða reyktur:	
01	Síld	0
09	Annar	0
03.03	Krabbadýr og lindýr, með eða án skeljar, ný (lifandi eða dauð), kæld, fryst, söltuð, í saltlegi eða þurrkuð; krabbadýr með skel, aðeins soðin í vatni:	
01	Smokkfiskur og skelfiskur til beitu	0
09	Önnur	50%

4. kafli.

Mjólkurafurðir; fuglaegg; býflugnahunang.

A t h u g a s e m d i r :

- Til *mjólkur* telst nýmjólk, undanrenna, áfir, mysa, kefir, jóghúrt og þess háttar gerjuð mjólk.
- Mjólk og rjómi, sem aðeins hefur verið pasteuríserað, dauðhreinsað eða peptoníserað, telst ekki niðursoðið.

04.01	00 Mjólk og rjómi, nýtt, þó ekki þurrkað eða sykrað	50%
04.02	Mjólk og rjómi, niðursoðið, þurrkað eða sykrað:	
10	<i>Fljótandi eða hálfaljótandi</i>	50%
20	<i>Í föstu formi, svo sem kökur eða duft</i>	50%
04.03	00 Smjör	70%

04.04	00	Ostur og ostahlaup	70%
04.05	00	Fuglaegg og eggjarauður, nýtt, rotvarið, þurrkað, sykrað eða ósykrað ..	70%
04.06	00	Náttúrlegt hunang	50%

5. kafli.

Afurðir úr dýraríkinu, ót. a.

Athugasemdir:

- Til þessa kafla telst ekki:
 - Ætar afurðir (að undanteknum þörmum, blöðrum og mögum úr dýrum, heilum eða í stykkjum, enn fremur dýrablóð, fljótandi eða þurrkað).
 - Húðir og skinn (þar með talin loðskinn), að undanteknum vörum þeim, er teljast til nr. 05.05—05.07 (41. eða 43. kafli).
 - Spunaefni úr dýraríkinu, að undanteknu hrosshári og hrosshársúrgangi (XI. flokkur).
 - Hárknippi tilsníðin til burstagerðar (nr. 96.03).
- Mannshár, flokkað eftir lengd, telst vera óunnið (nr. 05.01), enda sé það ekki jafnframt flokkað þannig, að rótarendarnir séu allir sömu megin.
- Til *filabeins* teljast alls staðar í tollskránni vígtennur úr filum, mammútum, mastódonum, rostungum, náhvelum og villisvínum, horn af nashyrningum og tennur úr öllum dýrum.
- Hvarvetna í tollskránni er með *hrosshári* átt við hár af makka eða svira og tagli eða hala dýra, er teljast til hrossa- eða nautgripaætta.

05.01	00	Mannshár óunnið, einnig þvegið eða affitað; úrgangur af mannhári	80%
05.02	00	Hár og burstir af tömdum svinum og villisvínum; greifingjahár og annað hár til burstagerðar; úrgangur af slíkum burstum og hári	30%
05.03	00	Hrosshár og hrosshársúrgangur, einnig sett á undirlag eða á milli laga, úr öðrum efnum	30%
05.04	00	Þarmar, blöðrum og magar, heilt eða í stykkjum, úr öðrum dýrum en fiskum	35%
05.05	00	Fiskúrgangur	0
05.06	00	Sinar og taugar; afklippur og þess háttar úrgangur af óunnum húðum og skinnum	35%
05.07		Hamir og aðrir hlutar af fuglum, með áföstum fjöðrum eða dún, fiður, einnig þótt fjöðurstafurinn eða hluti af fjaðrahryggnum hafi verið tekinn burtu, fjaðrir klofnar í tvennt eftir endilöngu, dúnn, fanir (þar með taldar fanir með hluta af fjaðrahryggnum, einnig með jöfnum jöðrum), fjöðurstafir og fjaðrahryggir, óunnið, hreinsað, sóthhreinsað eða varið gegn skemmdum við geymslu, en ekki frekar unnið	40%
05.08	00	Bein og hornsló, óunnið, affitað, lauslega lagað, en ekki formað, sýru-meðfarið eða gelatínsneytt; mjöl og úrgangur úr beinum og hornsló	35%
05.09	00	Horn, hófar, neglur, klaufir, klær og nef af dýrum, óunnið eða lauslega lagað en ekki formað, og úrgangur og mjöl úr þessum vörum; hvalskíði og þess háttar, óunnið eða lauslega lagað til, en ekki formað, og skíðis-hár og úrgangur frá þessum vörum	35%
05.10	00	Fílabein, óunnið eða lauslega lagað til, en ekki formað; mjöl og úrgangur frá fílabeini	35%
05.11	00	Skjaldböskuskeljar (skildir og plötur), óunnið eða lauslega lagað til, en ekki formað; klær og úrgangur frá skjaldböskuskel	35%

05.12	00	Kórallar og slík vara, óunnin eða lítills háttar búin undir vinnslu, en ekki frekar unnin; skeljar, óunnar eða lítills háttar búnar undir vinnslu, en ekki formaðar; mulningur og úrgangur úr skeljum	35%
05.13	00	Svampar náttúrlegir	100%
05.14	00	Ambra, bifurbelgur, desmerkattardeig og moskus; spanskflugur; gall, einnig þurrkað; afurðir úr dýraríkinu af því tagi, sem notaðar eru við lyfjagerð, nýjar, kældar, frýstar eða meðfarnar á annan hátt til bráðabirgða vegna geymslu	35%
05.15	00	Afurðir úr dýraríkinu, ót. a., dauð dýr þeirra tegunda, sem 1. og 3. kafli tekur til, óhæf til manneldis	35%

II. flokkur.

Afurðir úr jurtaríkinu.

6. kafli.

Lifandi trjáplöntur og aðrar jurtir; blómlaukar, rætur og þess háttar; afskorin blóm og blöð til skrauts.

A t h u g a s e m d i r :

1. Til þessa kafla teljast aðeins lifandi trjáplöntur og vörur (þar með taldir græðlingar), sem gróðrarstöðvar og garðyrkjuskólar venjulega hafa á boðstólum til gróðursetningar eða til skreytingar. Til kaflans teljast þó ekki kartöflur, skalotlaukur, hvítlaukur og annar matlaukur (7. kafli).
2. Til nr. 06.03 eða 06.04 teljast einnig blómvendur, blómakörfur, kransar og þess háttar að öllu eða nokkru gert úr vörum, sem teljast til þessara númera, og hafa fylgihlutur ekki áhrif á flokkunina, þó þeir séu úr öðrum efnunum.

06.01	00	Blómlaukar, rótar- og stöngulhnýði, jarðstönglar og aðrir forðastönglar í dvala, í vexti eða í blóma	80%
06.02		Aðrar lifandi jurtir, þar með taldar trjáplöntur, runnar, rætur, græðlingar og gróðurkvistir:	
	01	Trjáplöntur og runnar	40%
	09	Annað	40%
06.03	00	Afskorin blóm og blómknappar í vendi eða til skrauts, lifandi, þurrkað, litað, bleikt, íborið eða meðfarið á annan hátt	100%
06.04		Laufblöð, greinar og aðrir plöntuhlutar (þó ekki blóm og blómknappar) af trjám, runnum og öðrum jurtum, og mosi, skófir og gras nothæft í vendi eða til skrauts, lifandi, þurrkað, litað, bleikt, íborið eða sérstaklega meðfarið á annan hátt:	
	01	Jólatré (án rótar) og jólatrésgreinar	100%
	09	Annað	100%

7. kafli.

Grænmeti, rætur og hnýði til neyzlu.

A t h u g a s e m d :

Með orðinu *grænmeti* í nr. 07.01 er einnig átt við ætisveppa, jarðsveppa, ólivur, kapers, tómata, kartöflur, rauðrófur, gúrkur, grænar ertur, grasker, eggplöntur (aubergínur),

capsicum grossum (sætt capsicum), finkul, steinselju, kjörvel, esdragon, karsa, majóran, piparrót og hvítlauk. *Grænmeti* samkvæmt nr. 07.02—07.04 tekur til allra þeirra grænmetistegunda, sem nýjar teljast til nr. 07.01. Þurrkaðir afhýddir belgávéxtir teljast þó til nr. 07.05, mulið capsicum grossum (sætt capsicum) til nr. 09.04, mjöl úr þurrkuðum belgávöxtum (sem teljast til nr. 07.05) til nr. 11.03, og mjöl, grjón og flögur úr kartöflum til nr. 11.05.

07.01	Grænmeti, nýtt eða kælt:		
10	<i>Kartöflur</i>	100 kg	20 kr
20	<i>Tómatar</i>		70%
	<i>Annað grænmeti:</i>		
31	<i>Laukur</i>		50%
39	<i>Annars</i>		70%
07.02	00 Grænmeti (einnig soðið), fryst		70%
07.03	00 Grænmeti lagt í saltlög, brennisteinssýrting eða önnur efni til varnar skemmdum um stundar sakir, en ekki tilbúið til neyzlu strax		70%
07.04	00 Grænmeti þurrkað eða eimað, einnig sundurskorið, mulið eða steytt í duft, en ekki frekar unnið		70%
07.05	00 Belgávéxtir, þurrkaðir og afhýddir, einnig flysjaðir eða klofnir		*0
07.06	00 Maníókarót, arrowrót, salop, jarðartískokka, batatar og þess háttar rætur og rótarhnyði, sem innihalda mikið af sterkju eða inúlíni, nýtt eða þurrkað, heilt eða skorið sundur; mergur sagópálmans		70%

8. kafli.

Ætir ávéxtir og hnetur; hýði af melónum og sítrusávöxtum.

Athugasemdir:

1. Til kaflans teljast ekki ávéxtir og hnetur, sem eru óhæfar til neyzlu.
2. Kældir ávéxtir flokkast á sama hátt og nýir.

08.01	Döðlur, bananar, kókoshnetur, parahnetur, akajuhnetur, ananas, avokat-hnetur, mangóaldin, guavaber, nýtt eða þurrkað, einnig afhýtt:	
10	<i>Bananar nýir</i>	15%
	<i>Kókoshnetur, parahnetur og akajuhnetur, nýjar eða þurrkaðar:</i>	
21	<i>Kókosmjöl</i>	70%
29	<i>Annað</i>	90%
30	<i>Aðrir framangreindir ávéxtir, nýir</i>	40%
40	<i>Aðrir framangreindir ávéxtir, þurrkaðir</i>	70%
08.02	Sítrusávéxtir, nýir eða þurrkaðir:	
10	<i>Appelsínur, tangarínur, mandarínur og clementínur</i>	15%
	<i>Aðrir sítrusávéxtir:</i>	
21	<i>Sítrónur</i>	15%
29	<i>Annars</i>	15%
08.03	Fikjur, nýjar eða þurrkaðar:	
10	<i>Nýjar</i>	40%
20	<i>Þurrkaðar</i>	70%

08.04	Vínber, ný eða þurrkuð:	
10	<i>Vínber ný</i>	40%
	<i>Vínber þurrkuð:</i>	
21	Rúsínur	*20%
22	Kúrennur	20%
08.05	Hnetur aðrar en þær, sem teljast til nr. 08.01, nýjar eða þurrkaðar, með eða án hnotskurnar	90%
08.06	Epli, perur eða kveður, nýtt:	
10	<i>Epli</i>	*12%
20	<i>Perur og kveður</i>	15%
08.07	Steinaldin ný	40%
08.08	Ber ný	40%
08.09	Aðrir ávextir, nýir:	
01	Melónur	40%
09	Annars	40%
08.10	Ávextir (einnig soðnir), frystir, en ekki sykraðir	70%
08.11	Ávextir lagðir í saltlög, brennisteinssýrting eða önnur efni til varnar skemmdum um stundar sakir, en ekki tilbúið til neyzlu strax	40%
08.12	Aðrir þurrkaðir ávextir en þeir, sem teljast til nr. 08.01-08.05:	
01	Sveskjur	*20%
02	Apríkósur	*40%
03	Ávextir blandaðir	*40%
09	Annars	*40%
08.13	Hýði af melónum eða sítrusávöxtum, nýtt, fryst, þurrkað eða lagt í saltlög, brennisteinssýrting eða í önnur efni til varnar skemmdum um stundar sakir	70%

9. kafli.

Kaffi, te, maté og krydd.

Athugasemdir:

1. Blöndur af vörum, sem teljast til nr. 09.04—09.10, flokkast þannig:
 - a. Blöndur af tveimur eða fleiri vörum, sem teljast til sama númers, flokkast í það númer.
 - b. Blöndur af tveimur eða fleiri vörum, sem teljast til tveggja eða fleiri númera, flokkast í nr. 09.10.
 Hafi verið bætt öðrum efnum í blöndur þær, sem um getur í a- og b-lið að ofan, hefur það ekki áhrif á flokkunina, nema það breyti eðli þeirra. Sé svo, teljast blöndurnar ekki til þessa kafla. Þannig teljast samsett bragðefni til nr. 21.04.
2. Til þessa kafla telst ekki:
 - a. Capsicum grossum (sætt capsicum), ómalað (7. kafli).
 - b. Pipar af afbrigðinu cubeba officinalis miquel og piper cubeba (nr. 12.07).

09.01	Kaffi, óbrennt eða brennt, einnig kaffeinsneytt; kaffiskurn og kaffihýði; kaffilíki, sem inniheldur eitthvað af kaffi:	
	<i>Kaffi og kaffilíki, sem inniheldur eitthvað af kaffi:</i>	
11	Í smásöluumbúðum 2 kg eða minna	10%
12	Í öðrum umbúðum	0
20	<i>Kaffiskurn og kaffihýði</i>	0

09.02	00	Te	10%
09.03	00	Maté	50%
09.04	00	Pipar af tegundinni Piber, piment (allrahanda) af tegundunum Capsicum eða Pimenta	100%
09.05	00	Vanilla	100%
09.06	00	Kanill og kanilblóm	100%
09.07	00	Negull, heill, negulnaglar og negulstíkar	100%
09.08	00	Múskathnetur, múskatblóm og kardamómur	100%
09.09	00	Anís, stjörnuanís, finkull, kóríandri, rómverskt kúmen, kúmen og einiber	100%
09.10		Blóðberg, safran, lárviðarlauf; annað krydd:	
	01	Síldarkrydd, blandað, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	2%
	09	Annars	100%

10. kafli.

Korn ómalað.

A t h u g a s e m d :

Til kaflans telst ekki afhýtt korn eða korn unnið á annan hátt. Til nr. 10.06 telst þó, auk óunnins ríss, rís án ytra hýðis og silfurhýðis, póleraður rís og brotrís, en ekki frekar unninn rís.

10.01	00	Hveiti og meslín	0
10.02	00	Rúgur	0
10.03	00	Bygg	0
10.04	00	Hafrar	0
10.05	00	Máis	0
10.06		Rís:	
		<i>Rís, með eða án ytra hýðis, en ekki frekar unninn:</i>	
	11	Í smásöluumbúðum 5 kg eða minna	0
	19	Í öðrum umbúðum	0
		<i>Annar rís:</i>	
	21	Í smásöluumbúðum 5 kg eða minna	0
	29	Í öðrum umbúðum	0
10.07	00	Bókhveiti, hirsí, kanarífuglafræ og dúrra; annað korn	0

11. kafli.

Malaðar afurðir; malt; sterkja; glúten; inúlín.

A t h u g a s e m d :

Til kaflans telst ekki:

- Brennt malt, er nota má sem kaffilíki (nr. 09.01 eða 21.01).
- Mjöl, sem (t. d. með hitun) er tilreitt sem fæða fyrir börn eða sem sjúkræfæða (nr. 19.02). Mjöl, sem aðeins hefur sætt hitameðferð til þess að auka bökunarhæfni þess, telst hins vegar til þessa kafla.
- Steiktar maísflögur (corn flakes) og aðrar vörur, sem teljast til nr. 19.05.
- Lyfjavörur (30. kafli).
- Sterkja, sem hefur einkenni ilmvara, snyrtivara eða hreinlætisvara og telst til nr. 33.06.

11.01	Mjöl úr korni:		
	<i>Mjöl úr hveiti eða úr meslini:</i>		
11	Í smásöluumbúðum 5 kg eða minna		0
12	Í öðrum umbúðum		0
	<i>Annað mjöl úr korni:</i>		
21	Byggmjöl		0
22	Maismjöl		0
23	Rísmjöl í smásöluumbúðum 5 kg eða minna		0
24	Rísmjöl í öðrum umbúðum		0
25	Rúgmjöl í smásöluumbúðum 5 kg eða minna		0
26	Rúgmjöl í öðrum umbúðum		0
29	Annars		0
11.02	Grjón úr korni og annað unnið korn, t. d. vasað, flatt út, fagað, grófmulið eða afhýtt (þó ekki afhýddur eða póleraður rís eða brotrís), en ekki frekar unnið; kornfrjóangar, heilir, vasaðir, flattir út eða malaðir:		
10	<i>Hveitigrjón og meslingrjón</i>		0
	<i>Önnur grjón úr korni:</i>		
21	Maís kurlaður		0
22	Hafragrjón í smásöluumbúðum 5 kg eða minna		0
23	Hafragrjón í öðrum umbúðum		0
29	Annars		0
30	<i>Annað unnið korn (þó ekki mjöl og grjón), t. d. vasað, flatt út, fagað, grófmulið eða afhýtt (þó ekki afhýddur eða póleraður rís eða brotrís), en ekki frekar unnið; frjóangar úr korni, heilir, vasaðir, flattir út eða malaðir</i>		0
11.03	Mjöl úr belgávöxtum, sem teljast til nr. 07.05:		
01	Mjöl úr þurrkuðum, afhýddum, flysjuðum eða klofnum belgávöxtum, í smásöluumbúðum 5 kg eða minna		0
09	Mjöl úr þurrkuðum, afhýddum, flysjuðum eða klofnum belgávöxtum, í öðrum umbúðum		0
11.04	00	Mjöl úr ávöxtum, sem teljast til einhvers númers í 8. kafla	50%
11.05	Mjöl, grjón og flögur úr kartöflum:		
01	Í smásöluumbúðum 5 kg eða minna		15%
09	Í öðrum umbúðum		15%
11.06	Mjöl og grjón úr sagó, maníókahnýði, arrowrót, saleprót og öðrum rótum og rötarnýðum, sem teljast til nr. 07.06:		
01	Maníókamjöl til skepnufóðurs		0
09	Annað		15%
11.07	00	Malt, óbrennt eða brennt	35%
11.08	Sterkja og inúlín:		
01	Kartöflusterkja í smásöluumbúðum 5 kg eða minna		15%
02	Kartöflusterkja í öðrum umbúðum		15%
03	Önnur sterkja og inúlín í smásöluumbúðum 5 kg eða minna		15%
09	Önnur sterkja og inúlín í öðrum umbúðum		15%
11.09	00	Glúten og glútenmjöl, einnig brennt	15%

12. kafli.

Oliufræ og oliurík aldin; ýmis önnur fræ og aldin; plöntur til notkunar í iðnaði og til lyfja; hálmur og fóðurplöntur.

Athugasemdir:

1. Til nr. 12.01 teljast m. a. jarðhnetur, sojabaunir, mustarðsfræ, oliuvalmúufræ og kopra. Kókoshnetur (nr. 08.01) teljast ekki til þessa númera og ekki heldur olivur (7. eða 20. kafli).
2. a. Til nr. 12.03 telst m. a. rófnafrae, grasfræ og annað grænfóðurfræ, blómafræ, matjurtafræ, trjáfræ, ávaxtafræ, fræ af umfedmingsgrasi og úlfabaunum.
b. Eigi flokkast í nr. 12.03 vörur þær, sem teljast til nr. 07.05 (þurrkaðir belg-ávéxtir), til 9. kafla (m. a. krydd), til 10. kafla (korn), til nr. 12.01 (oliurík fræ og aldin) né fræ og aldin, er teljast til nr. 12.07.
3. Til nr. 12.07 teljast m. a. eftirtaldar plöntur og plöntuhlutar: Basilikum, borasurt, ísópur, allar tegundir myntu, rósmarin, ruda, salvia og malurt.
Til nr. 12.07 teljast hins vegar ekki:
 - a. Oliufræ og oliurík aldin (nr. 12.01).
 - b. Lyfjavörur, er teljast til 30. kafla.
 - c. Ilm- og snyrtivörur, er teljast til 33. kafla.
 - d. Efni til sóthreinsunar, til varnar gegn skordýrum, sveppum og illgresi og þess háttar efni, er teljast til nr. 38.11.

12.01	Oliufræ og oliurík aldin, heil eða sundurskorin:	
10	<i>Jarðhnetur</i>	20%
20	<i>Kopra</i>	20%
30	<i>Pálmahnetur og kjarnar</i>	20%
40	<i>Sojabaunir</i>	20%
50	<i>Línfræ</i>	20%
60	<i>Baðmullarfræ</i>	20%
70	<i>Rísínusfræ</i>	20%
80	<i>Önnur</i>	20%
12.02	00 Mjöl ófitusneytt, úr oliufræum eða oliuríkum aldinum, þó ekki mustarðsmjöl	20%
12.03	Fræ, aldin og sporar til sáningar:	
01	Grasfræ í 10 kg umbúðum og stærri	0
09	Annað	0
12.04	00 Sykkurófur, heilar eða sundurskornar, nýjar, þurrkaðar eða malaðar; sykurreyr	40%
12.05	00 Síkoriurætur, nýjar eða þurrkaðar, heilar eða sundurskornar, óbrenndar	0
12.06	00 Humall og humalmjöl (lúpúlín)	35%
12.07	00 Plöntur og plöntuhlutar (þar með talin fræ og aldin af trjám, runnum og öðrum plöntum), sem aðallega eru notaðir til framleiðslu á ilmvörum, lyfjavörum eða efnum til varnar gegn skordýrum, sveppum eða þess háttar, nýir eða þurrkaðir, heilir, sundurskornir, malaðir eða muldir	40%
12.08	00 Jóhannesarbrauð, nýtt eða þurrkað, einnig mulið eða malað, en ekki frekar unnið; aldinkjarnar og önnur jurtaefni, sem aðallega eru notuð til manneldis, ót. a.	70%
12.09	00 Hálmur og hýði af korni, óunnið eða saxað, en ekki frekar unnið	35%
12.10	00 Bedjur, kálrófur og aðrar fóðurrófur, hey, lucerne, smári, esparsettur, fóðurkál, úlfabaunir, umfedmingsgras og þess háttar fóðurefni	0

13. kafli.

Hráefni úr jurtaríkinu til litunar og sýtunar; jurtalakk; kolvetnisgúmmí, náttúrlegur harpix og aðrir jurtasafar og ekstraktar úr jurtaríkinu.

Athugasemd:

Til 13.03 telst m. a. lakkrísextrakt, pyrethrumextrakt, humlaextrakt, alóeextrakt og ópíum. Til þessa númera telst ekki:

- a. Lakkrísextrakt blandaður sykri, þegar sykurmagnið er meir en 10% af blöndunni miðað við þunga, eða hann er tilreiddur sem sykurvara (nr. 17.04).
- b. Maltextrakt (nr. 19.01).
- c. Extraktar úr kaffi, tei eða maté (nr. 21.02).
- d. Áfengir vökvar og ekstraktar, sem teljast drykkjarvörur, og áfengar blöndur, svo nefndir „konsentreraðir ekstraktar“, til framleiðslu á drykkjarvörum (22. kafli).
- e. Kamfóra (nr. 29.13) og glycyrrhizin (nr. 29.41).
- f. Lyf, er teljast til nr. 30.03.
- g. Sút- og litextrökt (nr. 32.01 og 32.04).
- h. Rokgjarnar jurtaolur og harpix (nr. 33.01), einnig vatnið frá gufueimingu rok-gjarnra olía og vatnsupplausnir af slíkum olíum (nr. 33.05).
- ij. Náttúrlegt gúmmí, balata, gúttaperka og þess háttar teygjanleg efni (nr. 40.01).

13.01	00	Hráefni úr jurtaríkinu aðallega notuð til litunar og sýtunar	20%
13.02		Skellakk, kornlakk, stafalakk og önnur jurtalökk, kolvetnisgúmmí úr jurtaríkinu; náttúrlegir harpixar, gúmmíharpixar og balsöm:	
	01	Gúmmí arabikum	30%
	02	Skellakk	30%
	09	Annað	30%
13.03		Jurtasafi og ekstraktar úr jurtaríkinu; pektín, agar-agar og annað náttúrlegt plöntuslím og hleypiefni unnið úr efnum úr jurtaríkinu:	
	01	Pektín	35%
	02	Lakkrísextrakt í 4 kg blokkum eða stærri og fljótandi lakkrísextrakt, eða lakkrísduft, á 3 lítra ílátum eða stærri	40%
	03	Lakkrísextrakt annar	100%
	09	Annað	40%

14. kafli.

Flétti- og útskurðarefni úr jurtaríkinu; önnur efni úr jurtaríkinu ótalin annars staðar.

Athugasemdir:

1. Til þessa kafa teljast ekki jurtaefni og trefjar, sem fyrst og fremst eru notuð sem spunaefni og í því sambandi skiptir ekki máli á hvaða vinnslustigi þau eru. Eigi heldur teljast til kaflans þau jurtaefni, sem hafa sætt þeirri meðferð, að þau verða aðeins notuð sem spunaefni (XI. flokkur).
2. Til nr. 14.01 teljast m. a. klofnar viðigreinar, reyr, bambus og þess háttar; peddig og flysjaður og klofinn spanskreyr. Tréspænir (nr. 44.09) teljast ekki til þessa númera.
3. Til nr. 14.02 telst ekki tréull (nr. 44.12).
4. Til nr. 14.03 teljast ekki tilsníðin knippi til burstagerðar (nr. 96.03).

14.01	00	Jurtaefni aðallega notuð til körfugerðar og annars fléttiðnaðar, svo sem hreinsaður, bleiktur eða litaður hálmur, víðigreinar, reyr, sef, spansk-reyr, bambus, raffiabast og lindibast	20%
14.02	00	Jurtaefni aðallega notuð sem tróð eða til bólstrunar, svo sem kapok, víðarhár, marhálmur, einnig sett á undirlag eða milli laga úr öðrum efnum	30%
14.03	00	Jurtaefni aðallega notuð til burstagerðar, svo sem sópdúrur, píazzava, agavatrefjar, einnig í knippum eða hespum	30%
14.04	00	Hörð fræ, kjarnar, skurnir og hnetur til útskurðar, svo sem fílabeins- og steinhnetur	30%
14.05	00	Önnur efni úr jurtaríkinu, ót. a.	35%

III. flokkur.

Feiti og olía úr jurta- og dýraríkinu og klofningsefni þeirra; tilbúin matarfeiti; vax úr jurta- og dýraríkinu.

15. kafli.

Feiti og olía úr jurta- og dýraríkinu og klofningsefni þeirra; tilbúin matarfeiti; vax úr jurta- og dýraríkinu.

Athugasemdir:

- Til þessa kafla telst ekki:
 - Feiti af svinum og alifuglum, sem ekki hefur verið brædd eða pressuð (nr. 02.05).
 - Kakaósmjör (nr. 18.04).
 - Hamsar (nr. 23.01), oliukökur og aðrar leifar, er til falla við vinnslu á oliu úr jurtaríkinu (nr. 23.04).
 - Einangraðar kemiskt skýrgreindar feitisyður og feitialkóhól, tilbúið vax, lyf, málning, lökk, sápa, ilmvoðn, hreinlætis- og snyrtivörur, sulfóneraðar oliur og aðrar vörur, er teljast til VI. flokks.
 - Faktis gerður úr oliu (nr. 40.02).
- Leifar frá hreinsun á oliu (t. d. sápuftótur og oliuftótur), einnig sterinbik, ullarfeitebik og glyserólbik telst til nr. 15.17.

15.01	00	Feiti af svinum og fuglum, brædd eða pressuð	70%
15.02	00	Feiti af nautgripum, sauðfé og geitum, óbrædd; tólgr framleidd úr slíkri feiti (þar með talin „premier jus“)	70%
15.03	00	Svínafeitisterín (lardstearín), oleosterín (pressutólgr); svínafeitiolía, oleomargarín, tólgarolía, hvorki jafnblönduð, blönduð né unnin á annan hátt	35%
15.04	00	Feiti og olía úr fiski og sjávarspendýrum, einnig hreinsuð	35%
15.05	00	Ullarfeiti og feitefni unnin úr henni (hér með talið lanólín)	35%
15.06	00	Önnur feiti og olía úr dýraríkinu (hér með talin klaufalía, beinafeiti og úrgangsefnafeiti)	35%
15.07		Feiti og feit olía úr jurtaríkinu, hrá, hreinsuð eða hreinunnin:	
	81	<i>Sojabaunaolía</i>	10%
	82	<i>Badmullarfræsolia</i>	10%
	83	<i>Jardhnetuolia</i>	30%
	84	<i>Ólívuolia</i>	30%
	85	<i>Sólrósarolia</i>	35%

86	<i>Rapsolía, colzaolía og mustarðsolía</i>	35%
87	<i>Línolía</i>	30%
88	<i>Pálmaolía</i>	30%
89	<i>Kókosolía</i>	30%
91	<i>Pálmakjarnaolía</i>	30%
92	<i>Rísínusolía</i>	35%
93	<i>Önnur</i>	35%
15.08	Olía úr jurta- og dýraríkinu, soðin, oxyderuð, vatnssneydd (dehydrated), meðhöndluð með brennisteini, blásin, pólýmeriseruð eða umbreytt með öðrum hætti:	
01	<i>Línolía</i>	30%
09	<i>Önnur</i>	35%
15.09	00 Degras	35%
15.10	Feitísýrur, súr olía frá feitihreinsun, feitialkóhól:	
	<i>Feitísýrur og olíusýrur frá hreinsun:</i>	
11	<i>Lanótex og önnur íburðarefni til veiðarfæragerðar, eftir nánari skýr- greiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins</i>	2%
12	<i>Sterín (blanda af palmitínsýru og sterínsýru)</i>	30%
19	<i>Aðrar</i>	30%
20	<i>Feitialkóhól</i>	35%
15.11	00 Glyseról, glyserólvatn og glyseróllútur	35%
15.12	Feiti og olía úr jurta- og dýraríkinu, hert, einnig hreinsuð, en ekki frekar unnin:	
01	<i>Sojabaunaolía</i>	10%
02	<i>Baðmullarfræsolia</i>	10%
03	<i>Aðrar olíur úr jurtaríkinu</i>	30%
09	<i>Olíur úr dýraríkinu</i>	35%
15.13	00 Smjörliki, tilbúin svinafeiti (imitation lard), og önnur tilbúin matarfeiti	70%
15.14	00 Spermacet (hvalraf), hrátt, pressað eða hreinsað, einnig litað	35%
15.15	00 Býflugnavax og annað skordýravax, einnig litað	35%
15.16	00 Vax úr jurtaríkinu, einnig litað	35%
15.17	00 Leifar frá hreinsun á feiti, feitri olíu eða vaxi úr jurta- og dýraríkinu ..	35%

IV. flokkur.

Matvælaframleiðsla; drykkjarvörur, etanol (etylalkóhól) og edik; tóbak.

16. kafli.

Framleiðsla úr kjöti, fiski, krabbadýrum og lindýrum.

A t h u g a s e m d :

Til þessa kafla telst ekki kjöt, fiskur, krabbadýr og lindýr, sem hafa sætt þeirri meðferð, er um getur í 2. og 3. kafla.

16.01	00 Pylsur og þess háttar vörur úr kjöti eða öðrum sláturafurðum eða dýrablóði	100%
16.02	00 Aðrar vörur úr kjöti eða öðrum sláturafurðum, tilreiddar eða niðursoðnar	100%
16.03	00 Kjötextrakt og annað kjötseyði	100%
16.04	00 Fiskur, tilreiddur eða niðursoðinn, þar með talin styrjubrogn og eftirlík- ingar þeirra	100%
16.05	00 Krabbadýr og lindýr, tilreidd eða niðursoðin	100%

17. kafli.

Sykur og sykurvörur.

Athugasemdir:

1. Til þessa kafla telst ekki:
 - a. Sykurvörur, sem í er kakaó (nr. 18.06).
 - b. Kemískt hreinn sykur, nema sakkarósi (nr. 29.43).
 - c. Lyfjavörur (30. kafli).
2. Kemískt hreinn sakkarósi telst ávallt til nr. 17.01.

17.01	Rófu- og reyrssykur í föstu formi:	
10	Óhreinsaður rófu- og reyrssykur í föstu formi	0
	<i>Hreinsaður rófu- og reyrssykur í föstu formi:</i>	
21	Molasykur í smásöluumbúðum 5 kg eða minna	0
22	Molasykur í öðrum umbúðum	0
23	Stráasykur í smásöluumbúðum 5 kg eða minna	0
24	Stráasykur í öðrum umbúðum	0
25	Púðursykur	0
26	Sallasykur (flórsykur)	20%
27	Steinsykur (kandís)	20%
29	Annar	20%
17.02	Annar sykur, síróp, hunangslíki, einnig blandað náttúrlegu hunangi; brenndur sykur:	
01	Drúfusykur (glúkósi)	70%
02	Hunangslíki, einnig blandað náttúrlegu hunangi	70%
03	Síróp	100%
09	Annað	100%
17.03	Melassi, einnig aflitaður:	
01	Melassi til fóðurs	0
02	Melassi til manneldis	20%
17.04	Sykurvörur, sem kakaó er ekki í:	
01	Lakkrís sykraður og lakkrísvörur	100%
02	Möndlumassi blandaður sykri, og persipan, í 10 kg blokkum og stærri	70%
03	Brjóstsykur, sælgætistöflur og pastillur	100%
04	Tyggigúmmí, húðað með sykri og óhúðað	100%
05	Karamellur	100%
09	Aðrar	100%
17.05	00 Sykur, síróp og melassi, sem bragð- eða litarefni hafa verið látin í, þó ekki ávaxtasafi, sem sykur hefur verið látinn í að einhverju leyti	100%

18. kafli.

Kakaó og kakaóvörur.

Athugasemdir:

1. Til þessa kafla teljast ekki vörur þær, sem taldar eru í nr. 19.02, 19.08, 22.02, 22.09 eða 30.03.
2. Til nr. 18.06 teljast sykurvörur, sem í er kakaó, og einnig aðrar neytluvörur, sem í er kakaó, þó ekki þær, sem taldar eru í 1. athugasemd hér á undan.

18.01	00	Kakaóbaunir, heilar eða muldar, einnig brenndar	40%
18.02	00	Kakaóhýði og kakaóúrgangur	40%
18.03	00	Kakaódeig (þar með talið kakaódeig í stykkjum), einnig þótt feitin hafi verið dregin úr því	40%
18.04	00	Kakaósmjör (feiti eða olía)	40%
18.05	00	Kakaóduft ósykrað	30%
18.06		Súkkulaði og aðrar neytluvörur, sem í er kakaó:	
	01	Kakaóduft sykrað	30%
	02	Nougatmassi í 10 kg blokkum og stærri	70%
	03	Búðingsduft	100%
	09	Aðrar	100%

19. kafli.

Framleiðsla úr korni, mjöli og sterkju; brauðvörur.

Athugasemdir:

1. Til þessa kafla telst ekki:

- Vörur úr hveiti, sterkju eða maltextrakti tilreiddar sem fæða fyrir börn, fyrir sjúka eða til matargerðar, ef í þeim er 50% af kakaói eða meira miðað við þyngd (nr. 18.06).
- Kex eða aðrar vörur úr mjöli eða sterkju sérstaklega tilreiddar sem skepnu-fóður (nr. 23.07).
- Lyfjavörur (30. kafli).

2. Með orðinu *mjöl* í þessum kafla er einnig átt við mjöl úr ávöxtum og grænmeti, og vörur úr þess konar mjöli flokkast þá eins og vörur úr kornmjöli.

19.01	00	Maltextrakt	50%
19.02	00	Vörur úr mjöli, sterkju eða maltextrakti, tilreiddar sem fæða fyrir börn, fyrir sjúka eða til matargerðar, ef í þeim er minna en 50% af kakaói miðað við þyngd:	
	01	Búðingsduft	100%
	09	Annað	*50%
19.03	00	Makkarónur, spaghetti og þess konar vörur	60%
19.04		Tapíókagrjón og sagógrjón, tapíóka- og sagólíki unnin úr kartöflumjöli eða annarri sterkju:	
	01	Í smásöluumbúðum 5 kg eða minna	20%
	09	Í öðrum umbúðum	20%
19.05	00	Neytluvörur úr upphólgnuðu eða steiktu korni eða kornvörum, svo sem „puffed rice“, „corn flakes“ eða þess konar vörur	50%
19.06	00	Altarisbrauð, tóm hylki fyrir lyf, innsíglunaroblátur, rísþynnur og þess konar vörur	80%
19.07	00	Brauð, skonrok og aðrar algengar brauðvörur, án sykurs, hunangs, eggja, feiti, osts eða ávaxta	*80%
19.08	00	Kökur, kex og aðrar íburðarmeiri brauðvörur, einnig með kakaói að meira eða minna leyti	*80%

20. kafli.

Framleiðsla úr grænmeti, ávöxtum og öðrum plöntuhlutum.

Athugasemdir:

1. Til þessa kafla telst ekki:
 - a. Grænmeti og ávextir, sem teljast til 7. og 8. kafla.
 - b. Aldinhlauþ, aldinmawk og annað þess konar, sem hefur einkenni sykurvara (nr. 17.04) eða súkkulaðivara (nr. 18.06).
2. Til nr. 20.01 og 20.02 telst einungis þess konar grænmeti, sem nýtt telst til nr. 07.01.
3. Ætar plöntur, plöntuhlutar og rætur plantna lagðar í sykurlög, t. d. engifer og hvannarót, flokkast með niðursoðnum ávöxtum, sem teljast til nr. 20.06. Brenndar jarðhnetur teljast einnig til nr. 20.06.
4. Tómat safi, sem í er 7% eða meira af þurrefnum, telst til nr. 20.02.

20.01	00	Grænmeti og ávextir, tilreitt eða niðursoðið í ediki eða ediksýru, einnig með sykri, salti, sinnepi eða öðru kryddi	100%
20.02		Grænmeti, tilreitt eða varið skemmdum með öðru en ediki eða ediksýru:	
	01	Tómatpuré	80%
	02	Áspargus niðursoðinn eða niðurlagður	*60%
	09	Annað	100%
20.03	00	Ávextir frystir, með sykri	100%
20.04	00	Ávextir, ávaxtahýði og plöntuhlutar varið skemmdum með sykri (húðað, gljásykrað eða sykrað á annan hátt)	100%
20.05	00	Aldinsulta, aldinhlauþ, aldinmawk, ávaxtapulpa og ávaxtadeig, soðið, einnig með sykri	70%
20.06		Ávextir, niðursoðnir eða tilreiddir á annan hátt, einnig með sykri eða vínanda:	
	01	Pulpa ósykrað, í 50 kg umbúðum eða stærri	40%
	09	Aðrir	*50%
20.07		Ávaxta- og grænmetissafi (þar með drúfusafi), ógerjaður, einnig með sykri, en án vínanda:	
	01	Ávaxta- og grænmetissafi, ógerjaður og ósykraður, í 50 kg umbúðum og stærri	40%
	09	Annar	*50%

21. kafli.

Ýmsar fæðutegundir.

Athugasemdir:

1. Til þessa kafla telst ekki:
 - a. Blandað grænmeti, sem telst til nr. 07.04.
 - b. Brennt kaffilíki, sem inniheldur kaffi að meira eða minna leyti (nr. 09.01).
 - c. Krydd og aðrar vörur, sem teljast til nr. 09.04—09.10.
 - d. Ger, sem framleitt er sem lyf (nr. 30.03).
2. Extraktar úr kaffilíki því, sem um getur í b-lið 1. athugasemdar hér á undan, teljast til nr. 21.02.

21.01	00	Brenndar síkoriurætur og annað brennt kaffilíki; ekstraktar, kjarnar (essensar) og seyði úr þessum vörum	70%
21.02		Extraktar, kjarnar og seyði úr kaffi, tei eða maté; einnig vörur framleiddar úr þessum efnum:	
	10	Kaffiextraktar, kaffikjarnar, kaffiseyði og vörur úr þessum efnum	70%
	20	Extraktar, kjarnar og seyði úr tei eða maté og vörur úr þessum efnum	70%
21.03	00	Sinnepsmjöl og lagað sinnep	100%
21.04	00	Kryddsósur og önnur tilreidd bragðbættiefni	100%
21.05	00	Súpur og súputeningar, fljótandi, í föstu formi eða sem duft	100%
21.06		Náttúrulegt ger, þar með talið þurrger; tilreitt bökunarduft:	
	01	Ger, lifandi eða dautt	80%
	02	Bökunarduft tilreitt	100%
21.07		Aðrar fæðutegundir, ót. a.:	
	01	Áfengislaus efni (konsentreraðir essensar) til framleiðslu á drykkjarkjörum	40%
	02	Búðingsduft	100%
	03	Neyðarmatvæli, enda beri umbúðir varanna með sér hina sérstöku notkun þeirra	20%
	04	Fæðutegundir sérstaklega gerðar fyrir sykursjúka, enda beri umbúðir varanna með sér hina sérstöku notkun þeirra	50%
	05	Hálftilreidd kornvara	50%
	06	Maís niðursoðinn eða niðurlagður	*60%
	09	Annars	100%

22. kafli.

Drykkjarvörur, etanól (etylalkóhól) og edik.

Athugasemdir:

- Til þessa kafla telst ekki:
 - Sjór (nr. 25.01).
 - Eimað vatn og annað vatn af sams konar eða meiri hreinleika (nr. 28.58).
 - Ediksýra með meira en 10% sýrustyrkleika miðað við þunga (nr. 29.14).
 - Lyfjavörur (nr. 30.03).
 - Ilmvörur, snyrti- og hreinlætisvörur (33. kafli).
- Etanólstyrkleiki nefndur í nr. 22.08 og 22.09 er miðaður við Gay-Lussac's alkóhól-mæli við 15° hita á Celcius.

22.01		Vatn, ölkelduvatn og vatn með kolsýru; ís og snjór:	
	01	Ölkelduvatn og annað vatn með kolsýru	100%
	09	Annað	0
22.02	00	Límonaði, gosdrykkir, einnig með bragðefnum, og aðrar óáfengar drykkjarvörur, þó ekki ávaxta- og grænmetissafi, er telst til nr. 20.07	100%
22.03	00	Öl gert úr malti	100%
22.04	00	Drúfusafi í gerjun og drúfusafi, sem í er stöðvuð gerjun með öðru en etanóli	100%
22.05		Vín úr nýjum drúfum og drúfusafi, sem í er stöðvuð gerjun með etanóli:	
	01	Freyðivín	20%
	02	Hvítvín annað en rínarvín	20%
	03	Rauðvín	20%
	04	Rínarvín	20%
	05	Sherry	20%
	09	Önnur	20%

22.06	00	Vermút og annað vín úr nýjum drúfum, með bragðefnum	20%
22.07	00	Aðrar gerjaðar drykkjarvörur, t. d. eplavín, peruvín og mjöður (hunnagsvín)	20%
22.08		Etanól (etylalkóhól) ómengað, með 80% etanólmagni eða meira að rúmmáli; mengað etanól sérhvers styrkleika:	
	01	Etanól ómengað, með 80% etanólmagni eða meira að rúmmáli ..	100%
	02	Etanól mengað, sérhvers styrkleika	30%
22.09		Etanól ómengað, með minna en 80% etanólmagni að rúmmáli; brennivín og aðrir áfengir drykkir; sprittblöndur með bragðbætandi efnum til framleiðslu á drykkjarvörum:	
	01	Etanól ómengað, með minna en 80% etanólmagni að rúmmáli	100%
	02	Brennivín	20%
	03	Genever	20%
	04	Gin	20%
	05	Koníak	20%
	06	Vodka	20%
	07	Whisky	20%
	08	Sprittblöndur með bragðbætandi efnum til framleiðslu á drykkjarvörum	20%
	09	Annað	20%
22.10	00	Edik og edikslíki	90%

23. kafli.

Úrgangsefni frá matvælaframleiðslu; tilreitt skepnufóður.

23.01	00	Mjöl og duft úr kjöti, sláturúrgangi, fiski, krabbadýrum og lindýrum, óhæft til mannelis; hamsar	35%
23.02	00	Klíð og annað úrgangsefni, sem fellur til við mölun, sáldun eða aðra vinnslu korns eða belgávaxta	0
23.03	00	Sykurmelassi og annar úrgangur, sem fellur til við framleiðslu á sykri; hrat og önnur úrgangsefni frá öl- og áfengisgerð; úrgangsefni frá sterkjugerð og önnur áþekk úrgangsefni	0
23.04	00	Olíukökur og aðrar leifar, sem falla til við framleiðslu á feiti og feitum sýrum úr jurtaríkinu (þó ekki leifar frá olíuhreinsun)	0
23.05	00	Vindreggjar, óhreinsaður vínsteinn	0
23.06	00	Jurtaefni hæf til skepnufóðurs, ót. a.	0
23.07	00	Skepnufóður blandað sykri eða melassa og annað tilreitt skepnufóður	0

24. kafli.

Tóbak.

24.01	00	Tóbak óunnið; tóbaksúrgangur	30%
24.02		Tóbak unnið; tóbakssósa og tóbaksextrakt:	
	10	Vindlar þ. á m. smávindlar	35%
	20	Vindlingar	50%
		Annað unnið tóbak:	
	31	Reyktóbak	35%
	39	Annars	35%

V. flokkur.

Jarðefni (mínerölsk efni).

25. kafli.

Salt; brennisteinn; mold og steintegundir; gips, kalk og sement.

Athugasemdir:

1. Sé ekki annað tekið fram, teljast til þessa kafla aðeins óunnar vörur eða vörur, sem eru þvegnar (einnig með kemiskum efnum til þess að ná burtu óhreinindum, þó þannig að vörurnar breyti ekki eðli sínu), muldar, malaðar, í duftformi, rifnar, sáldaðar eða hreinsaðar með fleytingu (flotation), með segulafli eða með öðrum mekanískum eða fysískum aðferðum (þó ekki umkrystöllum), en ekki brenndar eða meðfarnar á annan hátt en tilgreint er í hinum einstöku númerum.
2. Til kaflans telst ekki:
 - a. Brennisteinn, þurreimdur (sublimed), felldur eða hlaupkenndur (colloidal) (nr. 28.02).
 - b. Járnoxýd-jarðlitir, sem innihalda járn sambönd að jafngildi minnst 70% miðað við þunga af Fe_2O_3 (nr. 28.23).
 - c. Lyfjavörur (30. kafli).
 - d. Ilmvörur, snyrti- og hreinlætisvörur (nr. 33.06).
 - e. Steinar og hellur til götu- og gangstéttagerðar (nr. 68.01), byggingarsteinar og teningar til mósaikgerðar (nr. 68.02) og þakhellur og aðrar þess konar hellur til bygginga (nr. 68.03).
 - f. Eðalsteinar og hálfedalsteinar (nr. 71.02).
 - g. Tilbúnir natriumklórídkrystallar (þó ekki optískar vörur) $2\frac{1}{2}$ g að þyngd eða meira hver einstakur krystall (nr. 38.19) og optískar vörur úr natriumklórídi (nr. 90.01).
 - h. Skrif- og teiknikrít (nr. 98.05).

25.01	Matarsalt (steinsalt, salt unnið úr sjó og borðsalt), hreint natriumklóríd, saltupplausnir og sjór:	
01	Matarsalt (steinsalt, salt unnið úr sjó og borðsalt) í smásöluumbúðum 5 kg eða minna	5%
02	Fóðursalt	0
09	Annað	1000 kg 1 kr
25.02	00 Brennisteinskís, ekki brenndur	20%
25.03	00 Brennisteinn hvers konar, þó ekki þurreimdur (sublimed), felldur eða hlaupkenndur (colloidal)	20%
25.04	00 Náttúrlegt grafit	35%
25.05	00 Náttúrlegur sandur hvers konar, einnig litaður, þó ekki málsandur, sem telst til nr. 26.01	30%
25.06	00 Kvarz (þó ekki náttúrlegur sandur); kvarzítsteinn, einnig í söguðum eða tilhöggnum stykkjum, en ekki slípaður eða frekar unninn	35%
25.07	00 Leir (t. d. kaólín og bentonít), andalúsít, cyanít og sillímanít, einnig brennt (þó ekki þaninn leir, sem telst til nr. 68.07); múllít; chamotteleir og dínasleir	30%
25.08	00 Krít	35%
25.09	00 Jarðlitir, einnig brenndir eða blandaðir innbyrðis; náttúrlegur járngljásteinn	35%

25.10	Náttúrleg kalsíum- og kalsíumalúminífosföt, apatít og kalsíumfosfatrík krit:	
01	Til áburðar, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	0
09	Annað	35%
25.11	Náttúrlegt baríumsúlfat (þungspat), náttúrlegt baríumkarbónat (witherít), einnig brennt (þó ekki baríumoxýd)	35%
25.12	Kísilsalli og önnur þess konar kísílsýrurík jarðefni (t. d. kísilgúr, infúsóríujörð, diatómjörð) með rúmþyngd 1 eða minna, einnig brennt	35%
25.13	Vikur (pimpsteinn), smergill, náttúrlegt kórund og önnur náttúrleg slípefni	35%
25.14	Flögusteinn, einnig í söguðum og tilhöggnum stykkjum, en ekki slípaður eða frekar unninn	35%
25.15	Marmari, travertín og annar kalksteinn til höggmyndagerðar eða bygginga, sem hefur rúmþyngd 2,5 eða meira, og alabastur, einnig í söguðum eða tilhöggnum stykkjum, en ekki slípað eða frekar unnið	35%
25.16	Granít, porfyr, basalt, sandsteinn og steinn til höggmyndagerðar eða bygginga, einnig í söguðum eða tilhöggnum stykkjum, en ekki slípað eða frekar unnið	35%
25.17	Tinna, mulinn steinn, asfalhúðaður mulningur, smásteinar og möl til vega- og járnbrautarlagningar eða í steinsteypu, korn og önnur smástykki og duft þeirra steintegunda, sem teljast til nr. 25.15 eða 25.16 ...	35%
25.18	Dólómít, einnig brennt, og dólómít í söguðum eða tilhöggnum stykkjum, en ekki slípað eða frekar unnið; samrunnið dólómít (þar með tjöruborið dólómít)	35%
25.19	Náttúrlegt magnesíumkarbónat (magnesít), einnig brennt (þó ekki magnesíumoxýd)	35%
25.20	Gips, anhydrit, brennt gips, einnig litað eða lítills háttar bætt mykingar efnum (þó ekki gips til tannlækninga):	
01	Gips óunnið, einnig malað	20%
09	Annað	35%
25.21	Kalksteinn, sem ætlaður er til framleiðslu á kalki, sementi eða við málmvinnslu	35%
25.22	Brennt kalk, leskjað kalk og hydrólískt kalk (þó ekki kalsíumoxýd og kalsíumhydroxyd)	35%
25.23	Portlandsement, alúmínatsement, slaggsament, og annað hydrólískt sement, einnig litað eða sem sementsgjall	20%
25.24	Asbest	35%
25.25	Merskúm (einnig í slípuðum stykkjum) og raf; plötur, stengur o. þ. h., sem er gert úr samanlímdu en ekki frekar unnu merskúmi eða rafi; harðkol (jet)	35%
25.26	Gljásteinn (glimmer) (þar með talin glimmerblöð), gljásteinsúrgangur ..	35%
25.27	Náttúrlegt steatít, einnig í söguðum eða tilhöggnum stykkjum, en ekki slípað eða frekar unnið; talk (talksteinn)	35%
25.28	Náttúrlegt krýólít og náttúrlegt chiolít	35%
25.29	Náttúrleg arsensúlfíd	35%
25.30	Óhreinsuð, náttúrleg bóröt og efni unnin úr þeim, einnig brennd, þó ekki bóröt unnin úr saltupplausnum, sem fyrir eru í náttúrunni; óhreinsuð náttúrleg bórsýra, sem í er 85% eða minna af bórsýru (H₃BO₃) miðað við þurrefnið	35%
25.31	Feldspat, leucit, nefelín og nefelsyenít; flússpat	35%
25.32	Jarðefni, ót. a.; brotín leirvara	35%

26. kafli.

Málmgrýti, gjall og aska.

Athugasemdir:

1. Til þessa kafla telst ekki:
 - a. Náttúrulegt magnesíumkarbónat (magnesít), einnig brennt (nr. 25.19).
 - b. Tómasgjall (nr. 31.03).
 - c. Gjallull, steinull og önnur þess háttar ull úr jarðefnum (nr. 68.07).
 - d. Vörur, sem teljast til nr. 71.11, þar með talin úrgangur, afklippur og aska, sem fellur til við gull- og silfursmiði.
 - e. Kopar-, nikkil- og kóbaltgrýti, sem fellur til við málmframleiðslu (XV. flokkur).
2. Orðið *málmgrýti* í nr. 26.01 tekur til jarðefna, sem aðallega eru notuð og hæf í málmíðnaði til vinnslu á málmum, sem teljast til XIV. eða XV. flokks, eða til vinnslu á kvikasilfri, og einnig þótt þau séu í einstökum tilvikum ætluð til annars. Nr. 26.01 tekur hins vegar ekki til jarðefna, sem hafa sætt óvenjulegri meðferð fyrir málmgrýti, sem ætlað er til málmíðnaðar. Málmgrýti telst þó til nr. 26.01, þótt það hafi verið malað, brennt, þvegið, fleytt eða hreinsað á annan svipaðan hátt, enda sé það aðallega notað til framleiðslu á málmum og málmsamböndum.
3. Nr. 26.03 tekur aðeins til ösku og úrgangs, sem notað er til málmvinnslu eða til framleiðslu á kemiskum málmsamböndum.

26.01	Málmgrýti, einnig hreinsað, og brennt brennisteinskís (pyrít) og önnur náttúruleg járn-súlfid:	
81	<i>Járngrýti (þó ekki brennt brennisteinskís)</i>	20%
82	<i>Brennisteinskís</i>	20%
83	<i>Kopargrýti</i>	20%
84	<i>Nikkilgrýti</i>	20%
85	<i>Alúmíngrýti (bauxite)</i>	20%
86	<i>Blýgrýti</i>	20%
87	<i>Zinkgrýti</i>	20%
88	<i>Tingrýti</i>	20%
89	<i>Mangangrýti</i>	20%
91	<i>Krómgrýti</i>	20%
92	<i>Wolframgrýti</i>	20%
93	<i>Títan-, vanadín-, molybden-, tantal- og zirkongrýti</i>	20%
94	<i>Málmgrýti annað en það, er telst til nr. 26.01.81-26.01.93 og nr. 26.01.96.</i>	20%
95	<i>Jarðefnasambönd silfurs, platínu og annarra platínúmálma</i>	20%
96	<i>Úraníum- og thóríum-grýti</i>	20%
97	<i>Gull náttúrulegt, óhreinsað</i>	20%
26.02	00 Gjall, sindur og annar úrgangur frá járn- eða stálframleiðslu	20%
26.03	00 Aska og annar úrgangur (þó ekki frá járn- eða stálframleiðslu), sem málmur er í eða málmsambönd	20%
26.04	00 Annað gjall og aska, ót. a. (þar með talin þangaska)	20%

27. kafli.

Eldsneyti úr steinaríkinu, jarðolíur og efni eimd úr þeim;
tjöruefni; jarðvax.

Athugasemdir:

1. Til þessa kafla telst ekki:
 - a. Aðgreind, kemiskt skýrgreind lífræn efnasambönd (29. kafli).
 - b. Lyfjavörur (nr. 30.03).
2. Nr. 27.07 tekur — auk þeirra efna, sem framleidd eru með eimingu háhitaðrar koltjöru — einnig til slíkra efna, sem framleidd eru með eimingu lághitaðrar koltjöru eða annarrar jarðtjöru, með vinnslu á jarðolíu eða hvers konar annarri aðferð, ef þungi arómatísku efnishlutanna er meiri en þungi hinna, sem ekki eru arómatískir.
3. Sem jarðolía eða skífuolía (nr. 27.10) teljast einnig aðrar áþekkar olíur án tillits til þess, hvornig þær eru framleiddar, ef þungi arómatískra efnasambanda er minni en annarra efnasambanda samantalinna.
4. Til nr. 27.13 teljast ekki aðeins þær vaxtegundir, sem þar eru nefndar, heldur einnig tilsvarendi vörur framleiddar með samsetningu eða á annan hátt.

27.01	Steinkol, steinkolatöflur og annað fast eldsneyti unnið úr kolum:		
10	Steinkol	1000 kg	2 kr.
20	Steinkolatöflur og annað fast eldsneyti unnið úr kolum (þó ekki steinkol)	1000 kg	2 kr.
27.02	00 Brúnkol og brúnkolatöflur	1000 kg	2 kr.
27.03	00 Mór, mótöflur og mómysla	1000 kg	2 kr.
27.04	00 Koks og hálfkoks úr steinkolum, brúnkolum eða mó	1000 kg	2 kr.
27.05	00 Gaskoks	1000 kg	2 kr.
27.06	Olíur og önnur efni framleidd með eimingu úr háhitaðri koltjöru, aðrar olíur og efni, sem nefnt er í 2. athugasemd við þennan kafla		30%
	01 Netjatjara o. þ. h. til netjagerðar, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins		2%
	09 Önnur		35%
27.07	00 Olíur og önnur efni framleidd með eimingu úr háhitaðri koltjöru, aðrar olíur og efni, sem nefnt er í 2. athugasemd við þennan kafla		30%
27.08	Koltjörubik og annað bik, unnið úr koltjöru eða annarri jarðtjöru:		
10	Koltjörubik og annað jarðtjörubik		35%
20	Bikkoks		35%
27.09	00 Jarðolía og skífuolía, óhreinsaðar	100 kg	35 au.
27.10	Jarð- eða skífuolíur hreinsaðar (þar með taldar vörur ótaldar annars staðar, sem í er minnst 70% af jarð- eða steinolíu miðað við þunga, ef þessar olíur eru einkennandi fyrir vörurnar):		
10	Jarðolía hreinsuð að nokkru, þar með talið „topped crude“	100 kg	35 au.
	Benzín:		
21	Flugvélabenzín		15%
29	Annað benzín		50%
	Ljósasteinolía (þar með talið þotueldsneyti) og lakkbenzín:		
31	Steinolía hreinsuð til ljósa (ljósasteinolía, kerósín)		15%
32	Potueldsneyti (jet fuel)		15%
33	Lakkbenzín (white spirit)		30%
39	Annað		30%

40	<i>Gasóla (distillate fuel)</i>	100 kg	35 au.
50	<i>Brennsluóla (residual fuel oil)</i>	100 kg	35 au.
60	<i>Smurningsóla og smurfeiti</i>		2%
	<i>Aðrar:</i>		
71	Íburðarefni í veiðarfæri		2%
71	Ryðvarnarefni og ryðóla		35%
79	Annars		15%
27.11	Petróleumgas og önnur loftkennd kolvatnsefnissambönd:		
01	Gas til eldsneytis og lýsingar		2%
09	Annað		35%
27.12	00 Vaselín		35%
27.13	00 Parafín, smákrystalað vax, mÓvax, Ósókerít, ceresín, montanvax og aðrar vaxtegundir af mínerölskum uppruna, einnig litað		30%
27.14	Jarðolíubítúmen, jarðolíukoks og önnur úrgangsefni frá jarðolíu- og skífúolíuvinnslu:		
10	<i>Jarðolíukoks</i>		35%
20	<i>Annað</i>		35%
27.15	00 Bítúmen og asfalt, náttúrulegt, bítúmenskífa, asfaltsteinn og tjörusandur		35%
27.16	00 Bítúmenblöndur að meginstofni úr náttúrulegu asfalti, náttúrulegu bítúmeni, jarðolíubítúmeni, jarðtjöru eða jarðtjörubiki (t. d. asfaltmastix og „cut backs“)		35%
27.17	00 Rafmagn		2%

VI. flokkur.

Kemísk og önnur svipuð framleiðsla.

Athugasemdir:

1. a. Vörur (aðrar en geislavirkt málmgrýti), sem svara til skýrgreininganna við nr. 28.50 eða 28.51, skulu teljast til þessara númera og einskis annars númers tollskrárinnar.
- b. Vörur, sem svara til skýrgreininganna við nr. 28.49 eða 28.52, skulu teljast til þessara númera og einskis annars númers tollskrárinnar, þó með þeim takmörkunum, sem leiða af ákvörðunum fyrri málsgreinar (a).
2. Vörur, sem svara til skýrgreininganna við nr. 30.03, 30.04, 30.05, 32.09, 33.06, 35.06, 37.08 eða 38.11, skulu teljast til þessara númera og einskis annars númers tollskrárinnar, enda séu þær í skömmtum eða smásöluumbúðum, þó með takmörkunum þeim, sem leiðir af fyrri tölulið (1).

28. kafli.

Ólífræn kemísk efni, lífræn og ólífræn sambönd góðmálma, sjaldgæfra jarðalkalímálma, geislavirkra frumefna og ísótópa.

Athugasemdir:

1. Sé ekki annars getið í skýrgreiningum hinna einstöku tollskrárnúmera þessa kafla, tekur hann einungis til þeirra efna, er hér skulu talin:
 - a. Aðgreind, kemísk frumefni og skýrgreind kemísk sambönd, einnig þótt þau séu blönduð óhreinindum.
 - b. Vatnsupplausnir þeirra efna, sem nefnd eru hér að ofan í a-lið.

- c. Aðrar upplausnir þeirra efna, sem nefnd eru hér að ofan í a-lið, enda sé það vanalegt og nauðsynlegt að hafa efni þessi í uppleystu formi af öryggisástæðum eða sökum flutningahæfni og upplausnarefnið geri efnið sjálf ekki hæfara til notkunar í sérstöku skyni en hinna algengu nota.
- d. Efni þau, sem nefnd eru í a-, b- og c-lið hér að ofan og blönduð hafa verið efnum nauðsynlegum til að halda þeim í óbreyttu ástandi í geymslu eða í flutningi.
2. Auk dithionita (hydrósúlfit), sem haldið er í óbreyttu ástandi með lifrænum efnum, og súlfoxylata (nr. 28.36), karbónata og perkarbónata ólifrænna basa (nr. 28.42), einfaldra eða komplexra cyanída ólifrænna basa (nr. 28.43), fúlminata og cyanata ólifrænna basa (nr. 28.44), lifrænna efna, sem teljast til nr. 28.49—28.52 og karbida málmleysingja og málma (nr. 28.56), teljast enn fremur eftirtalin kolefnasambönd til þessa kafla:
- Oxyd kolefnis, blásýra og cyanósýrur (nr. 28.13).
 - Kolefnisoxýdhalógeníd (nr. 28.14).
 - Brennisteinskolefni (nr. 28.15).
 - Karbónýlsúlfid, thiókarbónýlhalógeníd, dícyan, cyanhalógeníd ásamt cyanamidi og málmderivötum þess (nr. 28.58), þó að undanskildu kalsíumcyanamidi, sem inniheldur ekki yfir 25% köfnunarefni að þunga miðað við þurrefni (31. kafli).
3. Til þessa kafla telst ekki:
- Natríumklóríd og önnur steinefni, sem teljast til V. flokks tollskrárinnar.
 - Framleiðsla, sem heyrir jafnt hinni ólifrænu sem lifrænu kemíu til, enda sé hún ekki talin upp í 2. tölulið hér að ofan.
 - Vörur, sem nefndar eru í athugasemd 1, 2, 3 eða 4 við 31. kafla.
 - Ólifræn efni, sem notuð eru í ljósnæma liti (nr. 32.07).
 - Gervigrafít (nr. 38.01), eldslökkvandi efni í hylkjum fyrir slökkvitæki eða annars konar hylkjum til notkunar í sama skyni í nr. 38.17, blekeyðandi efni í smásölu-umbúðum í nr. 38.19, tilbúnir krystallar (þó ekki til ljóstækniáhalda) úr magnesíumoxydi eða úr halógenídum alkali- eða jarðalkalímálma, enda vegi hver krystall a. m. k. $2\frac{1}{2}$ g (nr. 38.19).
 - Eðalsteinar eða hálfedalsteinar (náttúrlegir, tilbúnir eða endurgerðir) eða mylsna eða duft slíkra steina (nr. 71.02—71.04) og góðmálmur í 71. kafla.
 - Málmur, sem falla undir eitthvert númer XV. flokks, einnig þótt um kemískt hreinan málm sé að ræða.
 - Efni til ljóstækniáhalda, t. d. úr magnesíumoxydi eða úr halógenídum alkali-málma eða jarðalkalímálma (nr. 90.01).
4. Kemískt skýrgreindar komplexar sýrur myndaðar úr málmleysingjum, er teljast til undirkafla II, og sýrur myndaðar úr málmum, er teljast til undirkafla IV, skulu teljast til nr. 28.13.
5. Til nr. 28.29—28.48 teljast einungis sölt og peroxysölt málma og ammóníums.
6. Til nr. 28.50 telst einungis:
- Eftirtalin kljúfanleg kemisk frumefni og ísótópar: náttúrlegt úraníum og úraníum-ísótópar 233 og 235, plútoníum og plútoníumisótópar.
 - Eftirtalin geislavirk kemisk frumefni: technetíum, prómethíum, póloníum, astatine, radon, francíum, radíum, actíníum, protactíníum, neptúníum, americíum, og önnur kemisk frumefni með hærra atómnúmeri.
 - Allir aðrir geislavirkir ísótópar, náttúrlegir eða tilbúnir, þar á meðal ísótópar góðmálma og annarra málma, er teljast til XIV. og XV. flokks.
 - Ólifræn og lifræn sambönd þessara frumefna eða ísótópa, hvort sem þau eru kemískt skýrgreind eða ekki og blönduð eða ekki.
 - Legeringar (aðrar en ferró-úraníum), jafnblöndur og „cermets“, sem innihalda eitthvert þessara frumefna eða ísótópa eða ólifræn eða lifræn sambönd þeirra.
 - Hylki gerð geislavirk í kjarnakljúfa, lítt geislandi eða nýgeisluð.

Hugtakið *ísótópar*, sem notað er hér að ofan og í skýrgreiningu á nr. 28.50 og 28.51, felur einnig í sér efni með auknu innihaldi ísótópa, en hvorki kemisk frumefni, sem finnast í náttúrunni sem hreinir ísótópar, né úraníum breytt í U 235.

7. Fosfórjárn (ferrifosfid), sem inniheldur 15% eða meira af fosfór, miðað við þunga, einnig fosfórkopar (koparfosfid), sem inniheldur yfir 8% af fosfór, miðað við þunga, telst til nr. 28.55.

I. Kemísk frumefni.

28.01	Halógen (flúor, klór, bróm og jöð):	
10	<i>Klór</i>	35%
20	<i>Annað</i>	35%
28.02	Brennisteinn, þurreimdur (sublimed), eða felldur; hlaupkenndur (colloidal) brennisteinn	35%
28.03	00 Kolefni (t. d. sót, antracensvart og acetylensvart)	35%
28.04	Vatnsefni, eðalgös og aðrir málmleysingjar:	
10	<i>Súrefni</i>	35%
20	<i>Köfnunarefni</i>	35%
30	<i>Vatnsefni og eðalgös</i>	35%
40	<i>Annað</i>	35%
28.05	Alkali-, jarðalkalí- og sjaldgæfir jarðalkalímálmur (þ. á m. yttríum og scandium), kvikasilfur:	
10	<i>Kvikasilfur</i>	35%
20	<i>Annað</i>	35%

II. Ólífrænar sýrur og oxyd málmleysingja.

28.06	00 Saltsýra og klórsúlfónsýra	35%
28.07	00 Brennisteinsdíoxyd	35%
28.08	00 Brennisteinssýra, oleum	20%
28.09	00 Saltpéturssýra, nítreringssýra	35%
28.10	00 Fosfórpentoxyd og fosfórsýra (meta-, ortó- og pyró-)	35%
28.11	00 Arsentríoxyd, arsenpentoxyd og arsensýrur	35%
28.12	00 Bóroxyd og bórsýra	35%
28.13	Aðrar ólífrænar sýrur og önnur súrefnissambönd málmleysingja (þó ekki vatn):	
01	<i>Kolsýra (koldíoxyd)</i>	35%
09	<i>Annars</i>	35%

III. Halógen- og brennisteinssambönd málmleysingja.

28.14	00 Halógeníd og oxyhalógeníd málmleysingja	35%
28.15	00 Súlfíd málmleysingja (þ. á m. fosfórtítrisúlfíd)	35%

IV. Ólífrænir basar og oxyd, hydroxyd og peroxyd málma.

28.16	00 Ammóníak, vatnssnautt eða í upplausn	35%
28.17	Natríumhydroxyd, kalíumhydroxyd, peroxyd natríums og kalíums:	
10	<i>Vítissóði (natríumhydroxyd)</i>	20%
	<i>Kalíumhydroxyd, peroxyd natríums og kalíums:</i>	
21	<i>Kalíumhydroxyd</i>	20%
29	<i>Peroxyd natríums og kalíums</i>	35%
28.18	00 Oxyd, hydroxyd og peroxyd magnesíums, strontíums og baríums	35%
28.19	00 Zinkoxyd og zinkperoxyd	35%

28.20	Alúmínóxyd og alúmínhydroxyd, tilbúið kórundum:	
10	<i>Alúmínóxyd og alúmínhydroxyd</i>	35%
20	<i>Tilbúið kórundum</i>	35%
28.21	00 Krómóxyd og krómhydroxyd	35%
28.22	00 Manganóxyd	35%
28.23	00 Járnóxyd og járnhydroxyd, þar með talinn leirlitur, enda innihaldi hann járn sambönd, sem nema 70% eða meira miðað við þunga, reiknað sem Fe₂O₃	35%
28.24	00 Kóbaltóxyd og kóbalthydroxyd	35%
28.25	00 Títanóxyd	25%
28.26	00 Tínoxýd (stannóxyd og stanníoxýd)	35%
28.27	00 Blýóxyd	35%
28.28	00 Aðrir ólífrænir basar, óxyd, hydroxyd og peroxyd málma (þar með talið hydrazín og hydroxylamín og ólífræn sölt þeirra)	35%
V. Málmsölt og málmperoxysölt ólífrænna sýrna.		
28.29	00 Flúóríd, silikófluóríd, flúórbóröt og önnur flúórsölt	35%
28.30	Klóríd og oxyklóríd:	
01	<i>Kalsíumklóríd</i>	20%
09	<i>Annað</i>	30%
28.31	00 Klórit og hypóklórit	35%
28.32	00 Klóröt og perkloröt	35%
28.33	00 Brómíd, oxybrómíd, brómöt, perbrómöt og hypóbrómít	35%
28.34	00 Jódíd, oxyjódíd, jódöt og perjódöt	35%
28.35	00 Súlfíd, þar með talin pólýsúlfíd	35%
28.36	00 Díthíonít, einnig þótt þau séu blönduð lífrænum efnum til að halda þeim í óbreyttu ástandi, enn fremur súlfoxylöt	35%
28.37	00 Súlfít og thíosúlföt	35%
28.38	00 Súlföt (þ. á m. álún) og persúlföt	35%
28.39	Nítrít og nítröt:	
01	<i>Natríum nítrít</i>	15%
09	<i>Annað</i>	35%
28.40	00 Fosfít, hypófosfít og fosföt	35%
28.41	00 Arsenít og arsenöt	35%
28.42	Karbónöt og perkarbónöt (þar með talið ammóníumkarbónat, sem inniheldur ammóníumkarbamát):	
10	<i>Natríumkarbónat (sóði)</i>	20%
20	<i>Önnur</i>	35%
28.43	00 Cyaníd og cyanósölt	35%
28.44	00 Fúlminöt og cyanöt	35%
28.45	00 Síliköt, þar með talið venjulegt natríumkalfúmsílikat	35%
28.46	00 Bóröt og perbóröt	35%
28.47	00 Sölt málmsýrna (t. d. krómöt, permanganöt, stannöt)	35%
28.48	00 Önnur málmsölt og málmperoxysölt ólífrænna sýrna, þó ekki azíd	35%
VI. Ýmislegt.		
28.49	00 Hlaupkenndir góðmálmur, amalgöm góðmálma, ólífræn eða lífræn sölt og önnur sambönd góðmálma, þar með talin albúmínöt, próteínöt, tannöt og önnur sams konar sambönd, einnig þótt samböndin séu ekki kemískt skýrgreind	35%
28.50	00 Kljufanleg kemísk frumefni og ísótópar, önnur geislavirk kemísk frumefni og geislavirkir ísótópar, ólífræn eða lífræn sambönd þessara frumefna og ísótópa, einnig þótt samböndin séu ekki kemískt skýrgreind; legeringar, jafnblöndur og „cermets“, sem innihalda eitthvert af þessum frumefnum, ísótópum eða samböndum	35%

28.51	00	Ísótópar og ólífræn eða lífræn sambönd þeirra, einnig þótt samböndin séu ekki kemískt skýrgreind, enda teljist ísótóparnir og samböndin ekki til nr. 28.50	35%
28.52	00	Sölt og önnur ólífræn eða lífræn sambönd thóríums, úraníums eða sjaldgæfra jarðalkalímálma (þar með talið yttríum og scandium) og blöndur þessara salta og sambanda	35%
28.53	00	Fljótandi andrúmsloft	35%
28.54	00	Vatnsefnisperoxyd	35%
28.55	00	Fosfid	35%
28.56		Karbíd (t. d. kísilkarbíd, bórkarbíd, málmkarbíd):	
	10	<i>Kalsíumkarbíd</i>	35%
	20	<i>Annað</i>	35%
28.57	00	Hydríd, nítríd, azíd, silíeíd og bórid	35%
28.58	00	Önnur ólífræn sambönd (þ. á m. eimað vatn og annað vatn af sams konar eða meiri hreinleika, einnig amalögöm önnur en góðmálmaamalögöm) ...	35%

29. kafli.

Lífræn kemísk efni.

Athugasemdir:

1. Sé ekki annars getið í skýrgreiningum hinna einstöku tollskrárnúmera þessa kafla, tekur hann einungis til þeirra efna, er hér skulu talin:
 - a. Aðgreind, kemískt skýrgreind lífræn sambönd, einnig þótt þau innihaldi óhreinindi.
 - b. Blöndur af tveim eða fleiri jafnhlutaefnum (isomers) hins sama lífræna sambands, einnig þótt þau séu blönduð óhreinindum.
 - c. Efni í nr. 29.38—29.42 eða 29.43 og 29.44, einnig þótt þau séu ekki kemískt skýrgreind.
 - d. Efni þau, sem nefnd eru í a-, b- eða c-lið hér að ofan, uppleyst í vatni.
 - e. Efni þau, sem nefnd eru í a-, b- eða c-lið hér að ofan, leyst upp í öðru upplausnarefni en vatni, enda sé það vanalegt og nauðsynlegt að hafa efni þessi í uppleystu formi af öryggisástæðum eða sökum flutningshæfni og upplausnarefnið geri efnið sjálft ekki hæfara til notkunar í sérstöku skyni en hinna algengu nota.
 - f. Efni þau, sem nefnd eru í a-, b-, c-, d- eða e-lið hér að ofan og blönduð hafa verið efnum nauðsynlegum til að halda þeim í óbreyttu ástandi í geymslu eða flutningi.
 - g. Diazóníumsölt afmælds styrkleika, arylíð afmælds styrkleika til notkunar til tengingar við fyrrnefndu söltin, enn fremur fastir basar afmælds styrkleika í azólítar-efni.
2. Til þessa kafla telst ekki:
 - a. Vörur, sem teljast til nr. 15.04 eða glyseról (nr. 15.11).
 - b. Etanól (nr. 22.08 eða 22.09).
 - c. Efni fengin með eimingu á kolum, jarðtjöru, jarðolíu eða skifuolíu og önnur efni, sem teljast til 27. kafla.
 - d. Kolefnissambönd nefnd í athugasemd 2 við 28. kafla.
 - e. Þvagefni (urea), sem inniheldur ekki meira en 45% af köfnunarefni miðað við þunga og þurrefni (31. kafli).
 - f. Litunarefni úr jurta- eða dýraríkinu (nr. 32.04), tilbúin lífræn litarefni (þar með taldir pigmentlitir), tilbúin lífrænir ljósnæmir litir, bleikjandi lífræn efni, er festast við trefjarnar, og náttúrulegt indígó (nr. 32.05) og litir mótaðir til smásölu eða í smásöluumbúðum (nr. 32.09).
 - g. Metaldehyd, hexametylentetramín og önnur sams konar efni mótuð sem töflur, stengur eða annað þess konar til notkunar sem eldsneyti og fljótandi eldsneyti til notkunar í kveikjara í hylkjum, sem ekki taka meira en 300 cm³ (nr. 36.08).

- h. Eldslökkvandi efni í hylkjum fyrir slökkvitæki eða annars konar hylkjum til notkunar í sama skyni í nr. 38.17, blekeyðandi efni í smásöluumbúðum í nr. 38.19.
- i. Efni til ljóstækniáhalda, t. d. etylendiamíntartrat (nr. 90.01).
3. Vörur, sem flokka má í tvö eða fleiri númer þessa kafla, skulu taldar til hins síðasta þessara númera.
4. Til nr. 29.03—29.05, 29.07—29.10 og 29.12—29.21 telst, auk halógen-, sulfó-, nitró- og nitrósóderivata, einnig derivatar hvers konar tengsla innbyrðis, milli þessara substitúenta.
- Nitró- og nitrósósubstitúentar skoðast ekki sem köfnunarefnissambönd í skýrgreiningu tollskrárnúmers 29.30.
5. a. Esterar myndaðir úr lífrænum sýrum, er teljast til kafla í flokkum I—VII, og úr lífrænum samböndum, er teljast til sömu kafla, flokkast á sama hátt og það af estermyndandi samböndum, sem flokkast í það númer, sem síðast er talið.
- b. Esterar myndaðir úr etanóli, glyseróli eða sakkarósa og lífrænum sýrum, sem teljast til kafla í flokkum I—VII, flokkast í sama tollskrárnúmer og viðkomandi sýra.
- c. Sölt þeirra estera, sem nefndir eru í a- og b-lið hér að ofan í tölulið 5, með ólífrænum bösum, flokkast á sama hátt og viðkomandi ester.
- d. Sölt mynduð úr lífrænum sýrum eða fenólum, sem teljast til kafla í flokkum I—VII, og úr ólífrænum bösum, teljast til sama tollskrárnúmers og viðkomandi sýra eða fenól.
- e. Halógenid af karboxylsýrum teljast til sama tollskrárnúmers og viðkomandi sýra.
6. Til nr. 29.31—29.34 teljast lífræn sambönd því aðeins, að sameindir þeirra séu, auk vatnsefnis, súrefnis og köfnunarefnis, mynduð úr atómum annarra málma eða málmleysingja (t. d. brennisteini, arseni, kvikasilfri eða blýi), sem séu í beinum tengslum við kolefnisatómin.
- Tollskrárnúmer 29.31 (lífræn brennisteinssambönd) og 29.34 (önnur lífræn-ólífræn sambönd) taka ekki til sulfó- eða halógenderivata (hér með taldir samsettir derivatar), sem auk vatnsefnis, súrefnis og köfnunarefnis einungis eru myndaðir úr brennisteins- og halógenatómum með þess konar tengslum við kolefnisatómin, að samböndin beri einkenni sulfó- eða halógenderivata (eða samsettra derivata).
7. Nr. 29.35 (mishringliða (heterocyclic) sambönd) tekur ekki til innri etera, metylenetara, ortódifenóla, epoxyda með þri- eða fjórliðuðum hringjum, hringliða (cyclic) acetala, hringliða fjöhlutasambanda (polymers) af aldehydum, thíóaldehydum eða aldímínum, anhydrida marggildra sýrna, hringliða úreída, imída marggildra sýrna, hexametylentetramíns og trimetyltrínítramíns.

**I. Karbonhydríd ásamt halógen-, sulfó-, nitró- og nitrósóderivat-
vötum þeirra.**

29.01	Karbonhydríd:	
	10 Styren	35%
	20 Önnur	35%
29.02	00 Halógenderivatar karbonhydrída	35%
29.03	00 Sulfó-, nitró- og nitrósóderivatar karbonhydrída	35%

II. Alkóhól ásamt halógen-, sulfó-, nítró- og nítrósóderivötum þeirra.

29.04	Óhringliða (acyclic) alkóhól ásamt halógen-, sulfó-, nítró- og nítrósóderivötum þeirra:	
10	Metanól (metylalkóhól)	35%
	Annað:	
21	Etylenglykol (frostlögur)	100%
29	Annars	35%
29.05	00 Hringliða alkóhól ásamt halógen-, sulfó-, nítró- og nítrósóderivötum þeirra	35%

III. Fenól og fenólalkóhól ásamt halógen-, sulfó-, nítró- og nítrósóderivötum þeirra.

29.06	00 Fenól og fenólalkóhól	35%
29.07	00 Halógen-, sulfó-, nítró- og nítrósóderivatar fenóla og fenólalkóhóla	35%

IV. Eter, alkóhólperoxyd, eterperoxyd, epoxyd með þrí- eða fjórliðuðum hringjum, acetól og hemiacetól ásamt halógen-, sulfó-, nítró- og nítrósóderivötum þeirra.

29.08	00 Eter, eteralkóhól, eterfenól, eteralkóhólfenól, alkóhólperoxyd og eterperoxyd ásamt halógen-, sulfó-, nítró- og nítrósóderivötum þeirra	35%
29.09	00 Epoxyd, epoxyalkóhól, epoxyfenól og epoxyeter með þrí- eða fjórliðuðum hringjum ásamt halógen-, sulfó-, nítró- og nítrósóderivötum þeirra	30%
29.10	00 Acetól og hemiacetól ásamt einföldum og samsettum acetólum og hemiacetólum mynduðum úr atómhópum með súrefnisatómum að einhverju leyti, enn fremur halógen-, sulfó-, nítró- og nítrósóderivatar þessara efna	35%

V. Aldehyd.

29.11	Aldehyd, aldehydalkóhól, aldehydeter, aldehydfenól og önnur aldehyd (einföld eða samsett) með atómhópum mynduðum að einhverju leyti úr súrefni:	
01	Formaldehyd og formalín	15%
09	Annað	35%
29.12	00 Halógen-, sulfó-, nítró- og nítrósóderivatar efna þeirra, er teljast til nr. 29.11	35%

VI. Keton og quinon.

29.13	00 Keton, ketonalkóhól, ketonfenól, ketonaldehyd, quinon, quinonalkóhól, quinonfenól, quinonaldehyd og önnur keton og quinon (einföld eða samsett) með atómhópum mynduðum að einhverju leyti úr súrefni ásamt halógen-, sulfó-, nítró- og nítrósóderivötum þessara efna	35%
--------------	--	------------

VII. Sýrur, sýruanhydrid, sýruhalógenid, peroxyásýrur og sýruperoxyd ásamt halógen-, sulfó-, nítró- og nítrósóderivötum þeirra.

29.14	Einbasiskar sýrur og anhydrid, halógenid, peroxyásýrur og peroxyd þeirra, einnig halógen-, sulfó-, nítró- og nítrósóderivatar þessara sýrna:	
01	Ediksyra, sölt hennar, esterar og anhydrid	35%
09	Annað	35%
29.15	00 Tví- eða margbasiskar sýrur og anhydrid, halógenid, peroxyásýrur og peroxyd þeirra, einnig halógen-, sulfó-, nítró- og nítrósóderivatar þeirra sýrna	35%
29.16	00 Alkóhólsýrur, aldehydsýrur, ketonsýrur, fenólsýrur og aðrar sýrur (einfaldar eða samsettar) með atómhópum mynduðum að einhverju leyti úr súrefni ásamt anhydridum, halógenidum, peroxyásýrum og peroxydum þeirra og enn fremur halógen-, sulfó-, nítró- og nítrósóderivatar þessara sýrna	35%

VIII. Ester ólífrænna sýrna og sölt þeirra ásamt halógen-, sulfó-, nítró- og nítrósóderivötum þeirra.

29.17	00	Ester brennisteinssýru ásamt söltum og halógen-, sulfó-, nítró- og nítrósóderivötum	35%
29.18	00	Ester saltþéturssýrlings og saltþéturssýru ásamt halógen-, sulfó-, nítró- og nítrósóderivötum	35%
29.19	00	Ester fosfórsýru ásamt söltum (hér með talin laktófosföt) og halógen-, sulfó-, nítró- og nítrósóderivötum	35%
29.20	00	Ester kolsýru ásamt söltum og halógen-, sulfó-, nítró- og nítrósóderivötum	35%
29.21	00	Ester annarra ólífrænna sýrna (þó ekki af hydrógenhalógenídum) ásamt söltum og halógen-, sulfó-, nítró- og nítrósóderivötum	35%

IX. Köfnunarefnissambönd.

29.22	00	Amín	35%
29.23	00	Amín (einföld eða samsett) mynduð úr atómhópum með súrefnisatómum að einhverju leyti	35%
29.24	00	Kvaterner ammóníumsölt og kvaterner ammóníumhydroxyd (þar með talin lesítín og önnur fosfóramínólípíd)	35%
29.25	00	Amíd	35%
29.26	00	Ímíd og ímín	35%
29.27	00	Nítril	35%
29.28	00	Díazó-, azó- og azoxydsambönd	35%
29.29	00	Lífrænir derivatar af hydrazíni og hydroxylamíni	35%
29.30	00	Sambönd með annars konar atómhópum, sem að einhverju leyti eru úr köfnunarefni	35%

X. Ólífræn-lífræn sambönd og mishringliða sambönd.

29.31	00	Lífræn brennisteinssambönd	35%
29.32	00	Lífræn arsensambönd	35%
29.33	00	Lífræn kvikasilfursambönd	35%
29.34	00	Önnur ólífræn-lífræn sambönd	35%
29.35	00	Mishringliða (heterocyclic) sambönd (þar með taldar núkleínsýrur)	35%
29.36	00	Súlfónamíd	35%
29.37	00	Sultón og sultóm	35%

XI. Próvítamín, vítamín, hormón og enzym, náttúrleg eða tilbúin.

29.38	00	Próvítamín og vítamín, náttúrleg eða tilbúin (þar með talin hreinsuð vítamín) ásamt blöndum þeirra, einnig upplausnir þessara efna í hvers konar upplausnarefni	35%
29.39	00	Hormón, náttúrleg eða tilbúin	35%
29.40		Enzym:	
	01	Ostahleypir	20%
	09	Enzym (önnur en ostahleypir)	35%

XII. Glykósíð og jurtaalkalóíð, náttúrleg eða tilbúin ásamt söltum, eterum, esterum og öðrum derivötum þeirra.

29.41	00	Glykósíð, náttúrleg eða tilbúin, ásamt söltum, eterum, esterum og öðrum derivötum þeirra	35%
29.42	00	Jurtaalkalóíð, náttúrleg eða tilbúin, ásamt söltum, eterum, esterum og öðrum derivötum þeirra	35%

XIII. Önnur lífræn sambönd.

29.43	00	Sykur, kemískt hreinn, nema sykrósi, glúkósi og laktósi; sykureterar og sykuresterar og sölt þeirra, nema vörur í nr. 29.39, 29.41 og 29.42	35%
29.44	00	Antibíótika	15%
29.45	00	Önnur lífræn sambönd	35%

30. kafli.

Vörur til lækninga.

Athugasemdir:

1. Með hugtakinu *lyf* í nr. 30.03 er átt við vörur (aðrar en matvæli og drykki ætlað sykursjúkum mönnum eða öðrum sjúklingum, matvæli með auknum vítamínstyrk, styrkjandi drykki, ölkelduvatn), sem teljast hvorki til nr. 30.02 né 30.04 og eru annað hvort
 - a. framleiðsla, sem inniheldur tvö eða fleiri efni, sem eru blönduð eða sett saman til notkunar sem læknislyf eða lyf til að koma í veg fyrir sjúkdóma,
 - b. óblönduð framleiðsla til notkunar í sama tilgangi í mældum skömmtum, eða umbúin til smásölu á þann hátt, sem venjulegt er um læknislyf eða lyf til að koma í veg fyrir sjúkdóma.

Í samræmi við ofan nefndar ákvarðanir og ákvarðanir í d-lið 3. athugasemdar skoðast eftirgreindar vörur:

 - A. Sem óblönduð framleiðsla:
 1. Óblönduð efni leyst upp í vatni.
 2. Allar vörur, sem teljast til 28. og 29. kafla (þó ekki hlaupkenndir (collodial) góðmálmur).
 3. Einfaldir plöntuextraktar, sem teljast til nr. 13.03, enda hafi ekki verið frekar að þeim unnið en að gera styrkleika þeirra afmældan eða leysa þá upp, og skiptir þá ekki máli, hvert upplausnarefnið er.
 - B. Sem blönduð framleiðsla:
 1. Hlaupkenndar upplausnir og jafnblöndur (þó ekki hlaupkenndur brennisteinn).
 2. Plöntuextraktar unnir úr blöndu af efnum úr jurtaríkinu.
 3. Sölt þurrkuð úr ölkelduvatni að nokkru eða öllu leyti.
2. Til þessa kafla telst ekki:
 - a. Vatn frá eimingu rokkgjarnra olía úr jurtaríkinu og vatnsupplausnir slíkra olía til lækninga (nr. 33.05).
 - b. Tannkrem, einnig þótt það sé blandað efnum til að lækna eða koma í veg fyrir sjúkdóma (nr. 33.06).
 - c. Lyfjasápa hvers konar (nr. 34.01).
3. Til nr. 30.05 telst einungis:
 - a. Dauðhreinsað girni (catgut) til lækniáðgerða og annað dauðhreinsað efni til notkunar í sama skyni.
 - b. Dauðhreinsað laminaria og laminariastifti (parastifti).
 - c. Dauðhreinsuð efni til að stöðva blæðingar, enda geti líkaminn tekið þau til sín.
 - d. Efni til skyggingar við röntgenrannsóknir og rannsóknarefni við lækni-skoðanir til notkunar útortis eða innvortis (þó ekki vörur þær, er teljast til nr. 30.02), jafnt óblönduð efni í skömmtum sem blönduð efni.
 - e. Sement til tannviðgerða og annað tannfyllingarefni.
 - f. Kassar og annað þess háttar með gögnum til hjálpar í viðlögum.

30.01	00	Kirtlar og önnur líffæri til lækninga, þurrkuð, mulin eða ómulin; ekstraktar af kirtlum eða öðrum líffærum eða úr safi þeirra til lækninga; önnur efni úr dýraríkinu framleidd til að lækna eða koma í veg fyrir sjúkdóma, enda séu þau ekki talin eða innifalin annars staðar	15%
30.02	00	Antísera, bóluefni, toxín og hreinræktaður sýklagróður (hér með talinn smáverugróður, sem komið getur af stað gerjun, þó ekki ger) ásamt öðrum þess konar vörum	15%
	01	Sælgæti (medicated sweets)	100%
	09	Annað	15%
30.04	00	Vatt, bindi og aðrar þess konar vörur (t. d. sáraumbúðir, heftiplástur, bakstrar) gegndreyptar með efnum til lækninga eða í smásöluumbúðum, sem bera þess greinileg merki, að um vörur til lækninga sé að ræða (að undanteknum vörum nefndum í 3. lið athugasemdanna við þennan kafla)	35%
30.05	00	Aðrar vörur til lækninga	35%

31. kafli.

Áburður.

Athugasemdir:

1. Til tollskrárnúmers 31.02 teljast einungis eftirgreindar vörur, enda séu þær ekki mótaðar eða í smásöluumbúðum eins og lýst er í nr. 31.05:
 - A. Vörur, sem ein eða önnur eftirgreind lýsing á við:
 1. Natriumnítrat, sem inniheldur ekki meira en 16% af köfnunarefni, miðað við þunga.
 2. Ammóníumnítrat, einnig kemískt hreint.
 3. Ammóníumsúlfatnítrat, einnig kemískt hreint.
 4. Ammóníumsúlfat, einnig kemískt hreint.
 5. Kalsíumnítrat, sem inniheldur ekki meira en 16% af köfnunarefni, miðað við þunga.
 6. Kalsíummagnesiumnítrat, einnig kemískt hreinsað.
 7. Kalsíumcyanamid, sem inniheldur ekki meira en 25% af köfnunarefni, miðað við þunga, einnig þótt það hafi sætt meðferð með oliu.
 8. Þvagefni (urea), sem inniheldur ekki meira en 45% af köfnunarefni, miðað við þunga.
 - B. Áburður blandaður úr einhverjum af þeim efnum, sem nefnd eru í A-lið hér að ofan, og skiptir hreinleiki efnanna þá ekki máli.
 - C. Áburður búinn til úr ammóníumklórídi eða einhverjum þeirra efna, sem nefnd eru í A- eða B-lið hér að ofan, og blandaður kalki, gipsi eða öðrum ólífrænum efnum, sem ekki hafa áburðargildi, og skiptir hreinleiki efnanna þá ekki máli.
 - D. Fljótandi áburður úr vatns- eða ammóníakupplausn ammóníumnitrats eða þvagefnis, sbr. málsgr. 1 A, eða blöndum þessara efna.
2. Til nr. 31.03 teljast einungis eftirgreindar vörur, enda séu þær ekki mótaðar eða í smásöluumbúðum eins og lýst er í nr. 31.05:
 - A. Vörur, sem ein eða önnur eftirfarandi lýsing á við:
 1. Tómasgjall.
 2. Kalsíumfosföt gerð auðleystari með upphitun, glæðingu eða bræðslu og náttúruleg kalsíumalúminfosföt, sem sætt hafa sams konar meðferð.
 3. Súperfosföt (ein-, tvi- eða þriföld).
 4. Dikalsíumfosfat, sem inniheldur a. m. k. 0,2% af flúór, miðað við þunga.
 - B. Áburður blandaður úr einhverjum af þeim efnum, sem nefnd eru í A-lið hér að ofan, og skiptir hreinleiki efnanna þá ekki máli.

- C. Áburður búinn til úr einhverjum þeirra efna, sem nefnd eru í A- eða B-lið hér að ofan, og blandaður kalki, gipsi eða öðrum ólífrænum efnum, sem ekki hafa áburðargildi, og skiptir hreinleiki efnanna þá ekki máli.
3. Til nr. 31.04 teljast einungis eftirgreindar vörur, enda séu þær ekki mótaðar eða í smásöluumbúðum eins og lýst er í tollskrárnúmeri 31.05:
- A. Vörur, sem ein eða önnur eftirgreind lýsing á við:
1. Óhreinsuð náttúrleg kalíumsölt (t. d. karnallit, kainit, sylvinit).
 2. Óhreinsuð kalíumsölt fengin sem úrgangur við framleiðslu á sykurrófnamelassa.
 3. Kalíumklóríd, einnig kemískt hreint (þó ekki vörur nefndar í 6. málsg. c).
 4. Kalíumsúlfat, sem inniheldur í mesta lagi 52% K_2O miðað við þunga.
 5. Kalíummagnesiumsúlfat, sem inniheldur í mesta lagi 30% K_2O miðað við þunga.
- B. Áburður blandaður úr einhverjum af þeim efnum, sem nefnd eru í A-lið hér að ofan, og skiptir hreinleiki efnanna þá ekki máli.
4. Ammóníumfosföt, sem innihalda 6 mg eða meira af arseni í hverju kg, teljast til nr. 31.05.
5. Magnhlutföll þau, sem um er getið í málsgreinunum 1A, 2A, 3A og 4, skulu miðast við þurrefni efnisins.
6. Til þessa kafla telst ekki:
- a. Dýrablóð, er telst til nr. 05.15.
 - b. Aðgreind, kemískt skilgreind sambönd (þó að undanteknum efnum þeim, sem nefnd eru í málsgreinunum 1A, 2A, 3A og 4).
 - c. Ræktaðir kalíumklórídkrystallar (aðrir en til ljóstækniáhalda), sem veга a. m. k. 2½ g hver (nr. 38.19), en efni til ljóstækniáhalda úr kalíumklórídi teljast til nr. 90.01.

31.01	00	Gúanó og önnur náttúrleg áburðarefni úr jurta- og dýraríkinu, einnig blönduð saman, enda hafi efnin ekki sætt kemískri meðferð	0
31.02		Köfnunarefnisáburður úr steinaríkinu eða kemískur köfnunarefnisáburður:	
	10	<i>Natríumnítrat náttúrlegt</i>	0
		<i>Annar köfnunarefnisáburður:</i>	
	21	Kalkammonsaltþétur	0
	22	Kalksaltþétur (kalsíumnítrat)	0
	23	Tröllumjöl (kalsíumcyanamíd)	0
	29	Annars	0
31.03		Fosfóráburður úr steinaríkinu eða kemískur:	
	10	<i>Tómasgjall (thomasfosfat)</i>	0
		<i>Annar fosfóráburður:</i>	
	21	Súperfosfat	0
	29	Annars	0
31.04		Kalíáburður úr steinaríkinu eða kemískur:	
	10	<i>Kalísölt óhreinsuð, náttúrleg</i>	0
		<i>Annar kalíáburður:</i>	
	21	Kalíumklóríd	0
	22	Kalíumsúlfat	0
	29	Annars	0
31.05		Annar áburður; hvers konar áburður, sem telst til þessa kafla og er mótaður í töflur eða svipað form, eða er í svo smáum umbúðum, að hvert stykki vegi 10 kg eða minna brúttó:	
	01	Nítrófoska	0
	02	Áburður í smásöluumbúðum 10 kg eða minni, svo og áburður í töflum o. þ. h.	40%
	09	Annars	0

32. kafli.

Sútunar- og litextraktar, sýtunarsýrur og derivatar þeirra, litarefni, lökk og aðrar málningavörur, kítí, spartl, prentlitir, blek og túsk.

Athugasemdir:

1. Til þessa kafla teljast ekki:
 - a. Aðgreind, kemískt skýrgreind frumefni og sambönd (þó ekki þau efni, sem teljast til nr. 32.04 eða nr. 32.05, ólifræn ljósnæm efni í 32.07 ásamt uppleysanlegum litarefnum mótuðum til smásölu eða í smásöluumbúðum í nr. 32.09).
 - b. Próteinderivatar af sýtunarsýrum (nr. 35.01—35.04).
2. Til nr. 32.05 teljast blöndur ætlaðar til framleiðslu á azólitarefnum á spunatrefjum gerðar úr diazóníumsöltum og tengiliðum til myndunar litarefnisins og haldið með sérstökum efnum í óbreyttu ástandi.
3. Til nr. 32.05, 32.06 og 32.07 telst einnig framleiðsla að meginstofni gerð úr tilbúnum lifrænum litarefnum (þar með talin pigment), litlökkum eða öðrum litandi efnum, og sé framleiðslan ætluð til blöndunar í plast, gúmmi og önnur þess konar efni í litunar skyni eða til tilbúnings á litum til prentunar á vefnaði. Til þessa númers teljast þó ekki tilreiddir pigmentlitir, sem nr. 32.09 tekur til.
4. Til nr. 32.09 teljast upplausnir (aðrar en „collodions“) af efnum þeim, sem talin eru í nr. 39.01—39.06, í rokgyörnum lifrænum upplausnarefnum, enda sé upplausnar-efnið meira en 50% upplausnarinnar, miðað við þunga.
5. Orðið *litarefni* í þessum kafla tekur ekki til efna, sem notuð eru sem fylliefni í oliu-liti, enda þótt einnig sé hægt að nota þau sem pigment í distemper og aðra slíka vatnsliti.
6. Með *prentþynnum*, sem teljast til nr. 32.09, er einungis átt við slík efni eins og þau, sem notuð eru til prentunar, t. d. gyllingar á bókbandi og prentunar á hattböndum, og gerð eru með þeim hætti, er hér segir:
 - a. Þunnar arkir úr málmdufti (einnig göðmálum), sem haldið er saman með lími, gelatíni eða öðru bindiefni.
 - b. Málmduft (t. d. gull eða alúmín) eða pigment á pappír, plasti eða öðru berandi efni.

32.01	00	Sýtunarefnaextraktar úr jurtaríkinu	30%
32.02	00	Sýtunarsýrur (tannin), þar með talið galleplatannín dregið út með vatni, ásamt söltum þeirra, eterum, esterum og öðrum derivötum	30%
32.03	00	Tilbúin sýtunarefni, einnig blönduð náttúrlegum sýtunarefnum; tilbúinn bæsi til sýtunar (t. d. enzym-, pankreas- eða gerlabæsi)	30%
32.04		Litarefni úr jurtaríkinu (þar með taldir veiðarlitarextraktar og aðrir litarextraktar úr jurtaríkinu, þó ekki indígó) eða úr dýraríkinu:	
	01	Barkarlitur (veiðarfæralitur)	2%
	02	Bæsi	30%
	03	Smjör- og ostalitir	20%
	04	Öl- og gosdrykkjalitir	40%
	09	Önnur	30%
32.05	00	Tilbúin lifræn litarefni (þar með talin pigmentlitarefni); tilbúnir lifræni, ljósnæmir litir; bleikjandi lifræn efni, er festast við trefjarnar; náttúrlegt indígó	25%
32.06	00	Litlökk (súbstrat pigment)	30%

32.07	Önnur litarefni; ólífræninir, ljósnæmir litir:	
01	Jarðlitir syntetískir	25%
02	Málningalitir þurrir	25%
09	Annað	25%
32.08	00 Tilreidd pigment, tilreidd gruggunarefni og tilreiddir litir, smelt og annar glerungur, fljótandi, gljáamyndandi efni og önnur þess konar framleiðsla, sem notuð er við leirmunagerð, smeltun og glergerð; engober (slips); glerfrit og annað gler sem duft, korn eða flögur	40%
32.09	Lökk, tær eða með pigmenti; distemper, vatnslitir til litunar á leðri o. þ. h.; önnur málning og lökk; pigment rifin í línolíu, jarðterpentínu, fernis eða öðrum svipuðum efnum notuðum við framleiðslu á málningu; prentþynnur; uppleysanleg litarefni mótuð til smásölu eða í smásöluumbúðum:	
01	Blakkfernis	35%
02	Prentþynnur	40%
09	Annars	60%
32.10	00 Litir til listmálunar, kennslu, auglýsingagerðar, litblæbreytinga og annars þess konar, í töflum, skálpum (túbum), krukum, flöskum, skálum eða öðru svipuðu, þar með taldar litasamstæður með eða án pensla, skála, litspjalda eða annars, er málun heyrir til	35%
32.11	00 Þurrkefni	35%
32.12	00 Kíttri, spartl og önnur fylli- eða þéttiefni; ágræðslukvoða	60%
32.13	Blek, prentlitir og aðrir þess konar litir:	
10	Prentlitir	20%
20	Blek, túsk og aðrir þess konar litir, þó ekki prentlitir	80%

33. kafli.

Rokgjarnar olíur úr jurtaríkinu og resinóid; ilmvötn, hreinlætis- og snyrtivörur.

A t h u g a s e m d i r :

1. Til þessa kafla telst ekki:
 - a. Framleiðsla gerð að nokkru leyti úr alkóhóli til notkunar í drykkjarvörur til bragðbætis (nr. 22.09).
 - b. Sápa (nr. 34.01).
 - c. Terpentínolía og önnur efni, sem teljast til tollskrárnúmers 38.07.
2. Til nr. 33.06 teljast m. a. vörur, einnig óblandaðar (þó að undanskildum vörum, sem teljast til nr. 33.05), er nota má sem ilmvatn eða til hreinlætis eða snyrtingar og eru í smásöluumbúðum, er gefa til kynna, að nota eigi vöruna sem ilmvatn eða til hreinlætis eða snyrtingar.

33.01	00 Rokgjarnar olíur (einnig terpensnauðar), fljótandi eða fastar; resinóid ..	40%
33.02	00 Terpenríkar aukaafurðir af rokgjörnum olíum	40%
33.03	00 Konsentröt af rokgjörnum olíum í feiti, órokgjörnum olíum, vaxi eða öðru þess háttar, fengin með enflourage eða maceration	40%

33.04	Blöndur af tveim eða fleiri ilmandi efnum (náttúrlegum eða tilbúnum) og blöndur (þar með taldar alkóhólupplausnir) að meginefni úr einu eða fleiri þessara efna, enda sé um að ræða hráefni til ilmvatnsgerðar, matvæla- eða drykkjaframleiðslu eða annars iðnaðar:	
01	Bragðbætandi efni til iðnaðar	40%
02	Ilmefni til iðnaðar	40%
03	Bökunardropar	80%
09	Annað	40%
33.05	Vatn frá eimingu rok gjarnra olía og vatnsupplausnir slíkra olía, einnig þótt nota megi til lækninga	60%
33.06	Ilmvötn, hreinlætis- og snyrtivörur:	
01	Hárliðunarvökvar og hárlíðunarduft	100%
02	Andlitsduft	100%
03	Húðkrem og húðolía	100%
04	Ilmvötn	100%
05	Naglasnyrtiefni	100%
06	Rakkrem	100%
07	Tannsnyrtiefni	50%
08	Varalitur	100%
09	Annað	100%

34. kafli.

Sápa, lífræn yfirborðsvirk efni, þvotta- og hreingerningarefni, smurefni, tilbúið vax, tilreiddar vaxblöndur, fægi- og ræstiefni, kerti og aðrar þess konar vörur, mótunarefni og vax til tannviðgerða.

Athugasemdir:

1. Til þessa kafla telst ekki:
 - a. Aðgreind, kemískt skýrgreind efni.
 - b. Tannkrem, rakkrem og hárbvottaefni, enda þótt vörur þessar séu gerðar að einhverju leyti úr sápu eða lífrænu yfirborðsvirku efni (nr. 33.06).
2. Til nr. 34.01 telst einungis sápa, sem leysist upp í vatni, einnig þótt í hana sé blandað öðrum efnum (t. d. sóttþreinsandi efnum, slípiefnum, fylliefnum eða lyfjum).
3. Sem *olíur unnar úr jarðolíu eða skifuolíu* í nr. 34.03 skoðast einungis vörur þær, sem skýrgreindar eru í 3. athugasemd við 27. kafla.
4. Sem *vaxblöndur, sem hvorki eru jafnblandaðar né innihalda upplausnarefni*, í nr. 34.04 skoðast einungis:
 - A. Blöndur af vaxi úr dýraríkinu, blöndur af vaxi úr jurtaríkinu eða blöndur af tilbúnu vaxi.
 - B. Blöndur ýmiss konar vaxtegunda (úr dýraríkinu, úr jurtaríkinu, úr steinaríkinu eða tilbúnar).
 - C. Vaxkenndar blöndur, sem eru ekki jafnblandaðar og innihalda ekki upplausnarefni, gerðar að meginstofni úr einni eða fleiri vaxtegundum og innihalda auk þess feiti, harpíx, steinefni eða annars konar efni.
 Til þessa númers telst ekki:
 - a. Vax það, sem telst til nr. 27.13.
 - b. Óblandað vax úr dýra- eða jurtaríkinu, sem einungis hefur verið litað.

34.01	Sápa, einnig lyfjasápa:	
01	Blautsápa	80%
02	Handsápa (toiletsápa)	80%
03	Raksápa	80%
04	Sápa föst, til þvotta og hreingerninga (önnur en sú, sem telst til nr. 34.01.02 og nr. 34.01.03)	80%
05	Sápuspæniir og sápuðuft	80%
09	Lyfjasápa og önnur sápa en sú, sem telst til nr. 34.01.01-34.01.05	80%
34.02	Lífræn yfirborðsvirk efni; yfirborðsvirkar efnablöndur, þvotta- og ræstiefni, einnig þótt þau innihaldi sápu:	
01	Þvottaduft, einnig þótt það innihaldi sápu	80%
02	Efnivörur til sótunnr og málningagerðar	35%
09	Lífræn yfirborðsvirk efni, yfirborðsvirkar efnablöndur, þvotta- og ræstiefni (þó ekki þvottaduft), einnig þótt þau innihaldi sápu	80%
34.03	00 Smurefni gerð úr blöndum af olíum eða feiti eða úr blöndum gerðum að meginefni úr olíum eða feiti, þar með ekki talin smurefni, sem innihalda 70% eða meira af olíum unnum úr jarðolíu eða skífuolíu, miðað við þunga	2%
34.04	00 Tilbúið vax (þar með talið vax leysanlegt í vatni), vaxblöndur, sem hvorki eru jafnblandaðar né innihalda upplausnarefni	35%
34.05	Fægi- og gljáefni fyrir skófátnað, húsgögn, gólf eða málma, ræstiduft og aðrar þess konar vörur, þó ekki vaxblöndur, sem teljast til nr. 34.04.00:	
01	Bón alls konar	80%
02	Ræstiduft	80%
03	Skóáburður og leðuráburður	80%
04	Slípimassi	35%
09	Annað	80%
34.06	00 Sterín-, paraffín- og vaxkerti ásamt öðrum þess konar vörum	80%
34.07	00 Mótunarefni (þar með talin mótunarefni ætluð börnum til dægrastyttingar og samstæður af mótunarefni); vax og annað mótunarefni til tannviðgerða í plötum, stöngum, skeifulaga eða öðruvísi í lögum	35%

35. kafli.

Próteín, lím og klístur.

A t h u g a s e m d :

Til þessa kafla telst ekki:

- a. Próteín, sem ætluð eru til lækninga (nr. 30.03).
- b. Póstkort og önnur grafísk verk úr gelatíni (49. kafli).

35.01	00 Kaseín, kaseínöt og aðrir kaseínderivatar, kaseínlím	50%
35.02	00 Albúmín, albúmínöt og aðrir albúmínderivatar	35%
35.03	00 Gelatín (þar með talið gelatín í ferhyrindum plötum, einnig þótt þær séu litaðar eða unnar á yfirborðinu) og gelatínderivatar; lím unnið úr beinum, húðum, sinum eða öðru þess háttar, fiskilím; matarlím:	
01	Lím annað en matarlím	50%
09	Annað	100%
35.04	00 Pepton og önnur próteín og derivatar þeirra; húðaduft, einnig þótt það hafi krómsaltameðferð	35%
35.05	00 Dextrín; uppleysanleg sterkja; brennd sterkja og sterkjuklístur	35%

35.06	Límblöndur, ót. a.; hvers konar efni, sem nota má til límingar og eru í smásöluumbúðum, sem bera það með sér, að um lím sé að ræða, enda vegi innihald í hverju stykki ekki meira en 1 kg:	
01	Í smásöluumbúðum, enda vegi innihald í hverju stykki ekki meira en 1 kg	80%
09	Annars	50%

36. kafli.

Sprengiefni; flugeldar og skrauteldar; eldspýtur, kveikilegeringar og tiltekin eldfim efni.

Athugasemdir:

- Til þessa kafla teljast ekki aðgreind, kemískt skýrgreind efni önnur en þau, sem nefnd eru í a- og b-lið 2. athugasemdar þessa kafla.
- Til nr. 36.08 telst einungis:
 - Metaldehyd, hexametylentetramín og önnur þess konar efni, enda séu þau mótuð (t. d. í töflur, stengur eða á annan svipaðan hátt) og ætluð til notkunar sem eldsneyti, enn fremur eldsneyti að meginefni úr alkóhóli og annað svipað eldsneyti sem fast efni eða deig.
 - Fljótandi eldsneyti (t. d. benzin) til notkunar í kveikjara, enda sé það í hylkjum, er ekki taka meira en 300 cm³.
 - Bik- og harpixblys, eldkveikjarar og aðrar þess konar vörur.

36.01	00	Púður	35%
36.02	00	Sprengiefni tilbúin til notkunar, þó ekki púður	35%
36.03	00	Kveikipráður, sprengipráður	35%
36.04	00	Hvellhettur og önnur þess konar kveikiefni til notkunar við sprengingar	35%
36.05		Flugeldar, skrauteldar og aðrar þess konar vörur:	
	01	Flugeldar o. þ. h. til slysavarna, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	20%
	02	Kveikipappír í mótora	35%
	09	Annað	100%
36.06	00	Eldspýtur (þó ekki bengalskar eldspýtur)	100%
36.07	00	Ferró-ceríum og aðrar kveikilegeringar, einnig mótaðar	100%
36.08	00	Önnur eldfim efni	80%

37. kafli.

Vörur til ljósmynda- og kvikmyndagerðar.

Athugasemdir:

- Til þessa kafla teljast ekki afklippur eða úrgangur.
 - Til nr. 37.08 telst einungis:
 - Blönduð kemísk efni til ljósmyndagerðar (t. d. ljósnæmar jafnblöndur, framkallarar, festingar- og blæbreytingarsölt).
 - Óblönduð kemísk efni til notkunar í sama skyni, enda séu þau í hæfilega stórum skömmtum eða í smásöluumbúðum og tilbúin til notkunar.
- Til nr. 37.08 telst ekki lakk, klístur og önnur þess konar efni til notkunar við ljósmyndagerð.

37.01	Ljósnaemar plötur (þar með blaðfilmur), ólýstar, úr hvers konar efni öðru en pappír, pappa eða vefnaði:	
01	Röntgenfilmur og -plötur, ólýstar	30%
09	Aðrar	70%
37.02	Ljósnaemar filmur í rúllum, ólýstar, einnig gataðar:	
01	Röntgenfilmur	30%
02	Kvikmyndafilemur	70%
09	Aðrar	70%
37.03	Ljósnaemur pappír, pappi eða vefnaður, lýstur eða ólýstur, en ekki framkallaður	70%
37.04	Ljósnaemar plötur og filmur, lýstar, en ekki framkallaðar, negatív eða pösítív	70%
37.05	Plötur og filmur, einnig gataðar (aðrar en kvikmyndafilemur), lýstar og framkallaðar, negatív eða pösítív:	
01	Filmur með lesmáli	0
02	Ljóssetningaletur	50%
09	Annað	70%
37.06	Kvikmyndafilemur einungis með hljómbandi, lýstar og framkallaðar, negatív eða pösítív	70%
37.07	Aðrar kvikmyndafilemur, með eða án hljómbands, lýstar og framkallaðar, negatív og pösítív	1 kg 50 kr.
37.08	Kemísk efni til ljósmyndagerðar (þar með talið leifturduft)	70%

38. kafli.

Ýmis kemísk efni.

Athugasemdir:

1. Til þessa kafla telst ekki:
 - a. Aðgreind, kemískt skýrgreind frumefni og sambönd með þeim undantekningum, er nú greinir:
 1. Tilbúið grafit (nr. 38.01).
 2. Sótthreinsandi efni, efni til varnar gegn og til útrýmingar á skordýrum, sveppum og illgresi, efni til að hindra spírun, rottueitur og önnur þess konar efni, er teljast til nr. 38.11.
 3. Eldslökkvandi efni í hylkjum fyrir slökkvitæki eða annars konar til notkunar í sama skyni (nr. 38.17).
 4. Efni nefnd í a-, c-, d- eða f-lið 2. athugasemdar hér að neðan.
 - b. Lyf (nr. 30.03).
2. Eftirtaldar vörur teljast til nr. 38.19 og einskis annars númeris:
 - a. Ræktaðir krystallar (aðrir en til ljóstækniáhalds) úr magnesíumoxydi eða úr halógeníðum alkalímálma eða jarðalkalímálma, enda vegi hver krystall a. m. k. 2½ g.
 - b. Fúsílolía.
 - c. Blekeyðandi efni í smásöluumbúðum.
 - d. Leiðréttingalakk í smásöluumbúðum fyrir fjölritunarstensla.
 - e. Bræðanlegir leirmunir til hitamælinga (t. d. segerkeilur).
 - f. Gips sérstaklega tilreitt til notkunar við tannviðgerðir.
 - g. Blönduð alkyl mjög lágt pólýmeriseruð.

38.01	00	Tilbúið grafit; hlaupkennt (colloidal) grafit annað en jafnblöndur þess í olíu	35%
38.02	00	Dýrakol (t. d. beinsverta, fílabainsverta), einnig notuð	35%
38.03	00	Ávirk kol (aflitandi, afskautandi eða aðsogandi), ávirkt kísilgúr, ávirkur leir, ávirkt alúmíngrýti (bauxite) og önnur ávirk náttúrleg steinefni	35%

38.04	00	Gasvatn og notaður gashreinsunarleir	35%
38.05	00	Tallosía (tallsýra)	35%
38.06	00	Innsodinn súlfítútúr	35%
38.07	00	Terpentínúolía og önnur upplausnarefni úr terpenum framleidd með eimingu eða annarri aðferð úr víði harrtrjáa (t. d. balsam-, trjá- og súlfat-terpentína), óhreinsað dípenten, óhreinsað cymen, „pine-oil“	35%
38.08	00	Kólófóníum og harpíxýrur ásamt derivötum þeirra (þó ekki harpíxesterar, er teljast til nr. 39.05), harpíxkjarni (pínólín) og harpíxolíur	35%
38.09		Viðartjara; viðartjörnuolíur (þó ekki upplausnarefni og þynnar, er teljast til nr. 38.18); viðarkreóót, óhreinsað metanól, acetónolía:	
	01	Metanól óhreinsað	35%
	02	Acetónolía	35%
	09	Annað	35%
38.10	00	Bik úr jurtaríkinu hvers konar; bruggarabik og annað þess konar að meginefni úr kólófóníum eða biki úr jurtaríkinu; kjarnabindiefni (fyrir mótasand) að meginefni úr harpíxefnum	35%
38.11		Sóttgreinsandi efni, efni til varnar gegn og til útrýmingar á skordýrum, sveppum og illgresi, efni til að hindra spírur, rottueitur og önnur þess konar efni, enda séu þau í smásöluumbúðum, séu blöndur efna eða tilreidd sem sérstakar vörur til notkunar í ofan nefndu skyni (t. d. bönd, kveikir eða kerti blönduð brennisteini, flugnaveiðarar):	
	01	Baðlyf, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	20%
	02	Efni til að hindra spírur eða til eyðingar illgresis, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	20%
	09	Annað	35%
38.12	00	Steining, bæs og annað þess konar til notkunar í pappírs-, vefnaðar- eða leðuríðnaði og skyldum iðngreinum	35%
38.13	00	Bæs fyrir málma, bræðsluefni og önnur hjálparefni til notkunar við lóðun málma og logsuðu, lóð- og logsuðuduft ásamt lóð- og logsuðupasta úr málmi og öðrum efnum; efni til að þekja eða fylla logsuðu- eða rafsðuþráð:	
	01	Lóðningar- og logsuðuefni	20%
	09	Annað	35%
38.14	00	Efni til varnar banki í vélum, oxyderingu, tæringu eða harpíxmyndun, efni til aukningar á þykkt smurolíu og önnur svipuð efni til blöndunar í jarðolíu	35%
38.15	00	Efni til hvatningar vülkaniseringar	35%
38.16	00	Efni til ræktunar smáverugróðurs	35%
38.17	00	Blönduð efni og hleðslur til að slökkva eld; eldsslökkvandi efni í hylkjum fyrir slökkvitæki eða annars konar hylkjum til notkunar í sama skyni	30%
38.18	00	Blönduð upplausnarefni og þynnar fyrir lakk og annað þess háttar	60%
38.19		Kemísk framleiðsla og fullunnar vörur kemísku iðnaðar og skyldra iðngreina (þar með taldar blöndur úr náttúrlegum efnum), úrgangsefni kemískrar framleiðslu og skyldra iðngreina, enda séu vörur þessar ekki taldar annars staðar:	
		<i>Kemísk framleiðsla:</i>	
	11	Hemlavökvi	100%
	12	Frostlögur	100%
	13	Sementsteypuþéttiefni	35%
	14	Kol til kolburstagerðar	30%
	15	Prófefni (reagenser)	35%
	16	Hvatar til iðnaðarframleiðslu	35%
	17	Naftanöt	35%
	18	Efnivörur til sútunar	35%
	19	Önnur	50%
	20	<i>Eldfast lím og mörtel</i>	35%

VII. flokkur.

Plast — þar með talið sellulósaester og -eter, gerviharpix og önnur plastefni — og vörur úr plasti; náttúrulegt gúmmí (kátsjúk), tilbúið (syntetískt) gúmmí og faktis og vörur úr þessum efnum.

39. kafli.

Plast — þar með talið sellulósaester og -eter, gerviharpix og önnur plastefni — og vörur úr plasti.

Athugasemdir :

1. Til þessa kafla teljast ekki:
 - a. Prentþynnur, er teljast til nr. 32.09.
 - b. Tilbúið vax, er telst til nr. 34.04.
 - c. Tilbúið gúmmí eins og það er skýrgreint í 40. kafla og vörur úr því.
 - d. Reiðtygi og aktygi, er teljast til nr. 42.01, handtöskur og annað þess háttar til ferðalaga í nr. 42.02.
 - e. Efni til kórfigerðar, vörur úr því og aðrar vörur úr fléttiefnum, er teljast til 46. kafla.
 - f. Tilbúin spunaefni og vörur úr þeim, er teljast til XI. flokks.
 - g. Skófatnaður, höfuðföt, regnhlífur, sólhlífur, göngustafir, svipur (keyri), blævængir og hlutar til nefndra vara og aðrar vörur, er teljast til XII. flokks.
 - h. Glysvarningur, er telst til nr. 71.16.
 - ij. Vélar, tæki, verkfæri, rafmagnstæki og vörur, er teljast til XVI. flokks.
 - k. Hlutar til farartækja, er teljast til XVII. flokks.
 - l. Ljóstækniyörur úr plasti, gleraugnaumgerðir, teikniáhöld og aðrar vörur, er teljast til 90. kafla.
 - m. Vörur, er teljast til 91. kafla (t. d. klukkur, úr og hlutar til þeirra).
 - n. Hljóðfæri, hlutar til þeirra og aðrar vörur, er teljast til 92. kafla.
 - o. Húsgögn, hlutar til þeirra og aðrar vörur í 94. kafla.
 - p. Burstar og aðrar vörur, er teljast til 96. kafla.
 - q. Leikföng, leiktæki, íþróttavörur og aðrar vörur, er teljast til 97. kafla.
 - r. Hnappar, rennilásar, greiður, pípumunnstykki, vindlingamunnstykki og annað þess háttar, hlutar til hitabrusa og annars þess háttar, pennasköft, skrúfblýantar og aðrar vörur, er teljast til 98. kafla.
2. Nr. 39.01 og 39.02 taka einungis til eftirgreindra efna, sem framleidd hafa verið með kemiskri samsetningu:
 - a. Plast, þar með talið gerviharpix.
 - b. Sílikon.
 - c. Resól, fljótandi pólyisóbútylen og svipuð fjölhlutaefni (polymers) með mjög háum sameindarþunga.
3. Nr. 39.01—39.06 taka því aðeins til efnanna, að þau séu þannig á sig komin, er nú skal greina:
 - a. Fljótandi eða deigkennd efni, þar með taldar jafnblöndur og upplausnir.
 - b. Stykki, klumpar, korn, flögur eða duft, þar með talið pressu- eða úðaduft.
 - c. Einþáttungar, sem hvergi eru minna en 1 mm í þvermál; saumlausar pípur og stengur með hvers konar þverskurði, einnig þótt þær hafi verið fagaðar á yfirborðinu, en ekki frekar unnar.

- d. Plötur, arkir, þynnur og bönd, óaprentuð eða prentuð eða með öðrum hætti unnin á yfirborðinu, en ekki sniðin í annað en ferhyrnt lag og ekki frekar unnin.
- e. Úrgangur og rusl.

39.01	Efni orðin til fyrir þéttingu (kondensation), fjölþéttingu (pólykondensation) og fjölaugningu (pólyaddition), einnig þótt þau séu blönduð öðrum efnum frekari vinnslu þeirra viðkomandi, og önnur náskyld efni (t. d. fenóplast, amínóplast, alkyd, pólyallylester og önnur ómettuð pólyester, sílíkon):	
01	Bindilögur til veiðarfæragerðar, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	2%
02	Upplausnir óunnar, duft, hellur, klumpar og úrgangur	30%
03	Stengur með hvers konar þverskurði (prófilar), pípur og þræðir	35%
04	Plötur, sem bera það með sér, að þær séu sérstaklega unnar til skó-sólagerðar	30%
05	Blöð, þynnur, plötur, hólkar o. þ. h., ólitað (glært), ómynstrað og óáletrað	35%
06	Límbönd (tape)	35%
07	Handfæralínur úr syntetískum efnum (monofilament), 1—2½ mm í þvermál	4%
09	Annað	40%
39.02	Efni orðin til fyrir pólymerisation og kópólymerisation (t. d. pólyetylen, pólytetrahalógenetylen, pólyisóbúten, pólystyren, pólyvínýlklóríd, pólyvínýlacetat, pólyvínýlklórídacetat og aðrir pólyvínýlderivat, pólyacrylsýru- og pólymetacrylsýruderivat, kúmarónindenharpix):	
81	Bindilögur til veiðarfæragerðar, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	2%
82	Upplausnir óunnar, duft, hellur, klumpar og úrgangur	30%
83	Stengur með hvers konar þverskurði (prófilar), pípur og þræðir ..	35%
84	Plötur, sem bera það með sér, að þær séu sérstaklega unnar til skó-sólagerðar	30%
85	Blöð, þynnur, plötur, hólkar o. þ. h., ólitað (glært), ómynstrað og óáletrað	35%
86	Límbönd	35%
87	Gólf dúkur og gólf flísar	35%
88	Plötur til myndamótagerðar	15%
91	Handfæralínur úr syntetískum efnum (monofilament), 1—2½ mm í þvermál	4%
99	Annað	40%
39.03	Endurunninn sellulósi, sellulósanítrat, sellulósaacetat og önnur sellulósa-ester, sellulósaeter og aðrir kemískir derivat sellulósa, einnig blandað mýkiefnum (t. d. collodíum og celluloid); vúlkanfíber:	
10	<i>Vúlkanfíber</i>	30%
	<i>Annað:</i>	
21	Bindilögur til veiðarfæragerðar, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	2%
22	Upplausnir óunnar, duft, hellur, klumpar og úrgangur	30%
23	Stengur með hvers konar þverskurði (prófilar), pípur og þræðir ..	35%
24	Plötur, sem bera það með sér, að þær séu sérstaklega unnar til skó-sólagerðar	30%
25	Blöð, þynnur, plötur, hólkar o. þ. h., ólitað (glært), ómynstrað og óáletrað	35%
26	Límbönd	35%
27	Handfæralínur úr syntetískum efnum (monofilament), 1—2½ mm í þvermál	4%
29	Annars	40%

39.04	Hert próteín (t. d. hert kaseín og hert gelatín):	
01	Úpplausnir óunnar, duft, hellur, klumpar og úrgangur	30%
- Þegar annað er ekki tekið fram í 1. og 2. athugasemd hér á undan, skulu hlutar og fylgitæki, sem eru einungis eða aðallega nothæf við vélar, tæki eða áhöld, sem teljast til þessa kafla, flokkast þannig:
 - Hlutar eða fylgitæki, sem í sjálfu sér eru vélar, tæki eða verkfæri (þar með talin optísk tæki í nr. 90.01 eða 90.02), er teljast til einhvers númers í þessum kafla eða í 84., 85. eða 91. kafla (nema nr. 84.65 og 85.28), skulu teljast til nefndra númera og kafla.
 - Aðrir hlutar og fylgitæki skulu talin til nr. 90.29, ef þau svara til lýsingarinnar þar, en annars skulu þau talin til sömu númera og viðkomandi vél, tæki eða áhald fellur undir.

4. Til nr. 90.05 teljast ekki stjórnsúðnaukar (nr. 90.06), sjónaukasigti á vopn, sjónpípa (periskóp) á kafbáta og brynvagna og sjónaukar á tæki og áhöld, er teljast til þessa kafla; slíkir sjónaukar og sigti teljast til nr. 90.13.
5. Optísk tæki og áhöld til mælingar og prófunar, sem talizt gætu annað hvort til nr. 90.13 eða 90.16 eftir orðalagi þeirra númera, skulu talin til nr. 90.16.
6. Til nr. 90.28 telst einungis:
 - a. Tæki og áhöld til að mæla rafmagnsstærðir.
 - b. Tæki og áhöld þeirrar gerðar, sem nefnd eru í nr. 90.14—90.16, 90.22—90.25 eða 90.27 (þó ekki snúðsjár (stroboscopes)), en þannig gerð, að rafmagnsfyrirbæri hafi áhrif á þau, misjafnlega mikið eftir stærð þeirra, er mæla á eða stjórna sjálfvirkt.
 - c. Tæki og áhöld til að mæla eða finna alfa-, beta-, gamma- og röntgengeisla, geimgeisla og aðra slíka geisla.
7. Hylki, kassar og annað þess háttar, sem flutt er inn með vörum þeim, er teljast til þessa kafla, skal talið til sömu númera og viðkomandi tæki eða áhöld, þegar venja er að selja tækin eða áhöldin með slíkum umbúðum og þær eru til þess ætlaðar. Hylki, kassar og annað þess háttar, sem flutt er inn sér í lagi, telst til númera eftir efninu, sem það er gert úr.

90.01	Linsur, prismu, speglar og aðrar optískar vörur, úr hvers konar efni, án umgerðar, þó ekki slíkar vörur úr gleri, sem hafa ekki verið optískt unnar; þynnur og plötur úr póláriserandi efnum:	
01	Gleraugnagler	50%
09	Annað	35%
90.02	Linsur, prismu, speglar og aðrar optískar vörur, úr hvers konar efni, í umgerð, til tækja og áhalda, þó ekki slíkar vörur úr gleri, sem ekki hafa verið optískt unnar:	
01	Vitagler	35%
09	Annað	50%
90.03	00 Umgerðir um gleraugu, nefklemmugleraugu, stangargleraugu, hlífðargleraugu og annað þess háttar og hlutar til slíkra umgerða	50%
90.04	00 Gleraugu, nefklemmugleraugu, stangargleraugu, rykgleraugu og annað þess háttar til réttingar á sjón og henni til hlífðar	50%
90.05	00 Sjónaukar með eða án prisma fyrir annað augað eða bæði	80%
90.06	00 Stjórnufræðileg tæki og áhöld (t. d. stjórnsúðnaukar og mælitæki, er þeim heyra til), og fætur og útbúnaður til þeirra (þó ekki tæki og áhöld til radióstjórnufræði)	35%
90.07	00 Ljósmyndavélar; leifturljósatæki til ljósmyndunar:	
01	Ljósmyndavélar, eingöngu nothæfar til læknisfræðilegra rannsókna	15%
09	Annað	50%
90.08	00 Kvikmyndavélar: Myndatöku- og sýningarvélar, hljóðupptöku- og hljóðvarpstæki; allar samstæður af þessum vélum og tækjum	50%
90.09	00 Skuggamyndavélar, stækkunar- og minnkunartæki til ljósmyndagerðar (þó ekki fyrir kvikmyndir)	50%
90.10	00 Tæki og áhöld þeirrar tegundar, sem notuð eru í ljósmynda- og kvikmyndavinnustofum og ekki falla undir neitt annað númer í þessum kafla; vélar til að taka ljósmyndað afrit af skjölum og þess háttar með snertiaðferð (contact type); spólur og kefli fyrir filmur; sýningartjöld	50%
90.11	00 Rafagna- og prótonsmásjár, rafagna- og prótondiffraktógrafar	35%
90.12	00 Optískar smásjár, einnig með útbúnaði til að taka, eða varpa á sýningar-tjald, mynd af því, sem í þeim sést	35%
90.13	00 Optísk tæki og áhöld (þó ekki ljósbúnaður annar en ljóskastarar), sem ekki eru talin í öðrum númerum þessa kafla	40%

90.14	Tæki og áhöld til landmælinga — þar með taldar mælingar eftir landslagsmyndum — til vatnsrannsóknna (hydrography), siglinga (navigation), veðurfræðirannsóknna, vatnsfræðirannsóknna (hydrology) og jarðeðlisfræðirannsóknna (geóphysik); áttavitar og fjarlægðarmælur:	
01	Áttavitar og önnur siglingatæki tilheyrandi þeim	4%
09	Annað	35%
90.15	00 Vogir með nákvæmni fyrir 5 og eða minna, einnig með lóðum, er þeim heyra til	35%
90.16	00 Tæki til teikunar, afmörkunar og útreiknings (t. d. pantógrafar, teiknifæri, reglustikur, reiknistokkar, reikniskífur o. fl.), tæki og áhöld til mælinga, endurmælinga og prófana, enda falli þau ekki undir annað númer þessa kafla (t. d. míkrometer, rennimál, málbönd, mælistikur og jafnvægistæki (balancing machines)) og prófílprójektörar	35%
90.17	Tæki og áhöld til tannlækninga, lyflækninga, skurðlækninga og dýralækninga (þar með rafmagnslækningatæki og augnlækningatæki og áhöld):	
10	Rafmagnslækningatæki	35%
20	Önnur	35%
90.18	00 Tæki til mekanóterapí, nuddlækninga, psykótéknískra rannsókna, oxygen-terapí, ózonteraþí, aerosólteraþí og gervíandardráttar, öndunartæki (þar með taldar gasgrímur og önnur svipuð tæki)	35%
90.19	Ortópedískar vörur og önnur svipuð tæki (skurðlækningabelti, kviðslitsbelti og annað þess háttar); gervilímur, gerviaugu, gervitennur og aðrir gervihlutar líkamans; heyrnartæki; spengur og annað til lækninga á beinbroti:	
10	Heyrnartæki	15%
20	Annað	15%
90.20	00 Röntgentæki og tæki, sem nýta geislun frá geislavirkum efnum (þar með talin tæki til myndatöku með röntgengeislum og röntgenteraþí); röntgen-generatorar og röntgenlampar; röntgenskermar; röntgenháspennutæki, mælitöflur fyrir röntgentæki; borð, stólar og annað þess háttar sérstaklega gert til notkunar við rannsóknir og lækningar með röntgengeislum	15%
90.21	00 Tæki, áhöld og eftirlíkingar til sýningar og kennslu, ekki hæfar til annarra nota	35%
90.22	00 Tæki til mekanískrar prófunar á hörku, styrkleika, þrýstípoli, teygjanleika og öðrum svipuðum eiginleikum efnis (t. d. málma, trjáviðar, spunatrefja, pappírs og plasts)	35%
90.23	Flotvogir (hydrometers) og svipuð tæki; hitamælur, háhitamælur (pyrometers), loftvogir, rakamælur, rakaprýstingsmælur (psychrometers), hvort heldur þeir eru búnir ritfærum eða eigi; einnig hvers konar samsetning þessara tækja:	
01	Sjúkramælur	35%
02	Aðrir hitamælur	35%
03	Loftþyngdarmælur	35%
09	Annað	35%
90.24	Tæki og áhöld til mælinga, prófana eða til sjálfvirkar ákvörðunar á straumhraða, dýpi, þrýstingi og öðrum breytilegum stærðum í vökvum og hvers konar lofttegundum eða til sjálfvirkar ákvörðunar hitastigs (t. d. þrýstingsmælur, hitastillar, vökvahæðarmælur, rennslismælur, varmamælur og sjálfvirkir súgustillar í ofna), þó ekki vörur þær, er teljast til nr. 90.14:	
01	Hitastillar (termóstatar)	35%
09	Annað	35%
90.25	00 Tæki og áhöld til fýsískrar og kemískrar greiningar (t. d. ljósskautunarmælur (polarimeters), ljósbrotsmælur (refractometers), ljósrófmælur	

	(spectrometers), gasgreinitæki); tæki og áhöld til mælingar á fljótanleika, gropinleika, þenslu, yfirborðsspennu og öðru þess háttar (svo sem „viscometers“, „porosimeters“, „expansion meters“); tæki og áhöld til mælingar á magni hita, ljóss eða hljóðs (svo sem ljósmælur (photometers) (þar með „exposure meters“), hitamagnsmælur (calorimeters); smásjár-sneiðatæki (microtomes)	35%
90.26	Notkunar- og framleiðslumælur fyrir gas, vökva og rafmagnsstraum; mælur til prófunar á þeim:	
	10 Notkunarmælur fyrir rafmagn	35%
	20 Aðrir	35%
90.27	00 Snúningsteljarar, framleiðsluteljarar, taxtamælur, kílómetramælur, skref- teljarar og annað þess háttar, hraðamælur (einnig segulmagns) og snú- ningshraðamælur (tachometers) (aðrar en vörur þær, er teljast til nr. 90.14); snúðsjár (stroboscopes)	35%
90.28	Rafmagns- og rafagnatæki og áhöld til mælinga, prófana, skoðana, grein- inga og sjálfvirkra stillinga:	
	01 Bergmálsdýptarmælur (ekklólóð), asdictæki og aðrir þvílíkir raf- magns- og rafagnadýptarmælur og fisksjár	4%
	09 Önnur	35%
90.29	Hlutar og fylgitæki þannig löguð, að þau séu einungis eða aðallega hæf og ætluð til einnar eða fleiri af þeim vörum, er teljast til nr. 90.23-90.24 og nr. 90.26-90.28:	
	01 Til tækja og áhalda, sem teljast til nr. 90.28.01	4%
	09 Annað	35%

91. kafli.

Úr og klukkur og hlutar til þeirra.

Athugasemdir:

- Með *vasaúrverku* í nr. 91.02 og 91.07 er átt við úrverk, sem eru með óróa og gormfjöður sem gangstillar og eru í mesta lagi 12 mm að þykkt, þegar með er talinn verkbotn og brýr.
- Nr. 91.07 og 91.08 taka ekki til verka, sem ganga fyrir fjöðrum eða lóðum og hafa ekki gang (échappement), og eru ekki ætluð til þess, að hann sé settur í þau (nr. 84.08).
- Til þessa kafla teljast ekki lóð, úr- eða klukkugler, úrfestar, úrreimar, hlutar til rafbúnaðar, kúlulegur og kúlur í þær eða hlutar til almennrar notkunar eins og þeir eru skýrgreindir í 2. athugasemd við XV. flokk. Úr- og klukkufjáðrir flokkast eins og hlutar til úra og klukkna (nr. 91.11).
- Leiði ekki annað af 2. og 3. athugasemd hér að ofan, teljast verk og hlutar, sem jöfnum höndum má nota í úr og klukkur og önnur tæki (t. d. nákvæmnitæki), til þessa kafla.
- Kassar, öskjur, hylki og annað þess háttar, sem flutt er inn með vörum þeim, er teljast til þessa kafla, flokkast í sömu númer og viðkomandi vörur, enda sé það ætlað fyrir viðkomandi vöru og að jafnaði selt með henni. Kassar, öskjur, hylki og annað þess háttar, sem flutt er inn sér í lagi, telst til númera í samræmi við gerð þess og efnið, sem það er gert úr.

91.01	00	Vasaúr, armbandsúr og önnur svipuð úr (þar með talin stanzúr af svipaðri gerð)	50%
91.02	00	Önnur úr og klukkur með vasaúrverki (þó ekki úr, er teljast til nr. 91.03)	50%
91.03	00	Úr og klukkur í mælatöflur og annað þess háttar fyrir land-, sjó- og loft- farartæki	50%

91.04	00	Önnur úr og klukkur	50%
91.05	00	Eftirlitstæki og tímamælar með úrverki eða samfashreyfli til skrásetninga á tíma eða til mælinga, skrásetningar eða annarra upplýsinga um tímalengdir	50%
91.06	00	Tímarofar með úrverki eða samfashreyfli	50%
91.07	00	Vasaúrverk fullgerð	50%
91.08	00	Önnur úrverk fullgerð	50%
91.09	00	Kassar fyrir úr; hlutar til þeirra; ófullgerðir hlutar í slíka kassa	50%
91.10	00	Klukkukassar og svipaðar umgerðir fyrir aðrar vörur í þessum kafla, og hlutar til þeirra	50%
91.11	00	Aðrir hlutar í úr og klukkur	50%

92. kafli.

Hljóðfæri; hljóðupptökutæki, hljóðflutningstæki; hlutar og fylgitæki til þessara tækja og áhalda.

Athugasemdir:

- Til þessa kafla telst ekki:
 - Ljósæmar filmur til ljósmyndunar eða ljósrafrænnar (photo-electric) upptöku, einnig áteknar eða framkallaðar (37. kafli).
 - Hlutar til almennra nota í samræmi við skýrgreiningu í 2. athugasemd við XV. flokk.
 - Hljóðnemar, magnarar, hátalarar, höfuðheyrnartæki, rofar, snúðsjár og önnur áhöld og tæki og önnur fylgitæki, er teljast til 85. eða 90. kafla og ætluð eru til notkunar með tækjum þeim, er teljast til þessa kafla, en eru ekki sambyggð þeim eða komið fyrir í sama hylki og þau; hljóðupptökutæki eða hljóðflutningstæki sambyggð útvarpstækjum (nr. 85.15).
 - Burstar til að hreinsa hljóðfæri (nr. 96.02).
 - Hljóðfæri, sem bera einkenni leikfangs (nr. 97.03).
 - Safngripir og forngríp (nr. 99.05 eða 99.06).
- Hálfgerð og ófullgerð hljóðfæri og tæki flokkast eins og um heil og fullgerð hljóðfæri og tæki væri að ræða, enda sé smíðinni svo langt komið, að höfuðeinkenni hljóðfærisins eða tækisins sé komið í ljós.
- Bogar, trumbusláttartæki og annað þess háttar til hljóðfæra, er teljast til nr. 92.02 og 92.06, og flutt er inn með hljóðfærunum, sem það á augsýnilega að notast til og í hæfilegu magni, flokkast í sömu númer og viðkomandi hljóðfæri.
Gataður pappír og pappi, er telst til nr. 92.10, einnig grammófónplötur og annað þess háttar (nr. 92.12), flokkast til nefndra númera sér í lagi, einnig þótt það sé flutt inn með þeim hljóðfærum, sem það á að notast til.
- Kassar, öskjur, hylki og annað þess háttar, sem flutt er inn með vörum þeim, er teljast til þessa kafla, flokkast í sömu númer og viðkomandi vörur, enda sé það ætlað fyrir viðkomandi vöru og að jafnaði selt með henni. Kassar, öskjur, hylki og annað þess háttar, sem flutt er inn sér í lagi, telst til númera í samræmi við gerð þess og efnið, sem það er gert úr.

92.01	00	Píanó (hér með talin sjálfspilandi píanó með eða án nótnaborðs); „harpsi-chord“ og önnur strengjahljóðfæri með nótnaborði; hörpur (þó ekki vindhörpur)	30%
92.02	00	Önnur strengjahljóðfæri	50%

92.03	00	Pípu- og tunguorgel, þar með talin harmóníum og önnur svipuð hljóðfæri:	
	01	Orgel til notkunar í kirkjum, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	0
	09	Önnur	30%
92.04		Harmóníkur, concertínur og önnur svipuð hljóðfæri; munnhörpur:	
	01	Munnhörpur	50%
	09	Annað	50%
92.05	00	Önnur blásturshljóðfæri	50%
92.06	00	Slaghljóðfæri (t. d. trommur, zylófón, cymbals og kastanjettur)	50%
92.07	00	Rafsegul-, rafstöðu-, rafagnabúin hljóðfæri og önnur svipuð hljóðfæri (t. d. píanó, orgel og harmóníkur):	
	01	Píanó og orgel	30%
	09	Annað	50%
92.08	00	Hljóðfæri, sem teljast ekki til neins annars númers þessa kafla (t. d. orkestríón, lírukassar, spiladósir og hljómsagir); mekanískir söngfluglar; hvers konar tálflautur; merkjahorn og merkjaflautur blásnar með munninum (t. d. bátsmannsflautur)	50%
92.09	00	Strengir í hljóðfæri	50%
92.10	00	Hlutar og fylgitæki til hljóðfæra (þó ekki strengir), þar með talinn gataður pappír eða pappi í mekanísk hljóðfæri og valsar í spiladósir; taktmælar, tóngafflar og tónflautur hvers konar	50%
92.11		Grammófónar, diktafónar og önnur hljóðupptöku- og hljóðflutningstæki (þar með taldir plötu- og bandspilarar með eða án hljómhöfuðs):	
	01	Grammófónar og plötuspilarar	75%
	02	Hljóðupptökutæki og bandspilarar	75%
	09	Annað	75%
92.12		Grammófónplötur og aðrar hljóðupptökur; plötur, valsar, filmur, bönd, þræðir og annað þess háttar tilbúið til hljóðupptöku; mót til framleiðslu á grammófónplötum:	
	01	Grammófónplötur með íslenzku efni	30%
	02	Grammófónplötur til tungumálakennslu	50%
	03	Segulbönd fyrir skýrsluvélar, samkv. nánari skilgreiningu fjármálaráðuneytisins	35%
	09	Annað	75%
92.13	00	Önnur fylgitæki og hlutar til grammófóna, diktafóna og annarra hljóðupptöku- og hljóðflutningstækja	75%

XIX. flokkur.

Vopn og skotfæri; hlutar til þeirra.

93. kafli.

Vopn og skotfæri; hlutar til þeirra.

Athugasemdir:

1. Til þessa kafla telst ekki:

- a. Vörur, er teljast til 36. kafla (t. d. hvellhettur, sprengihettur, merkjaflugeldar).
- b. Hlutar til almennra nota eins og þeir eru skýrgreindir í 2. athugasemd við XV. flokk.
- c. Brynvnagar og önnur brynvarin farartæki með vopnum (nr. 87.08).
- d. Sjónaukasigti og önnur optísk tæki, sem eru ekki fest á skotvopn eða flutt inn með þeim skotvopnum, sem á að nota þau við (90. kafli).

- e. Bogar, örvar, skilmingavopn og annað þess háttar til íþróttaiðkana, ásamt leikföngum, er telst til 97. kafla.
- f. Safngripir og forngripir (nr. 99.05 eða 99.06).
2. Hálfgerð og ófullgerð vopn flokkast eins og um heil og fullgerð vopn væri að ræða, enda sé smíðinni svo langt komið, að höfuðeinkenni vopnsins sé komið í ljós.
3. Sem *hlutar til þeirra* í nr. 93.07 teljast ekki radió- og radartæki, sem teljast til nr. 85.15.
4. Kassar, öskjur, hylki og annað þess háttar, sem flutt er inn með vörum þeim, er teljast til þessa kafla, flokkast í sömu númer og viðkomandi vara, enda sé það ætlað fyrir viðkomandi vöru og að jafnaði selt með henni. Kassar, öskjur, hylki og annað þess háttar, sem flutt er inn sér í lagi, telst til númera í samræmi við gerð þess og efnið, sem það er gert úr.

93.01	00	Sverð, höggsverð, byssustingir og svipuð vopn ásamt hlutum til þeirra og slíðrum	60%
93.02	00	Skammbyssur, sem eru skotvopn	60%
93.03	00	Stórskotaliðsvopn, vélbyssur og önnur hernaðarskotvopn og sprengjuvörpur (þó ekki skammbyssur)	60%
93.04		Önnur eldvopn, þar með taldar merkjabyssur, hvellbyssur, línubyssur og annað þess háttar:	
	01	Línubyssur	20%
	02	Hvalveiðibyssur	20%
	03	Fjárbyssur	20%
	09	Annars	60%
93.05	00	Önnur vopn, þar með taldar loftbyssur, fjaðrabyssur og annað þess háttar	60%
93.06		Hlutar til vopna, þar með talin formótuð skefti og hlaup, en ekki hlutar, er teljast til nr. 93.01:	
	10	Hlutar til vopna, sem teljast til nr. 93.04-93.05	60%
	20	Aðrir	60%
93.07		Sprengjur, handsprengjur, tundurskeyti, tundurdufl, fjarstýrð vopn, flugskeyti og svipuð hernaðarvopn og hlutar til þeirra; skotfæri og hlutar til þeirra, þar með talin forhlöð; blýhögl:	
	10	Skotfæri til sportvopna	35%
		Annað:	
	21	Skutlar og skot í hvalveiðibyssur og línubyssur	4%
	22	Skot sérstaklega gerð fyrir fjárbyssur	20%
	29	Annars	35%

XX. flokkur. Ýmsar vörur.

94. kafli.

Húsgögn og hlutar til þeirra; rúmbotnar, dýnur, púðar og þess háttar stoppaður húsbúnaður.

Athugasemdir:

1. Til þessa kafla telst ekki:
 - a. Dýnur, höfuðpúðar og aðrir púðar, sem fylla má með lofti eða vatni (39., 40. og 62. kafli).
 - b. Gólfampar, borðlampar, veggampar, lampastæði og annar ljósabúnaður, sem flokkast eftir því efni, sem hann er gerður úr (t. d. nr. 44.27, 70.14 og 83.07).
 - c. Vörur úr steini eða leir, sem notaðar eru sem stólar, sæti, borð eða súlur í lystigörðum, blómagörðum eða anddyrum (68. og 69. kafli).
 - d. Speglar, sem gerðir eru til að standa á gólfi eða jörðu (t. d. hverfispeglar), er teljast til nr. 70.09.
 - e. Hlutar til almennra nota samkvæmt skýrgreiningu í 2. athugasemd við XV. flokk, enn fremur peningaskápar, er teljast til nr. 83.03.
 - f. Húsgögn sérstaklega gerð sem hlutar af kælikápum, er teljast til nr. 84.15; húsgögn sérstaklega gerð fyrir saumavélar (nr. 84.41).
 - g. Húsgögn sérstaklega gerð sem hlutar af útvarpsgrammófónum, útvarpsviðtækjum og sjónvarpstækjum (nr. 85.15).
 - h. Spýtubakkar fyrir tannlæknastofur (nr. 90.17).
 - ij. Vörur, sem teljast til 91. kafla (t. d. klukkur og klukkukassar).
 - k. Húsgögn sérstaklega gerð sem hlutar af grammófónum, diktafónum eða öðrum hljóðupptöku- og hljóðflutningstækjum, er teljast til nr. 92.13.
 - l. Leikfangahúsgögn (nr. 97.03), ballskákarborð og önnur húsgögn sérstaklega gerð fyrir leiki (nr. 97.04) og töfrabrögð (nr. 97.05).
2. Orðin stólar og önnur tæki í nr. 94.01 og 94.02 og húsgögn í nr. 94.02 og 94.03 taka því aðeins til þessara muna, að þeir séu gerðir til að standa á gólfi eða á jörðu.

Þetta tekur þó ekki til eftirtalinnna húsgagna, þótt þau séu gerð til að festast á vegg eða standa hvert ofan á öðru:

 - a. Eldhússkápar og þess háttar skápar.
 - b. Sambrotsstólar og sambrotsrúm.
 - c. Samsetningsbókaskápar og hliðstæð samsetningahúsgögn.
3. Húsgögn, sem eru flutt inn ósamsett, flokkast sem samsett, einnig þótt um sé að ræða plötur, hluta eða fylgihluta úr gleri, marmara o. þ. h., enda séu þessir ósamsettu munir fluttir inn í sömu sendingu.
4. a. Sem hlutar til vöru í 94. kafla teljast ekki plötur úr gleri (þar með taldir speglar), marmara eða öðrum steintegundum, þó að þær séu tilskornar, ef þær eru ekki festar við aðra húsgagnahluta.
 - b. Séu vörur, sem teljast til nr. 94.04, fluttar inn sér í lagi, flokkast þær til þess númeris, en ekki til nr. 94.01—94.03, enda þótt þær séu fluttar inn sem hlutar til húsgagna, er teljast til nr. 94.01—94.03.

94.01	00	Stólar og önnur sæti (þar með taldir svefnsófar o. þ. h.) og hlutar til þeirra, þó ekki sæti, er teljast til nr. 94.02	90%
94.02	00	Húsgögn fyrir lækni- og vélvæðing, þar með taldir tannlækni- og vélvæðing- aðgerðir (t. d. skurðarborð, rannsóknarborð, sjúkrarúm með mekanískum útbúnaði); tannlækna- og vélvæðing og önnur slík sæti með mekanískum lyfti- öðrum hreyfiútbúnaði; hlutar til þessara húsgagna	35%
94.03	00	Önnur húsgögn og hlutar til þeirra:	
	01	Innréttingar, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðu- neytisins	60%
	09	Annað	90%
94.04	00	Rúmbotnar; rúmfatnaður og þess konar húsbúnaður, með fjöðrum eða bólstrun, úr hvers konar efni, einnig úr svampgúmmí, með eða án yfir- klæðis (t. d. dýnur, stungnar ábreiður, sængur, sessur og púðar)	90%

95. kafli.

Vörur úr útskurðar- og mótunarefnum; unnin útskurðar- og mótunarefni.

Athugasemdir:

Til þessa kafla telst ekki:

- Vörur, er teljast til 66. kafla (t. d. hlutar til regnhlifa og göngustafa).
- Blævængir, ekki mekanískir (nr. 67.05).
- Vörur, er teljast til 71. kafla (t. d. glysvarningur).
- Hnifar og aðrar vörur, er teljast til 82. kafla, þótt þær séu með skafti eða öðrum hluta úr útskurðar- eða mótunarefnum. Séu sköftin og aðrir hlutar til þessara vara fluttir inn sér í lagi, teljast þeir þó til þessa kafla.
- Vörur, er teljast til 90. kafla (t. d. gleraugnaumgerðir).
- Vörur, er teljast til 91. kafla (t. d. klukku- og úrkassar).
- Vörur, er teljast til 92. kafla (t. d. hljóðfæri og hlutar til þeirra).
- Vörur, er teljast til 93. kafla (t. d. vopn og hlutar til þeirra).
- Vörur, er teljast til 94. kafla (t. d. húsgögn og hlutar til þeirra).
- Burstagerðarvörur og aðrar vörur, er teljast til 96. kafla.
- Vörur, er teljast til 97. kafla (t. d. leikföng, leiktæki og íþróttavörur).
- Vörur, er teljast til 98. kafla (t. d. hnappar, reykjapípur og greiður).
- Vörur, er teljast til 99. kafla (t. d. listaverk, safnmunir og forngríp).

95.01	00	Skjaldbökuskel unnin og vörur úr skjaldbökuskel	100%
95.02	00	Perlumóðir unnin og vörur úr perlumóðum	100%
95.03	00	Filabein unnið og vörur úr filabeini	100%
95.04	00	Bein unnið og vörur úr beini	100%
95.05	00	Horn unnið, kórall (náttúrlegur eða tilbúinn) og önnur útskurðarefni úr dýraríkinu og vörur úr þessum efnum	100%
95.06	00	Útskurðarefni úr jurtaríkinu (t. d. filabeinshnetur), unnin, og vörur úr þeim	100%
95.07	00	Harðkol (jet) (þar með harðkoleftirlíkingar úr jarðefnum), raf, merskúm, tilbúið raf og tilbúið merskúm, unnið, og vörur úr þessum efnum	100%
95.08		Mótaðar eða útskornar vörur úr vaxi, steríni, kolvetnisgúmmí úr jurta- ríkinu, náttúrlegum harpíxum (t. d. kópal eða kólófóníum) eða mótunarefni, svo og aðrar mótaðar eða útskornar vörur, ót. a.; unnið, óhert gelatín (þó ekki gelatín, er telst til nr. 35.03) og vörur úr óhertu gelatíni:	
	01	Gelatínbelgir utan um lyf	15%
	09	Annað	100%

96. kafli.**Sópar, penslar, burstar, fjaðrakústar, duftpúðar og sáld.****Athugasemdir:**

1. Til þessa kafla telst ekki:
 - a. Vörur, er teljast til 71. kafla.
 - b. Burstar sérstaklega gerðir fyrir lyf-, skurð-, tannlæknis-, dýralæknis- eða aðrar læknisaðgerðir (nr. 90.17).
 - c. Leikföng, er teljast til 97. kafla.
2. Með orðunum *tilbúin knippi til framleiðslu á sópum og burstum* í nr. 96.03 er einungis átt við óafest knippi úr dýrahári, jurtatrefjum eða öðru efni, sem án sundurgreiningar eru tilbúin til að festast í bursta eða annað þess háttar, eða þarfnast aðeins smávæglegrar lagfæringar, svo sem limingar eða tilskurðar, til að nota megi þau á þennan hátt.

96.01	00	Sópar og burstar úr hrísi og öðrum jurtaefnum, aðeins samanbundið en ekki fest á haus, með eða án skafts	70%
96.02		Aðrir sópar, penslar og burstar (þar með taldir burstar, sem eru hlutar af vélum), málningarrúllur, gúmmíþurrkur á skafti (aðrar en rúllur) og skaftþvögur o. þ. h.:	
	01	Málningarpenslar og málningarrúllur	70%
	02	Listmálunarpenslar, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	35%
	03	Burstar og sópar, sem eru hlutar af vélum	35%
	04	Tannburstar	50%
	09	Annars	100%
96.03	00	Tilbúin knippi til framleiðslu á sópum, penslum og burstum	35%
96.04	00	Fjaðrasópar	100%
96.05	00	Duftpúðar o. þ. h., úr hvers konar efni	100%
96.06	00	Handsiur og handsáld, úr hvers konar efni	80%

97. kafli.**Leikföng, leiktæki og íþróttavörur og hlutar til þessara vara.****Athugasemdir:**

1. Til þessa kafla telst ekki:
 - a. Jólakerti (nr. 34.06).
 - b. Flugeldar og skrauteldar o. þ. h. í nr. 36.05.
 - c. Garn, einþráðungar, línur, þarmar o. þ. h. til fiskveiða í hæfilegum lengdum, en ekki uppsett, sem telst til 39. kafla, nr. 42.06 eða til XI. flokks.
 - d. Íþróttatöskur og aðrar vörur, er teljast til nr. 42.02 og nr. 43.03.
 - e. Íþróttafatnaður og grimubúningar úr vefjarefnum, sem teljast til 60. og 61. kafla.
 - f. Flögg og flaggdúkur úr vefnaði og segl á báta og farartæki, er teljast til 62. kafla.
 - g. Íþróttaskófatnaður (þó ekki skautaskór með áföstum skautum), legghlífar o. þ. h., er telst til 64. kafla, enn fremur höfuðfatnaður til íþróttaiðkana, er telst til 65. kafla.
 - h. Klifurstafir, svipur, keyri o. þ. h. (nr. 66.02) og hlutar til þeirra vara (nr. 66.03).
 - ij. Gleraugu í brúður eða önnur leikföng, óuppsett, er teljast til nr. 70.19.
 - k. Hlutir til almennra nota samkvæmt skýrgreiningu í 2. athugasemd við XV. flokk.
 - l. Vörur, sem falla undir nr. 83.11.

- m. Sportökutæki (nema rennisleðar (bobsleighs, toboggans) og aðrir svipaðir sleðar), sem teljast til XVII. flokks.
- n. Barnahjól með kúlulegum og smíðuð eins og venjuleg hjól fyrir fullorðna (nr. 87.10).
- o. Sportbátar, svo sem eintrjáníngar og kappróðrabátar (89. kafli), og árar o. þ. h. til þeirra (44. kafli, ef árar eru úr trjáviði).
- p. Hlífðargleraugu til íþróttaiðkana og útileikja (nr. 90.04).
- q. Tálflautur o. þ. h. (nr. 92.08).
- r. Vopn og aðrar vörur, er teljast til 93. kafa.
- s. Strengir í boltaspaða, tjöld og annar ferðaútbúnaður, enn fremur hanzkar (flokkast yfirleitt eftir því efni, sem vörurnar eru gerðar úr).
2. Til þessa kafa teljast einnig vörur, sem í eru einhverjir óverulegir hlutar úr perlum, eðalsteinum eða hálfedalsteinum (náttúrulegum, tilbúnum eða endurgerðum), góðmálmi eða góðmálmspletti.
3. Orðið *brúður* í nr. 97.02 tekur aðeins til slíkra hluta, sem gerðir eru í mannsmynd.
4. Ófullgerðar vörur eða vörur, sem eitthvað vantar á, flokkast eins og samsvarandi vörur fullgerðar eða heilar, ef þær að öllu verulegu líta út eins og fullgerðar vörur.
5. Ef annað er ekki tekið fram í 1. athugasemd hér að ofan, teljast hlutar og fylgihlutar, sem eingöngu eða aðallega eru hæfir og notaðir sem hlutar eða fylgihlutar vara þeirra, er teljast til þessa kafa, til sama númers og varan fullgerð.

97.01	00	Leikfangsökutæki fyrir börn (t. d. hlaupahjól, barnahjól, þríhjól og stignir barnabílar); brúðuvagnar og brúðukerrur	90%
97.02	00	Brúður	90%
97.03	00	Önnur leikföng; smálíkön til leikja og skemmtunar	90%
97.04		Samkvæmisleiktæki fyrir börn og fullorðna (þar með talin borðleiktæki, ballskákarborð (billardborð), spilaborð (rouletborð) og borðtennisútbúnaður):	
	01	Taflborð og taflmenn	80%
	02	Spil	100%
	09	Önnur	90%
97.05	00	Grímuballsvörur; skemmtitæki, t. d. til töfrabragða, sjónhverfinga o. þ. h.; jólatrésskraut og annað jólaskraut (t. d. tilbúin jólatré, jólasokkar o. þ. h.)	100%
97.06		Áhöld, tæki og útbúnaður til fimleika, afrauna og annarra íþróttar og útileikja (þó ekki vörur, er teljast til nr. 97.04):	
	01	Skíði og hlutar til þeirra og skíðastafir	50%
	02	Skautar (þar með hjólaskautar)	50%
	09	Annað	50%
97.07		Fiskiönglar, fiskistengur og annar útbúnaður til stangaveiði; veiðiháfar (t. d. fyrir fisk og fiðrildi), tálfluglar, lerkispeglar og annar þess háttar veiðiútbúnaður:	
	01	Fiskiönglar venjulegir, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	4%
	02	Veiðistengur	50%
	09	Annað	50%
97.08	00	Hringekjur, rólur, skotskífur og annar útbúnaður fyrir skemmtistaði; ferðasirkus, ferðadýrasöfn og ferðaleikhús	100%

98. kafli.

Ýmsar unnar vörur.

Athugasemdir:

1. Til þessa kafla telst ekki:
 - a. Augnabrunalitur og aðrir þvilikir litir (nr. 33.06).
 - b. Hnappar, ermahnappar og aðrar vörur, sem taldar eru í nr. 98.01 og 98.12, ef þessar vörur eru gerðar að öllu eða nokkru leyti úr góðmálmi, góðmálmspletti (sjá þó athugasemd 2.a við 71. kafla) eða í þeim eru eðalsteinar eða hálfedalsteinar (náttúrlegir, tilbúnir eða endurgerðir) eða perlur (71. kafli).
 - c. Hlutar til almennra nota eins og þessi orð eru skýgreind í 2. athugasemd við XV. flokk.
 - d. Rissfjaðrir (90.16).
 - e. Leikföng, er teljast til 97. kafla.
2. Ef annað leiðir ekki af ákvæðunum í 1. athugasemd hér á undan, teljast til kaflans vörur, sem eru að öllu eða nokkru leyti úr góðmálmum, góðmálmspletti, eðalsteinum og hálfedalsteinum (náttúrlegum, tilbúnum eða endurgerðum) og náttúrlegum perlum.
3. Öskjur, hylki og aðrar umbúðir, sem eru fluttar inn með vörum í þessum kafla, flokkast í sömu númer og vörurnar sjálfar, ef umbúðirnar eru ætlaðar utan um vörurnar og umbúðir af þessu tagi eru almennt seldar með þessum vörum. Öskjur, hylki og aðrar umbúðir, sem eru fluttar inn sér í lagi, flokkast eftir gerð þeirra og efni.

98.01	00	Hnappar, flibbahnappar, ermahnappar, smellur, smelluhnappar, hnappamót og hnappaefni, hnappahlutar	40%
98.02		Rennilásar og hlutar til þeirra:	
	01	Málmstykki til framleiðslu á rennilásum	25%
	09	Annað	40%
98.03	00	Sjálfblekungar, kúlupennar og aðrir slíkir pennar, pennastengur, skrúfblýantar, renniblýantar o. þ. h. og hlutar og fylgihlutar þessara vara (þó ekki vörur, sem teljast til nr. 98.04 og 98.05)	*50%
98.04	00	Pennar og pennaoddar	50%
98.05	00	Blýantar (aðrir en þeir, er teljast til nr. 98.03); ritblý; litkrít, griffilar, teiknikol, pastel-, rit- og teiknikrít; klæðskera- og billardkrít	*50%
98.06		Rit- og teiknisþjöld, einnig í ramma:	
	01	Skólatöflur	35%
	09	Annað	80%
98.07	00	Innsiglis-, tölusetningarstimplar, dagsetningarstimplar og aðrir handstimplar; letur og leturhaldarar til handstimplunar	80%
98.08	00	Ritvéla- og reiknivélabönd o. þ. h., einnig á spólum; stimpilpúðar, einnig í kössum	80%
98.09	00	Innsiglislakk og flöskulakk í stöngum, plötum eða öðru svipuðu formi; fjölrítunar- og valsamassi o. þ. h. gert aðallega úr gelatíni, einnig á pappírs- eða spunaefnagrunni	80%
98.10	00	Vindla- og vindlingakveikjarar og aðrir áþekkir kveikjarar (þar með taldir kemískir kveikjarar og rafmagnskveikjarar) og hlutar til þeirra (þó ekki steinar og kveikir)	80%
98.11	00	Reykjarpípur; pípuhausar, munnstykki og aðrir pípuhlutar (þar með talin lauslega formuð trjá- eða rötastykki); vindla- og vindlingamunnstykki og hlutar til þeirra	80%
98.12	00	Greiður, hárkambar o. þ. h.	100%
98.13	00	Lífstykjkjateinar og aðrir slíkir teinar til fata og fatahluta	40%

98.14	00	Ilmsprautulát til snyrtingar o. þ. h. og úðarar til þeirra	100%
98.15	00	Hitafloöskur og önnur hitaeinangrandi ílát, hlutar til þeirra (þó ekki innri glerílatin)	100%
98.16	00	Mannslíkön fyrir klæðskera, sýningar o. þ. h.; mekanískur og hreyfanlegur sýningarútbúnaður í búðarglugga o. þ. h.	90%

XXI. flokkur.

Listaverk, safnmunir og forngrípir.

99. kafli.

Listaverk, safnmunir og forngrípir.

Athugasemdir:

- Til þessa kafla telst ekki:
 - Ónotuð frimerki, stimpilmerki og önnur slík merki, sem eru gild eða verða gild hér á landi (nr. 49.07).
 - Máluð leiktjöld, máluð baktjöld í myndastofur og annað þess háttar (nr. 59.12).
 - Náttúrlegar perlur, eðal- og hálfedalsteinar (nr. 71.01 og 71.02).
- Með orðunum *myndstungur*, *prentmyndir* og *steinprentaðar myndir* í nr. 99.02 er átt við þrykk í svörtu og hvítu eða í litum með einni eða fleiri plötum, gerðum að öllu leyti í höndunum af listamanninum sjálfum og skiptir ekki máli, hvaða aðferð eða efni eru notuð, þó þannig að ekki mega hafa verið notaðar mekanískar aðferðir eða ljósmyndun.
- Til nr. 99.03 teljast ekki endurgerðir af listaverkum í fjöldaframleiðslu eða handiðnaðarvörur með einkennum verzlunarvöru. Slíkar endurgerðir flokkast eftir efni og annarri gerð.
- a. Geti vara eftir orðalagi textans í einstökum númerum bæði talizt til þessa kafla og einnig til annars kafla tollskrárinnar, skal hún teljast til þessa kafla, nema annað leiði af ákvæðunum í 1.—3. athugasemd hér að ofan.
b. Vörur, sem eftir orðalagi textans geta bæði talizt til nr. 99.06 og nr. 99.01—99.05, skulu teljast til nr. 99.01—99.05.
- Rammar um málverk, teikningar, pastelmyndir, myndstungur, prentmyndir og steinprentaðar myndir skoðast hlutar af verkunum, ef efni og verðmæti rammanna er í samræmi við þau.

99.01	00	Málverk, teikningar og pastelmyndir gerðar í höndunum að öllu leyti (þó ekki tæknilegir uppdrættir í nr. 49.06, og handskreyttar iðnaðarvörur)	0
99.02	00	Myndstungur, prentmyndir og steinprentaðar myndir, enda sé um frumverk að ræða	0
99.03	00	Höggmyndir og myndastyttur, úr hvers konar efni, enda sé um frumsmíði að ræða	0
99.04	00	Frimerki, stimpilmerki og önnur áþekk merki (þar með talin póststimpilmerki, póststimpluð umslög, bréfkort o. þ. h.), notuð, eða ef ónotuð þá ógild hér á landi	0
99.05	00	Dýrafræðileg, grasafæðileg, jarðfræðileg, líffærafræðileg, söguleg, fornfræðileg, steingervingafræðileg, þjóðfræðileg og myntfræðileg söfn og safnmunir	0
99.06	00	Forngrípir yfir 100 ára gamlir	20%

2. gr.

Auk þeirra vara, sem eru tollfrjálsar eftir tollskránni í 1. gr., eru eftirtaldar vörur einnig undanþegnar aðflutningsgjöldum:

1. Áhöld og innstæðumunir í farartækjum, sem koma hingað til lands frá útlöndum, enda séu áhöld þessi og innstæðumunir tilheyrandi farartækjunum sjálfum og að dómi tollyfirvalds ekki umfram það, sem hæfilegt má teljast með tililiti til stærðar farartækjanna, hvaða ferðum þau eru í og um hvaða áhöld og muni er að ræða, og áhöld þessi og innstæðumunir verði ekki fluttir hér úr farartækjunum.
 2. Vistir og aðrar nauðsynjar, sem eru í farartækjum, sem koma hingað til lands frá útlöndum, enda verði vistir þessar og nauðsynjar áfram í farartækjunum til notkunar þeim, svo og áhöfn og farþegum til neyzlu og notkunar, og vistir þessar og nauðsynjar geti talizt hæfilegar og leyfilegar eftir reglum, sem fjármálaráðuneytið setur um þau efni. Einungis farartæki, sem eru í utanlandsferðum, geta þó notið þessarar undanþágu, en fjármálaráðuneytið segir fyrir um það í reglugerð, hvað teljast skuli utanlandsferðir í þessu sambandi.
 3. Aðrar vörur, sem ekki á að flytja hér úr farartæki, en eiga að fylgja því aftur til útlanda. Fjármálaráðuneytið getur sett nánari reglur um meðferð þessara vara og hvaða skilyrðum skuli fullnægt, svo að þær verði tollfrjálsar.
 4. Vanalegur farangur áhafna í farartækjum, sem koma hingað til lands frá útlöndum, en það gildir sem almenn regla, sem fjármálaráðuneytið getur gert undantekningu frá með reglugerðarákvæðum eða fyrirmælum í svipuðu formi, að með vanalegum farangri áhafna er átt við fatnað og aðrar nauðsynjar, sem tilheyra áhöfnum í skipum og öðrum farartækjum, sem koma hingað til lands frá útlöndum, að svo miklu leyti sem tollyfirvald telur farangur þennan til eigin nota áhafnanna sjálfra í farartækinu.
 5. Vanalegur farangur ferðamanna, sem koma hingað til lands frá útlöndum, en það gildir sem almenn regla, sem fjármálaráðuneytið getur gert undantekningu frá með reglugerðarákvæðum eða fyrirmælum í svipuðu formi, að með orðunum vanalegur farangur ferðamanna er átt við fatnað og aðrar ferðanauðsynjar, sem farþegar í farartækjum, sem koma hingað til lands frá útlöndum, hafa meðferðis, að svo miklu leyti sem tollyfirvald telur farangur þennan til eigin nota farþeganna á ferðalaginu.
 6. Fatnaður og aðrar ferðanauðsynjar hér búsettra manna, sem látizt hafa erlendis, enda beri vörur þessar með sér, að þær séu notaðar.
 7. Heimilismunir, sem eru innfluttir af þeim, sem hafa verið búsettir erlendis minnst eitt ár, áður en þeir fluttu hingað til lands. Munirnir séu notaðir heimilismunir þessara manna frá því þeir voru búsettir erlendis það ár og hafi verið í eigu þeirra og notaðir af þeim allt það ár, þessir menn flytji raunverulega hingað til lands og munirnir beri þess merki, að þeir séu notaðir.
- Nánari skilyrði fyrir undanþágu þessari má setja í reglugerð m. a. um það, að hlutaðeigendur leggi fram skilríki fyrir tilskildri dvöl sinni erlendis og að þeir hafi raunverulega notað erlendis hina innfluttu muni, að þeir leggi fram skilríki fyrir búsetuheimild sinni hér og greiði gjald fyrir skoðun munanna. Þá skal og heimilt að ákveða, að undanþágan taki aðeins til heimilismuna að tilteknu verðmæti.
- Bifreiðar, bifhjól og bátar teljast ekki til heimilismuna, né munir, sem notaðir hafa verið við atvinnurekstur innflytjanda.
- Fjármálaráðherra sker úr ágreiningi um það, hvaða vörur skuli teljast til heimilismuna samkvæmt þessum tölulið.
8. Vörur til sendiráða, sendiræðismannsskrifstofa, diplómatskra sendimanna og sendiræðismanna erlendra ríkja, enda
 - a. séu vörurnar fluttar inn af þessum aðilum eða keyptar af þeim fyrir milli-göngu aðilja, sem fá þær tollafgreiddar fyrir þá,

- b. fram hafi verið borin ósk um það við utanríkisráðuneytið, að hlutaðeigandi innflytjandi eða kaupandi njóti hér tollfrelsis,
- c. viðkomandi afhendi og undirriti sundurliðaða tollskýrslu á þar til gerð eyðublöð um hina innfluttu eða keyptu vöru, sú skýrsla sé einnig undirrituð af forstöðumanni viðkomandi sendisveitar eða sendiræðismannsskrifstofu, ef annar á í hlut, og jafnan sé skýrslan með embættisstimpli hlutaðeigandi sendisveitar eða sendiræðismannsskrifstofu,
- d. og því sé lýst yfir, að vörurnar séu einungis til starfseminnar hér, eigin nota hlutaðeiganda, fjölskyldu hans og/eða fyrir heimilishald hans hér.

Fjármálaráðherra getur sett nánari fyriræli um tollfrelsi samkvæmt þessum tölulíð, svo sem um merkingu varanna o. þ. h. Enn fremur um að erlend ríki, sem ekki veita íslenskum sendisveitum og sendimönnum sams konar tollfrelsi, skuli ekki njóta þess hér.

- 9. Skjaldarmerki, flögg, innsigli, stimplar og áprentuð eyðublöð, sem umbjóðendur kjöræðismanna erlendra ríkja senda þeim, enda beri vörur þessar það með sér, að þær séu ætlaðar til afnota í sambandi við ræðismannsstörf.
- 10. Heiðursmerki veitt af erlendum ríkjum, svo og verðlaunagripir fyrir íþróttafrek og önnur afrek, sem unnin eru erlendis.
- 11. Vörur, sem endursendar eru hingað frá útlöndum vegna þess, að þær seldust ekki þar, eða endursendar eru hingað af öðrum orsökum, enda séu færðar sannanir eða líkur, sem tolyfirvald tekur gildar, fyrir því, að um sé að ræða vörur útfluttar héðan.

Það er skilyrði fyrir tollfrelsinu, að vörurnar komi hingað innan árs frá því þær fóru héðan. Ráðuneytið má þó víkja frá þessu, ef sérstaklega stendur á.

- 12. Endursendar tómar umbúðir, enda séu færðar þær sannanir eða líkur, sem tolyfirvald tekur gildar, fyrir því, að um sé að ræða umbúðir utan af útfluttum vörum héðan.

3. gr.

Fjármálaráðuneytinu er heimilt:

- 1. Að fella niður gjöld af vöru, sem send er hingað til framhaldsflutnings (transit), enda greiði hlutaðeigandi kostnað tollgæzlunnar af eftirliti með henni, geymslu hennar og flutningi og ákvæði laga nr. 47 11. júní 1960, um tollvörugeymslur, eigi ekki við um framhaldsflutninginn, sbr. einkum IV. kafla laganna.
- 2. Að fella niður gjöld af vöru, sem hefur eyðilagzt, rýrnað eða orðið fyrir skemmdum á leið hingað til lands, við geymslu í vörzlum tollgæzlunnar eða farmflytjanda, enda sé eyðileggingin, rýrnunin eða skemmdirnar ekki viðtakanda að kenna, og vörunni sé fleygt undir tolleftirliti.
- 3. Að heimila — gegn fjártryggingu um endurútflutning og greiðslu tolla, ef endurútflutningur bregzt — tollfrjálsan innflutning á vörum, sem aðeins verða hér til sýningar eða flutnings um stundarsakir, og með sömu skilyrðum innflutning á vélum, tækjum og öðrum áhöldum, sem aðeins eru send hingað til reynslu um stuttan tíma.
- 4. Að heimila — með eða án fjártryggingar um endurútflutning og greiðslu tolla, ef endurútflutningur bregzt — tollfrjálsan innflutning um stuttan tíma á tækjum, verkfærum og öðru því líku, sem vísindamenn, vísindaleiðangrar, listamenn, verkfræðingar, iðnaðarmenn, björgunarleiðangrar og aðrir slíkir hafa meðferðis frá útlöndum til afnota við athuganir sínar hér, rannsóknir og starfsemi.
- 5. Að lækka eða fella niður gjöld af vöru, sem er send hingað til viðgerðar eða annarrar aðvinnslu.
- 6. Að láta koma til framkvæmda tollfrelsis- og tolllækkunarákvæði í millirikjasamningum.

7. Að lækka eða fella niður gjöld af heimanfylgju brúða, sem flytjast hingað frá útlöndum og hafa haft þar fasta búsetu minnst 2 ár fyrir brúðkaupið, og enn fremur af venjulegum brúðargjöfum.
8. Að lækka eða fella niður gjöld af notuðum munum, sem hafa fallið í arf erlendis.
Heimildin tekur ekki til bifreiða, bifhjóla eða báta.
9. Að lækka eða fella niður gjöld af gjöfum, sem sendar eru hingað frá útlöndum og góðgerðarfyrirtæki eða aðrar stofnanir eiga að annast dreifingu á til bágstaddra eða þvílikra, svo og af notuðum munum til slíkra aðila. Enn fremur af gjöfum, sem aðilar erlendis senda hingað af sérstöku tilefni, þó ekki í atvinnuskyni, allt að 500.00 kr. virði að mati tollyfirvalds.
10. Að heimta ekki aðflutningsgjöld af bifreiðum og bifhjólum, er ferðamenn, sem hafa fasta búsetu erlendis og ekki reka hér atvinnufyrirtæki og ekki hafa hér heimilisfang eða eiginlega launaða atvinnu, flytja hingað til að nota hér um skamman tíma, ef þessum skilyrðum er fullnægt:
 - a. Hlutaðeigandi ferðamenn aki sjálfir ökutækjum þessum, eða launaðir öku-
menn þeirra, útlendir eða innlendir.
 - b. Ökutækin séu ekki lánuð, leigð eða notuð til neins konar flutninga fyrir
borgun.
 - c. Ferðamennirnir hafi ökutækin með sér til útlanda, þegar þeir fara þangað.
Þó verða ökutækin í öllum tilfellum að vera flutt út innan árs frá því að
þau voru flutt hingað til lands.
 - d. Ferðamennirnir hlíti þeim nánari reglum, sem fjármálaráðuneytið setur
um þessi ökutæki og eftirlit með þeim.

Ef framangreind skilyrði eru rofin eða forsendur fyrir hinum tollfrjálsa
innflutningi falla niður að dómi toll- eða lögreglustjóra, mega þeir taka öku-
tækin þegar í stað úr umferð, og má þá tollyfirvald láta selja farartækin á opin-
beru uppbóði til lúkningar aðflutningsgjöldum og kostnaði, eða hlutast til um
endurútlutning þeirra á kostnað innflytjanda.
11. Að endurgreiða, lækka eða fella niður gjöld eða hluta af þeim
 - a. af efnivörum í innlendar framleiðsluvörur og
 - b. af umbúðum og efnum í umbúðir um innlendar framleiðsluvörur,
enda séu hinar innlendu framleiðsluvörur fluttar til útlanda til sölu þar og
hægt sé að ganga úr skugga um magn og verð efnivaranna.

Ef hentara þykir, má greiða hinum innlendu framleiðendum bætur, sem
svari sem næst til þeirra gjalda, sem greidd hafa verið af efnivörunum eða
þess hluta gjaldanna, sem rétt þykir að endurgreiða.

Til efnivara í þessum tölulíð telst lýsi, sem flutt er inn til að bæta íslenskt
útlutningslýsi.
12. Að lækka eða endurgreiða gjöld af efnivöru í innlenda iðnaðarvöru, ef gjöldin
af sams konar iðnaðarvöru framleiddri erlendis eru jafnhá eða lægri en af efnivörunni,
og verðmæti efnivörunnar er verulegur þáttur í kostnaðarverði innlendu
iðnaðarvörunnar.
13. Ef vara úr tilteknu efni er með hærra gjaldi en sams konar vara úr öðru efni,
að samræma gjöldin af vörunum. Allar slíkar ákvarðanir skulu þegar birtar í
B-deild Stjórnartíðinda.
14. Að lækka eða fella niður gjöld af umbúðum og efnivörum, sem Áburðarverk-
smiðjan h.f. flytur inn til framleiðslu sinnar.
15. Að fella niður gjöld af kirkjuklukkum og öðrum hlutum og munum, sem eru
eingöngu notaðir í kirkjum eða sérstaklega framleiddir til notkunar í þeim, enda
ekki gerðir hér á landi á viðhlitandi verði að dómi fjármálaráðuneytisins. Und-
anþáguheimildin tekur ekki til hljóðfæra.
16. Að fella niður gjöld af umbúðum, ef umbúðirnar eru lánaðar eða leigðar hingað
til lands.

17. Að fella niður gjöld af sýrum til votheysgerðar og efnum til fiturannsókna á mjólk.
18. Að lækka gjöld af filmum og ljósnæmum plötum til ljósprentunar og myndamótagerðar til samræmis við gjöld af prentletri.
19. Að fella niður gjöld af fræðslukvikmyndum og fræðandi skuggamyndum, sem fræðslumálastjórnin flytur inn og fær frá viðurkenndum vísinda- og fræðslustofnunum.
20. Að fella niður gjöld af ritum, sem Vestur-Íslendingar prenta vestanhafs, og af forn- og fræðiritum og öðrum þess háttar ritum á íslensku, þar á meðal ritum, sem hafa menningarlegt gildi og gefin eru út í samvinnu við erlenda aðila.
-
23. Að fella niður gjöld af myndamótum, sem fréttablöðin fá erlendis frá og þau eru áskrifendur að, svo og af myndamótum, sem eru lánuð hingað til lands og endursend eru að notkun lokinni.
24. Að lækka eða fella niður gjöld af vélum, sem eingöngu eru notaðar til veiðarfæragerðar.
25. Að heimila að gjöld af tækjum, sem send eru hingað til notkunar um stuttan tíma og endursend eru þegar að notkun lokinni, séu reiknuð af leigunni eftir tækin í stað venjulegs tollverðs.
26. Að umreikna gjöld af skýrsluvélum, sem teljast til nr. 84.52 og 84.53, til gjalda, er nemi ákveðnum hundraðshluta af leiguupphæð véla, miðað við eðlilegan endingartíma þeirra og hæfilega vexti af tollfjárhæð samkvæmt tollskrá.
- Heimild þessi tekur aðeins til skýrsluvéla, sem teknar eru á leigu með að minnsta kosti 50 000 kr. ársleigu hver um sig. Fjármálaráðuneytið getur bundið undanþágu þessa hverju því skilyrði, sem henta þykir, þar á meðal ákveðið, að Skýrsluvélar ríkisins og Reykjavíkurborgar skuli annast innheimtu tollgjalds þessa og skila andvirði þess til tollstjóra.
27. Að lækka eða fella niður gjöld á allt að 250 bifreiðum árlega fyrir fólk með útvortis bæklanir eða lamanir, enn fremur fyrir fólk með lungnasjúkdóma og aðra hliðstæða sjúkdóma og loks fyrir fólk, sem þjáist af afleiðingum slysa, allt á svo háu stigi, að það á erfitt með að fara ferða sinna án farartækis. Lækkun gjalda á hverri einstakri bifreið má þó aldrei nema meiru en 70 þús. krónum.
- Enn fremur er ráðuneytinu heimilt að lækka eða fella niður gjöld á allt að 50 bifreiðum árlega fyrir sama fólk og um getur í 1. mgr., til endurveitinga á áður veittum eftirgjöfum.
- Fjármálaráðherra skipar þriggja manna nefnd, sem úrskurðar umsóknir um eftirgjafir aðflutningsgjalda af bifreiðum, og er ákvörðun nefndarinnar fullnaðarúrskurður um þetta efni. Skulu nefndarmenn vera læknar, og er einn nefndarmanna skipaður eftir tilnefningu Sambands íslenskra berkla sjúklunga, annar eftir tilnefningu Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra og sá þriðji án tilnefningar.
- Enn fremur er ráðuneytinu heimilt að lækka eða fella niður fyrir framangreint fólk aðflutningsgjöld af gervilimum, sem ekki verða gerðir hér á landi.
- Fjármálaráðherra setur nánari fyrirmæli um framkvæmd þessara ákvæða, ef með þarf.
28. Að endurgreiða gjöld af efni, vélum og tækjum í skip og báta, sem smíðaðir eru innanlands. Má miða endurgreiðsluna við tiltekna fjárhæð á hverja rúmlest. Þá er og heimilt að endurgreiða aðflutningsgjöld af efni, vélum og tækjum til viðgerða, breytinga og endurbóta á einstökum hlutum í skipum og bátum, eigi framkvæmdin sér stað innanlands, fari kostnaður viðgerða, breytinga og endurbóta fram úr kr. 500 000.00.
29. Að lækka í 30% gjöld af hljóðfærum fluttum inn til notkunar við kennslu í skólum.

30. Að endurgreiða gjöld af hreyflum minni en 200 hestöfl, sem settir eru í báta eða notaðir til raflýsingar á sveitabæjum, sem svari því, að af vélunum sé greiddur 10% verðtollur. Sama gildir um hverfla og þrýstivatnspípur til raflýsingar á sveitabæjum.

Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

31. Að lækka um allt að helmingi gjöld af efni í rafmagnsspenna.

32. Að lækka um ákveðinn hundraðshluta flutningsgjald eða hluta flutningsgjalds í tollverði vöru, ef varan er flutt inn flugleiðis, þó aðeins gjald fyrir samfelldan flutning í þeirri flugvél, er vöruna flytur hingað.

33. Að ákveða, að greiða skuli 15% verðtoll af lyfjum, sem teljast til nr. 30.05.00 og til númera í 13., 28. og 29. kafla tollskrárinnar, enda gefi ráðuneytið út sérstaka skrá með lyfjum þeim, er hér um ræðir.

34. Að lækka eða fella niður gjöld af umbúðum, sem notaðar eru við vélpökkun á kornvörum og sykri, enda séu umbúðirnar með viðeigandi áletrun.

35. Að endurgreiða gjöld af efni til framleiðslu á pappirspokum, sem telst nr. 48.01.30 og 48.01.52 í tollskrá, sem svari því, að af efni þessu sé greiddur 15% verðtollur.

Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

36. Að endurgreiða gjöld af tækjum til vísindarannsókna, sem svari því, að af þeim sé greiddur 35% verðtollur.

37. Að lækka eða fella niður gjöld af segulbandstækjum og segulböndum, sem flutt eru til landsins af Blindravinafélaginu og Blindrafélaginu til að koma á fót kennslubókasafni. Enn fremur af ritvélum, stöfum og úrum, sem sérstaklega er gert fyrir blint fólk.

38. Að lækka eða fella niður gjöld af vélum, sem eingöngu eru notaðar til framleiðslu á niðursoðnum sjávarafurðum til útflutnings.

39. Að ákveða, að aðflutningsgjöldum af sjónvarpstækjum og hlutum í þau megi verja til stofnkostnaðar sjónvarps.

40. Að endurgreiða gjöld af rúmum, sem ekki eru með mekanískum útbúnaði, sem flutt eru inn til notkunar í sjúkrahúsum, sem svari því, að af rúmum þessum sé greiddur 35% verðtollur.

41. Að lækka eða endurgreiða gjöld af heilum innfluttum dráttarbrautum, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins, þannig að gjöld af þeim verði 10% verðtollur.

42. Að fella niður með reglugerð aðflutningsgjöld af varningi, allt að ákveðnu hámarki hverju sinni, sem farmenn og ferðamenn hafa meðferðis frá útlöndum, umfram þá muni, sem greinir í 4. og 5. tölulið 2. gr., enda sé ekki um verzlunarvöru eða annan innflutning í atvinnuskyni að ræða. Undanþágu samkvæmt næstu málsgrein hér á undan má binda skilyrðum varðandi tollmeðferð varningsins, enn fremur um, að hún nái ekki til ákveðinna vöruflokka eða sé takmörkuð við sérstakt hámark vissra vörutegunda. Að öðru leyti gilda ekki innflutningshömlur um slíkan varning aðrar en þær, sem settar eru vegna sóttvarna eða annarra öryggisráðstafana.

43. Að endurgreiða aðflutningsgjöld af kvikmyndasýningarvélum fyrir samkomuhús í sveitarfélögum með innan við 600 íbúa, þó ekki nema af einni vélasamstæðu á hverjum stað.

44. Að lækka eða fella niður gjöld af sölumerkjum, sem góðgerðarfyrirtæki flytja inn til sölu í fjáröflunarskyni.

45. Að endurgreiða gjöld af efni til uppsetningar á vatnsúðunarkerfum í kartöflugörðum, sem svari því, að af efninu sé greiddur 10% verðtollur.

46. Að fella niður gjöld af fréttamyndum, sem sjónvarpið er áskrifandi að, svo og af áteknum og óáteknum myndsegulböndum fyrir sjónvarp.

47. Að ákveða, að verja megi allt að 8% af tolltekjum þeim, er innheimtar verða af innflutningi, er fellur undir tollskrárn. 85.15.21, til Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

48. Að endurgreiða gjöld af sildarvogum, sem svari því, að af þeim verði greiddur 10% verðtollur.
49. Að lækka með auglýsingu gjöld af snyrtivörum, sem teljast til nr. 33.06 í tollskrá, niður í 50% verðtoll.
50. Að endurgreiða gjöld af því hráefni til fataframleiðslu, sem lækkar í tolli með lagabreytingu þessari, niður í þá tollprósentu, sem lögfest verður með lögum þessum, og sem tollafgreidd er eftir 1. janúar 1968.
51. Að semja svo um, að gjöld af framangreindum númerum í 1. gr., sem merkt eru með stjörnu (*), skuli vera bundin og eigi hærri en þar greinir. Enn fremur að gjöld af eftirtöldum númerum skuli ekki vera hærri en hér segir:

06.01 00	80%	39.07 89	70%
08.05 00	90%	40.09 00	35%
10.01 00	0	44.23 01	40%
10.05 00	0	53.07 00	50%
10.06	0	55.09 23	50%
11.01 11	0	58.04 30	65%
11.01 12	0	64.01 01	25%
11.01 22	0	64.02 01	80%
11.01 23	0	64.02 09	80%
11.01 24	0	64.06 00	100%
11.02 21	0	69.11 00	100%
15.07 89	30%	69.12 00	100%
15.10 19	30%	70.04 00	35%
15.12 09	35%	70.05 00	35%
18.03 00	40%	70.06 00	35%
18.04 00	40%	70.07 00	50%
18.05 00	50%	70.08 00	50%
19.03 00	80%	70.10 09	60%
20.07 01	40%	73.09 00	15%
21.05 00	100%	73.10 11	15%
21.07 01	40%	73.10 19	35%
22.05 01	20%	73.10 21	35%
22.05 02	20%	73.10 23	35%
22.05 03	20%	73.10 29	15%
22.05 09	20%	73.11 10	15%
22.09 05	20%	73.11 20	15%
22.09 09	20%	73.12 00	15%
23.07 00	0	73.13 10	15%
28.30 01	20%	73.13 20	15%
30.04 00	35%	73.13 30	15%
31.04 22	0	73.13 51	15%
32.05 00	25%	73.13 59	15%
32.07 09	25%	73.15 82	15%
32.09 09	60%	73.18 31	15%
32.12 00	60%	73.27 02	20%
33.06 02	125%	78.04 01	15%
33.06 03	125%	82.02 00	35%
33.06 04	125%	82.03 00	35%
34.02 01	110%	82.05 00	35%
34.02 09	110%	82.06 00	35%
37.07 00	1 kg 50 kr.	83.07 05	70%
38.19 19	50%	84.09 00	25%
39.02 87	35%	84.19 09	25%
39.02 99	40%	84.23 09	25%

84.30 05	10%	84.45 00	25%
84.32 00	25%	84.47 01	25%
84.35 00	25%	84.49 00	25%
84.36 00	25%	84.59 23	25%
84.37 01	25%	85.05 00	35%
84.37 09	25%	87.07 00	25%
84.40 11	35%	90.16 00	35%
84.42 00	25%		

Ráðuneytinu er með auglýsingu heimilt að lækka gjöld af eftirtöldum tollskrárnúmerum niður í 35%. Þó skal lækkun þessi vera að fullu komin til framkvæmda 1. janúar 1972:

Nr. 84.51 00	Nr. 84.53 00
— 84.52 01	— 84.54 01
— 84.52 02	— 84.54 09
— 84.52 03	— 84.55 01
— 84.52 09	— 84.55 09

4. gr.

Nú eru munir sendir til útlanda til viðgerðar, þvotta, bleikjunar, litunar, gyllingar, silfrunar eða annarrar aðvinnslu, og þeir breyta ekki svo eðli sínu við aðvinnsluna, að úr verði nýir hlutir, og við útflutning og innflutning munanna er fullnægt þeim skilyrðum, sem um ræðir í niðurlagi þessarar málsgr., og skal þá greiða af aðvinnslukostnaðinum, að viðbættum sendingarkostnaðinum báðar leiðir, þann hundraðshluta í aðflutningsgjöld, sem sams konar erlend aðflutt vara ber eftir tollskránni, þó ekki lægri verðtoll en 5%. Ef sams konar erlendar aðfluttar vörur eru undanþegnar gjöldum, skal greiða af mununum 5% af fyrrnefndum kostnaði, að viðbættum sendingarkostnaði báðar leiðir. Undanþága sú, sem felst í þessum ákvæðum, er þó þeim skilyrðum bundin, að munirnir séu sýndir tollstarfsmanni, áður en þeir eru fluttir til útlanda, tollstarfsmaður þessi votti, að munir þessir hafi verið sýndir honum og hann skrái lýsingu á mununum á vottorðið og að vottorð þetta sé lagt fram fyrir þann tollstarfsmann, sem annast tollmeðferð munanna við innflutning.

Ef hins vegar munir þeir, sem sendir eru til útlanda til aðvinnslu, breyta svo eðli sínu við aðvinnsluna, að úr verði nýir hlutir, skal greiða af þeim gjöld eftir tollskránni eins og um væri að ræða erlenda aðflutta vöru.

Undanþegnar framangreindu gjaldi eru viðgerðir á íslenskum skipum, bátum og flugvélum, sem fram fara erlendis. Af vélum, sem settar eru í íslensk skip erlendis, skal þó greiða jafnhá gjöld og af sams konar innfluttum vélum, enda sé ekki um nýbyggingu að ræða.

Fjármálaráðuneytinu er heimilt að endurgreiða gjald það, sem um ræðir í þessari grein, af aðvinnslukostnaði íslenskra framleiðslu- og iðnaðarvara erlendis, enda geti sá hluti aðvinnslunnar ekki farið fram hér á landi og vörurnar séu að vinnslu lokinni fluttar til útlanda til sölu þar.

II. KAPÍTULI

Tollmeðferð o. fl.

A. Tollverð vara og verðtollun.

5. gr.

Verðmæti vöru við verðtollsákvörðun er yfirleitt verð hennar í útflutningslandinu, að viðbættum hvers konar kostnaði, sem ekki er innifalinn í verðinu og á hana fellur, unz hún kemur í íslenska höfn, svo sem:

1. Greiðsla fyrir notkun einkaleyfis, vörumerkis eða annarra þvílíkra réttinda, ef um slíkt er að ræða.
2. Útflutningsgjald, ef það hvílir á vöru.
3. Verðmæti innri og ytri umbúða, þar með talin vinnulaun og annar kostnaður við þökkun og frágang vöru.
4. Útskipunarkostnaður, flutningsgjald og annar sendingarkostnaður, svo sem vátrygging, miðlunargjöld o. þ. h., sem fellur á vöru, þar til hún er affermd á ákvörðunarstað.

Verð vöru í útflutningslandinu, ásamt framangreindum kostnaði, kallast einu nafni tollverð vöru.

Ef verð vöru er undir almennu heildsöluverði á sams konar vörum eða vörum af svipuðu tagi til útflutnings á þeim stað og tíma, sem sala fór fram eða sending, ef um sölu er ekki að ræða, skal þó greiða verðtoll af hinu almenna heildsöluverði. Þó að greitt sé flutningsgjald, sem er undir almennu flutningsgjaldi, eða þó að greiddur sé annar sendingarkostnaður, sem er undir almennum sendingarkostnaði, skal allt að einu hið almenna flutningsgjald eða annar almennur sendingarkostnaður talinn í því tollverði, sem greiða skal af.

Almennt heildsöluverð vöru í næstu málsgr. hér á undan er verð hennar á frjálsum markaði í útflutningslandinu á þeim stað og tíma, sem sala fór fram, á milli seljanda og kaupanda, sem eru hvorir öðrum óháðir, og byggt á því

- a. að verðið sé eina endurgjaldið fyrir vöruna,
- b. að það hafi ekki haft áhrif á verðið, að sérstakt fjárhagslegt samband samkvæmt samningi eða á annan hátt sé á milli seljanda eða persónu í fjárhagslegu sambandi við hann, annars vegar, og kaupanda eða persónu í fjárhagslegu sambandi við hann, hins vegar,
- c. að enginn arður af síðari sölu eða notkun vörunnar falli til seljanda, beint eða óbeint, eða til nokkurrar annarrar persónu, sem er í fjárhagslegu sambandi við hann.

Um fjárhagslegt samband tveggja manna er að ræða, ef annar hefur fjárhagslegra hagsmuna að gæta í viðskiptum eða eignum hins, eða ef báðir hafa fjárhagslegra hagsmuna að gæta í viðskiptum eða eignum þriðja manns, eða hann hefur fjárhagslegra hagsmuna að gæta í viðskiptum eða eignum beggja hinna, beint eða óbeint.

Þegar um er að ræða vöru, sem keypt er til landsins, skal yfirleitt leggja hið umsamda kaupverð til grundvallar, þó með þeim leiðréttingum, sem kunna að vera nauðsynlegar til þess að færa verð vörunnar til réttis tollverðs samkvæmt reglum laga þessara.

Við leiðréttingu á verði má, þegar sérstaklega stendur á, t. d. þegar vara er flutt inn af dótturfyrirtæki eða útibúi, hafa hliðsjón af því verði, sem innflytjandi fær fyrir hana í endursölu.

6. gr.

Ef vara er send lengra en til fyrstu tollhafnar, er hægt hefði verið að afferma hana. má draga frá flutningsgjaldsauka þann og sendingarkostnað, sem sá framhaldsflutningur hefur valdið, ef gerð er fullnægjandi grein fyrir þeim kostnaðarauka. Þá skal og heimilt með sama skilyrði að draga frá þann hluta flutningsgjalds, sem greiddur er vegna slæmrar aðstöðu við affermingu, eða vegna þess, að farartæki affermir á fleiri stöðum en einum, ef gerð er fullnægjandi grein fyrir þeim kostnaðarauka.

7. gr.

Greiða skal verðtoll af afslætti og öðrum frádrætti, sem kaupanda er veittur. Fjármálaráðuneytið getur þó með reglugerðarákvæðum eða fyrirmælum í svipuðu formi gert undantekningu frá þessu ákvæði, ef um er að ræða afslátt eða annan frádrátt, sem almennt er veittur í verzlunarviðskiptum af vissu tagi.

8. gr.

Nú er vara seld til síðari afhendingar á tilteknum tíma, og skal þá greiða verðtoll af því verði, sem á þeim tíma, er kaup eru gerð, er hið almenna heildsöluverð til afhendingar á hinum tiltekna tíma. Ef vara er ekki endanlega seld hingað til lands, skal greiða verðtoll af verði eða verðmæti vöru til útflutnings á þeim stað og tíma, sem vara er send, en verð þetta má ekki vera lægra en almennt heildsöluverð á sams konar vöru eða vöru af svipuðu tagi á þeim stað og tíma. Ef í verðum þeim, sem um ræðir í þessari grein, eru ekki innifaldir kostnaðarliðir þeir, sem taldir eru í 1.—4. lið 5. gr. laga þessara, skulu þeir jafnan taldir í þeim tollverðum, sem greiða skal af.

9. gr.

Ef ekki fást fullnægjandi gögn um verð vöru, skal verðtollur greiddur af verði, sem svarar til verðs á sams konar vöru eða vöru af svipuðu tagi, með umbúðum, en án tolls, frá heildsala til smásala hér á landi á þeim tíma, sem vara fer til tollmeðferðar.

10. gr.

Nú telja tollstarfsmenn við tollmeðferð vöru, að verð það, sem tilgreint er í aðflutningsskýrslu og staðfest kann að vera með framlögðum skjölum, sé ekki hið rétta tollverð hennar, og skulu þeir þá ákveða verðið í samræmi við ákvæði laga þessara. Sama gildir, ef ekkert verð á vörunni er tilgreint.

Þurfi að fara fram mat á vörunni í þessu skyni, er tollyfirvaldi þó jafnan heimilt að láta dómkveðja menn til að framkvæma matið á kostnað viðtakanda. Skal það einkum gert, ef viðtakandi vöru finnst ekki, viðtöku hennar er neitað, vara er til muna skemmd eða matið þykir aðeins vera á færi sérfróðra manna.

Ef viðtakandi vöru telur sig ekki geta sætt sig við það verð, sem ákveðið hefur verið samkv. 1. og 2. málsg. getur hann gert kröfu um yfirmat á henni, en gera skal hann skriflega kröfu um matið til tollyfirvalds, áður en það afhendir eða samþykkir að afhenda megi viðtakanda vöruna. Tollyfirvald getur einnig krafizt yfirmats innan sama tíma. Eftir að fram er komin krafa um yfirmat skal tollyfirvald gera ráðstafanir til að matið verði framkvæmt, en það skulu gera þrír óvilhallir, dómkvaddir menn, og skulu þeir tilkynna viðtakanda vöru og tollyfirvaldi, hvar og hvenær matsgerð skuli fara fram. Matsmenn skulu ákveða verð vörunnar eftir ákvæðum laga þessara um tollverð eftir því, sem við verður komið og skal úrskurður þeirra vera endanlega bindandi fyrir báða aðila. Sá, sem yfirmats krefst, skal greiða matskostnaðinn, nema matið gangi honum í vil. Ákvæði 28. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit skulu gilda eftir því sem við á um matskostnað.

Nú fær innflytjandi vöru bætur fyrir skemmdir eða rýrnun, sem verða á vöru á leið hingað til lands, við affermingu eða í vörzlum tollyfirvalda eða í viðurkenndum tollvörugeymslum farmflytjanda, áður en hún er afhent honum og hann eða aðrir eiga ekki sök á skemmdunum eða rýrnuninni, og má þá tollyfirvald lækka tollverð vörunnar sem svarar bótunum, enda hafi tollstarfsmenn verið viðstaddir matsgerðina og telji bæturnar ekki of háar eftir ásigkomulagi vörunnar.

11. gr.

Nú er tollverð vöru eða einhver hluti þess tilgreint í erlendri mynt, og skal þá því eða þeim hluta þess við ákvörðun tollverðs breytt í innlenda fjárhæð. Skal farið eftir því sölugengi, sem skráð er á hinni erlendu mynt í bönkum hér á landi, þegar varan er tekin til tollmeðferðar, sbr. 14. gr. Bönkum og útibúum þeirra er skylt að gefa tollstarfsmönnum upplýsingar um gengi, er þeir æskja. Nú er ekkert gengi skráð hér í bönkum á einhverri mynt eða ekki næst vitneskja um það, og skal þá breyta tollverði eftir því gengi, sem fjármálaráðuneytið ákveður.

12. gr.

Ef verð vara, sem greiða ber af mismunandi háan verðtoll, er tilgreint í einni fjárhæð, skal greiða af öllum vörunum þann verðtollshundraðshluta, sem hvílir á þeirri af vörunum, sem ber hæstan verðtoll.

Þetta gildir þó ekki um ósundurliðaðan flutningskostnað fyrir sundurleitar vörur, ef viðtakandi afhendir til tollmeðferðar vörureikning, sem að minnsta kosti tilgreinir verð hverrar einstakrar vöru á innkaupsstað, og skiptir á aðflutnings-skýrslu hinum ósundurliðaða flutningskostnaði niður á milli innkaupsverðs varanna innbyrðis.

13. gr.

Fjármálaráðuneytinu er heimilt að mæla svo fyrir með auglýsingu eða í reglugerð, að greiða skuli tiltekna tollfjárhæð af hverri einstakri nánar tilgreindri vöru, sem tollskyld telst í farangri farþega og áhafna, í stað venjulegra gjalda samkvæmt tollskránni.

Fjármálaráðuneytinu skal einnig heimilt að setja sérstakar reglur um mat á notuðum bifreiðum til tollverðs. Má ráðuneytið m. a. ákveða, að tollverðið miðist við verð bifreiðanna nýrra að frádregnum tilteknum hundraðshluta fyrir hvert ár eða hluta úr ári af aldri þeirra.

14. gr.

Um greiðslustað, gjalddaga og lögvernd aðflutningsgjalda fer eftir ákvæðum laga um tollheimtu og tolleftirlit.

Þó skal, er breyting verður á aðflutningsgjöldum og ekki er sérstaklega mælt fyrir á annan veg, taka hin nýju aðflutningsgjöld af þeim vörum, er eigi hafa verið teknar til tollmeðferðar, er breytingin öðlast gildi, þó að inn hafi verið fluttar fyrir breytinguna. Í þessu sambandi telst vara tekin til tollmeðferðar, þegar fyrir hendi er eitthvert þeirra tilvika, sem um ræðir í 1.—4. tölulið hér á eftir:

1. Hlutaðeigandi tollstofnun hefur tekið við skjölum þeim yfir vöruna, sem afhenda ber þangað vegna tollmeðferðar hennar, enda fullnægi skjölin að öllu leyti þeim skilyrðum, sem þurfa að vera fyrir hendi, til þess að hægt sé að tollafgreiða vöruna þegar í stað.
2. Tollyfirvald hefur afhent eða leyft að afhenda vöruna gegn tryggingu, sbr. 22. gr. laga þessara.
3. Endursendingarskirteini hefur verið gefið út um vöruna samkvæmt 30. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit.
4. Tollyfirvald lætur selja vöruna á uppboði til lúkningar aðflutningsgjöldum, sbr. 28. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit.

Ef aðflutningsgjöld lækka eftir að skjöl eru afhent samkv. 1. tölulið, en áður en tollgreiðsla fer fram, skal þó greiða hin lægri gjöld.

Nú hefur vara komizt í hendur viðtakanda, án þess að hún hafi verið tollafgreidd og án leyfis tollyfirvalda, og skal þá heimilt að innheimta af henni hæstu aðflutningsgjöld, er í gildi hafa verið fyrir vöru þeirrar tegundar á tímabilinu frá því varan var flutt inn, þar til aðflutningsgjöld eru að fullu greidd af henni.

B. Aðflutningsskýrsla.**15. gr.**

Áður en viðtakandi (innflytjandi, eigandi eða annar) vitjar innfluttrar vöru eða sendingar, skal hann afhenda hlutaðeigandi tollyfirvaldi skriflega skýrslu (aðflutningsskýrslu) um vöruna eða sendinguna. Enn fremur skal hann framvísa eða láta framvísa vörunni eða innihaldi sendingarinnar fyrir tollstarfsmönnum til skoðunar. Þetta tekur þó ekki til sendinga, sem pósthöfnunir — eftir nánari

reglum settum af fjármálaráðuneytinu — mega afhenda beint til viðtakenda. Fjármálaráðuneytið hefur þó heimild til að mæla svo fyrir, að ekki þurfi að gefa skriflega skýrslu um vörur eða sendingar af vissu tagi, sem ekki eru á farmskrá, svo og að fresta framvísunarskyldu viðtakenda á vörum eða innihaldi sendinga fyrir tollstarfsmönnum til skoðunar.

Viðtakanda vöru er heimilt að telja gjald fyrir framvísun vörunnar í kostnaðarverði vöru, samkvæmt gjaldskrá, sem ráðuneytið samþykkir.

16. gr.

Eftirtalin atriði skal viðtakandi tilgreina í aðflutningsskýrslu:

1. Nafn viðtakanda eða firma hans og heimilisfang.
2. Hvernig varan eða vörunnar eru komnar til þess staðar, þar sem tollafgreiðslan á að fara fram, og hvenær þær komu þangað (heiti farartækis, komudagur o. þ. h.).
3. Stykkjafjöldi og tegund umbúða, ef vara eða sending er í umbúðum.
4. Auðkenni á stykkjum (nöfn, merki, númer o. s. frv.).
5. Tollskrárnúmer hvernar einstakrar vörutegundar, með fullri 6 stafa tölu.
6. Í hvaða landi vara er framleidd og í hvaða landi hún er keypt.
7. Tegund vara eða vöru sem nákvæmast.
8. Brúttó- og/eða nettóþyngd hvernar einstakrar vörutegundar eftir því sem nánar er ákveðið af fjármálaráðuneytinu. Enn fremur stykkjatólu, lítratölu eða rúm-mál vörusendingar, þar sem það á við, samkvæmt nánari ákvörðun fjármálaráðuneytisins.
9. Verð eða verðmæti hvernar einstakrar vöru kominnar um borð í farartæki, sem flytur hana hingað til lands (fob-verð eða fob-verðmæti), bæði í erlendri og innlendri mynt.
10. Flutningsgjald hvernar einstakrar vöru og skal tilgreina það án sérstaks afsláttar.
11. Vátryggingariðgjald, miðlaraþóknun, umboðslaun (þóknun fyrir innkaup vöru) og annan kostnað á leiðinni hingað til lands sérstaklega fyrir einstaka vöru án sérstaks afsláttar.
12. Önnur atriði, sem fjármálaráðuneytinu þykir ástæða til að tekin séu upp í aðflutningsskýrslu, og varða innkaup, viðskipti, innflutning, vöru, sendingu o. þ. h. og eyðublöð þau, sem gerð eru fyrir aðflutningsskýrslur, gera ráð fyrir að svarað verði um þessi atriði.

Þá skal og vera í aðflutningsskýrslu yfirlýsing viðtakanda um það,

að þeir vörureikningar, sem hann afhendir með aðflutningsskýrslu, eigi við vöru eða vörur þær, sem tilgreindar eru í skýrslunni,

að reikningarnir og önnur tilgreind framlögð skjöl um kostnað á leið hingað til lands séu rétt,

að með upphæðum þeim, sem tilgreindar séu í framlögðum skjölum og aðflutningsskýrslu, komi fram, hvað varan eða vörunnar kosta komnar hingað til lands (cif).

að frá upphæðum þessum sé ekki reiknaður afsláttur vegna staðgreiðslu eða annar sérstakur afsláttur eða frádráttur, sem ekki er greinilega tilgreindur í skjölunum, og

að ekki sé kunnugt um það, að verð það, sem tilgreint er í vörureikningum, sé lægra en almennt gildandi markaðsverð í heildsölu á tilsvarendi magni af sams konar vörum eða vörum af svipuðu tagi til útflutnings á þeim stað og tíma, sem sala fór fram, ef um sölu o. þ. h. er að ræða, en í öðrum tilvikum, þegar vara var send.

Fjármálaráðuneytið má setja nánari fyrirmæli um aðflutningsskýrslur og ákveða hvað þær skuli afhentar í mörgum eintökum.

Nú verður ákveðið í lögum, að hver einstaklingur og hvert fyrirtæki skuli hafa auðkennisnúmer, og er fjármálaráðuneytinu þá heimilt að mæla svo fyrir, að sérhver innflytjandi skuli tilgreina númer sitt á aðflutningsskýrslu, og að skjöl skuli ekki tekin til tollmeðferðar, nema þessari skyldu sé fullnægt. Jafnframt getur fjármálaráðuneytið ákveðið, að tollyfirvald geti krafizt þess af innflytjanda, að hann framvísi skirteini til sönnunar því, að rétt númer sé tilgreint á aðflutningsskýrslu.

17. gr.

Nú setja samtök kaupsýslumanna eða aðrir aðilar á stofn eða reka skrifstofur til þess að annast frágang aðflutningsskjala til tollmeðferðar og framvísun vara til skoðunar og er þá innflytjanda við verðlagningu vara heimilt að telja gjald fyrir slíka þjónustu í kostnaðarverði vöru, samkvæmt gjaldskrá, sem ráðuneytið samþykkir.

18. gr.

Tollyfirvald getur neitað að taka við skjölum til tollmeðferðar, ef aðflutningsskýrslueyðublað er ekki rétt og nákvæmlega útfyllt, tilskilin gögn ekki afhent, eða öðrum settum skilyrðum ekki fullnægt.

Ef síðar kemur í ljós, að afhentum skjölum er áfátt, getur tollstofnun neitað um tollafgreiðslu, unz úr er bætt.

C. Vörureikningar og önnur staðfestingarskjöl.

19. gr.

Viðtakendur eru skyldir til að afhenda til tollmeðferðar með aðflutningsskýrslu frumrit eða samrit af sölu- eða vörureikningi yfir hina innfluttu vöru eða sendingu og skal tollyfirvald halda þessu reikningseintaki eftir.

Sé vara eða sending endanlega seld hingað til lands, skal sölureikningurinn undirritaður af seljanda eða þeim, er samkvæmt lögum í landi seljanda hefur rétt til að skuldbinda hann eða firma hans. Þá skal sölureikningurinn tilgreina eftirtalin atriði:

1. Nafn og heimili sendanda.
2. Hvar og hvenær reikningurinn er gefinn út.
3. Nafn og heimili kaupanda.
4. Tölu stykkja og þunga þeirra með umbúðum, tegund umbúða, nöfn, merki, númer o. þ. h. á stykkjum og séu í sendingu, sem í eru fleiri en eitt stykki, tvær eða fleiri vörutegundir, skal tilgreina á reikningnum, hvaða vörur séu í hverju stykki og hvernig það stykki sé merkt og hver sé þungi þess.
5. Nöfn þeirra vörutegunda, sem reikningurinn hljóðar um, og má ekki nota verð- eða vörulistanúmer o. þ. h. í stað vörutegundarheita.
6. Framleiðsluland vörunnar.
7. Söluverð hvernar einstakrar vörutegundar, bæði einingar- og heildarverð, og skulu allir töluliðir reikningsins lagðir saman og aðalupphæð hans skýrt tilgreind.
8. Nettóþyngd hvernar einstakrar vörutegundar í sendingu, svo og stykkjatölu.
9. Afslátt og annan frádrátt, sem er veittur, upphæð hans og hvers vegna frádrátturinn er gerður, og nægja þar ekki almenn orðatiltæki, eins og t. d. verzlunar-afsláttur o. þ. h.
10. Hvenær sala fór fram, hvernig vara er seld (fob, cf, eif o. þ. h.) og í hvaða mynt reikningsverð er tilgreint.
11. Greiðsluskilmála og önnur greiðsluskilyrði.

12. Yfirlýsingu seljanda um það,

að allar vörur í sendingunni séu taldar í reikningnum,

að vörurnar séu tilgreindar með því verði, sem þær eru seldar fyrir, og

að ekki sé kunnugt um það, að söluverð varanna sé lægra en almennt gildandi heildsöluverð á sams konar vörum eða vörum af svipuðu tagi til útflutnings á þeim stað og tíma, sem sala fór fram. Sé söluverðið lægra, skal einnig tilgreina á reikningnum hið almenna heildsöluverð.

Fjármálaráðuneytinu er heimilt að mæla svo fyrir með auglýsingu eða reglugerð, að viðtakendur aðfluttra vara skuli sjá svo um, að vörureikningur tilgreini nákvæmlega tollskrárnúmer vara, samkvæmt Brüssel-skránni.

Nú er vara ekki endanlega seld hingað til lands, og skal þá vörureikningurinn, sem afhenda skal til tollmeðferðar með aðflutningsskýrslunni, vera gerður og undirritaður af sendanda vöru eða sendingar erlendis, og skal vörureikningurinn tilgreina, eftir því sem við á, sömu atriði og söluveikningar yfir seldu vöru, sbr. 1.—11. tölulið 2. málsg. þessarar gr. Sem verðmæti skal tilgreina, ef hægt er, almennt heildsöluverð á sams konar vöru eða vöru af svipuðu tagi til útflutnings á þeim stað og tíma, sem vara er send, en ella það verð, sem ætlað er til, að varan eða sendingin seljist fyrir.

Einn og sami sölu- eða vörureikningur skal vera fyrir hverja innflutta sendingu (þ. e. einn sölu- eða vörureikningur yfir vöru eða sendingu á einu og sama farmskirteini, fylgibréfi eða öðru flutningsskirteini). Annist sendandi erlendis innkaup hjá einum eða fleiri aðilum fyrir viðtakanda héraendis, skal sendandi láta fylgja sendingunni einn heildarreikning yfir innkaupin, þóknun sína og annan útlagðan kostnað á sendingarstað, ásamt sölu- eða vörureikningi frá hverjum einstökum aðila, sem keypt er hjá, og skulu þessir reikningar afhentir til tollmeðferðar ásamt heildarreikningi. Þessir einstöku sölu- eða vörureikningar skulu að öðru leyti fullnægja fyrirmælum þessarar greinar um einstök atriði.

Fjármálaráðuneytinu er heimilt að mæla svo fyrir í auglýsingu eða með reglugerð, að tilgreina skuli í vörureikningum fleiri atriði en talin eru í þessari grein, svo og skal ráðuneytinu heimilt að veita undanþágu frá einstökum atriðum í henni, ef þurfa þykir.

20. gr.

Viðtakendur vöru eru skyldir til að afhenda til tollmeðferðar með aðflutningsskýrslu farmskirteini, fylgibréf eða annað flutningsskirteini, reikning yfir umbúðakostnað, pökkunarlista, efnagreiningu og önnur skjöl og gögn, sem geta verið til staðfestingar þeim atriðum, sem tilgreind eru í aðflutningsskýrslu og sölu- eða vörureikningi, eða fela í sér upplýsingar um tegund vöru, samsetningu hennar, magn og verð. Krefjast má þess, að farmskirteini, fylgibréf eða annað flutningsskirteini sé afhent í tvíriti og má tollstofnunin þá halda öðru eftir. Gera má hún afrit af staðfestingarskjölum, ef ástæða þykir til.

21. gr.

Ef viðtakandi vöru eða sendingar leggur ekki fram til tollmeðferðar gögn þau, sem 19. og 20. gr. taka til, eða sölu- eða vörureikningur tilgreinir ekki þau atriði, sem fyrirskipuð eru í 19. gr. og verulegu máli skipta, skal greiða verðtoll af því tollverði, sem ákveðið verður eftir reglum laga þessara, með 10% viðauka við það.

Ef ekki er um venjulega verzlunarvöru að ræða, vara er að mun skemmd eða alveg sérstaklega stendur á, má tollyfirvald sleppa 10% hækkun á tollverði, sem um ræðir í 1. málsg. þessarar gr.

22. gr.

Nú gerir viðtakandi vöru það sennilegt, að hann hafi ekki fengið þau gögn, sem 19. og 20. gr. taka til, eða ef þau eru ekki fullnægjandi, og má þá tollyfirvald afhenda viðtakanda eða leyfa að afhenda viðtakanda vöru gegn því, að hann greiði

allan kostnað af tollskoðun og setji þá fjártryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda og kostnaðar, sem tollyfirvald ákveður, og að viðtakandi afhendi þau gögn, sem vantar, eða leiðrétti þau gögn, sem misfelltur eru á, innan hæfilegs tíma, sem tollyfirvald tiltekur. Ef vanefndir verða á því, má tollyfirvald ákveða gjöldin og taka fjártrygginguna upp í þau.

23. gr.

Ef nauðsynlegt þykir að ganga úr skugga um það, hvort verð eða önnur atriði í aðflutningsskýrslum, sölu- eða vörureikningum eða staðfestingargögnum séu eða hafi verið rétt tilgreind, er tollstjóra heimilt að krefjast aðgangs að verzlunarbókum hlutaðeiganda, bréfavíðskiptum og öðrum skjölum, sem að dómi hans geta veitt upplýsingar um nefnd atriði.

24. gr.

Fjármálaráðuneytinu er heimilt að ákveða með reglugerð, að viðtakandi vöru skuli, innan ákveðinna tímamarka frá komudegi hennar til landsins, afhenda til tollmeðferðar fullgild aðflutningsskjöl um vöruna eða tiltekin skjöl um hana. Má leggja viðurlög við því, ef þeirri skyldu er ekki fullnægt, svo sem greiðslu dráttarvaxta, dagsektir og stöðvun tollafgreiðslu til hlutaðeigandi aðila.

25. gr.

Fjármálaráðuneytinu er heimilt að koma á sérstöku vörureikningseftirliti til athugunar á því, hvort verð það, sem tilgreint er á vörureikningi, sé undir almennu tollverði, eða hvort um undirboð o. þ. h. sé að ræða.

Fjármálaráðuneytið setur nánari fyrirmæli um slíkt eftirlit.

26. gr.

Við tollskoðun er tolfteftirlitinu heimilt að taka og halda eftir nauðsynlegum sýnishornum af vörunni.

Sýnishorn þessi skulu geymd í sérstöku sýnishornasafni við tollstjóraembættið í Reykjavík og skal gefa þaðan upplýsingar um tollflokkun varanna.

Fjármálaráðherra setur nánari fyrirmæli um sýnishornasafnið.

D. Undirboðs- og jöfnunartollar.

27. gr.

Nú má ætla, að erlend vara sé flutt inn eða boðin fram með undirboðskjörum (dumping) og slíkt geti stofnað innlendum atvinnurekstri í hættu eða torveldað hann að mun, og má þá fjármálaráðherra leggja á sérstakan undirboðstoll til að hamla gegn slíkum viðskiptum.

Þá má fjármálaráðherra í sama skyni og með sömu skilyrðum leggja á sérstakan jöfnunartoll, ef ætla má, að útflutningsverðlaun, uppbætur, endurgreiðslur o. þ. h. erlendis hafi sams konar áhrif hér á landi og getið er í 1. málsg. þessarar gr.

Ákvarðanir fjármálaráðherra um þetta efni taka gildi frá og með þeim degi, sem þær eru birtar í A-deild Stjórnartíðinda.

Undirboðs- og jöfnunartolla má ekki leggja á til lengri tíma en 6 mánaða í senn.

28. gr.

Með undirboði eða undirboðskjörum í lögum þessum er átt við það, ef erlend vara er flutt inn eða boðin fram

- a. á verði, sem er lægra en sambærilegt verð í útflutningslandinu á tilsvarendi vöru við venjuleg viðskiptaskilyrði, eða
- b. ef slíkt verð er ekki fyrir hendi í útflutningslandinu, þá annaðhvort
 1. á verði, sem er lægra en hæsta útflutningsverð á tilsvarendi vöru til einhers annars lands, eða

2. á verði, sem er lægra en framleiðslukostnaður vörunnar í upprunalandinu, að viðbættu sanngjörnu álagi fyrir sölukostnaði og ágóða.

Við samanburð þann, er um ræðir í 1. málsgr., skal taka tillit til mismunandi sölu- og afgreiðsluhátta, flutningskostnaðar, skatta og annars slíks aðstöðumunar, sem skipt getur máli.

29. gr.

Undirboðstollur má ekki vera hærri en sem svarar undirboðinu, þ. e. a. s. mismuninum á undirboðsverðinu og verðinu, sem tekið er til samanburðar.

Jöfnunartollur má ekki vera hærri en sem svarar greiðslum eða uppbótum, sem beint eða óbeint eru látnar í té í sambandi við framleiðslu, vinnslu, útflutning eða flutning varanna.

30. gr.

Leggja má undirboðs- og jöfnunartolla eftir framangreindum ákvæðum á eina eða fleiri vörur eða vörutegundir, á vörur frá einum eða fleiri sendendum eða vörur frá einu eða fleiri löndum.

Undirboðs- og jöfnunartolla má leggja á til bráðabirgða, þar til nánari upplýsingar liggja fyrir, ef ætla má, að dráttur kunni að valda tjóni. Slíka bráðabirgða undirboðs- og jöfnunartolla má þó ekki leggja á til lengri tíma en eins mánaðar, og skal sá mánaðartími vera innifalinn í þeim 6 mánuðum, sem um ræðir í síðustu málsgr. 27. gr., ef um það er að ræða.

Fjármálaráðherra getur sett nánari ákvæði um undirboðs- og jöfnunartolla og um skil á þeim. Njóta skulu tollar þessir sömu lögverndar og aðflutningsgjöld samkvæmt tollögum.

31. gr.

Fjármálaráðherra skal, svo fljótt sem unnt er, skýra Alþingi frá álagningu undirboðs- og jöfnunartolla og ástæðunum fyrir álagningu þeirra.

32. gr.

Til raunsóknar á því, hvort skilyrði séu fyrir hendi til að leggja á undirboðs- og jöfnunartoll, skal fjármálaráðuneytinu heimilt að krefja atvinnurekendur um upplýsingar, sem geta skipt máli við ákvörðun tollsins og ef nauðsyn krefur, getur ráðuneytið látið athuga verzlunarbakur hlutaðeiganda, bréfaviðskipti og önnur skjöl, sem að áliti þess geta skipt máli við tollákvörðunina.

E. Ýmis ákvæði.

33. gr.

Nú er lagður á vörumagnstollur og skal hann þá miðaður við þyngd vöru með umbúðum, nema annað sé tekið fram.

Brot úr tolleiningu, sem nemur helmingi eða meira, skal talið sem heil toll-eining.

Fjármálaráðuneytið getur sett nánari ákvæði um vörumagnstoll, þ. á m. ákveðið, að séu saman í umbúðum vörur, sem mishár vörumagnstollur er á, skuli greiða af öllum vörum þann vörumagnstoll, sem hvílir á þeirri vörunni, sem ber hæstan vörumagnstoll.

Um aðflutningsskýrslur og önnur skjöl viðvíkjandi vörumagnstolli skulu gilda sömu reglur og um verðtoll, eftir því sem við á.

34. gr.

Nú ris ágreiningur um það, hvort tiltekin vara sé gjaldskyld eða gjaldfrjáls eftir lögum þessum, eða hvort tiltekin vara skuli teljast fremur til eins en annars tollskrárnúmers, og skal þá fjármálaráðherra skera úr þeim ágreiningi og er sá úrskurður fullnaðarúrskurður í málinu.

Fjármálaráðherra er heimilt að skipa sérstaka nefnd og fela henni að gera tillögur um úrskurði þá, sem um ræðir í 1. málsg. þessarar gr.

Þegar leitað er úrskurðar samkvæmt þessari gr. skulu fylgja erindinu öll þau skjöl, sem skipta máli um tollun vöru, s. s. tollreikningur, sölu- eða vörureikningur og önnur staðfestingargögn, sem talin eru í 20. gr. laga þessara. Þá skal og senda með erindinu sýnishorn af vörunni, en verði því ekki við komið, skal senda nákvæma teikningu, mynd eða lýsingu á vöru þeirri, sem ágreiningur er um.

Ráðuneytinu og nefnd þeirri, sem um ræðir í 2. málsg. þessarar gr., skal heimilt að kveðja sér til aðstoðar sérfróða menn, svo og að krefja einstaklinga, félög, fyrirtæki og stofnanir um upplýsingar, er nauðsynlegar þykja við flokkun vara eða við ákvörðun tollverðs.

35. gr.

Viðtakandi aðfluttrar vöru skal inna af hendi eða sjá um þá vinnu og aðstoð, sem nauðsynleg er við tollmeðferð vöru, að dómi tollstarfsmanna.

Tollyfirvaldi er heimilt að ráða ákveðna menn til að láta í té nauðsynlega vinnu og aðstoð við tollmeðferð vöru og að krefja viðtakendur um þóknun fyrir þessi störf eftir gjaldskrá, sem fjármálaráðuneytið setur. Má neita um tollafgreiðslu, unz gjaldið er greitt, en viðtakanda skal heimilt að leggja gjald þetta á vöruna.

36. gr.

Aðflutningsgjöld skal innheimta í heilum krónum, þannig að 50 aurar og þar yfir telst 1 króna, en lægri upphæð sé sleppt.

37. gr.

Tollstjórar skulu, í byrjun hvers mánaðar, senda tollendurskoðuninni og Hagstofunni, hvorri um sig, eintak af öllum aðflutningsskýrslum afgreiddum í undan-gengnum mánuði. Tollendurskoðunin og Hagstofan kveða nánar á um skil tollyfirvalda á aðflutningsskýrslum, þar á meðal um skilafresti.

F. Refsiákvæði.

38. gr.

Hver, sem lætur tollyfirvaldi í té aðflutningsskýrslu, sbr. 15. gr., sem ekki er í samræmi við innihald sendingar, tegund vöru, magn eða verð, sæti sektum, nema hann geti óvæfengjanlega sýnt fram á það, að ósamræmið verði rakið til atriða, sem hann eða sá, sem gaf skýrslu fyrir hans hönd, gátu ekki haft áhrif á.

Ef röng aðflutningsskýrsla er hins vegar látin í té með þeim ásetningi að svíkja toll eða önnur gjöld, eða til að losna við þau, eða ef sá, sem skýrslu gaf, hefði átt að sjá, að skýrslan gat haft þessi áhrif, varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 6 mánuðum. Samsvarandi refsingu skal sá sæta, sem leggur fram röng gögn til staðfestingar því verði, sem upp er gefið í aðflutningsskýrslu, og hann vissi eða hlaut að vita að voru röng og gætu haft framangreind áhrif.

Tilraun og hlutdeild í brotum samkvæmt þessari grein eru refsiverð eftir því, sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga.

Auk þeirra refsinga, sem um ræðir í þessari grein, má svipta þann, sem verður sekur um þar nefnd brot, leyfi til verzlunar um tiltekinn tíma, eða ævilangt, ef brot er margtrekað.

39. gr.

Tollstarfsmönnum öllum er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um brot í opinberu starfi, að skýra óviðkomandi mönnum frá því, er þeir komast að í starfi sínu um verzlunarhagi einstakra manna og fyrirtækja, þar með talin hvers konar vitneskja, sem ráða má af samritum af sölu- og vörureikningum, sem tollstofnanir halda eftir.

40. gr.

.....
Eftir gildistöku laga þessara skal gjald það, sem um ræðir í 5. gr. laga nr. 68 17. ágúst 1956, um tollheimtu og tolleftirlit, sbr. 2. málsgr. 4. gr. laga nr. 90 13. des. 1962, lækka í $\frac{1}{2}\%$ og greiðist af innlendum aðflutningsgjöldum samkvæmt tollskrá.

Á sama hátt og með sama hundraðshluta skal greiða gjald það til Byggingasjóðs ríkisins sem innheimt hefur verið sem álag á aðflutningsgjöld samkvæmt tollskrá, sbr. a-lið 4. töluliðs 3. málsgr. 3. gr. laga nr. 42 1. júní 1957, um húsnæðismálastofnun, Byggingasjóð ríkisins, sparnað til íbúðabygginga, breyting á I. kafla laga nr. 36/1952 o. fl.

.....
Nú hefur innflytjandi, áður en lög þessi ganga í gildi, afhent til tollmeðferðar skjöl, sem eru að öllu leyti fullnægjandi til þess, að hægt sé að tollafgreiða viðkomandi vörur þegar í stað, og skal þá, ef aðflutningsgjöld hækka á vörunni samkvæmt lögum þessum, taka hin eldri og lægri tollgjöld af henni, en þó því aðeins að tollafgreiðsla eigi sér stað innan 6 daga frá gildistöku laganna.

Meðan endurskoðun á lögum um gjald af innlendum tollvörutegundum fer fram, er fjármálaráðherra heimilt að lækka gjald af vöru samkvæmt lögum nr. 60 30. des. 1939, sbr. 1. gr. laga nr. 90 13. des. 1962, ef hann telur lækkun aðflutningsgjalda samkvæmt 1. gr. laga þessara hafa orðið þess valdandi, að varan beri eftir breytinguna of hátt framleiðslugjald miðað við aðflutningsgjald af sams konar vöru innfluttri.

Gjört á Besststöðum, 31. maí 1968.

Ásgeir Ásgeirsson.
(L. S.)

Magnús Jónsson.

AUGLÝSING

um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 76 frá 17. júní 1958 fyrir Háskóla Íslands.

Forseti Íslands féllst hinn 28. maí 1968 á tillögu menntamálaráðherra um eftirfarandi breyting á reglugerð fyrir Háskóla Íslands nr. 76 frá 17. júní 1958 með áorðnum breytingum:

1. gr.

E-liður V. kafla orðist svo:

E. VERKFRÆÐIDEILD.

56. gr.

Kennsla og nám í verkfræðideild.

a. Hlutverk deildarinnar.

Hlutverk deildarinnar er kennsla og rannsóknir á sviði raunvísinda, hreinna og hagnýtra. Deildin stuðlar að sjálfstæðri rannsóknarstarfsemi kennara sinna og getur tekið tillit til hennar við verkaskiptingu innan deildarinnar. Deildin stuðlar að eflingu raunvísinda í landinu með því meðal annars að vinna að bættri aðstöðu til rannsókna og starfa á því sviði. Deildin er stjórnvöldum til ráðuneytis um mál á sviði raunvísinda, eftir því sem ákveðið er á hverjum tíma.

b. Inntökuskilyrði.

Skilyrði til inntöku í verkfræðinám, svo og í nám í raungreinum til B.A.-prófa að því er varðar stærðfræði, eðlisfræði og efnafræði, er stúdentspróf úr stærðfræðideild íslensks menntaskóla eða sambærilegt próf. Skilyrði til inntöku í nám í líffræði og landa- og jarðfræði er stúdentspróf úr stærðfræði- eða náttúrufræðideild. Stúdentar úr máladeild geta fengið inngöngu í einstakar greinir deildarinnar að loknu forprófi, sem deildin kveður nánar á um. Deildin getur sett skilyrði um lágmarkseinkunnir í einstökum greinum eða greinaflokki.

c. Námsefni.

Verkfræðideild veitir kennslu í undirstöðugreinum raunvísinda og verkfræði, svo sem:

1. Til fyrrihlutaprófs í byggingar-, véla- og rafmagnsverkfræði.
2. Til B.A.-prófs í raungreinum.
3. Einstökum raungreinum í þágu annarra deilda, eftir því, sem ákveðið er á hverjum tíma, enda hafi stúdent næga undirbúningsmenntun að mati deildarinnar.

4. Deildin getur staðið fyrir námskeiðum til upprifjunar og viðbótarnáms fyrir þá, sem lokið hafa háskólaprófi í verkfræði eða öðrum raunvísindum.
5. Kennslu og próf í fleiri greinum getur deildin tekið upp samkv. ákvörðun háskólaráðs, þegar fé er veitt til.

Nú eru kenndar eftirtaldar greinir við deildina, en nánar skal kennslugreinum lýst í námsskrá, sem deildin semur og lögð er fram í upphafi kennsluárs.

1. Byggingarverkfræði.

Til fyrrihlutaprófs í byggingarverkfræði eru kenndar greinirnar stærðfræði, hagnýtt stærðfræði, rúmfræði, aflfræði, eðlisfræði, efnafræði, teiknifræði, hagfræði, jarðfræði, burðarþolsfræði, vélfræði, efnisfræði, húsagerð og landmæling.

2. Vélaverkfræði.

Til fyrrihlutaprófs í vélaverkfræði eru kenndar greinirnar stærðfræði, hagnýtt stærðfræði, rúmfræði, aflfræði, eðlisfræði, efnafræði, teiknifræði, hagfræði, burðarþolsfræði, vélfræði, efnisfræði og raftækni.

3. Rafmagnsverkfræði.

Til fyrrihlutaprófs í rafmagnsverkfræði eru kenndar greinirnar stærðfræði, hagnýtt stærðfræði, rúmfræði, aflfræði, eðlisfræði, efnafræði, teiknifræði, hagfræði, burðarþolsfræði, vélfræði, efnisfræði og raftækni.

4. Raungreinir til B.A.-prófa.

Einstakar raungreinir til B.A.-prófa eru stærðfræði, eðlisfræði, efnafræði, líffræði (grasa-, dýra og heilsufræði) og landa- og jarðfræði. Eitt tvö eða þrjú stig má taka í stærðfræði, eðlisfræði og líffræði, eitt eða tvö stig í landa- og jarðfræði og eitt stig í efnafræði. Deildin getur með samþykkt ákveðið, að unnt sé að taka þrjú stig í landa- og jarðfræði og tvö stig í efnafræði. Heimilt er að velja sem aukagrein til eins eða tveggja prófstiga einhverja af þeim huggreinum, sem kenndar eru við gagnfræðaskóla og kenndar eru til B.A.-prófs í heimspekideild. Deildin setur nánari ákvæði um samval greina.

d. Námstími o. fl.

Fyrrihlutanám í verkfræði miðast við þrjú ár og próf í lok hvers árs, árspróf. Fullnaðarprófið, sem fólgið er í hinum þremur ársprófum, er miðað við framhaldsnám í erlendum tækniháskólum, sem deildin hefur samband við.

Námsskrá til B.A.-prófs skal miða við, að hvert prófstig svari að jafnaði til 6-8 kennslustunda vikulega eitt háskólaár og að náminu sé að fullu lokið á þremur árum, þar með talið uppeldis- og kennslufræði og kennsluæfingar. Heimilt er að áskilja, að hluti námsefnis skuli vera samning heimaritgerðar á 3. stigi.

Fyrrihlutaprófi í verkfræði og B.A.-prófi í raungreinum skal stúdent hafa lokið eigi síðar en fjórum árum frá því, að hann var skráður í deildina. Deildin getur lengt frestinn um eitt ár, ef hún telur horfur á, að stúdent geti þá lokið prófinu, enda hafi hann ekki sýnt vanrækslu í námi. Er frestur er útrunninn, skal má nafn stúdents af stúdentatali. Nú innritast hann að nýju, og er gildi fyrri prófa þá fallið.

Í flestum kennslugreinum eru hafðar æfingar, munnlegar, skriflegar eða verklegar, og skal stúdent sækja þær á tilætluðum tíma. Deildin setur reglur um það, hversu mikil þátttaka í æfingum og með hverri frammistöðu skuli skyld. Hún getur og sett ákvæði um frammistöðu stúdents í vissum prófum, áður en hann fái aðgang að verklegum æfingum.

57. gr.

Próf í verkfræðideild.

a. Prófgreindir.

Námsgreinum má skipta í árgreinir og árgreinum í deiligreinir. Prófa má sérstaklega í einstökum greinarhlutum (árgreinum, deiligreinum) eða fleiri greinarhlutum sameiginlega, en prófgrein nefnist sá greinarhluti eða samval greinarhluta, sem sérstök einkunn eða einkunnir (munnleg, skrifleg, verkleg) eru veittar í.

1. Verkfræði.

Prófgreinum til fyrrihlutaprófs í verkfræði er skipt í tvo prófflokka. Nánar skal gera grein fyrir flokkaskiptingu prófgreina, samvali greinarhluta í prófgreinir, fjölda prófa og einkunna og niðurröðun prófa á ár í prófskrá, sem deildin semur og lögð er fram í upphafi kennsluárs.

2. B.A.-próf.

B.A.-próf í raungreinum er fólgið í sex prófstigum í þremur greinum, aðalgrein og tveimur aukagreinum, auk prófs í uppeldis- og kennslufræðum ásamt kennsluæfingum. Í aðalgrein skulu tekin þrjú prófstig, tvö stig í annari aukagreinanna og eitt stig í hinni. Deildin getur leyft, að tekin séu þrjú stig í tveimur greinum. Að þessu prófi loknu öðlast kandídat titilinn B.A. og kennsluréttindi við gagnfræðiskóla og sérskóla. Einkunnir eru samtals sex, ein einkunn á hverju stigi. Fyrir fjölda prófa er gerð nánari grein í prófskrá, sbr. gr. 57. a. l.

b. Próftilhögun.

Próf í verkfræðideild eru að jafnaði haldin í lok vormisseris, og geta þau verið munnleg, skrifleg eða verkleg. Verkleg próf geta þó farið fram á öðrum tíma og deildin getur ennfremur leyft próf á öðrum tíma vegna forfalla eða annarra sérstakra ástæðna.

Skráður stúdent hefur rétt til að ganga undir próf, enda hafi hann lokið tilskildum æfingum, sbr. gr. 56. d. og sagt sig til fyrri ársprófa.

Þegar stúdent í verkfræði segir sig til ársprófa, má aðeins undirskilja eina prófgrein ársprófsins. Þó eigi stærðfræði 1. árs.

Til þess að öðlast rétt til að hefja nám á næsta kennsluári, skal meðaltal stigagilda prófseinkunna ársprófsins að frátaldri einhverri einni prófgrein eigi vera lægra en 4,50 stig. Deildinni er heimilt að veita undanþágu frá ákvæðum þessara málsgreinar, þegar sérstaklega stendur á að mati hennar.

Stúdentum í B.A.-námi er heimilt að segja sig til prófs í einstökum prófgreinum (prófstigum), en þá skal lokið prófi í fyrri prófstigum greinarinnar, eða þeim lokið samtímis.

Við gjöf einkunna má taka tillit til úrlausna æfingarverkefna, sem stúdentinn hefur leyst við námið og ekki er veitt sérstök einkunn fyrir.

Heimilt er að endurtaka próf í einstökum greinum og skal það þá gert eigi síðar en tveimur misserum frá því að fyrra prófið var tekið. Ógildist þá próf, sem áður hefur verið tekið í greininni. Við endurtekningu prófs er ekki skylt að endurtaka verkleg viðfangsefni eða æfingar, sem metnar eru til prófseinkunnar, hafi þær áður verið teknar gildar. Próf má ekki endurtaka, nema einu sinni, nema deildin sjái lögmæta ástæðu til að veita undanþágu.

Nú er skráður í deildina stúdent, sem hefur þegar tekið með góðum árangri próf við erlendan háskóla í námsefni, sem samsvarar í aðalatriðum námsefni til vissra prófa í deildinni. Getur háskólaráð þá heimilað, að tillögum deildarinnar, að veita slíkum nemanda burtfararpróf án prófa í þessu námsefni, þó að jafnaði aðeins ef um verulegt námsefni er að ræða. Skal þá á prófskirteini gerð grein fyrir þessum frávikum.

c. Einkunnastigi.

Við gjöf einkunna skal nota talnaröð I í eftirfarandi skrá og hlýtur stúdent í hvert sinn þá einkunn, sem næst liggur meðaltali einkunna kennara og prófdómara. Í hverri prófgrein eru gefnar ein eða fleiri einkunnir í stigum og sýnir talnaröð II stigagildi einkunna.

I Einkunn	6	5 $\frac{2}{3}$	5 $\frac{1}{3}$	5	4 $\frac{2}{3}$	4 $\frac{1}{3}$	4	3 $\frac{2}{3}$	3 $\frac{1}{3}$
II Stig	8	7 $\frac{2}{3}$	7 $\frac{1}{3}$	7	6 $\frac{1}{3}$	5 $\frac{2}{3}$	5	3 $\frac{2}{3}$	2 $\frac{1}{3}$
I Einkunn	3	2 $\frac{2}{3}$	2 $\frac{1}{3}$	2	1 $\frac{2}{3}$	1 $\frac{1}{3}$	1		
II Stig	1	—1 $\frac{2}{3}$	—4 $\frac{1}{3}$	—7	—12 $\frac{1}{3}$	—17 $\frac{2}{3}$	—23		

Háskólaráð löggildir samsvörunarskrá, er sýni tengslin milli einkunnastiga Örsteds og hins almenna einkunnastiga Háskólans.

d. Prófkröfur.

Til þess að standast fyrrihlutapróf í verkfræði, verður stúdent að hafa hlotið eigi minna en 5 stig að meðaltali í hvorum prófflokki.

Til þess að standast B.A.-próf í raungreinum þarf stúdent að hafa lokið prófi í uppeldis- og kennslufræðum ásamt kennsluæfingum með tilskildri lágmarkseinkunn og hlotið eigi minna en 5 stig að meðaltali í hinum 6 prófstigum.

Aðaleinkunn við fyrrihlutapróf í verkfræði er meðaltal stigagilda allra prófs-einkunna, en við B.A.-próf í raungreinum meðaltal stigagilda einkunna í hinum 6 prófstigum. Aðaleinkunn 5.00—5.99 telst 2. einkunn, 6.00—7.49 telst 1. einkunn og 7.50—8.00 telst ágætiseinkunn.

2. gr.

Reglugerðarbreyting þessi tekur þegar gildi, og fellur jafnframt úr gildi 2. gr. reglugerðarbreytingar samkv. auglýsingu nr. 81. frá 2. september 1965.

Í menntamálaráðuneytinu, 4. júní 1968.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius.

AUGLÝSING

um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 76 frá 17. júní 1958 fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum, sbr. reglugerð nr. 81 frá 2. september 1965.

Forseti Íslands féllst hinn 22. júní 1968 á tillögu menntamálaráðherra um eftirfarandi breytingu á reglugerð nr. 76 frá 17. júní 1958 fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum, sbr. reglugerð nr. 81 frá 2. september 1965:

1. gr.

1. 52. gr. I., síðari málslíður fyrri málsgreinar, orðist svo: „Undanþegnir eru þó prófi þessu þeir stúdentar, sem lokið hafa fyrri hluta uppeldisfræða, sbr. 55. gr. a., svo og stúdentar í verkfræði.“
2. Aftan við 1. tölulið 55. gr. a. bætist: „Rökfræði.“
3. Aftan við 2. tölulið sömu greinar bætist: „Sálarfræði námsins.“

2. gr.

52. gr. III. orðist svo:

„III. **Próf í latínu.** Skyldir að taka þetta próf eru allir þeir stúdentar í heimspeki-deild, sem ekki hafa lokið þriggja ára námi í latínu í menntaskóla með minnst fjögurra vikustunda námi hvern vetur eða sama heildarstundafjölda á skemmri tíma. Stúdent er skylt að hafa lokið þessu prófi, áður en hann lýkur þriðja stigs prófi í grein samkv. 53. gr. I. Prófið er aðeins skriflegt.“

3. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi.

Í menntamálaráðuneytinu, 22. júní 1968.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius.

FORSETABRÉF

um þinglausnir.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Alþingi, 88. löggjafarþing, hefur lokið störfum.
Mun ég því slíta Alþingi í dag, laugardaginn 20. apríl 1968.

Gjört í Reykjavík 20. apríl 1968.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

31. ágúst 1968.

295

Nr. 67.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á siglingalögum, nr. 66 31. desember 1963.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Sjávarútvegsmálaráðherra hefur tjáð mér, að nauðsynlegt hafi reynzt að gera ýmsar ráðstafanir til að sjá íslenska síldveiðiflotanum fyrir birgðum af matvælum, olíu og vatni, svo og brýnni viðgerðarþjónustu, þar sem veiðisvæðin hafa í sumar verið óvenju langt frá Íslandi.

Hafi síldarflutningaskip leyst þennan vanda, en er afli minnkaði nú í ágústmánuði, hafi ferðum seinkað og veiðiskipunum einnig gengið erfiðlega að tryggja greiðslur fyrir birgðir þær og þjónustu, sem þeim hefur verið veitt.

Sé nú svo komið, að brýn nauðsyn beri til að tryggja með sjóveðrétti greiðslu fyrir úttekt vista og fyrir viðgerðarþjónustu síldveiðiflotans.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög, samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

Á eftir 2. mgr. 5. tölul. 216. gr. siglingalaga, nr. 66 31. desember 1963, komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Þó skulu eiga sjóðveðrétt kröfur, sem skipstjóri stofnar, vegna kaupa á nauðsynjum skipsins eða viðgerðarþjónustu, til að tryggja áframhald veiðiferðar á fiskimiðum í 300 sjómílna fjarlægð frá Íslandi eða meira.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 31. ágúst 1968.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Eggert G. Þorsteinsson.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um innflutningsgjald o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Fjármálaráðherra hefur tjáð mér, að vegna óhagstærðar þróunar á erlendum mörkuðum og lítillar sildveiði, það sem af er þessu ári, horfi alvarlega bæði um afkomu sjávarútvegsins og útflutningstekjur þjóðarinnar á þessu ári. Hefur þetta leitt til þess, að þróunin í gjaldeyrismálum hefur að undanfögnu verið mun óhagstæðari en gert hafði verið ráð fyrir, jafnframt því sem rikissjóður hefur orðið að taka á sig viðbótarskuldbindingar vegna erfiðleika atvinnuveganna. Nauðsynlegt er að fá nokkurt svigrúm til þess að kanna rækilega allar aðstæður og horfur í efnahagsmálum þjóðarinnar og ræða skilyrði til almenns samstarfs stjórnmalaflokka um lausn vandans, svo að Alþingi geti á sínum tíma tekið endanlegar ákvarðanir. Hins vegar verður ekki hjá því komizt, að nú þegar séu gerðar ráðstafanir til þess að draga úr gjaldeyrisnotkun og greiðsluhalla rikissjóðs. Ríkisstjórnin telur því brýna nauðsyn bera til, að gerðar verði nú þegar bráðabirgðaráðstafanir í þessu skyni, með því að lagt verði á 20% innflutningsgjald á allar innfluttar vörur, svo og samsvarandi skattur á útgjöld til ferðalaga erlendis. Jafnframt hefur ríkisstjórnin ákveðið, að takmarkaðar verði að sinni, svo sem föng eru á, allar yfirfærslur fyrir duldu greiðslum til útlanda.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög, samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

Af tollverði allrar innfluttrar vöru skal greiða 20% innflutningsgjald, er rennur í rikissjóð. Um innheimtu gjaldsins gilda, eftir því sem við á, ákvæði laga nr. 63/1968 um tollskrá o. fl. og lög nr. 68/1956 um tollheimtu og tolleftirlit.

Innflutningsgjaldið skal greitt af öllum vörum, sem teknar eru til tollmeðferðar frá og með 3. september 1968. Hafi innflytjandi fyrir 3. september 1968 afhent til tollmeðferðar skjöl, sem eru að öllu leyti fullnægjandi til þess að hægt sé að tollafgreiða viðkomandi vöru þegar í stað, skal varan því aðeins afgreidd án greiðslu innflutningsgjalds, skv. 1. mgr., að tollafgreiðslu sé lokið fyrir 10. september 1968.

Innflutningsgjald skal einnig greitt af vörum, sem hafa verið afhentar innflytjendum með leyfi tollyfirvalda gegn tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda, sbr. 22. gr. tollskrárlaga, nema fullnaðartollafgreiðsla eigi sér stað innan tveggja mánaða frá gildistöku þessara laga.

2. gr.

Heimilt er að greiða úr ríkissjóði bætur vegna verðhækkana, sem innflutningsgjaldið hefur í för með sér á eftirtöldum vörum: brennsluolíu og umbúðum sjávarútvegsins, veiðarfærum, sem ekki eru framleidd innanlands, svo og fóðurvörum landbúnaðarins.

3. gr.

Óheimilt er að hækka verð á birgðum innfluttrar vöru, sem innflutningsgjald hefur ekki verið greitt af, og sama gildir um birgðir iðnaðarvara, sem framleiddar eru úr efni, sem innflutningsgjald hefur ekki verið greitt af. Til birgða teljast í þessu sambandi vörur, sem innflutningsgjald hefur ekki verið greitt af og ekki eru komnar í hendur innflytjenda.

Verðlagsnefnd skal heimila verzlunarálagningu á sem næst 30% þeirrar hækkunar, sem af innflutningsgjaldinu leiðir.

4. gr.

Nú er vara, sem innflutningsgjald hefur verið greitt af, flutt inn með erlendum greiðslufresti með leyfi rétttra yfirvalda, og skal þá ríkissjóði heimilt að endurgreiða gjaldið eða hluta þess, að svo miklu leyti, sem skuldarupphæðin í krónum kann að hækka á greiðslufreststímanum vegna ráðstafana íslenzkra yfirvalda. Fjármálaráðherra setur nánari reglur um slíka endurgreiðslu.

5. gr.

Heimilt er ríkisstjórninni að ákveða, að lagt skuli allt að 20% gjald á útgjöld til ferðalaga erlendis, sem renni í ríkissjóð. Setur hún nánari reglur um tilhögun og innheimtu gjaldsins.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu gilda til 30. nóvember 1968.

Gjört að Bessastöðum, 3. september 1968.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Magnús Jónsson.

STJÓRNARTÍÐINDI A 15 — 1968

Nr. 69.

298

26. ágúst 1968.

AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, dr. Kristján Eldjárn, fer í dag í embættiserindum til útlanda. Í fjarveru hans fara forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Í forsætisráðuneytinu, 26. ágúst 1968.

Bjarni Benediktsson.

Birgir Thorlacius.

Nr. 70.

31. ágúst 1968.

AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, dr. Kristján Eldjárn, kom í dag úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Forsætisráðuneytið, 31. ágúst 1968.

Bjarni Benediktsson.

Birgir Thorlacius.

Nr. 71.

21. september 1968.

FORSETA BRÉF

um að Alþingi skuli koma saman til fundar fimmtudaginn 10. október 1968.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Ég hef ákveðið, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi skuli koma saman til fundar fimmtudaginn 10. október 1968.

Um leið og ég birti þetta, er öllum, sem setu eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur, og verður þá Alþingi sett, að lokinni guðsþjónustu í Dómkirkjunni, sem hefst kl. 13.30.

Gjört að Bessastöðum, 21. september 1968.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

AUGLÝSING

um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 76/1958 fyrir Háskóla Íslands með áorðnum breytingum, sbr. reglugerð nr. 81/1965.

Forseti Íslands féllst hinn 30. september 1968 á tillögu menntamálaráðherra um eftirfarandi breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands nr. 76 frá 17. júní 1968 með áorðnum breytingum, sbr. reglugerð nr. 81 frá 2. september 1965:

1. gr.

2. tl. 51. gr. falli brott.

Enn fremur falli niður II. liður 52. gr.

2. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi.

Í menntamálaráðuneytinu, 30. september 1968.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

Árni Gunnarsson.

9. október 1968.

Nr. 73.

L Ö G

um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara, tæknifræðinga eða byggingafræðinga.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Að ég samkvæmt 4. gr. laga nr. 30 18. apríl 1968, um breytingu á lögum nr. 44 3. apríl 1963, um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara eða tæknifræðinga, hef látið fella meginmál hinna fyrst nefndu laga inn í lög nr. 44 3. apríl 1963 og gef þau út svo breytt:

1. gr.

Rétt til að kalla sig verkfræðinga eða heiti, sem felur í sér orðið verkfræðingur (civil-ingeniör, diplom-ingeniör), hafa þeir menn einir hér á landi, sem fengið hafa til þess leyfi ráðherra.

2. gr.

Engum má veita leyfi það, er um ræðir í 1. gr., nema hann hafi lokið fullnaðarprófi í verkfræði við fjöllistaskóla eða tekniskan háskóla, sem stéttarfélag verkfræðinga hér á landi viðurkennir sem fullgildan skóla í þeirri grein.

Að fengnum meðmælum stéttarfélags verkfræðinga hér á landi má þó veita mönnum, sem stundað höfðu verkfræðistörf eigi skemur en sex ár, áður en lög nr. 24/1937 tóku gildi, leyfi til að kalla sig verkfræðinga, enda þótt þeir fullnægi eigi prófskilyrðum þeim, sem um ræðir í 1. mgr. þessarar greinar.

Þeir menn, sem fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru í 1. mgr. þessarar greinar, eiga rétt á, að þeim sé veitt leyfi til að kalla sig verkfræðinga.

3. gr.

Rétt til að kalla sig húsameistara (arkitekt) hafa hér á landi þeir menn einir, sem hafa fengið til þess leyfi ráðherra.

4. gr.

Engum má veita leyfi það, sem um ræðir í 3. gr., nema hann hafi lokið fullnaðarprófi í byggingarlist við listaháskóla eða tekniskan háskóla, sem stéttarfélag húsameistara hér á landi viðurkennir sem fullgildan skóla í þeirri grein.

Að fengnum meðmælum stéttarfélags húsameistara hér á landi má þó veita mönnum, sem stundað höfðu húsameistarastörf eigi skemur en 6 ár, áður en lög nr. 24/1937 tóku gildi, leyfi til að kalla sig húsameistara, enda þótt þeir fullnægi eigi prófskilyrðum þeim, sem um ræðir í 1. mgr. þessarar greinar.

Þeir menn, sem fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru í 1. mgr. þessarar greinar, eiga rétt á, að þeim sé veitt leyfi til að kalla sig húsameistara.

5. gr.

Rétt til að kalla sig tæknifræðinga (ingeniör) eða heiti, sem felur í sér orðið tæknifræðingur, hafa þeir menn einir hér á landi, sem fengið hafa til þess leyfi ráðherra.

6. gr.

Engum má veita leyfi það, sem um ræðir í 7. gr., nema hann hafi lokið fullnprófi í tæknifræði frá tekniskum æðri skóla, sem Tæknifræðingafélag Íslands viðurkennir sem fullgildan skóla í þeirri grein.

Þeir menn, sem fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru í 1. mgr. þessarar greinar, eiga rétt á, að þeim sé veitt leyfi til að kalla sig tæknifræðinga.

7. gr.

Rétt til að kalla sig byggingafræðinga (byggningskonstruktör) hafa hér á landi þeir einir, sem hafa fengið til þess leyfi ráðherra.

8. gr.

Engum má veita leyfi það, sem um ræðir í 7. gr., nema hann hafi lokið fullnaðarprófi í byggingafræði frá byggingafræðilegum æðri skóla, sem Byggingafræðingafélag Íslands viðurkennir sem fullgildan skóla í þeirri grein.

Þeir menn, sem fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru í 1. mgr. þessarar greinar, eiga rétt á, að þeim sé veitt leyfi til að kalla sig byggingafræðinga.

9. gr.

Ráðherra sker úr ágreiningi, sem rísa kann um notkun starfsheita, sem fela í sér orðið „ingeniör“.

10. gr.

Hver, sem kallar sig heiti, er leyfi þarf til samkvæmt lögum þessum, án þess að hafa fengið slíkt leyfi, skal sæta sektum frá 1000 til 10 000 krónum. Sektirnar renna í ríkissjóð.

11. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal fara að hætti opinberra mála.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 44 3. apríl 1963, um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara eða tæknifræðinga.

Gjört í Reykjavík, 9. október 1968.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Jóhann Hafstein.

STJÓRNARTÍÐINDI A 16 — 1968

12. nóvember 1968.

301

Nr. 74.

L Ö G

um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi íslenzkrar krónu.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Frá gildistöku þessara laga skal við ákvörðun verðtolls og annarra gjalda á innfluttum vörum, þ. á m. söluskatts, reikna fob.-verðmæti þeirra á hinu nýja gengi. Sama gildir um annan kostnað í cif.-verði, þar á meðal flutningskostnað, sé hann ákveðinn í erlendum gjaldeyri, þannig að krónuvirði hans breytist sjálfkrafa til samræmis við hið nýja gengi, ef greiðsla fer fram eftir gildistöku þessara laga. Á innflutningsfarmskrám, sem farmflytjendur afhenda tollfyrirvöldum, skal flutningsgjald tilgreint í íslenzkum krónum.

Í fob.-verðmæti skal reikna allan erlendan kostnað, sem á er fallinn, þá er vara er komin í farartæki það, sem flytur hana til Íslands.

Ákvæði 1. málsg. þessarar gr. gilda á hliðstæðan hátt um öll önnur gjöld af innfluttum vörum, sem innheimt eru af tollfyrirvöldum og ákveðin eru sem hundraðshluti af vöruverðmæti.

Ákvæði 1. gr. bráðabirgðalaga nr. 68 frá 3. september 1968 um 20% innflutningsgjald falla niður við gildistöku laga þessara að því er varðar allar ótollafgreiddar vörur, sem greiddar eru á nýja genginu. Ber að miða við bankastimplun á vöruskjöl eftir 11. nóvember 1968 sem sönnun um, að gjaldið falli niður og að varan hljóti tollmeðferð skv. 1. málsgrein.

Nú hefur innflytjandi fyrir 11. nóvember 1968 afhent til tollmeðferðar skjöl, sem eru að öllu leyti fullnægjandi til þess að hægt sé að tollafgreiða viðkomandi vöru þegar í stað, og skal þá miða gjöld af henni, þar með talið 20% innflutningsgjald, skv. lögum nr. 68/1968, við eldra gengið, en þó því aðeins, að tollafgreiðsla eigi sér stað fyrir 17. nóvember 1968.

Nú eru innflutningsskjöl, sem ekki hljóta tollmeðferð, skv. 5. málsgrein, tollafgreidd eftir 11. nóvember 1968 með bankastimpli fyrir þann dag, og skal þá greiða af hlutaðeigandi vöru 20% innflutningsgjald, skv. lögum nr. 68/1968, er miðist við tollverð hennar á gamla genginu, en tollafgreiðsla að öðru leyti miðist við nýja gengið. Það er forsenda fyrir þessari tollafgreiðslu, að varan hafi verið greidd á gamla genginu. Verði hún greidd á nýja genginu, t. d. þar sem samþykktur hefur verið víxill fyrir henni, sem ógreiddur er, þegar lögin taka gildi, ber innflytjanda að sanna það fyrir tollstjóra með vottorði Gjaldeyriseildar bankanna í Reykjavík eða vottorði útibús gjaldeyrishanka utan Reykjavíkur og fellur þá 20% innflutningsgjaldið niður og varan tollafgreiðist á grundvelli 1. og 4. málsgreina.

Ákvæði 1. málsgr. þessarar gr. gilda við tollafgreiðslu vara, sem hafa verið afhentar innflytjendum með leyfi tollýfirvalda gegn tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda (sbr. 15. gr. tollskrárlaga), nema fullnaðartollafgreiðsla, þ. m. t. greiðsla 20% innflutningsgjalds, eigi sér stað fyrir 1. desember 1968.

2. gr.

Óheimilt er vegna gengisbreytingarinnar að hækka verð á birgðum innfluttra vara, sem greiddar hafa verið á gengi í gildi fyrir 11. nóvember 1968, og sama gildir um verð á birgðum iðnaðarvara, sem framleiddar eru úr efni, sem greitt hefur verið á eldra gengi. Til birgða teljast í þessu sambandi vörur greiddar á eldra gengi, sem ekki eru komnar í hendur innflytjenda.

Verðlagsnefnd skal heimila verzlunarálagningu á sem næst 30% þeirrar hækkunar, sem leiðir af gengisbreytingunni, og sé þá miðað við þá álagningu, sem gildi fyrir gildistöku bráðabirgðalaga nr. 68/1968. Þessi lækkun hundraðshluta álagningar gildir þó ekki um smásölu- og heilðsöluálagningu á vöru, þar sem núgildandi heilðsöluálagning er 6.5% eða lægri.

3. gr.

Nú á skipafélag kröfu, sem ákvörðuð er í erlendum gjaldeyri eða miðuð við erlendan gjaldeyri, á innlendan aðila vegna farmgjalda af innfluttum vörum, er ekki hafa verið afhentar móttakanda hennar fyrir gildistöku þessara laga, og skal þá einungis heimilt að innheimta slíka kröfu á hinu nýja gengi, að svo miklu leyti sem skipafélagið á ógreiddan kostnað utanlands í erlendum gjaldeyri vegna flutningastarfsemi sinnar, enda komi samþykki verðlagsnefndar til.

4. gr.

Þá er skilað er til banka gjaldeyri fyrir útfluttar afurðir framleiddar fyrir 15. nóvember 1968, skal hann greiddur útflytjanda á því gengi, er gildi fyrir 11. nóvember 1968. Ríkisstjórnin kveður nánar á um, til hvaða afurða þetta ákvæði skuli taka, og eru ákvarðanir hennar þar að lútandi fullnaðarúrskurðir.

Mismunur andvirðis skilaðs gjaldeyris á eldra gengi og andvirðis hans á hinu nýju gengi, skv. 1. málsgr., skal færður á sérstakan reikning á nafni ríkissjóðs í Seðlabankanum. Fé, sem á reikninginn kemur, skal ráðstafað með sérstökum lögum í þágu þeirra atvinnuvega, sem eiga viðkomandi afurðaverðmæti.

5. gr.

Á gengisbreytingarreikning við Seðlabankann, sem stofnaður var skv. 5. gr. laga nr. 69 frá 25. nóvember 1967, skal færa þann gengismun, er verður vegna gengisbreytingarinnar hjá einstökum bönkum. Við útreikning á þessum gengismun skal taka tillit til allra eigna og skulda viðkomandi banka í erlendum gjaldeyri, þá er hið nýja gengi tekur gildi. Færslur þær, sem af þessum ástæðum þurfa að eiga sér stað milli Seðlabankans og bankanna, skulu jafnast með verðbréfakaupum eða öðrum eignatilfærslum, eftir því sem nánar verður um samið milli þessara aðila. Innstæður og skuldir í krónum á nafni erlendra aðila, sem gengistryggðar eru með sérstökum samningi, þar með taldir skuldareikningar ríkissjóðs gagnvart alþjóðastofnunum, teljast erlendir gjaldeyrir í þessu sambandi, og sama gildir um gulleign Seðlabankans.

Nú hefur bankaábyrgð til handa erlendum aðila verið greidd erlendis, en ekki greidd í íslenskum banka fyrr en eftir 11. nóvember 1968, og skal hún þá gerð upp á hinu nýja gengi. Ákvæði þetta gildir ekki um greiðslufrestsábyrgðir, þegar skjöl

hafa verið afhent innflytjanda fyrir gengisbreytinguna. Gengismunur, er til verður vegna ákvæða þessarar málsgreinar, skal færður á gengisbreytingarreikning, sbr. 1. málsg.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að gengismismunur, sem myndast kann við kaup á gjaldeyri eftir gildistöku þessara laga vegna verksamninga við erlenda aðila, að því leyti sem verkin hafa verið unnin fyrir setningu þessara laga, skuli færður á gengisreikning ríkissjóðs í Seðlabankanum, sbr. 4. gr.

6. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að setja með reglugerð eða á annan hátt nánari fyrir-mæli um framkvæmd laga þessara.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og fellur þá jafnframt niður ákvæði 5. gr. laga nr. 68/1968 um 20% gjald á útgjöld til ferðalaga erlendis.

Bráðabirgðaákvæði.

Við uppgjör á endurgreiðslum innflutningsgjalds, skv. heimild í bráðabirgðalögum nr. 68/1968, skal heimilt að endurgreiða eða fella niður innflutningsgjald af eftirtöldum vörum:

Gasolíu, brennsluolíu, flugvélaeldsneyti, flugvélahreyflum og hlutum til flugvéla, skv. nánari ákvörðun fjármálaráðuneytisins, svo og salti og sildarkryddi.

Gjört að Bessastöðum, 12. nóvember 1968.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu forseta Íslands á breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands nr. 76 frá 17. júní 1958, með áorðnum breytingum.

Forseti Íslands féllst hinn 22. þ. m. á tillögu menntamálaráðherra um að staðfesta eftirfarandi breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands nr. 76/1958, með áorðnum breytingum:

1. gr.

1. Fyrirsögn núverandi 32. gr. háskóla­reglugerðar frá 17. júní 1958 með áorðnum breytingum verði:

A. Um frumskráningu stúdenta til náms.

2. Á eftir núverandi 4. málsgrein bætist:

B. Um árlega skrásetningu stúdenta til náms.

Stúdentar, aðrir en þeir, sem frumskrásettir eru til náms á tilteknu ári, skulu láta skrásetja sig árlega á tímabili, er háskólaráð tiltekur að fengnu samþykki menntamálaráðherra, að jafnaði í september. Nú er stúdent ekki á stúdentatali Háskólans, sbr. 26. gr. háskólalaga, og verður hann þá ekki skráður, nema hann sanni, að nafni hans sé ranglega sleppt í stúdentaskrá. Skráningargjald er 1000 krónur, og renna 800 krónur til Félagsstofnunar stúdenta, en 200 krónur í Prófgjaldasjóð. Stúdentar hafa ekki rétt til að sækja fyrirlestra og æfingar og verða ekki skráðir til prófa, nema þeir séu skráðir í hinni árlegu skráningu. Þeir njóta og ekki þeirra félagslegu fríðinda, sem því eru samfara að vera stúdent í Háskól­anum, sbr. lög 33/1968 um Félagsstofnun stúdenta við Háskóla Íslands.

Gera skal árlega áætlun um tekjur og gjöld Prófgjaldasjóðs og leggja fyrir menntamálaráðherra til samþykktar.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkv. 42. gr. laga nr. 60/1957 um Háskóla Íslands og 6. gr. laga nr. 33/1968 um Félagsstofnun stúdenta við Háskóla Íslands, kemur til framkvæmda þegar í stað, og fer skráning stúdenta fram í fyrsta sinn í október 1968, samkv. nánari ákvörðun háskólaráðs.

Í menntamálaráðuneytinu, 23. október 1968.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius.

AUGLÝSING

um staðfestingu forseta Íslands á breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands nr. 76 frá 17. júní 1958, með áorðnum breytingum.

Forseti Íslands féllst hinn 9. október 1968 á tillögu menntamálaráðherra um að staðfesta eftirfarandi breyting á reglugerð fyrir Háskóla Íslands nr. 76 frá 17. júní 1958, með áorðnum breytingum:

1. gr.

2. töluliður 48. gr. orðist svo:

Kennslugreinar í viðskiptadeild eru þessar:

- | | |
|--|--|
| 1. Þjóðhagfræði í fyrri hluta. | 14. Endurskoðun og verklegar æfingar í bókfærslu og reikningsskilum. |
| 2. Þjóðhagfræði í síðara hluta: Almenn. | 15. Skattskil. |
| 3. Þjóðhagfræði í síðara hluta: Sérgreind. | 16. Tölfræði. |
| 4. Almenn rekstrarfræði. | 17. Viðskiptareikningur. |
| 5. Framleiðsla fyrirtækja. | 18. Enska. |
| 6. Sala. | 19. Stærðfræði. |
| 7. Fjármál fyrirtækja. | 20. Skrifstofustörf. |
| 8. Stjórnun fyrirtækja. | 21. Hagrannsóknir. |
| 9. Sérgreind rekstrarhagfræði. | 22. Hagræn landafræði. |
| 10. Íslensk haglýsing. | 23. Hagsaga. |
| 11. Lögfræði. | 24. Saga hagfræðikenninga. |
| 12. Bókfærsla fyrir stúdenta á 1. námsári. | 25. Fyrirtækið og þjóðfélagið. |
| 13. Reikningshald. | 26. Markaðsrannsóknir. |
| | 27. Opinber stjórnsýsla. |

Námsgreinar 21—27 eru kjörgreinar.

Prófessorar viðskiptadeildar ákveða í sameiningu námsefni í hverri einstakri námsgrein. Þeir ákveða og, hvort halda skuli æfingar í einstökum námsgreinum og hvernig þeim æfingum skuli háttað. Við ákvarðanir þessar skulu þeir hafa samráð við kennara í viðkomandi greina.

Stúdent skal leysa af hendi tilskilinn fjölda æfinga í hverri námsgreinum.

Viðskiptadeild ákveður, hvenær tímabært er að hefja kennslu í einstökum kjörgreinum. Eftir að kennsla í kjörgrein er hafin, er viðskiptadeild heimilt að fella niður kennslu í einstök ár, ef ekki fæst, að dómi deildarinnar, næg þátttaka stúdenta, eða ef ekki er, að dómi deildarinnar, kostur hæfra kennslukrafta, en stúdent skal þó heimilt að þreyta próf í viðkomandi námsgrein.

2. gr.

50. gr. orðist svo:

Próf í viðskiptafræðum.

Undirbúningspróf.

Stúdent skal standast próf í sérhverju eftirtalinna undirbúningsprófa:

1. Bókfærslu fyrir stúdenta á 1. námsári, skriflegt próf.
2. Skrifstofustörfum, verklegt og skriflegt próf.
3. Stærðfræði, skriflegt próf.
4. Ensku I, skriflegt og munnlegt próf.

Einkunnir í ofantöldum greinum hafa ekki gildi í aðaleinkunn. Til þess að standast próf í bókfærslu þarf stúdent að hljóta að minnsta kosti lægstu 1. einkunn.

Samtímis innritun til undirbúningsprófs er stúdent heimilt að skrá sig til prófs í prófgreinum fyrra hluta prófs með þeim undantekningum, sem greindar eru að neðan.

Fyrra hluta próf.

Prófgreinar í fyrra hluta eru þessar:

- | | |
|-----------------------------|-----------------------|
| 1. Almenn rekstrarhagfræði. | 5. Reikningshald. |
| 2. Þjóðhagfræði. | 6. Enska II. |
| 3. Viðskiptareikningur. | 7. Lögfræði. |
| 4. Tölfræði. | 8. Islenzk haglýsing. |

Próf í ensku II skal vera skriflegt og munnlegt. Um próf í öðrum greinum er meginreglan sú, að þau skulu vera skrifleg, og ákveður viðskiptadeild, hvort frá þeirri reglu skuli vikið um einstaka prófgrein.

Prófgreinum fyrra hluta er skipað í þrjá flokka: A, B, og C.

Flokkur A.

Flokkur A tekur til prófgreina 1 og 2. Stúdent skal þreyta próf í þeim í lok yfirferðar eða samtímis því, sem hann þreytir próf í greinum prófflokks C. Stúdent skal hljóta einkunnina 7 í hvorri einstakri þessara prófgreina.

Flokkur B.

Flokkur B tekur til allt að þriggja ofanefndra prófgreina 3 til 8. Stúdent er heimilt að þreyta próf í sérhverri þeirra greina, án þess að hafa sagt sig til prófs samtímis í öllum öðrum greinum 3 til 8. Séu þau próf haldin í lok yfirferðar yfir viðkomandi námsgreinar. Stúdent skal þá hafa lokið prófi í ensku I, áður en hann skráir sig til prófs í ensku II, og prófi í bókfærslu áður en hann skráir sig til prófs í reikningshaldi.

Flokkur C.

Prófgreinar í fyrra hluta C eru þær ofantalinna greina 3 til 8, sem stúdent hefur ekki tekið próf í áður. Próf í þessum greinum skulu tekin samtímis.

Prófflokkar B og C mynda í sameiningu einn prófhluta í merkingu 2. málsg. 68. gr. háskólareglugerðar.

Einkunn í prófgrein 3 hefur gildið $\frac{1}{2}$ í aðaleinkunn, einkunnir í öðrum prófgreinum hafa gildið 1.

Ekki má líða lengri tími en 6 kennslumisseri frá innritun, þar til lokið er fyrra hluta prófi. Ef út af bregður, fer stúdent af skrá, og undirbúningspróf falla úr gildi.

Síðara hluta próf.

Prófgreinar í síðara hluta eru þessar:

- | | |
|--------------------------------|---|
| 1. Framleiðsla fyrirtækja. | 6. Almenn þjóðhagfræði. |
| 2. Sala. | 7. Sérgreind þjóðhagfræði. |
| 3. Fjármál fyrirtækja. | 8. Endurskoðun og verklegar æfingar í bókfærslu og reikningsskilum. |
| 4. Stjórnun fyrirtækja. | 9. Skattskil. |
| 5. Sérgreind rekstrarhagfræði. | |

- | | |
|--------------------------------|--|
| 10. Hagrannsóknir I. | 16. Markaðsrannsóknir. |
| 11. Hagrannsóknir II. | 17. Opinber stjórnýsla. |
| 12. Hagræn landafræði. | 18. Ritgerð um efni, sem stúdent velur í samráði við prófessor í deildinni á fyrsta misseri, eftir að hann lauk fyrra hluta prófi. |
| 13. Hagsaga. | |
| 14. Saga hagfræðikenninga. | |
| 15. Fyrirtækið og þjóðfélagið. | |

Um próf er meginreglan sú, að þau skulu vera skrifleg, og ákveður viðskiptadeild, hvort frá þeirri reglu skuli vikið um einstaka prófgrein.

Stúdent skal taka próf í svo mörgum kjörgreinum, að heildar gildi einkunna í þeim sé $2\frac{1}{2}$. Einkunnir í 6. og 7. prófgrein hafa gildið 2 í aðaleinkunn. Prófgreinar 10—16 hafa gildið $\frac{1}{2}$. Einkunnir í öðrum prófgreinum hafa gildið 1.

Stúdent er heimilt að þreyta próf í einstökum prófgreinum í lok yfirferðar. Hafi hann ekki neytt þess réttar að því er varðar einhverja grein, skal hann þreyta próf í greininni samtímis því, sem hann gengur undir síðustu próf í þessum prófhluta.

Allar prófgreinar síðara hluta mynda í sameiningu einn prófhluta í merkingu 68. gr. 2. málsgreinar háskóla­reglugerðar.

Áður en stúdent segir sig til síðara hluta prófs, skal hann afhenda prófritgerð sína vélritaða og leggja fram skilríki um, að hann hafi tekið þátt í eftirfarandi æfingum:

1. Rekstrarhagfræði: Stúdent hafi haldið eitt erindi og afhent kennara það vélritað. Enn fremur hafi stúdent metið tvö erindi í sömu grein flutt af öðrum stúdentum, ef kennari hefur óskað þess.
2. Þjóðhagfræði: Sömu kröfur og um rekstrarhagfræði.

Ekki má líða lengri tími en 6 kennslumisseri frá því, er stúdent lýkur fyrra hluta prófi, þar til hann lýkur síðara hluta prófi. Ef út af bregður, — fellur flokkur B og C fyrra hluta prófs úr gildi, en undirbúningspróf og flokkur A fyrra hluta prófs halda þó gildi sínu í 2 misseri.

Viðskiptadeild getur veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar um tímatörmörk við próf, ef stúdent hefur verið veikur, eða öðrum vífaleysisástæðum er til að dreifa.

Stúdentar, sem skráðir hafa verið til náms eftir 31. ágúst 1964, skulu hlíta hinum breyttu ákvæðum, eftir því sem við gefur átt, enda óski stúdent, sem lauk fyrra hluta prófi fyrir vor 1968 ekki eftir að verða prófaður samkvæmt eldri tilhögun.

Kandidatspróf samkv. þeirri tilhögun, er ein gildi til 1. september 1964, verður haldið í síðasta skipti vorið 1969.

3. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi.

Í menntamálaráðuneytinu, 24. október 1968.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius.

AUGLÝSING

um staðfestingu forseta Íslands á breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands nr. 76 frá 17. júní 1958, með áorðnum breytingum.

Forseti Íslands féllst hinn 9. október 1968 á tillögu menntamálaráðherra um að staðfesta eftirfarandi breyting á reglugerð fyrir Háskóla Íslands nr. 76 frá 17. júní 1958, með áorðnum breytingum:

1. gr.

40. gr. B. orðist þannig:

Stúdentar skulu velja sér grein til sérnáms í samráði við kennara og semja ritgerð úr því efni. Í stað sérefnisritgerðar má stunda nám í uppeldisfræðum, þjóðfélagsvísindum, kirkjutónfræðum eða aukið nám í þætti í kennimannlegri guðfræði, kirkjurétti, grísku eða hebresku, sem guðfræðideild metur gilt hverju sinni.

2. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi.

Í menntamálaráðuneytinu, 25. október 1968.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius.

Nr. 78.

5. nóvember 1968.

AUGLÝSING

um staðfestingu forseta Íslands á breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands nr. 76 frá 17. júní 1958, með áorðnum breytingum.

Forseti Íslands hefur í dag, samkvæmt tillögu menntamálaráðherra, staðfest eftirfarandi breytingu á reglugerð nr. 76/1958 fyrir Háskóla Íslands:

1. gr.

2. tl. 51. gr. orðist svo:

Almenn málvísindi og hljóðfræði til forprófs.

II. liður 52. gr. orðist svo:

Próf í almennum málvísindum og hljóðfræði. Skyldir að taka próf þetta eru allir þeir stúdentar í heimspekideild, er undir próf ganga í tungumálum, einu eða fleiri. Stúdent er skylt að hafa lokið prófinu, áður en hann lýkur 1. stigs prófi í tungumáli, samkv. 53. gr. I.

Prófið er aðeins skriflegt. Nú hefur stúdent sagt sig til prófs, en stenztt ekki prófið eða kemur ekki til prófs og hefur lögmat forföll, og er þá skylt að halda endurpróf í lok vormisseris.

2. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi og taka ákvæði hennar einnig til þeirra stúdenta, sem þegar hafa innritast og eiga ólokið umræddum prófum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Heimilt er stúdent að ganga undir 1. stigs próf í tungumáli í janúar 1969 án þess að hafa lokið forprófi í almennum málvísindum og hljóðfræði, enda gildir prófið ekki, nema hann standist forprófið fyrir lok vormisseris.

Í menntamálaráðuneytinu, 5. nóvember 1968.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius.

L Ö G

um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenzkrar krónu.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Um ákvörðun fiskverðs og stofnfjár sjóð.

1. gr.

Verðlagsráð sjávarútvegsins skal eins fljótt og við verður komið ákveða nýtt lágmarksverð á öllum tegundum sjávarafla, samkvæmt lögum nr. 97 18. desember 1961, um Verðlagsráð sjávarútvegsins. Hið nýja verð skal taka gildi frá og með 15. nóvember 1968, og gilda ekki skemur en til loka fyrsta verðlagstímabils ársins 1969, sbr. 7. og 8. gr. reglugerðar, nr. 180 1962.

2. gr.

Þegar fiskiskip selur afla í innlendri höfn, eða afhendir afla sinn til vinnslu án þess að sala fari fram, skal fiskkaupandi eða fiskmóttakandi greiða gjald til Stofnfjár sjóðs fiskiskipa, er nemi 10% fiskverðs eins og það er ákveðið af Verðlagsráði sjávarútvegsins. Þó skal greiða 20% af verði síldar og humars. Hið sama gildir, þegar fiskiskip selur eða afhendir afla sinn öðru skipi til löndunar í innlendri höfn. Greiðsla stofnfjár sjóðsgjalds skv. þessari grein kemur til framkvæmda við gildistöku nýs fiskverðs samkvæmt 1. gr. þessara laga. Um ráðstöfun tekna stofnfjár sjóðs fer eftir ákvæðum laga nr. 58 1. maí 1968, um Stofnfjár sjóð fiskiskipa. Ákvæði um innheimtu þessa gjalds skulu sett með reglugerð. Heimilt er sjávarútvegsráðgjafnefni að ákveða, að ekki skuli greiða gjald til Stofnfjár sjóðs, þegar afli er seldur til neyzlu innanlands.

3. gr.

Þegar fiskiskip selur afla í innlendri höfn, eða afhendir afla sinn til vinnslu án þess að sala fari fram, skal fiskkaupandi eða fiskmóttakandi greiða útgerðarmanni eða útgerðarfyrtæki hlutdeild í útgerðarkostnaði, er nemi 17% miðað við fiskverð eins og það er ákveðið af Verðlagsráði sjávarútvegsins. Hið sama gildir, þegar fiskiskip selur afla sinn öðru skipi til löndunar í innlendri höfn. Greiðsla kostnaðarhlutdeildar kemur til framkvæmda við gildistöku nýs fiskverðs samkvæmt 1. gr. þessara laga. Kostnaðarhlutdeild kemur ekki til hlutskipta eða aflaverðlauna, og gildir þetta einnig um alla ráðstöfun tekna úr Stofnfjár sjóði fiskiskipa.

4. gr.

Þegar fiskiskip selur afla í erlendri höfn, skal það greiða 22% af heildarsöluverðmæti (brúttósöluverðmæti) aflans til Stofnfjár sjóðs fiskiskipa. Hið sama gildir,

Þegar fiskiskip selur afla sinn öðru skipi til sölu í erlendri höfn. Þessi greiðsla kemur til frádráttar frá heildarsöluverðmæti (brúttósöluverðmæti) ásamt frádráttartölu kjarasamninga við ákvörðun aflaverðlauna, aukaafleverðlauna og hluts samkvæmt kjarasamningum. Heimilt er sjávarútvegsmálaráðuneytinu að lækka gjald þetta vegna hækkunar, er verða kann á öðrum gjöldum við sölu aflans.

5. gr.

Í stað 4. gr. laga nr. 58 1. maí 1968, um Stofnfjár sjóð fiskiskipa, komi ný grein svo hljóðandi:

Stofnfjár sjóðsgjöld, er greiðast til Stofnfjár sjóðs fiskiskipa, skulu leggjast inn á reikning þess fiskiskips, sem aflað hefur þess hráefnis, sem gjaldið er greitt af. Hvert fiskiskip skal hafa sérreikning hjá sjóðnum. Sé innstæða á slíkum reikningi lengur en einn mánuð, skal Fiskveiðasjóður færa á reikninginn til tekna vexti, er séu $\frac{1}{2}\%$ lægri á ári en innlánsvextir eru á almennum sparisjóðsbókum á hverjum tíma.

6. gr.

Í stað 5. gr. laga nr. 58 1. maí 1968, um Stofnfjár sjóð fiskiskipa, komi ný grein svo hljóðandi:

Fiskifélag Íslands skal senda Fiskveiðasjóði hálfárslega skýrslu um afla og aflaverðmæti allra fiskiskipa, hvort sem afla þeirra er landað hérlandis eða í erlendri höfn. Stjórn Fiskveiðasjóðs setur nánari reglur um þessa skýrslugerð í samráði við Fiskifélag Íslands.

7. gr.

Í stað 6. gr. laga nr. 58 1. maí 1968, um Stofnfjár sjóð fiskiskipa, komi ný grein svo hljóðandi:

Þegar Fiskveiðasjóði hafa horizt skýrslur þær, er um ræðir í 5. gr., skal hann láta endurskoða greiðslur stofnfjár sjóðsgjalda á reikninga fiskiskipa og sannreyna, að þær greiðslur séu í samræmi við aflaverðmæti skipanna og þau stofnfjár sjóðsgjöld, sem af þeim ber að greiða. Framlagi ríkissjóðs 1968, 124 m.kr., ber að skipta á milli fiskiskipa í hlutfalli við aflaverðmæti skipanna frá 1. janúar til 14. nóvember 1968 samkvæmt skýrslum Fiskifélags Íslands.

8. gr.

Stjórn Aflatryggingasjóðs er heimilt að ákveða, að bætur til togara úr sjóðnum vegna aflabrests skuli miðast við úthaldstíma þeirra á því ári, sem bæturnar eru greiddar fyrir, svo og að setja um þetta nánari reglur með samþykki sjávarútvegsmálaráðuneytisins.

9. gr.

Kjarasamningum milli útvegsmanna og sjómanna, sem samkvæmt ákvæðum þeirra var ætlað að gilda til ársloka 1969, er heimilt að segja upp án fyrirvara eftir gildistöku þessara laga.

Ákvæði til bráðabirgða.

Hafi fiskiskip verið í leigu hinn 15. nóvember 1968, og hafi leigan verið miðuð við það, að leigutaki greiddi vexti og afborganir af stofnlánum skipsins, skal leigufjárhæðin lækka sem svarar greiðslum inn á reikning skipsins hjá Stofnfjár sjóði fiskiskipa á leigutímanum.

II. KAFLI

Um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

10. gr.

2. gr. laga nr. 4 28. febrúar 1966, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, orðist svo:

Útflutningsgjald af sjávarafurðum samkvæmt lögum þessum greiðist sem hér segir:

1. Kr. 1 360.00 á hvert útflutt tonn greiðist af freðfiskflökum, frystum hrognum, verkuðum saltfiski, verkuðum og óverkuðum saltfiskflökum, óverkuðum söluðum smáfiski, söluðum þunnildum, söltuðum hrognum, saltbitum, söltuðum og frystum gellum, skreið, hertum þorskhausum, skelfiski og niðursoðnum og niðurlögðum sjávarafurðum.

Nemi gjald samkvæmt þessum tölulíð meiru en svarar 5% af fob-verðmæti útfluttrar sjávarvöru, er heimilt að fella niður þann hluta gjaldsins, sem er umfram þetta mark.

2. 3% gjald af fob-verðmæti greiðist af heilfrystum fiski, frystum fiskúrgangi, frystum humar, frystri rækju, frystri loðnu, loðnumjöli, loðnulýsi og hertum sjávardýraolium.
3. 5% gjald af fob-verðmæti greiðist af hvalafurðum, öðrum en niðursoðnum eða niðurlögðum.
4. 6% gjald af fob-verðmæti greiðist af fiskimjöli, karfamjöli, humarmjöli, rækjumjöli, lifrarmjöli, þorskalýsi, karfalýsi, heilfrystri síld, frystum síldarflökum og öðrum þeim sjávarafurðum, sem ekki eru sérstaklega taldar í þessari grein.
5. 7% gjald af fob-verðmæti greiðist af óverkuðum saltfiski, öðrum en smáfiski, og nýjum og ísvörðum fiski.

Þó getur sjávarútvegsmálaráðuneytið ákveðið, að útflutningsgjald af nýrri og ísaðri síld skuli vera allt að því eins hátt og greitt mundi við sams konar verkun hennar hér á landi og hún fer til erlendis, sbr. 4. og 6. tl. þessarar greinar.

6. 8% gjald af fob-verðmæti greiðist af síldarmjöli, síldarsoðkjarna, síldarlýsi og saltsíld.
7. Útflutningsgjald greiðist ekki af selafurðum.

Niðurlagðar vörur, sbr. 1. tl., 1. mgr., skulu teljast vörur, sem lagðar eru niður tilbúnar til neyzlu og hafa innihald 10 kg nettó eða minna. Þó skulu vörur taldar niðurlagðar, sem lagðar eru fullverkaðar niður í stærri ílát, ef útflytjandi sannar, að hráefnisverðmæti hinnar útfluttu vöru sé minna en $\frac{1}{2}$ hluti útflutningsverðmætisins.

Þegar íslensk fiskiskip selja gjaldskyldar sjávarafurðir í erlendri höfn, nýjar eða unnar, hvort heldur er af eigin afla eða annarra skipa, skulu ofangreind gjöld af verðmæti reiknast af heildarsöluverðmæti í erlendri höfn (brúttósöluverðmæti) að frádragnum tollum og öðrum kostnaði við löndun og sölu eftir nánari reglum, sem sjávarútvegsmálaráðuneytið setur.

11. gr.

3. gr. laga nr. 4 28. febrúar 1966, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, orðist svo:

Ríkissjóður annast innheimtu útflutningsgjalds samkvæmt 2. gr., og skiptast tekjur af því sem hér segir:

1. Til greiðslu á váttryggingariðgjöldum fiskiskipa samkvæmt reglum, sem sjávarútvegsmálaráðuneytið setur	80.0%
2. Til Fiskveiðasjóðs Íslands	12.7%
3. Til Fiskimálasjóðs	3.5%
4. Til byggingar haf- og fiskirannsóknarskips	2.0%
5. Til byggingar rannsóknarstofnana sjávarútvegsins	0.8%
6. Til Landssambands ísl. útvegsmanna	0.5%
7. Til samtaka sjómanna, skv. reglum, sem sjávarútvegsmálaráðuneytið setur	0.5%

Í þeim reglum um greiðslu á váttryggingariðgjöldum fiskiskipa, er um getur í 1. tl., 1. mgr. þessarar gr., má m. a. setja það sem skilyrði fyrir greiðslu iðgjalds, að hlutaðeigandi tryggingafélag sé aðili að endurtryggingasamtökum félaganna og hlíti tilteknum reglum um ákvörðun iðgjalda, tryggingarskilmála og váttryggingarfjárhæða.

Heimilt er að undanþiggja hvalveiðiskip þessum skilyrðum og jafnframt að endurgreiða til þeirra hlut Tryggingasjóðs fiskiskipa í útflutningsgjaldinu í stað greiðslu iðgjalda.

12. gr.

Á eftir 2. mgr. 4. gr. laga nr. 4 28. febrúar 1966, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Nú sannar sendandi, áður en 6 mánuðir eru liðnir frá útgáfudegi farmskírteinis, að verð það, sem lögreglustjóri eða innheimtumaður ríkissjóðs hefur sett á útflyttar óseldar sjávarafurðir, sé hærra en hann hefur selt þær fyrir, og er þá fjármálaráðuneytinu rétt að endurgreiða tilsvarendi mismun útflutningsgjaldsins, enda liggja fyrir staðfesting viðskiptaráðuneytisins á því, að leyfi til að selja við hinu lægra verði hafi verið veitt.

13. gr.

5. gr. laga nr. 4 28. febrúar 1966, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, orðist svo:

Útflutningsgjald fellur í gjalddaga, um leið og skip er afgreitt úr höfn eða áður en lagt er af stað til útlanda, ef engrar afgreiðslu er heiðzt. Sjávarútvegsmálaráðuneytið getur þó ákveðið, að útflytjendur megi greiða gjaldið, þegar gjaldeyrisskil eru gerð, enda sé tryggt, að þau fari fram fyrir milligöngu íslensks banka, og sé töllyfirvaldi fengin ávísun á væntanlegt gjaldeyrisansvirði fyrir gjaldinu.

14. gr.

Ákvæði þessa kafla öðlast gildi þegar í stað og taka til útflutnings sjávarafurða framleiddra frá og með 15. nóvember 1968.

Ákvæði til bráðabirgða.

Sjávarafurðir framleiddar til og með 14. nóvember 1968 eru gjaldskyldar samkvæmt lögum nr. 53 2. maí 1968, og fer skipting þess eftir þeim lögum. Skulu gjöld af fob-verðmæti þeirrar framleiðslu miðuð við það gengi, er gilti til 11. nóvember 1968, enda hafi afurðirnar ekki verið undanþegnar greiðslu mismunar hins nýja gengis og hins eldra í gengishagnaðarsjóð.

Útflutningsgjald af söltuðum hrognum samkvæmt 2. gr. laganna skal ekki greitt af söltuðum eða niðurlögðum grásleppuhrognum af framleiðslu ársins 1968.

III. KAFLI

Um ráðstöfun gengishagnaðar.

15. gr.

Fé það, sem kemur vegna útfluttra sjávarafurða á reikning ríkissjóðs í Seðlabankanum, samkvæmt ákvæði 4. gr. laga nr. 74/1968, um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi islenzkrar krónu, skal lagt í sérstakan gengishagnaðarsjóð, er varið skal í þágu sjávarútvegsins, skv. 17. gr. þessara laga, og skal sjóður þessi vera í vörzlu Seðlabankans. Áður en umrætt fé er greitt í gengishagnaðarsjóð, skal samkvæmt ákvörðun sjávarútvegsmálaráðuneytisins greiða af því það, sem talið er í liðum a—g þessarar greinar:

- a) Hækkanir á flutningskostnaði og öðrum sambærilegum kostnaði við útflutning vegna þeirra afurða, sem framleiddar hafa verið fyrir 15. nóvember 1968, en fluttar út eftir gengisbreytinguna.
- b) Allt að 30 m.kr. í Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins til greiðslu verðbóta vegna framleiðslu frystra fiskafurða ársins 1968.
- c) Allt að 40 m.kr. til greiðslu uppbóta á saltfisk vegna framleiðslu ársins 1968.
- d) Allt að 3 m.kr. til framleiðenda saltsildar vegna kostnaðarauka, sem hlýzt af gengisbreytingunni, við framleiðslu síldar, sem söltuð var fyrir 15. nóvember 1968.
- e) Allt að 6 m.kr. til Síldarútvegsnefndar vegna síldarflutninga af fjarlægum miðum 1968.
- f) Allt að 20 m.kr., sem rekstrarstyrk til togara á árinu 1968.
- g) Útflutningsgjald samkvæmt lögum nr. 4 28. febrúar 1966, um útflutningsgjald af sjávarafurðum með áorðnum breytingum, að þeim hluta, sem það er lagt á verðmætishækkun vegna gengisbreytingarinnar á útflutningi, sem hefur átt sér stað frá og með 15. nóvember 1968. Þetta gildir þó ekki, þegar útflutningur hefur verið undanþeginn kvöðinni um að greiða mismun hins nýja gengis og hins eldra í gengishagnaðarsjóð, enda greiðist útflutningsgjald þá af öllu andvirði vörunnar. Sömu reglur gilda um gjald til Aflatryggingasjóðs samkvæmt 1. tölulið 9. gr. laga nr. 77 28. apríl 1962, um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, svo og gjald samkvæmt 18. gr. laga nr. 55 2. maí 1968, um eftirlit og mat á fiski og fiskafurðum, og gjald samkvæmt lögum nr. 40 7. maí 1966, um smíði síldarleitarskips og um síldargjald. Útflutningsgjöld, sem ákveðin eru í krónutölu á smálest, skulu hækkuð til samræmis við gengisbreytinguna. Um ráðstöfun útflutningsgjaldsins fer eftir 2. gr. laga nr. 53 2. maí 1968, um breytingu á fyrrgreindum lögum um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

16. gr.

Fé, sem inn kemur vegna sölu skreiðar, samkvæmt 1. málsg. 15. gr., skal lagt til hliðar á sérstakan reikning í Seðlabankanum, og skal sjávarútvegsmálaráðuneytinu heimilt að ráðstafa því til styrktar skreiðarframleiðendum með hliðsjón af söluverði skreiðarinnar og kostnaði, sem á hana hefur fallið. Verði afgangur af þessu fé, þá gangi hann til gengishagnaðarsjóðs.

17. gr.

Gengishagnaðarsjóði skal ríkisstjórnin ráðstafa í þágu sjávarútvegsins sem hér segir:

- a) Allt að 34.5% gangi til greiðslu hluta gengistaps vegna fiskiskipa og síldarflutningaskipa.

Stjórn Fiskveiðasjóðs annast framkvæmd greiðslna þessara samkvæmt reglum, sem sjávarútvegsmálaráðuneytið setur, að fenginni umsögn Landssambands íslenzkra útvegsmanna.

- b) Allt að 16.4% gangi til að auðvelda bátum, sem sildveiðar stunduðu sumarið og haustið 1968, að standa í skilum með greiðslu vaxta og afborgana af stofnlánnum frá árinu 1968 með öðrum hætti en nýjum lánnum eða frestun afborgana. Sjávarútvegsmálaráðuneytið setur reglur um greiðslur þessar í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar við verðlagningu Norður- og Austurlandssíldar sumarið 1968 og að fenginni umsögn Landssambands ísl. útvegsmanna.
- c) Allt að 13.5% gangi til þess að auðvelda síldarverksmiðjum, sem starfræktar voru til móttöku síldar af Norðausturmiðum á sumar- og haustvertíð 1968, að standa í skilum með greiðslu vaxta og afborgana af stofnlánnum, eftir nánari ákvörðun sjávarútvegsmálaráðuneytisins og að höfðu samráði við fulltrúa síldarverksmiðjanna.

Enn fremur er heimilt að greiða af þessu fé til stuðnings Síldarverksmiðjum ríkisins vegna rekstrar leiguskipa til síldarflutninga á sumarvertíð 1968, eftir ákvörðun sjávarútvegsmálaráðuneytisins.

- d) Allt að 18.2% gangi til greiðslu á váttryggingariðgjöldum fiskiskipa.
- e) Afgangur gengishagnaðarsjóðs rennur til Fiskveiðasjóðs til veitingar stofnlána til holfiskvinnslu, eftir reglum, sem sjávarútvegsmálaráðuneytið setur.

18. gr.

Ákvæði 4. gr. laga nr. 69 25. nóvember 1967, um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi íslenzkrar krónu, eru úr gildi felld, að því er tekur til afurða, sem greiddar eru frá og með 15. nóvember 1968.

Gjört í Reykjavík, 31. desember 1968.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Eggert G. Þorsteinsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 63 31. maí 1968, um tollskrá o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

- Á tollskránni í 1. gr. eru gerðar þessar breytingar:
1. Á 2. kafla:
Athugasemd c við kaflann orðist svo:
c. Dýraféiti, þó ekki vörur, sem teljast til nr. 02.05 (15. kafla).

2. Á 3. kafla:
 - a. Í stað orðsins „Athugasemdir“ í byrjun kaflans komi:
Athugasemd.
 - b. Athugasemd 1b við kaflann orðist svo:
 - b. Fiskur (þar með talin hrogn og lifur), krabbadýr og lindýr, dautt, óhæft til manneldis vegna uppruna síns eða ástands (5. kafli), eða
 - c. Athugasemd 2 við kaflann falli niður.
3. Á 4. kafla:

Athugasemd 2 við kaflann orðist svo:

 2. Mjólk og rjómi í loftþéttum dósnum telst niðursoðin mjólk og rjómi og heyrir þannig til nr. 04.02. Hins vegar telst mjólk og rjómi, sem aðeins hefur verið pasteuriserað, dauðhreinsað eða peptoniserað, ekki niðursoðið, nema vörurnar hafi verið lagðar niður í loftþéttar dósir.
4. Á 5. kafla:

Nr. 05.07 orðist svo:

05.07 Hamir og aðrir hlutar af fuglum með áföstum fjöðrum eða dún, fjaðrir og hlutar af fjöðrum (hvort heldur jaðrarnir hafa verið jafnaðir eða ekki) og dúnn, óunnið eða ekki frekar unnið en hreinsað, sótthreinsað eða frágengið til geymslu; duft, fjaðraúrgangur eða hlutar af fjöðrum.
5. Á 3. kafla:

Nr. 08.11 orðist svo:

08.11 Ávextir niðurlagðir til geymslu um stundarsakir (t. d. með brennisteins-díoxýdgasi, saltlegi, brennisteinssýrlingi eða annari niðurlagningarupp-lausn), en í þessu ástandi óhæfir til neyzlu þegar í stað.
6. Á 13. kafla:

Nr. 13.03 orðist svo:

13.03 Jurtasafar og ekstraktar úr jurtaríkinu; pektínefni, pektinöt og pektöt; agar-agar og önnur plöntuslím og hleypiefni unnin úr efnunum úr jurta- ríkinu.
7. Á 15. kafla:

Nr. 15.12 orðist svo:

15.12 Feiti og olía úr jurta- eða dýraríkinu, vetnað að nokkru eða öllu leyti, eða gerð föst eða hert með öðrum hætti, en ekki frekar unnin.
8. Á 17. kafla:

Athugasemd 1 b við kaflann orðist svo:

 - b. Kemískt hreinn sykurlaus, nema sykrósi, glúkósi og laktósi (nr. 29.43); eða
9. Á 25. kafla:
 - a. Athugasemd 2 h við kaflann orðist svo:
 - h. Rit- og teiknikrít; klæðskera- og billardkrít (nr. 98.05).
 - b. Nr. 25.13 orðist svo:

25.13 Vikursteinn (pimpsteinn); smergill; náttúrlegt kórund, náttúrlegt granat og önnur náttúrleg slípiefni, einnig hitameðfarin.
 - c. Nr. 25.17 orðist svo:

25.17 Smásteinar og mulinn og brotinn steinn (einnig hitameðfarið), mul- ingur, asfalhúðaður mulningur og önnur mól, sem venjulega er notuð í steinsteypu, til vega- eða járnbrautarlagningar o. þ. h.; tinna og fjöru- mól, einnig hitameðfarið; korn og spænir (einnig hitameðfarið) og duft þeirra steintegunda, sem teljast til nr. 25.15 eða 25.16.
 - d. Nr. 25.32 orðist svo:

25.32 Náttúrlegt strontíumkarbónat (einnig brennt), þó ekki strontíumoxyd; jarðefni, ót. a.; brotin leirvara.

10. Á 26. kafla:

Athugasemd 2 við kaflann orðist svo:

2. Orðið málmgrýti í nr. 26.01 tekur til jarðefna, sem notuð eru í málmíðnaði til vinnslu á kvikasílfri eða málmum þeim, sem teljast til nr. 28.50 eða til XIV. eða XV. flokks, einnig þótt þau séu í einstökum tilvikum ætluð til annars. Nr. 26.01 tekur hins vegar ekki til jarðefna, sem hafa sætt meðferð, sem ekki getur talizt venjuleg í málmíðnaði.

11. a. Á 27. kafla:

Athugasemd 1 a við kaflann orðist svo:

- a. Aðgreind kemískt skýrgreind lífræn efnasambönd, önnur en hreint metan, sem telst til nr. 27.11; eða
- b. Í stað orðanna „Sem jarðolía eða skifuolía“ í upphafi athugasemdar 3 við kaflann komi: Sem jarðolía og olíur fengnar úr tjörukenndum steinefnum.
- c. Í stað orðanna „tjara framleidd úr blöndu af biki . . .“ í nr. 27.06 og texta númerisins þar á eftir komi: tjara framleidd úr blöndu af biki ásamt kreósólíu eða ásamt annarri olíu framleiddri úr koltjöru með eimingu.
- d. Nr. 27.09 orðist svo:
27.09 Jarðolíur og olíur fengnar úr tjörukenndum steinefnum, óhreinsaðar.
- e. Nr. 27.10 orðist svo:
27.10 Jarðolíur og olíur fengnar úr tjörukenndum steinefnum, hreinsaðar; vörur ótaldar annars staðar, sem í er minnst 70% af jarðolíum eða olíum fengnum úr tjörukenndum steinefnum miðað við þunga, enda séu þessar olíur einkennandi fyrir vörurnar.
- f. Nr. 27.14 orðist svo:
27.14 Jarðolíubítúmen, jarðolíukoks og önnur úrgangsefni frá jarðolíum eða olíum fengnum úr tjörukenndum steinefnum.

12. Á 28. kafla:

a. Athugasemd 2 við kaflann orðist svo:

Auk dítíónita (hydrósúlfít), sem haldið er í óbreyttu ástandi með lífrænum efnunum, og súlfoxylata (nr. 28.36), karbónata og perkarbónata ólífrænna basa (nr. 28.42), einfaldra og komplexra cyanída ólífrænna basa (nr. 28.43), fúlminata, cyanata og tíócyanata ólífrænna basa (nr. 28.44), lífrænna efna, sem teljast til nr. 28.49—28.52 og karbíða málmleysingja og málma (nr. 28.56), teljast einungis eftirtalin kolefnasambönd til þessa kafla:

- a. Oxyd kolefnis, blásýra, fúlmin-, ísócyan-, tíócyan- og aðrar einfaldar eða komplexar cyanósýrur (nr. 28.13);
- b. Oxyhalógeníd kolefnis (nr. 28.14);
- c. Disúlfid kolefnis (nr. 28.15);
- d. Tíókarbónöt, selenókarbónöt, tellúrcarbónöt, selencyanöt, tellúrócyanöt, tetratíócyandíammínókrómöt og önnur komplex cyanöt lífrænna basa (nr. 28.48);
- e. Fast vatnsefnisperoxyd (nr. 28.54), kolefnisoxysúlfid, tíókarbónýlhalógenid, cyanógen — halógenid og cyanamid og málmderívatar þeirra (nr. 28.58) aðrir en kalsíumcyanamid, sem inniheldur ekki meira en 25% af köfnunar-efni miðað við þunga, og þurrat anhydrid (31. kafli).
- b. Í athugasemd 5 við kaflann komi ný málsgrein svo hljóðandi:
Nema annað leiði af orðalagi einstakra tollskrárnúmera, teljast tvöföld sölt og kompleksölt til nr. 28.48.

c. Nr. 28.05 orðist svo:

28.05 Alkali-, jarðalkali- og sjaldgæfir jarðalkalímálmur; yttrium og scandium; kvikasílfur.

- d. Nr. 28.15 orðist svo:
28.15 Súlfid málmleysingja; fosfórttrisúlfid.
- e. Í stað orðsins „upplausn“ í lok nr. 28.16 komi: vatnsupplausn.
- f. Nr. 28.27 orðist svo:
28.27 Blýoxyd; blýmenja og gul menja.
- g. Nr. 28.28 orðist svo:
28.28 Hýdrasin og hydroxylamin og ólífræn sölt þeirra, aðrir ólífrænar basar og málmoxyd, hydroxyd og peroxyd.
- h. Orðin „þar með talin“ í nr. 28.35 falli niður.
- i. Orðin „þar með talin“ og sviginn í nr. 28.42 falli niður.
- j. Nr. 28.44 orðist svo:
28.44 Fúlminöt, cyanöt og tiocyanöt.
- k. Nr. 28.45 orðist svo:
28.45 Silíköt, venjulegt natríum- og kalíumsílikat.
- l. Nr. 28.52 orðist svo:
28.52 Ólífræn eða lífræn sambönd thóríums, úraníums, sem breytt hefur verið í U 235, sjaldgæfra jarðalkalímálma, yttríums eða scandíums, einnig þótt þeim sé blandað saman.
- m. Nr. 28.53 orðist svo:
28.53 Fljótandi andrúmsloft (einnig þótt eðalgösin hafi verið fjarlægð), samþjappað andrúmsloft.
- n. Nr. 28.54 orðist svo:
28.54 Vatnsefnisperoxyd (þar með talið fast vatnsefnisperoxyd).
- o. Nr. 28.58 orðist svo:
28.58 Önnur ólífræn sambönd (þar með talið eimað vatn, vatn til mælingar á rafmagnsmótstöðu og vatn af áþekktum hreinleika); amalgöm önnur en amalgöm góðmálma.
13. Á 29. kafla:
- a. Athugasemd 1 b við kaflann orðist svo:
b. Blöndur af tveimur eða fleirum jafnhlutaefnum (isomers) hins sama lífræna sambands (einnig þótt séu blönduð óhreinindum), þó ekki blöndur af ísómerum acyklískra karbonhydrída (nema stereóísómerum), jafnt mettuð sem ómettuð (27. kafli).
- b. Athugasemd 1 c við kaflann orðist svo:
Vörutegundir, sem teljast til nr. 29.38—29.42, að báðum númerum meðtöldum, eða sykureter og sykurester og sölt þeirra, sem teljast til nr. 29.43, eða vörutegundir, sem teljast til nr. 29.44, einnig þótt þær séu ekki kemískt skýrgreindar.
- c. Athugasemd 2 c við kaflann orðist svo:
c. Metan (nr. 27.11).
- d. Athugasemd 5 b við kaflann orðist svo:
b. Esterar myndaðir úr etanóli eða glyceróli með sýrueinkennandi lífrænum samböndum, sem teljast til undirkaflanna I—VII, flokkast í sama tollskrárnúmer og viðkomandi sambönd með sýrueinkennum.
- e. Aftan við orðin „innri etera“ í 1. línu athugasemdar 7 við kaflann bætist: innri hemi-acetala, og aftan við orðin „anhydrída marggildra sýrna“ í 4. línu bætist: hringliða estera af margliðuðu alkóhóli með marggildum sýrum.
- f. Nr. 29.24 orðist svo:
29.24 Kvaterner ammóníumsölt og hydroxyd; lesítín og önnur fosfóramínólípíd.
- g. Nr. 29.35 orðist svo:
29.35 Mishringliða (heterócyklísk) sambönd; núkleínsýrur.

- h. Nr. 29.37 orðist svo:
29.37 Súltón og súltóm.
- i. Nr. 29.38 orðist svo:
29.38 Próvítamín og vítamín, náttúrleg eða tilbúin (þar með talin náttúrleg konsentröt), derivatar þeirra notaðir aðallega sem vítamín, og blöndur þessara efna, einnig í upplausn.
- j. Nr. 29.39 orðist svo:
29.39 Hormón, náttúrleg eða tilbúin, og derivatar þeirra, notaðir aðallega sem hormón.
14. Á 30. kafla:
a. Aftan við orðin „í mældum skömmtum“ í athugasemd 1 b við kaflann komi: eða mótuð.
b. Orðin „(þó ekki hlaupkenndir (collodial) góðmálmur)“ í athugasemd 1 A 2 við kaflann falli niður.
15. Á 31. kafla:
Í stað „16“ í athugasemd 1 A 1 við kaflann komi: 16.3.
16. Á 32. kafla:
Athugasemd 1 b við kaflann orðist svo:
a. b. Tannöt og aðrir tanninderívatvar þeirra efna, sem teljast til nr. 29.38—29.42, 29.44 eða 35.01—35.04.
b. Í stað orðsins „Málmduft“ í athugasemd 6 b komi: Málmur.
c. Orðið „önnur“ í 2. línu í nr. 32.09 falli niður.
17. Á 34. kafla:
a. Í stað orðanna „eða skifuolíu“ í athugasemd 3 við kaflann komi: eða tjörukenndum efnum.
b. Nr. 34.03 orðist svo:
34.03 Smurefni og efnablöndur notaðar við olíu- og fitumeðferð vefnaðar, leðurs eða annarra efna, þó ekki efnablöndur, sem innihalda 70% eða meira, miðað við þunga, af olíum unnum úr jarðolíu eða olíum unnum úr tjörukenndum efnum.
18. Á 35. kafla:
Nr. 35.05 orðist svo:
35.05 Dextrín og dextrínklístur; uppleysanleg eða brennd sterkja; sterkjuklístur.
19. Á 36. kafla:
Í stað orðanna „annað svipað eldsneyti“ í athugasemd 2 a við kaflann komi: annað svipað tilbúið eldsneyti.
20. Á 37. kafla:
Nr. 37.01 orðist svo:
37.01 Ljósnaemar plötur og blaðfilmur, ólýstar, úr hvers konar öðru efni en pappír, pappa eða vefnaði.
21. Á 39. kafla:
Athugasemd 2 c við kaflann orðist svo:
c. Rósól, fljótandi polyísóbútylen og áþekk tilbúin efni framleidd með pólýmerisation eða pólýkondensation.
22. Á 40. kafla:
a. Athugasemd 2 a við kaflann orðist svo:
a. Þrjónavoð og heklvoð eða vörur úr þeim, teygjanlegur vefnaður eða vefnaður með innsettu eða innofnu gúmmíi (annað en flutnings-, færi- eða lyftibönd eða belti, úr gúmmíkenndu þrjónuðu eða hekludu efni, sem telst til nr. 40.10); aðrar teygjanlegar spunavoðir eða vörur úr þeim.

b. Athugasemd 2 b við kaflann orðist svo:

b. Slöngur úr spunaefnum og áþekkar leiðslur úr spunaefni með gúmmíþynnu að utan- eða innanverðu (nr. 59.15).

c. Úr athugasemd 2 c við kaflann fari: nr. 40.06 og

d. Athugasemd 2 e við kaflann orðist svo:

e. Trefjadúkur, gegndreyptur eða þakinn með gúmmí, eða með gúmmí sem bindiefni, hver sem þyngdin er á hvern fermeter, og vörur úr honum.

e. Síðasta málsgreinin í athugasemd 2 orðist svo:

Plötur, þynnur og ræmur úr blásnu gúmmí, frauðgúmmí eða svampgúmmí, í tengslum við spunaefni, og vörur úr þeim, skulu þó teljast til 40. kafla, ef spunaefnið er aðeins notað til styrktar.

f. Í stað orðanna „teygja við 15° til 20° C hita“ í 5. og 6. línu athugasemdar 4 a við kaflann komi: mynda ósveigjanleg efni, sem við 15° til 20° C hita má teygja, og aftan við orðin „upphafleg lengd“ í 8. línu sömu athugasemdar bætist: sín.

g. Athugasemd 5 við kaflann orðist svo:

5. Til nr. 40.01 og 40.02 telst ekki:

a. Náttúrlegt og tilbúið gúmmílatex (þar með talið forvulkaníserað gúmmílatex) blandað vúlkaniseringsefnum eða hvetjandi efnum, fylliefnum eða styrktarefnum, mýkingarefnum, litarefni (þó ekki litarefni, sem aðeins er bætt við til auðkenningar) eða öðrum efnum; þó telst latex, sem aðeins hefur verið stöðugt eða innsoðið, og latex, sem er viðkvæmt fyrir hita, og elektrópositívt latex, til nr. 40.01 eða 40.02, hvort sem við á.

b. Gúmmí, sem hefur verið blandað sóti (einnig með viðbót af jarðolíu) eða kísilsýru (einnig með viðbót af jarðolíu) á undan útfellingu eða hvers konar efni eftir útfellingu.

c. Blöndur þeirra efna, sem tilgreind eru í athugasemd 1 við þennan kafla, einnig með viðbót annarra efna.

h. Athugasemd 8 við kaflann orðist svo:

8. Í nr. 40.06 telst forvulkaníseruð gúmmíkvoða (latex) vera óvulkaníseruð gúmmíkvoða (latex).

Í nr. 40.07—40.14 skal balata, gúttaperka og áþekkt náttúrleg teygjanleg efni, og faktis unnið úr olíu, og slík efni endurunnin úr þessum vörutegundum, teljast vúlkaníserað gúmmí, einnig þótt þær hafi ekki verið vúlkaníseraðar.

i. Nr. 40.01 orðist svo:

40.01 Náttúrlegt gúmmílatex, einnig blandað tilbúnu gúmmílatexi; forvulkaníserað náttúrlegt gúmmílatex; náttúrlegt gúmmí, balata, gúttaperka og áþekkt náttúrleg teygjanleg efni.

j. Nr. 40.02 orðist svo:

40.02 Tilbúið gervilætex; forvulkaníserað gervilætex; gervigúmmí; faktis unnið úr olíum.

k. Nr. 40.04 orðist svo:

40.04 Úrgangur og afklippur af toggúmmí; slitnar vörur úr toggúmmí, sem aðeins eru hæfar til endurvinnslu á gúmmí; duft unnið úr úrgangi eða slitnum vörum úr toggúmmí.

l. Nr. 40.05 orðist svo:

40.05 Plötur, þynnur og hönd úr óvulkaníseruðu náttúrlegu gúmmí eða gervigúmmí, þó ekki reyktar þynnur eða krepþynnur, sem teljast til nr. 40.01 eða 40.02; korn úr óvulkaníseruðu náttúrlegu gúmmí eða

gervigúmmii tilbúið til vúlkaniseringar; óvúlkaniserað náttúrulegt gúmmi eða gervigúmmi, sem fyrir eða eftir útfellingu hefur annað hvort verið blandað sóti (með eða án viðbótar af jarðolíu) eða kísilsýru (með eða án viðbótar af jarðolíu) í þess konar lögum, sem þekkt er undir heitinu „masterbatch“.

- m. Nr. 40.06 orðist svo:
- 40.06 Óvúlkaniserað náttúrulegt gúmmi eða gervigúmmi, þar með talin gúmmi-kvoða (latex) annars konar lögunar eða í öðru ástandi (t. d. stengur, pípur og snið — prófilar —, upplausnir og jafnblöndur); vörur úr óvúlkaniseruðu náttúrulegu gúmmi eða gervigúmmi (t. d. húðað eða gegndreypt spunaefni; hringir og skifur).
23. Á fyrirsögn VIII. flokks:
Í stað „handtöskur o. þ. h.“ í fyrirsögninni komi: handtöskur og áþekk ílát.
24. Á 41. kafla:
- a. Athugasemd 1 c við kaflann orðist svo:
- c. Húðir eða skinn með hárum, óunnin, sítuð eða unnin (43. kafli).
Til nr. 41.01 teljast þó óunnar húðir eða skinn, með hárum, af nautpeningi (þar með taldir vísundar), af hestum og öðrum dýrum af hestaættinni, sauðfé og lömbum (þó ekki persían, astrakan, karakúl og áþekk lambskinn, og skinn af indverskum, kínverskum, mongólskum og tibetskum geitum og kiðlingum), svinum (þar með moskussvín), hreindýrum, gemsum, gazellum, rákýrum, elgum, krónhjörtum og af hundum.
- b. Nr. 41.08 orðist svo:
41.08 Lakkleður og gervilakkleður; málmþakið leður.
25. Á 42. kafla:
- a. Í stað „handtöskur o. þ. h.“ í fyrirsögn 42. kafla komi: handtöskur og áþekk ílát.
- b. Nr. 42.02 orðist svo:
42.02 Ferðabúnaður (t. d. ferðaskrínur, fataskrínur, hattöskjur, ferðatöskur, bakpokar), innkaupatöskur, handtöskur, skólatöskur, skjalatöskur, veski, pyngjur, snyrtiskrín, verkfæraskrín, tóbakspungar, slíður, skrín, öskjur (fyrir vopn, hljóðfæri, sjónauka, skartgrip, flöskur, hálsbúnað, skófatnað, bursta) og áþekk ílát, úr leðri, leðurlíki, vúlkanfiber, plastplötum, plastþynnum, pappa eða vefjarefnum.
- c. Aftan við orðin „Vörur úr þörmum“ í nr. 42.06 komi innan sviga: (þó ekki silkiormaspuna).
26. Á 43. kafla:
Aftan við orðin „loðskinnshlutar og afklippur“ í nr. 43.02 komi: sítuð eða unnið.
27. Á 44. kafla:
- a. Nr. 44.14 orðist svo:
44.14 Viður sagaður, skorinn eða flagaður eftir endilöngu, en ekki frekar unninn og ekki yfir 5 mm að þykkt; spónaþynnur og þynnur í krossvið, ekki yfir 5 mm að þykkt.
- b. Nr. 44.15 orðist svo:
44.15 Krossviður og aðrar áþekkar límdar trjávörur (þar með talinn spónlagður trjáviður og aðrar límdar plötur); innlagður viður (með áteiknuðu eða máluðu mynstri).
28. Á 48. kafla:
Nr. 48.08 orðist svo:
48.08 Síublokkir, þynnur og plötur úr pappírsmassa.

29. Á athugasemdum við XI. flokk:
- a. Upphafið á athugasemd 2 A við flokkinn orðist svo:
 2. A. Vörur, sem geta talizt til einhvers númers í 50.—57. kafla og eru úr tveimur eða fleiri trefjarefnum, flokkast samkvæmt eftirgreindum reglum:
 - b. Athugasemd 3 A c 1 við flokkinn orðist svo:
 1. Pólerað eða fágað, þegar lengdin á kílógramm, margfölduð með tölu þráðanna, er minni en 7.000 metrar.
 - c. Upphafið á athugasemd 6 b við flokkinn orðist svo:
 - b. Vörur fullofnar og saumaðar og tilbúnar til notkunar.
30. Á 58. kafla:
Fyrri málsliður athugasemdar 2 við kaflann orðist svo:
Nr. 58.01 og nr. 58.02 taka auk gólfteppa (þar með taldir gólfreglar og mottur) einnig til annarra áþekkra vara, enda þótt þær séu ætlaðar til annarrar notkunar.
31. Á 59. kafla:
- a. Athugasemd 3 við kaflann orðist svo:
 3. Með spunavörum gegndreyptum, húðuðum eða límdum saman með gúmmíi í nr. 59.11 er átt við:
 - a. Spunavörur gegndreyptar, húðaðar eða límdar saman með gúmmíi:
 1. að þunga ekki yfir $1\frac{1}{2}$ kg/m², eða
 2. að þunga yfir $1\frac{1}{2}$ kg/m², þegar magn spunatrefjanna er yfir 50% af þunga vörunnar.
 - b. Efni úr samhliðalögðu garni límdu saman með gúmmíi, hver sem þungi þess er á fermeter, og
 - c. Plötur, þynnur og ræmur úr blásnu gúmmíi, frauðgúmmíi eða svampgúmmíi í sambandi við spunavöru, þó ekki þær vörur, sem teljast til 40. kafla, sbr. síðustu málsgrein athugasemdar 2 við 40. kafla.
 - b. Nr. 59.03 orðist svo:
59.03 Trefjadúk, önnur sams konar trefjaefni, og vörur úr slíkum efnum, einnig gegndreypt eða húðuð.
 - c. Í stað orðanna „og annar vefnaður til hattagerðar eða svipaðra nota“ í lok nr. 59.07 komi: og aðrar áþekkar vörur til hattagerðar eða svipaðra nota.

32. Á 64. kafla:
Í stað orðanna „(nema úr flóka)“ í athugasemd 1 a við kaflann komi: (nema úr flóka eða trefjadúk).

33. Á 69. kafla:
Eftirgreindur nýr liður, b-liður, skal koma í athugasemd 2 við 69. kafla og skulu núverandi bókstafstákn á hinum liðunum breytast úr b—g í c—j:

 - b. „Cermets“, sem telst til 81.04.

34. Á 73. kafla:

 - a. Í stað orðanna „þykkt mest 125 mm“ í fyrri málslið athugasemdar 1 n við kaflann komi: af hvaða þykkt sem er.
 - b. Í athugasemd 1 p við kaflann komi ný málsgrein svo hljóðandi:
Skýrgreiningin tekur einnig til steypustyrktarjárns, sem — að slepptum minniháttar raufum, brúnum og annarri missmíði framkominni við völsunina — svarar til ofangreindrar skýrgreiningar.
 - c. Nr. 73.16 orðist svo:
73.16 Eftirgreindar vörur til lagningar á járnbrautum og sporvagnabrautum: Teinabrautir, öryggisteinar, skiptiteinar, tengispor, skiptistykki, trjónustengur, tannhjólategar, brautarbitar, tengispangir, teinafestingar, festingafleygar, undirstöðuplötur, teinagrip, teinastengur, festiplötur og annað efni sérstaklega ætlað til lagningar járnbrauta og smíði þeirra.

- d. Nr. 73.37 orðist svo:
- 73.37 Katlar (þó ekki gufukatlar, sem teljast til nr. 84.01) og miðstöðvarofnar, ekki rafmagnshitaðir, og hlutar til þeirra, úr járni eða stáli; loft-hitarar og lofthitadreifrarar (þar með slíkir, sem geta dreift köldu eða fersku lofti), ekki rafmagnshitaðir, með innbyggðri hreyfilknúinni víftu eða blásara, og hlutar til þeirra, úr járni eða stáli:
- | | | |
|----|---|-----|
| 01 | Miðstöðvarkatlar og hlutar til þeirra | 35% |
| 02 | Miðstöðvarofnar og hlutar til þeirra, þar með talin ofnrif | 35% |
| 03 | Hálfunnir miðstöðvarofnar og hálfunnin ofnrif, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins | 15% |
| 09 | Annað | 35% |
35. Á 74. kafla:
Í stað orðanna „(þó ekki einangraðir rafmagnsstrengir)“ í lok nr. 74.10 komi: (þó ekki einangraðar raftaugar og rafstrengir).
36. Á 76. kafla:
a. Í stað „0.15“ í athugasemd 1 c við kaflann komi: 0.20.
b. Í stað „0.15 mm“ í nr. 76.04 komi: 0.20 mm.
c. Í stað orðanna „þó ekki einangraðir rafmagnsstrengir“ í nr. 76.12 komi: þó ekki einangraðar raftaugar og rafstrengir.
37. Á 81. kafla:
a. Á eftir orðinu „úraníum“ í fyrri málslið athugasemdarinnar við kaflann komi: breytt í U 235.
b. Á eftir síðari málslið athugasemdarinnar við kaflann komi: og „cermets“.
c. Á eftir „cermets“ í nr. 81.04 komi: óunnið og unnið, og vörur úr því.
38. Á 82. kafla:
Athugasemd 1 b orðist svo:
b. Málmkarbíd.
39. Á athugasemdum við XVI. flokk:
a. Athugasemd 1 a við flokkinn orðist svo:
a. Vélareimar, færir- eða lyftubönd eða reimar úr plasti, sem telst til 39. kafla, eða úr vúlkaniseruðu gúmmí (nr. 40.10); eða aðrar vörur úr toggúmmí til tækninota, t. d. undirlagsskífur (nr. 40.14).
b. Athugasemd 1 g við flokkinn orðist svo:
g. Hlutar til almennra nota, eins og þeir eru skýrgreindir í athugasemd 2 við XV. flokk, úr ódýrum málmum (XV. flokkur), eða áþekkar vörur úr plasti (sem yfirleitt teljast til nr. 39.07).
c. Athugasemd 1 n við flokkinn orðist svo:
n. Skiptiverkfæri, er teljast til nr. 82.05, og burstar, sem eru hlutar af vélum og teljast til nr. 96.02. Áþekk skiptiverkfæri flokkast eftir efninu í þeim hluta tækisins, sem afköst þess velta á (t. d. í 40., 42., 43., 45. eða 59. kafla, eða nr. 68.04 eða 69.09); eða
40. Á 84. kafla:
a. Í stað orðanna „ávallt til einhvers af fyrrnefndum númerum, en eigi til hinna síðar nefndu“ í athugasemd 2 við kaflann komi: eftir því, sem við á, til einhvers af nr. 84.01—84.21.
b. Nr. 84.07 orðist svo:
84.07 Vatnsaflsvélar og hreyflar (þar með talin vatnshjól og vatnshverflar).
c. Aftan við orðið „graftrar“ í nr. 84.23 komi: uppfyllingar.
41. Á 85. kafla:
a. Aftan við orðin „og/eða útvarpstæki“ í nr. 85.15.11 komi: og/eða segulbandstæki.

- b. Aftan við orðin „einnig með innbyggðum grammófón“ í nr. 85.15.21 komi: og/eða segulbandstæki.
- c. Orðin „sjálfvirkir spennustillar, byggðir á viðnámi, spani eða hreyfilknúnir með tifandi snertum“ í nr. 85.19 falli niður.
- d. Í stað orðanna „kristaltvískautar, kristalþrískautar og aðrir kristallokar“ í nr. 85.21 komi: innbyggðir kristallokar (transitorar) og áþekkir innbyggðir hlutar af hálfleiðurum.
42. Á athugasemdum við XVII. flokk:
Athugasemd 2 b við flokkinn orðist svo:
b. Hlutar til almennra nota, eins og þeir eru skýrgreindir í athugasemd 2 við XV. flokk, úr ódýrum málmum (XV. flokkur), eða áþekkar vörur úr plasti (sem yfirleitt teljast til nr. 39.07).
43. Á 86. kafla:
Nr. 86.02 orðist svo:
86.02 Rafknúnir dráttarvagnar fyrir járnbrautarlestir, knúnir af rafhlöðu eða utanaðkomandi raforku.
44. Á 87. kafla:
Á eftir orðinu „snjóplógar“ í nr. 87.03 komi: götuhreinsibifreiðar.
45. Fyrirsögnin á XVIII. flokki orðist svo:
Optísk-, ljósmynda-, kvikmynda-, mæli-, prófunar-, nákvæmni-, skurðlækna- og lækninga-tæki og áhöld: Úr og klukkur; hljóðfæri; hljóðupptöku- og hljóðflutningstæki; segulmögnuð mynda- og hljóðupptökutæki og mynda- og hljóðflutningstæki fyrir sjónvarp; hlutar til þeirra.
46. Á 90. kafla:
a. Á eftir „til nr. 70.07“ í athugasemd 1 d við kaflann bætist: nr. 70.11.
b. Athugasemd 1 e við kaflann orðist svo:
e. Hlutar til almennra nota, eins og þeir eru skýrgreindir í athugasemd 2 við XV. flokk, úr ódýrum málmum (XV. flokkur), eða áþekkar vörur úr plasti (sem yfirleitt teljast til nr. 39.07).
c. Aftan við athugasemd 6 e við kaflann komi nýr undirliður d.
d. Sjálfvirkir stillar fyrir rafmagnsstærðir, og tæki eða áhöld til sjálfvirkrar stjórnnunar á stærðum, sem ekki eru rafmagnsstærðir, og byggist rekstur þeirra á rafmagnsfyrirbæri, sem er breytilegt eftir því hvað það er, sem þau eiga að stjórna.
47. Á 91. kafla:
Athugasemd 3 við kaflann orðist svo:
3. Til þessa kafla teljast ekki hlutar til almennra nota, eins og þeir eru skýrgreindir í athugasemd 2 við XV. flokk, úr ódýrum málmum (XV. flokkur), eða áþekkar vörur úr plasti (sem yfirleitt teljast til nr. 39.07). Kaflinn tekur ekki heldur til lóða, úra- eða klukkuglerja, úrfesta eða úrarmbanda, hluta til rafbúnaðar, kúlulega eða kúlna í þær. Fjaðrir í klukkur og úr flokkast sem hlutar til úra og klukkna (nr. 91.11).
48. Á 92. kafla:
a. Fyrirsögn kaflans orðist svo:
Hljóðfæri, hljóðupptöku- og hljóðflutningstæki; segulmögnuð mynda- og hljóðupptökutæki og mynda- og hljóðflutningstæki fyrir sjónvarp; hlutar og fylgi-tæki til þessara tækja.
b. Athugasemd 1 b við kaflann orðist svo:
b. Hlutar til almennra nota, eins og þeir eru skýrgreindir í athugasemd 2 við XV. flokk, úr ódýrum málmum (XV. flokkur), eða áþekkar vörur úr plasti (sem yfirleitt teljast til nr. 39.07).

- c. Nr. 92.11 orðist svo:
- 92.11 Grammófónar, hljóðritarar og önnur hljóðupptöku- og hljóðflutnings-tæki, þar með taldir plötu- og segulbandsspilarar, með eða án hljóðhöfuðs; tæki fyrir segulupptöku og segulendurskil á hljóði og myndum fyrir sjónvarpsstarfsemi:
- | | |
|--|-----|
| 01 Grammófónar og plötuspilarar | 75% |
| 02 Tæki fyrir segulupptöku og segulendurskil á hljóði og myndum fyrir sjónvarpsstarfsemi | 35% |
| 09 Annað | 75% |
- d. Nr. 92.12 orðist svo:
- 92.12 Grammófónplötur og aðrar hljóðupptökur; mót til framleiðslu á grammófónplötum; óskornar grammófónplötur tilbúnar til hljóðupptöku, filmur til vélrennar hljóðupptöku, virþráður, ræmur og annað þess háttar af því tagi, sem almennt er notað til hljóðupptöku eða áþekkrar upptöku.
- e. Nr. 92.13 orðist svo:
- 92.13 Aðrir hlutar og fylgiáhöld til tækja, sem teljast til nr. 92.11.
49. Á 93. kafla:
- Athugasemd 1 b við kaflann orðist svo:
- b. Hlutar til almennra nota, eins og þeir eru skýrgreindir í athugasemd 2 við XV. flokk, úr ódýrum málmum (XV. flokkur), eða áþekkar vörur úr plasti (sem yfirleitt teljast til nr. 39.07).
50. Á 94. kafla:
- a. Athugasemd 1 e við kaflann orðist svo:
- e. Hlutar til almennra nota eins og þeir eru skýrgreindir í athugasemd 2 við XV. flokk, úr ódýrum málmum (XV. flokkur), eða áþekkar vörur úr plasti (sem yfirleitt teljast til nr. 39.07); enn fremur peningaskápar, er teljast til nr. 83.03.
- b. Nr. 94.04 orðist svo:
- 94.04 Rúmbotnar; rúmfatnaður eða áþekkur húsbúnaður, með fjöðrum eða bólstraður eða hið innra úr hvers konar efni, eða úr útpöndu frauð- eða svampgúmmíi, eða úr útpöndu frauð- eða svampplasti, einnig með yfirklæði (t. d. dýnur, stungnar ábreiður, sængur, æðardúnssængur, sessur, púðar og koddar).
51. Á 97. kafla:
- Athugasemd 1 k við kaflann orðist svo:
- k. Hlutar til almennra nota, eins og þeir eru skýrgreindir í athugasemd 2 við XV. flokk, úr ódýrum málmum (XV. flokkur), eða áþekkar vörur úr plasti (sem yfirleitt teljast til nr. 39.07).
52. Á 98 kafla:
- a. Athugasemd 1 c við kaflann orðist svo:
- c. Hlutar til almennra nota, eins og þeir eru skýrgreindir í athugasemd 2 við XV. flokk úr ódýrum málmum (XV. kafla), eða áþekkar vörur úr plasti (sem yfirleitt teljast til nr. 39.07).
- b. Nr. 98.07 orðist svo:
- 98.07 Dagsetningar-, innsigli- og tölusetningarstimplar (þar með talin tæki til prentunar eða áletrunar á vörumiða), ætlað til notkunar í höndunum; letur og leturhaldarar til handstimplunar.
- c. Í stað orðanna „og fatahluta“ í nr. 98.13 komi: eða fatahluta.

2. gr.

Á 3. gr. eru gerðar þessar breytingar:

1. Aftan við orðin „til númera í 13.“ í 33. lið 3. gr. komi: 17.,
2. Aftan við 33. lið 3. gr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Þá skal ráðuneytinu heimilt að ákveða, að tollar af eftirtöldum vörum, sem breytast við gildistöku laga þessara, skuli vera þeir sömu og áður: Fast vatns-efnisdíoxýd, plötur, þynnur og ræmur úr blásnu gúmmíi, frauðgúmmíi eða svampgúmmíi, í tengslum við spunaefni, skófatnaður úr trefjadúk, án viðfests sóla, og alúminíumplötur af þykkinni 0.15 mm að 0.20 mm.

3. gr.

Í A-lið, um tollverð og verðtollun, í II. kápítula laganna breytast greinar þannig:

1. 5. gr. orðist svo:

Tollverð (tollreikningsverð) verðtollsskyldrar vöru er **eðlisverð** (normalverð) hennar, og er með því átt við það verð, sem myndi fást fyrir vöruna á frjálsum markaði í viðskiptum kaupanda og seljanda, sem eru hvorir öðrum óháðir, á þeim tíma, sem varan er tekin til tollmeðferðar.

Við ákvörðun eðlisverðs skal við það miðað,

- a. að varan sé afhent kaupanda á innflutningsstað í innflutningslandinu,
- b. að seljandi beri allan kostnað, gjöld og önnur útgjöld við sölu og flutning vörunnar til innflutningsstaðar og afhendingu hennar þar, en
- c. kaupandi greiði alla tolla og önnur gjöld, sem falla á vöruna í innflutningslandinu.

Innflutningsstaður vöru telst sá staður, þar sem hún er affermd úr farartæki, sem flutti hana til landsins.

2. 6. gr. orðist svo:

Kostnaður sá, gjöld og önnur útgjöld, sem greind eru í b-lið 2. málsg. þessarar greinar, skulu innifalin í eðlisverði, og telst þar til m. a.:

1. Flutningsgjald og annar flutningskostnaður.
2. Vátrygging.
3. Umsýslubókun.
4. Miðlaraþókun.
5. Kostnaður, gjöld og önnur útgjöld við að gefa út utan innflutningslandsins skjöl, sem nauðsynleg eru við flutning vöru þangað, þar með talin gjöld til ræðismanna.
6. Tollar og önnur gjöld, sem falla á vöru utan innflutningslandsins, að frá-dregnum endurgreiðsluþphæðum.
7. Umbúðakostnaður, vinnulaun og annar kostnaður við umbúðir.
8. Fermingarkostnaður.

Ef vara er send lengra en til fyrstu tollhafnar, er hægt hefði verið að afferma hana á, má draga frá flutningsgjaldsauka þann og sendingarkostnað, sem sá framhaldsflutningur hefur valdið, ef gerð er fullnægjandi grein fyrir þeim kostnaðarauka. Þá skal og heimilt með sama skilyrði að draga frá þann hluta flutningsgjalds, sem greiddur er vegna slæmrar aðstöðu við affermingu, eða vegna þess, að farartæki affermir á fleiri stöðum en einum, ef gerð er fullnægjandi grein fyrir þeim kostnaðarauka.

Sé vara vernduð með einkaleyfi eða mynsturvernduð, eða hún er flutt hingað með erlendu vörumerki eða í því skyni að seljast hér með slíku vörumerki, skal eðlisverði taka til verðmætis réttarins til að nota einkaleyfið, mynstrið eða vörumerkið.

3. 7. gr. orðist svo:

Við sölu á frjálsum markaði milli kaupanda og seljanda, sem eru óháðir hvorir öðrum, skal við það miðað,

- a. að verðið sé eina endurgjaldið fyrir vöruna,
- b. að það hafi ekki áhrif á verðið, að sérstakt samband, fjárhagslegt, viðskiptalegt eða einhvers annars eðlis, hvort heldur er samkvæmt samningi eða á einhvern annan hátt, sé á milli seljanda eða einhvers aðila í viðskiptalegum tengslum við hann, annars vegar, og kaupanda eða einhvers aðila í viðskiptalegum tengslum við hann, hins vegar, og
- c. að enginn hluti þess arðs, sem hefur orðið til við síðari endursölu, notkun eða ráðstöfun vörunnar, falli í hlut seljanda, beint eða óbeint, eða til nokkurs annars aðila, sem stendur í viðskiptalegu sambandi við hann.

Um viðskiptalegt samband tveggja aðila er að ræða, beint eða óbeint, ef

- a. annar þeirra hefur einhverra hagsmuna að gæta í sambandi við viðskiptarekstur eða eignir hins, eða
- b. báðir hafa sameiginlegra hagsmuna að gæta í sambandi við einhvern annan viðskiptarekstur eða eignir, eða
- c. einhver þriðji aðili hefur hagsmuna að gæta í sambandi við viðskiptarekstur eða eignir þeirra beggja.

Þegar um kaup á vöru er að ræða, skal yfirleitt leggja hið umsamda kaupverð til grundvallar, þó með þeim leiðréttingum, sem kunna að vera nauðsynlegar til þess að færa vöruna til réttis eðlis- og tollverðs samkvæmt lögum þessum.

Við leiðréttingu á verði má, þegar sérstaklega stendur á, t. d. þegar vara er flutt inn af dótturfyrirtæki eða útibúi, hafa hliðsjón af því verði, sem innflytjandi fær fyrir hana í endursölu.

Því aðeins skal leiðréttá tollverð vegna verðbreytinga á vörum, sem keyptar eru til landsins, að lengri tími en 6 mánuðir liði frá því, að kaup eru gerð og þar til vörurnar eru teknar til tollmeðferðar.

4. 8. gr. orðist svo:

Fjármálaráðuneytinu er heimilt að setja nánari ákvæði um ákvörðun eðlis- og tollverðs, m. a. að ákveða hvers konar afsláttur skuli undanþeginn tolli, hvað sé eðlilegt flutningsgjald í eðlis- og tollverði og aðrir eðlilegir kostnaðarliðir í þeim verðum.

4. gr.

Á 16. gr. er gerð þessi breyting:

Síðari málsliður 12. liðs orðist svo:

Þá skal vera í aðflutningsskýrslu eftirgreind yfirlýsing viðtakanda, eða sams konar yfirlýsing vera skráð af honum á framlagðan vörureikning, þar sem hann lýsir því yfir, að viðlagðri ábyrgð að lögum, sbr. 38. gr. þessara laga,

að framlagður vörureikningur og önnur framlögð skjöl séu rétt, að hið tilgreinda tollverð í skýrslunni sé í samræmi við ákvæði 5.—7. gr. þessara laga,

að öll sölu- og viðtökuskilyrði séu tilgreind í vörureikningnum og/eða skýrslunni,

að frá tollverðinu í skýrslunni hafi ekki verið og sé ekki dreginn afsláttur eða önnur verðlækkun, sem ekki komi greinilega fram í vörureikningnum og/eða skýrslunni,

að hann viti ekki til þess, að hið tilgreinda söluverð á vörureikningnum sé undir markaðsverði erlendis á þeim stað og tíma, sem kaup voru gerð.

Í stað þess eða jafnframt því að tollflokkun vara, untrekningsverð erlendra myntar, tollverð og aðflutningsgjöld séu tilgreind í framlagðri aðflutningsskýrslu,

má setja fyriræli um það, að þessi atriði skuli vera skráð á framlagðan vöru-reikning.

5. gr.

Á 19. gr. eru gerðar þessar breytingar:

1. Aftan við 2. tölulið 2. málsg. 19. gr. bætist:
Enn fremur hvaða dag sending er afhent til flutnings áleiðis til Íslands og með hvaða farartæki.
2. 12. liður 19. gr. orðist svo:
12. Yfirlýsing seljanda um það,
að aðeins einn vöru-reikningur sé gefinn út yfir allar þær vörur, sem séu í sendingu með tilgreindu farartæki,
að vörurnar séu tilgreindar með því verði, sem þær séu seldar fyrir, og að hann viti ekki til þess, að hið tilgreinda verð sé lægra en markaðsverðið á sams konar vörum eða vörum af svipuðu tagi til útflutnings á þeim stað og tíma, sem kaup voru gerð. Sé markaðsverðið lægra, skal einnig tilgreina það á reikningnum.
3. Síðari málsliður 4. málsg. 19. gr. orðist svo:
Sem verðmæti skal tilgreina markaðsverðið á sams konar vörum eða vörum af svipuðu tagi til útflutnings á þeim stað og tíma, sem sendingin er send til Íslands, og hafi vara ekki verið til sölu eða að öðru leyti á markaði, skal tilgreina framleiðsluverð hennar eða áætlað notagildi, ásamt áætlaðri hæfilegri álagningu.

6. gr.

Á 25. gr. er gerð þessi breyting:

Í stað orðanna „undir almennu tollverði“ í fyrri málsg. 25. gr. komi: undir eðlilegu verði.

7. gr.

Á 34. gr. er gerð þessi breyting:

Á eftir 1. málsg. 34. gr. og framhaldi af þeirri málsgrein komi nýr málsliður, svo hljóðandi:

Enn fremur skal fjármálaráðherra eiga fullnaðarúrskurð um það, hvað teljast skuli eðlis- og tollverð vöru, markaðsverð hennar, eðlilegt flutningsgjald eða annar eðlilegur kostnaður, sem fellur á vöru.

8. gr.

Á 38. gr. er gerð þessi breyting:

Í stað orðanna „Hver sem lætur tollyfirvaldi í té aðflutningsskýrslu, sbr. 15. gr.“ í upphafi 38. gr. komi: Hver, sem lætur tollyfirvaldi eða tollstofnun í té aðflutningsskýrslu eða vöru-reikning með áritaðri yfirlýsingu og öðrum upplýsingum, sbr. 15. og 16. gr.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Þá er lög þessi hafa öðlazzt gildi, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 63, 31. maí 1968, um tollskrá o. fl., svo og önnur þau lög um breyting á þeim lögum og þessum, sem í gildi kunna að vera 1. janúar 1969, og gefa svo út tollskrárlögin í heild þannig samfelld.

Gjört í Reykjavík, 31. desember 1968.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Magnús Jónsson.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysisstryggingar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Félagsmálaráðherra hefur tjáð mér, að í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, sem út var gefin 16. marz 1968 í sambandi við nýja kjarasamninga, hafi ríkisstjórnin heitið því að beita sér fyrir hækkunum á bótagreiðslum vegna atvinnuleysis og öðrum lagfæringum á bótarétti. Athugun aðilja á málinu lauk hins vegar ekki það tímanlega að hægt væri að leggja frumvarp fram á Alþingi og afgreiða það áður en jólaleyfi alþingismanna hófst, verður því að telja brýna nauðsyn bera til að setja nú þegar lög um hækkun atvinnuleysisbóta og lagfæringu á ákvæðum um bótarétt.

Með skírskotun til framanritas eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt heimild í 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Upphaf 15. gr. laganna orðist svo:

Rétt til bóta samkvæmt lögum þessum hafa þeir menn 16 ára og eldri, sem: Síðari málsgr. 15. gr. falli niður.

2. gr.

b-liður 16. gr. orðist svo:

Njóta slysa- eða sjúkradagpeninga samkvæmt lögum um almannatryggingar.

3. gr.

f-liður 16. gr. falli niður.

4. gr.

Í stað „120 daga virka ár hvert“ í niðurlagi 17. gr. komi: 156 daga virka ár hvert.

5. gr.

18. gr. laganna orðist svo:

Atvinnuleysisbætur skulu vera kr. 266.00 á dag fyrir kvæntan mann eða gifta konu, sem er aðalfyrirvinna heimilis, kr. 230.00 fyrir aðra og kr. 25.00 fyrir hvert barn á framfæri yngra en 16 ára, þar með talin börn utan heimilis, sem bótaþegi sannanlega greiðir með samkvæmt meðlagsúrskurði eða skilnaðarleyfisbréfi. Hámark bóta að meðtöldum bótum vegna barna, má nema kr. 355.00 á dag.

Framangreindar bótafjárhæðir eru grunnupphæðir, sem skulu taka sömu breytingum og grunnkaup samkvæmt 2. taxa Verkamannafélagsins Dagsbrúnar í Reykjavík og á þær greiðast sömu verðlagsuppbætur.

Atvinnuleysisbætur til þeirra, sem njóta örorkubóta samkvæmt lögum um almannatryggingar, greiðast aðeins að því marki, sem þær eru hærri en örorkubæturnar.

Eigi má gera fjárnám eða lögtak í bótafé samkvæmt lögum þessum né halda því til greiðslu opinberra gjalda.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1969.

Gjört í Reykjavík, 31. desember 1968.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Eggert G. Þorsteinsson.

L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta fyrir Íslands hönd breytingar á og viðauka við stofnskrá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að staðfesta fyrir Íslands hönd breytingar á og viðauka við stofnskrá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, sem samþykktar voru af stjórn sjóðsins í maímánuði 1968.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að eiga hlutdeild að hinum sérstaka yfirdráttar-reikningi (og yfirdráttarréttindum) hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, sem um ræðir í breytingum þeim og viðaukum við stofnskrá sjóðsins, er í 1. gr. getur. Skal Seðla-bankinn vera fjárhagslegur aðili að reikningnum fyrir ríkisins hönd.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 31. desember 1968.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Gylfi Þ. Gíslason.

L Ö G

um ráðstafanir vegna landbúnaðarins í sambandi við breyting
á gengi íslenzkrar krónu.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Fé því, sem kemur vegna útfluttra landbúnaðarafurða á reikning þann, sem um getur í 4. gr. laga nr. 74 1968, skal ráðstafa í þágu landbúnaðarins samkvæmt ákvörðun landbúnaðarráðuneytisins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 4. desember 1968.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 82 29. desember 1967, um Bjargráðasjóð Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðanna „10 krónur“ í a-lið 4. gr. komi: 25 krónur, og í stað orðanna „10 krónum“ í b-lið sömu greinar komi: 25 krónum.

2. gr.

Á eftir seinni málsgrein 15. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:
Nú hrekkur fé einstakra deilda samkvæmt 2. gr. eigi til að veita þá aðstoð, sem nauðsyn krefur samkvæmt lögnum, og er þá sjóðsstjórninni heimilt að lána fé frá einni deild til annarrar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 31. desember 1968.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Eggert G. Þorsteinsson.

L Ö G

um eiturefni og hættuleg efni.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

UPPHAFSÁKVÆÐI

Eiturefni og hættuleg efni.

1. gr.

Eiturefni (sterkt eitur; eitur) eru samkvæmt lögum þessum efni þau, sem skráð eru á listum I og II í viðauka I við lögin, svo og sérhver efnasamsetning og varningur, er hefur að geyma slík efni í því formi og magni, að venjuleg notkun þeirra felur í sér hættu á eitrunum í mönnum og dýrum samkvæmt mati landlæknis að fenginni umsögn eiturefnaneftndar (sbr. 2. gr.).

Hættuleg efni eru samkvæmt lögum þessum efni þau, sem skráð eru á listum III, IV A, IV B og V í viðauka II við lögin, svo og sérhver efnasamsetning og varningur, er hefur að geyma slík efni í því formi og magni, að venjuleg notkun þeirra felur í sér hættu fyrir heilsu manna og dýra samkvæmt mati landlæknis að fenginni umsögn eiturefnaneftndar (sbr. 2. gr.).

Eiturefnaneftnd.

2. gr.

Ráðherra skipar 4 menn í **eiturefnaneftnd** til 6 ára í senn samkvæmt tillögum landlæknis. Einn nefndarmanna skal vera eiturefnafræðingur (toxikolog), og er hann formaður nefndarinnar. Annar nefndarmanna skal vera lyfjafræðingur (candidatus pharmaciae). Þriðji nefndarmanna skal vera efnafræðingur (efnaverkefnafræðingur) og fjórði skal vera heilsufræðingur eða maður með heilsufræðilega þekkingu.

Eiturefnaneftnd gerir tillögur um breytingar og viðbætur við lista yfir eiturefni og hættuleg efni, sbr. 1. gr. Nefndin gerir einnig tillögur um gerð nýrra lista, ef þörf gerist, og annað, sem að lögum þessum lýtur, í umsjá landlæknis. Nefndin skal gera lista yfir eiturefni og hættuleg efni, sem viðurkennd eru til nota í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra, sbr. 14. gr. Eiturefnaneftnd má kveðja til ráðuneytis um framkvæmd annarra laga, ef þörf gerist (sbr. einnig 15. gr. 1. málsg.).

Þegar nefndin fjallar um eiturefni og hættuleg efni, sem notuð eru í garðyrkju, landbúnaði eða við grasrækt, tekur sæti í nefndinni maður, sem atvinnumálaráðuneytið tilnefnir, og er hann sérfróður um slík málefni.

Nefndin getur kvatt sérfróða menn sér til ráðuneytis, ef þörf gerist.

Kostnað við störf eiturefnaneftndar skal greiða úr ríkissjóði.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um starfssvið og starfshætti eiturefnaneftndar.

3. gr.

Ákvæði laga þessara taka ekki til eiturefna og hættulegra efna, ef þau eru notuð samkvæmt ákvæðum:

- 1) lyfsöululaga, nr. 30 29. apríl 1963 (lyf, dýralyf),
- 2) laga um eyðingu á minkum og refum, nr. 52 5. júní 1957, sbr. lög nr. 9 19. marz 1964, enda er notkun eiturefna og hættulegra efna í þessu skyni óheimil nema með samþykki eiturefnanefndar (sbr. einnig 5. gr. 3. málsg.),
- 3) laga um öryggisráðstafanir á vinnustöðum, nr. 23 1. febr. 1952,
- 4) laga um innflutning, sölu og meðferð á skotvopnum, skotfærum, alls konar sprengjum og hlutum og efni í þau, nr. 69 23. júní 1936,
- 5) laga um öryggisráðstafanir gegn jónandi geislum frá geislavirkum efnum eða geislatækjum, nr. 95 20. des. 1962.

II. KAFLI**ÁKVÆÐI VARÐANDI EITUREFNI****Framleiðsla eiturefna.****4. gr.**

Eiturefni mega þeir einir framleiða, er til þess hafa fengið leyfi ráðherra, enda mæli öryggismálastjóri og eiturefnanefnd með veitingu slíkra leyfa.

Blöndun og þynning eiturefna og pökkun í söluhæf ílát og umbúðir, þar með talið umpökkun og umhelling, svo og íburður í klæði, skoðast framleiðsla, nema öðruvísi sé ákveðið (sbr. 5. gr. 2. málsg.).

Viðtaka eiturefna.**5. gr.**

Þeir einir, er hér greinir, mega veita viðtöku, kaupa, selja eða flytja inn eiturefni:

- 1) framleiðendur eiturefna, sbr. 4. gr.,
- 2) forstöðumenn efnagerða, efnaverksmiðja eða annarra fyrirtækja, er tilkynnt hafa öryggismálastjóra, að við rekstur eða framleiðslu fyrirtækjanna sé þörf tiltekinna eiturefna,
- 3) Lyfjaverzlun ríkisins, aðrar lyfjagerðir og lyfjaheildverzlanir,
- 4) lyfjabúðir og læknar (dýralæknar), sem hafa leyfi til lyfjasölu,
- 5) verzlanir, sem fengið hafa leyfi ráðherra til þess að selja eiturefni og hættuleg efni til nota í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra,
- 6) spítalar og viðurkenndar rannsóknastofur,
- 7) einstaklingar 18 ára eða eldri, er framvísa þeim aðilum, er greinir í 1.—5. tölulið, sérstökum eiturbeiðnum eða öðrum gildum leyfum til kaupa á eiturefnum, sbr. 6. gr.

Fyrirtækjum, sem greind eru í 3., 4. og 5. tölulið að framan og verzla með eiturefni, er þó heimilt (sbr. 4. gr. 2. málsg.) að veга þau sundur, blanda eða þynna og umpakka eða umhella í ný, söluhæf ílát.

Ákvæði þessi varðandi sölu og innflutning gilda einnig um eiturefni til útrýmingar á minkum og refum (sbr. 3. gr. 2. tölulið).

Eiturkaup einstaklinga.**6. gr.**

Einstaklingar mega kaupa eiturefni til eigin nota, ef þeir framvísa sérstökum eiturbeiðnum eða öðrum gildum leyfum til kaupa á eiturefnum, sbr. 7. tölulið 1. málsg. 5. gr.

Lögreglustjóri gefur út eiturbeiðnir. Láta má úti einu sinni gegn sömu eiturbeiðni, ef um er að ræða efni, sem talið er á lista I, en þrisvar sinnum, ef um er að ræða efni, sem talið er á lista II. Eiturbeiðnir gilda lengst í eitt ár frá útgáfudegi.

Nú nota iðnaðarmenn eða aðrir einstaklingar tiltekin eiturefni að staðaldri við störf sín. Má þá veita leyfi til kaupa á umræddum efnum, er gilda til 1—3 ára í senn.

Setja skal í reglugerð nánari ákvæði lútandi að útgáfu eiturbeiðna og annarra tilsvarandi leyfa, afgreiðslu þeirra og varðveizlu.

Hlíta skal um kaup á eiturefnum til nota í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra fyrirmælum þar að lútandi, er sett verða í reglugerð (sbr. 14. gr.).

Útlát eiturefna.

7. gr.

Eiturefni má einungis selja eða afhenda þeim, sem er 18 ára eða eldri. Eigi má afhenda eiturefni, ef ástæða er til þess að ætla, að viðkomandi kynnu að fara sjálfum sér að voða eða gætu unnið öðrum tjón með efnum sökum geðveiki, ölvunar, vanþroska, vanstillingar eða fákunnáttu o. s. frv.

Fyrirtæki og einstaklingar, er ræðir í 1.—5. tölulið 1. málsg. 5. gr., mega einir láta úti og selja eiturefni. Fyrirtæki, sem talin eru í 2. tölulið, mega einungis selja eiturefni svo fremi, að efni séu hluti af venjulegri framleiðsluvöru þeirra. Heimilt er að selja á frjálsum markaði varning, er inniheldur tiltekin eiturefni, enda skal þá gæta fyrirmæla að þessu lútandi, er sett verða í reglugerð (sbr. 16. gr.). Auglýsa skal sérstaklega slíkar undanþágur (sbr. 21. gr.) frá 5. gr. laganna.

8. gr.

Eiturefni skal láta úti og selja í **sterkum og velluktum ílátum**. Ílátin skulu vera þannig útlits eða svo greinilega auðkennd, að ekki verði villzt á þeim og ílátum, sem notuð eru undir lyf, matvæli og fóðurvörur eða önnur óskaðleg efni. Á ílátum skal geta innihalds og á ílátum og yztu umbúðum um eiturefni skulu vera **íslensk eiturmerki**, svo og nauðsynleg varnaðarorð, sbr. 17. gr.

Eiturmerki má ekki nota á ílát og umbúðir um önnur efni en þau, sem talin eru á listum I og II, nema slíkt sé sérstaklega heimilað í lögum eða reglugerðum.

Varðveizla eiturefna.

9. gr.

Fyrirtæki og einstaklingar, sbr. 5. gr., skulu hlíta ákvæðum laga um öryggisráðstafanir á vinnustöðum varðandi varðveizlu eiturefna og ákvæðum laga um eftirlit með matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum svo fremi, að nefnd lög taki til þeirra. Um Lyfjaverzlun ríkisins, aðrar lyfjagerðir og lyfjaheildverzlanir og lyfjabúðir (sbr. 3. og 4. tölulið 1. málsg. 5. gr.), gilda enn fremur ákvæði lyf-sölulaga.

Hlíta skal í verzlunum, er leyfi hafa til þess að selja eiturefni til nota í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra (sbr. 5. tölulið 1. málsg. 5. gr.), fyrirmælum að þessu lútandi, er sett verða í reglugerð (sbr. 14. gr.).

Í spítölum og viðurkenndum rannsóknastofum (sbr. 6. tölulið 1. málsg. 5. gr.) skal varðveita eiturefni í umbúðum seljanda eða í öðrum umbúðum jafntryggum. Einstaklingar (sbr. 7. tölulið 1. málsg. 5. gr.) skulu varðveita eiturefni í umbúðum framleiðanda (seljanda).

Eiturefni skal jafnan varðveita tryggilega og þannig, að þau séu **skilin frá matvælum og dýrafóðri**, einnig frá lyfjum, fegrunar- og snyrtiefnum og þannig, að óviðkomandi nái ekki til þeirra.

III. KAFLI ÁKVÆÐI VARÐANDI HÆTTULEG EFNI

Útlát hættulegra efna.

10. gr.

Hættuleg efni skal láta úti og selja í sterkum og velluktum ílátum. Ílátin skulu vera þannig útlits eða auðkennd, að ekki verði villzt á þeim og ílátum, sem notuð eru undir lyf, matvæli, dýrafóður eða önnur óskaðleg efni. Ílátin skulu vera greinilega merkt og getið innihalds. Á ílátum og yztu umbúðum skulu enn fremur vera varnaðarorð á íslenzku, sbr. 17. gr.

Varðveizla hættulegra efna.

11. gr.

Hættuleg efni skal varðveita í umbúðum seljanda eða öðrum umbúðum jafntryggum.

Hættuleg efni skal varðveita tryggilega og þannig, að þau séu skilin frá matvælum og dýrafóðri, einnig frá lyfjum, fegrunar- og snyrtiefnum og þannig, að óviðkomandi nái ekki til þeirra.

Hættulegar lofttegundir.

12. gr.

Ráðherra getur í reglugerð sett nánari ákvæði um notkun hættulegra lofttegunda, er ekki hafa lækningagildi og greindar eru á lista V.

IV. KAFLI SAMEIGINLEG ÁKVÆÐI

Almenn ákvæði um notkun.

13. gr.

Nota ber eiturefni og hættuleg efni með gát og varúð og þannig, að ekki hljóttist af tjón á mönnum og húsdýrum eða matvæli mengist af efnunum (sjá 15. gr.), sbr. einnig ákvæði laga um öryggisráðstafanir á vinnustöðum og laga um eftirlit með matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum.

Nú myndast eða koma fram eiturefni eða hættuleg efni, sem úrgangsefni við iðnrekstur, annan atvinnurekstur eða á annan hátt. Skal þess þá jafnan gætt, að efnin valdi ekki tjóni á mönnum (sbr. ákvæði laga um öryggisráðstafanir á vinnustöðum) og húsdýrum, né mengi umhverfið (andrúmsloft, jarðveg og vötn, þar með talið grunnvatn og vatnsból) þannig, að mönnum, dýrum eða plöntum geti stafað hættu af. Ráðherra setur eftir tillögum landlæknis og eiturefnanefndar í reglugerð nánari ákvæði til þess að koma í veg fyrir mengun lofts, láðs og lagar af völdum eiturefna og hættulegra efna, ef þörf gerist.

Ákvæði um notkun eiturefna og hættulegra efna í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra.

14. gr.

Eiturefni og hættuleg efni, hrein og blönduð, má því einungis selja eða flytja til landsins og nota sem plöntulyf, örgresisefni, stýriefni eða sem útrýmingar-efni, að þau hafi verið skráð á listum yfir slík efni, annaðhvort með samheiti eða með sérheiti framleiðanda, sbr. 2. málsg. 2. gr. Ráðherra setur nánari ákvæði um framangreind efni í reglugerð.

Ákvæði um matvæli og fóðurvörur.

15. gr.

Eiturefni og hættuleg efni má ekki setja í eða blanda saman við matvæli (þar á meðal sælgæti) eða fóðurvörur, nema það sé sérstaklega heimilað í reglugerð samkvæmt lögum þessum, lögum um eftirlit með matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum eða öðrum lögum. Leita skal álits eiturefnanefndar um íblöndun hvers konar aukefna í matvæli og fóðurvörur, sem ætlaðar eru til sölu almennings.

Nú er talin hætta á, að matvæli eða fóðurvörur mengist við framleiðslu eða á annan hátt af tilteknum eiturefnum eða hættulegum efnum og þannig, að mönnum eða dýrum geti orðið að tjóni. Ráðherra getur þá í reglugerð að fengnum tillögum landlæknis og eiturefnanefndar kveðið nánar á um hið mesta magn slíkra efna, er vera megi í hverri þyngdar- eða lagareiningu (g, ml).

Nánari reglur um notkun og bann við notkun eiturefna og hættulegra efna.

16. gr.

Ráðherra setur að fengnum tillögum landlæknis og eiturefnanefndar nánari reglur um notkun og bann við notkun eiturefna og hættulegra efna, hvort sem efnin eru notuð hrein, í blöndum eða á annan hátt í samsetningum.

Nánari fyrirmæli um ílát o. fl.

17. gr.

Eiturefnanefnd (sjá 2. gr.) gerir tillögur um gerð íláta og umbúðir, merkingu, eiturmerki og varnaðarorð eða varnaðarmerki varðandi útlát, sölu og varðveislu eiturefna og hættulegra efna. Ráðherra setur í reglugerð nánari fyrirmæli að þessu lútandi.

Flutningur.

18. gr.

Um flutning eiturefna og hættulegra efna með skipum, bifreiðum, loftförum, svo og í pósti, skal fara samkvæmt lögum þeim og reglum, er við eiga og í gildi eru hverju sinni. Setja má í reglugerð nánari ákvæði um hvers konar flutning á eiturefnum og hættulegum efnum.

Notuð ílát. — Förgun eiturefna og hættulegra efna.

19. gr.

Tómum flöskum, öðrum ílátum, svo og umbúðum, sem hafa haft eiturefni eða hættuleg efni að geyma, skal farga eða hreinsa þannig, að mönnum eða dýrum stafi ekki hætta af. Að öðrum kosti skal endursenda ílát og umbúðir, luktur og merktar á viðeigandi hátt.

Eigi má farga meiri háttar birgðum af eiturefnum eða hættulegum efnum, nema með samþykki viðkomandi embættislæknis eða eftirlitsmanns, sbr. 20. gr. Ef um er að ræða takmarkað magn nánar tiltekinna efna, er heimilt að farga þeim án vitundar viðkomandi embættislæknis, enda skal þá fara eftir settum fyrirmælum þar að lútandi.

Framkvæmd og eftirlit.

20. gr.

Landlæknir hefur umsjá með málum, er varða eiturefni og hættuleg efni, undir yfirstjórn ráðherra þess, er fer með heilbrigðismál.

Eiturefnanefnd gerir tillögur um framkvæmd laga þessara, og hversu eftirliti með eiturefnum og hættulegum efnum skuli nánar háttað, sbr. 2. gr., sbr. einnig næstu málsgr.

Eftirlit með framkvæmd ákvæða laga þessara hefur öryggismálastjóri svo fremi, að það sé í verkahring hans, en að öðrum kosti lögreglustjórar, embættislæknar og eftirlitsmenn samkvæmt lyfsölulögum, svo og aðrir, er tilnefndir kunna að verða.

Kostnað við framkvæmd og eftirlit skal greiða úr ríkissjóði.

Framangreindir embættismenn og eiturefnanefnd, svo og aðrir, sem tilnefndir kunna að verða, eiga rétt á að skoða verðlanir, verksmiðjur og vinnustaði þar, sem seld eru eða umpökkuð, framleidd, varðveitt eða notuð eiturefni og hættuleg efni eða framleiddur er varningur, sem hefur að geyma slík efni í því formi og magni, að mönnum og dýrum getur stafað hættu af. Þeim er einnig heimilt að rjúfa umbúðir og taka úr þeim sýnishorn til nánari athugunar og rannsóknar. Eigandi sýnishorns getur krafizt kvittunar úr hendi þess embættismanns, er sýnishornið tekur. Á kvittun skal greina magn og tegund sýnishornsins. Handhafi kvittunarinnar á síðan gegn framvísun hennar rétt á endurgreiðslu úr hendi innflytjanda eða framleiðanda.

Embættismenn þeir, er um ræðir í 3. og 5. málsgr., geta krafizt þess, að framleiðandi eða innflytjandi gefi yfirlýsingu samkvæmt beztu vitund um innihald eiturefna eða hættulegra efna í tilteknum varningi, svo sem fegrunar- og snyrtiefnum, matvælum og fóðurvöru. Innflytjandi eða framleiðandi sá, er slíka yfirlýsingu gefur, getur krafizt þess, að með hana sé farið sem trúnaðarmál.

Undanþágur.

21. gr.

Ráðherra getur eftir tillögum landlæknis og eiturefnanefndar heimilað, að undanþiggja megi eiturefni og hættuleg efni eða varning, sem hefur slík efni að geyma, að nokkru eða öllu leyti ákvæðum þessara laga. Undanþágur má þó einungis veita svo fremi, að fullnægt sé skilyrðum, sem sett kunna að verða hverju sinni (sbr. 16. gr.) eða greind eru í reglugerðum, sem settar eru samkvæmt heimild í öðrum lögum. Auglýsa skal allar undanþágur frá ákvæðum laganna.

Refsingar.

22. gr.

Um mál, er rísa kunna út af brotum á lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim, fer að hætti opinberra mála.

23. gr.

Fyrir brot gegn lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim skal refsa með sektum, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum. Nú er brot itrekað eða stórfellt, og getur refsing þá orðið varðhald eða fangelsi, allt að 2 árum. Tilraun og hlutdeild í brotum samkvæmt lögum þessum eru refsiverðar, eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga.

Eiturefni og hættuleg efni, sem inn eru flutt ólöglega eða seld eða framleidd eru ólöglega innanlands, má gera upptæk með dómi og einnig ágóða af slíkri ólöglegri starfsemi. Andvirði hins upptæka rennur í ríkissjóð.

V. KAFLI

Niðurlagsákvæði.

24. gr.

Nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara má setja í reglugerð, er ráðherra setur að fengnum tillögum landlæknis og eiturefnanefndar.

25. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1970.

Með lögum þessum eru numin úr gildi fyrimæli í lögum, er brjóta í bága við ákvæði laga þessara.

Ákvæði í reglugerðum, auglýsingum og öðrum stjórnvaldsreglum um málefni, sem lög þessi taka til og ekki fara í bága við ákvæði þeirra, skulu gilda áfram, unz þau hafa verið numin úr gildi með stjórnvaldsreglum settum samkvæmt lögum þessum.

Viðauki I: Eiturefni.

LISTI I

(Sterk eiturefni; sterkt eitur).

AMITON (O,O - dietýl - S - (2 - dietýlaminóetýl) - tíófosfat)
 ARSEN og *ólífræn arsensambönd*, önnur en blý-, kalcíum- og zinkarsenöt
 AZINPHOS-ETHYL (O,O - dietýl - S - (3, 4 - dihydýró - 4 - oxóbenzó - [d] -
 [1, 2, 3] - triazín - 3 - ýl) - metýl - dítíófosfat)
 AZINPHOS-METHYL (O,O - dimetýl - S - (3, 4 - dihydýró - 4 - oxóbenzó - [d] -
 [1, 2, 3] - triazín - 3 - ýl) - metýl - dítíófosfat)
 BLÁSÝRA (CÝANVETNI) og þau *sölt sýrunnar*, er í vatnslausn klofna í
 cýaniðjóna
 CARBOPHENOTHION (O,O - dietýl - S - [4 - klórfenýltíó] - metýl] - dítíófosfat
 CHLORPICRIN (TRÍKLÓRNÍTRÓMETAN, KLÓRPÍKRÍN)
 CRIMIDIN (2 - klór - 4 - dímetýlaminó - 6 - metýlpýrimídín)
 DEMETON - O (O,O - dietýl - O - [2 - (etýltíó) - etýl] - tíófosfat)
 DEMETON-O-METHYL (O,O - dimetýl - O - [2 - (etýltíó) - etýl] - tíófosfat)
 DEMETON-S (O,O - dietýl - S - [2 - (etýltíó) - etýl] - tíófosfat)
 DEMETON-S-METHYL (O,O - dimetýl - S - [2 - (etýltíó) - etýl] - tíófosfat)
 1 - dímetýlkarbamóýl - 3 - metýl - pýrazóýl - (5) - dímetýlkarbamat
 DÍMETÝLSÚLFAT
 DÍNÍTRÓFENÓL (2, 4 - dínítrófenól)
 DINOSEB (2 - (1 - metýl - n - própýl) - 4, 6 - dínítrófenól)
 DIOXATHION (dí - (O,O - dietýl) - 2,3 - S,S - díoxan - (1,4) - dítíófosfat)
 DISULFOTON (O,O - dietýl - S - [2 - (etýltíó) - etýl] dítíófosfat)
 DNOC (2 - metýl - 4, 6 - dínítrófenól)
 ENDOSULFAN (6, 7, 8, 9, 10, 10 - hexaklór - 1, 5, 5a, 6, 9, 9a - hexahýdró - 6,
 9 - metanó - 2, 4, 3 - benzó - [e] - díoxatíepín - 3 - oxíð)
 ENDRIN (1, 2, 3, 4, 10, 10 - hexaklór - 6, 7 - epoxí - 1, 4, 4a, 5, 6, 7, 8, 8a -
 oktahýdró - exó - 1, 4 - exó - 5, 8 - dímetanónaftalen)
 EPN (O - etýl - O - 4 - nítrofenýl - benzentíófosfat)
 FENTHION (O,O - dimetýl - O - (3 - metýl - 4 - metýltíófenýl) - tíófosfat)
 FOSFÍN (alkýlsambönd fosfórvetnis)
 FOSFÓR, *gulur*
 FOSFÓRVETNI

FOSGEN (PHOSGEN, KARBÓNÝLKLÓRÍÐ)
 ISOLAN (1 - ísoprópýl - 3 - metýl - pýrazólýl - (5) - dímetýlkarbamát)
 KALCÍUMFOSFÍÐ
 KLÓRPÍKRÍN (TRÍKLÓRNÍTRÓMETAN, CHLORPICRIN)
 KVIKASILFURSSAMBÖND, *ólífræn*, að undanskildu merkúróklóriði (kaló-
 mel), merkúríoxíði og merkúrisúlfiði (zinnóber), svo og merkúrisúlfati og
 merkúríklóriði í þurraflöðum og natrium- og kalíumamalgötum til tann-
 fyllinga
 METÝLBRÓMÍÐ (MÓNÓBRÓMMETAN)
 MEVINPHOS (O,O - dímetýl - O - (2 - metoxíkarbónýl - 1 - metýlvínýl) - fosfat
 MÓNÓFLÚOREDIKSSÝRA og *sölt sýrinnar*
 NIKÓTÍN og *nikótínsölt*. Undanskildar eru duftblöndur, sem innihalda 1%
 (w/w) nikótín eða minna, sbr. lista II
 OXYDEMETON-METHYL (O,O - dímetýl - S - [2 - (etýlsúlfinýl) - etýl] - tíófosfat
 PARATHION (O,O - díetýl - O - 4 - nitrófenýltíófosfat)
 PARATHION-METHYL (O,O - dímetýl - O - 4 - nitrófenýltíófosfat)
 PHORAT (O,O - díetýl - S - (etýltíómetýl) - díttíófosfat)
 PHOSGEN (FOSGEN, KARBÓNÝLKLÓRÍÐ)
 PHOSPHAMIDON (O,O - dímetýl - O - (1 - metýl - 2 - klór - 2 - díetýlkarbamóýl) -
 vínýlfosfat)
 SCHRADAN (oktametýlpýrófosfórsýrutetramíð)
 SELENSAMBÖND, *ólífræn*
 STRYKNÍN og *stryknínsölt*
 SULFOTEP (bis - O,O - díetýltíófosfórsýruanhýdrið)
 TALLÍUMSAMBÖND, *ólífræn*
 TEPP (tetraetýlpýrófosfat)
 TETRAETÝLBLÝ
 THIOMETON (O,O - dímetýl - S - [2 - (etýltíó) - etýl] - díttíófosfat)
 ZINKFOSFÍÐ

Öll önnur efni, sem í lyfjabúðum skal varðveita í eiturskápum samkvæmt ákvæðum gildandi lyfjaskrár. Ákvæði þetta tekur þó ekki til fíknilyfja (nautna-lyfja, euforetica), sbr. 6. gr. í reglugerð um gerð lyfseðla og afgreiðslu lyfja nr. 30 16. maí 1966.

LISTI II

(Eiturefni; eitur).

ACETÝLENTETRAKLÓRÍÐ (TETRAKLÓRETAN; 1, 1, 2, 2 - tetraklóretan)
 ALDRIN (1, 2, 3, 4, 10, 10 - hexaklór - 1, 4, 4a, 5, 8, 8a - hexahýdró - exó - 1,
 4 - endó - 5, 8 - dímetanónaftalen)
 ALLÝLALKÓHÓL (PRÓPENÓL; 2 - própen - 1 - ól)
 ALLÝLKLÓRÍÐ (KLÓRPRÓPEN; 3 - klórprópen)
 ANTÍMONKALÍUMTARTRAT
 ANTÍMONSAMBÖND, *ólífræn*, önnur en antímonsúlfið og litarefni
 ANTU (*alfa*-naftýltíóþvagefni; *alfa*-naftýltíókarbamíð)
 AZÓBENZEN
 BARÍUMSÖLT, önnur en baríumsúlfat
 BLÝARSENAT
 BRÓM
beta-hútoxi-*beta*-tíócyánó-díetýleter

- CHLORDAN (1, 2, 4, 5, 6, 7, 10, 10 - oktaklór - 4, 7, 8, 9 - tetrahýdró - 4, 7 - metýlenindan)
- COUMAFURYL (3 - [(*beta* - acetýl - *alfa* - fúrfúrýl) - etýl] - 4 - hýdroxíkúmarín)
- CYCLOHEXIMID (*beta* - [2 - (3, 5 - dímetýl - 2 - oxócyklóhexýl) - 2 - hýdroxí - etýl] - glútarímíð)
- DDT (KLÓRFENÓTAN; PENTICÍÐ; 1, 1, 1 - triklór - 2, 2 - di - (4 - klórfenýl) - etan) *i blöndum og samsetningum*, sem innihalda *meira en 10% (w/w eða w/v) DDT*, sbr. lista III
- DIAZINON (O,O - díetýl - O - [2 - ísóprópýl - 6 - metýl - 4 - pýrimidínýl] - tíófosfat)
- DÍBRÓMETAN (1, 2 - díbrómetan), ef látið er úti *meira magn en 100 ml*, sbr. lista IV A
- DICHLORVOS (O,O - dímetýl - 2, 2 - díklórvínýlfosfat)
- DICUMAROL (3,3' - metýlen - bis (4 - hýdroxí - 1, 2 - benzópýrón))
- DIELDRIN (1, 2, 3, 4, 10, 10 - hexaklór - 6, 7 - epoxí - 1, 4, 4a, 5, 6, 7, 8, 8a - oktahýdró - exó - 1, 4 - endó - 5, 8 - dímetanónaftalen)
- DÍETÝLSÚLFAT
- DÍKLÓREDIKSSÝRA og *sölt sýrunnar i lausnum eða blöndum*, ef styrkleiki er *meiri en 50% (w/v)*, sbr. lista III
- DÍKLÓRETAN (1, 2 - díklóretan), ef látið er úti *meira magn en 100 ml*, sbr. lista IV A
- DIMETHOAT (O,O - dímetýl - S - (N - metýlkarbamóýlmetýl) - dítíófosfat)
- DÍMETÝLHÝDRAZÍN
- DÍNÍTRÓBENZEN (*meta*- og *para*-dínitróbenzen)
- ENDOTHAL-Na (dínatríum - 7 - oxabícýkló - [2, 2, 1] - heptan - 2, 3 - díkarboxýlat)
- ETOXÍMERKÚRÍSILÍKAT
- ETÝLMERKÚRÍBRÓMÍÐ
- ETÝLMERKÚRÍKLÓRÍÐ
- ETÝLMERKÚRÍTÍÓÚRÓNÍUMKLÓRÍÐ
- FENÝLMERKÚRÍACETAT
- FENÝLMERKÚRÍHÝDROXÍÐ
- FENÝLMERKÚRÍHÝDROXÍKÍNÓLÍN
- FENÝLMERKÚRÍKLÓRÍÐ
- FENÝLMERKÚRÍNAFTENAT
- FENÝLMERKÚRÍNÍTRAT
- FENÝLMERKÚRÍPÝRÓKATEKÍN
- 1 - fenýl - 3 - metýl - pýrazólýl - (5) - dímetýlkarbamát
- FLÚSSÝRA (FLÚORVETNI) og *alkalí- og ammóníumsölt sýrunnar gamma* - benzenhexaklóríð, sjá HEXICÍÐ
- HEPTACHLOR (1, 4, 5, 6, 7, 10, 10 - heptaklór - 4, 7, 8, 9 - tetrahýdró - 4, 7 - metýleninden)
- HEXICÍÐ (LINDAN; *gamma* - benzenhexaklóríð; *gamma* - 1, 2, 3, 4, 5, 6 - hexaklórécýklóhexan) *i blöndum og samsetningum*, sem innihalda *meira en 2% (w/w eða w/v) hexicíð*, sbr. lista III
- HÝDRAZÍN
- HÝDROXÝLAMÍN og *hýdroxýlamínsölt*
- KADMÍUMSAMBÖND, *ólífræn*, önnur en kadmíumsúlfið
- KALCÍUMARSENAT
- KALÍUMKRÓMAT og KALÍUMDÍKRÓMAT
- KALÍUMNÍTRÍT
- KALÓMEL (MERKÚRÓKLÓRÍÐ)

KLÓRKAMFENAR (klóraðir kamfenar; brúttóformúla: $C_{10}H_{10}Cl_8$)
 KLÓRFENÓTAN, sjá DDT
 KLÓRNÍTRÓBENZEN (*para*-klórnítróbenzen)
 KLÓRNÍTRÓTÓLÚEN (*para*-klórnítrótólúen)
 KLÓRÓFORM (TRÍKLÓRMETAN), ef látið er úti *meira magn en 100 ml, sbr.*
 lista IV A
 KLÓRPRÓPEN (ALLÝLKLÓRÍÐ; 3-klórprópen)
 KRÓMTRÍOXÍÐ, KRÓMSÝRA og sölt *sýrunnar*
 LINDAN, sjá HEXICÍÐ
 MALATHION (O,O - dímetýl - S - (1, 2 - díkarbetoxietýl) - dítiófosfat)
 MERKÚRÍOXÍÐ
 MERKÚRÓKLÓRÍÐ (KALÓMEL)
meta-dínitróbenzen (DÍNÍTRÓBENZEN)
 METAM-Na (natríum - N - metýldítíókarbamát)
 METOXÍETÝLMERKÚRÍKLÓRÍÐ
 METOXÍETÝLMERKÚRÍSILÍKAT
 METOXÍMETÝLMERKÚRÍACETAT
 METHYLCHLOROTHION (O,O - dímetýl - O - (3 - klór - 4 - nítrófenýl) - tíófosfat)
 METÝLHÝDRAZÍN
 METÝLMERKÚRÍDÍCYANDÍAMÍÐ [N - cýanó - N' - (metýlmerkúrigvanidín)]
 METÝLMERKÚRÍHÝDROXÍÐ
 MÓNÓBRÓMEDIKSSÝRA og sölt *sýrunnar og estrar*
 MÓNÓKLÓREDIKSSÝRA og sölt *sýrunnar*
 NATRÍUMNÍTRÍT
 NIKÓTÍN í *duftblöndum*, sem innihalda 1% (w/w) níkótín *eða minna, eða*
 mest 10% af tóbaksdufti, sbr. lista I
 NÍTRÓBENZEN (NITRÓBENZÓL)
para-dínitróbenzen (DÍNÍTRÓBENZEN)
para-klórnítróbenzen (KLÓRNÍTRÓBENZEN)
para-klórnítrótólúen (KLÓRNÍTRÓTÓLÚEN)
 PENTICÍÐ, sjá DDT
 PERKLÓRETÝLEN, sjá TETRAKLÓRETÝLEN
 PHENCAPTON (O,O - díetýl - S - (2, 5 - díklórfenýltíómetýl) - dítiófosfat)
 PINDON (2 - pívalóýlindan - 1, 3 - díón)
 PRÓPENÓL (ALLÝLALKÓHÓL; 2 - própen - 1 - ól)
 RONNEL (O,O - dímetýl - O - (2, 4, 5 - tríklórfenýl) - tíófosfat)
 SCILLA-GLÝKÓSÍÐ
 STROBAN (blanda af heptaklórkamfen, heptaklórþinen og öðrum klór-
 terpenum; inniheldur 66% klór; brúttóformúla $C_{10}H_{11}Cl_7$)
 TELLÚRSAMBÖND, *ólifræn*
 TETRAKLÓRETAN (ACETÝLENTETRAKLÓRÍÐ; 1, 1, 2, 2 - tetraklóretan)
 TETRAKLÓRETÝLEN (PERKLÓRETÝLEN; 1, 1, 2, 2 - tetraklóretýlen), ef
 látið er úti *meira magn en 200 ml, sbr. lista IV A*
 TETRAKLÓRMETAN (TETRAKLÓRKOLEFNI)
 TRICHLOROFON (O,O - dímetýl - 2, 2, 2 - tríklór - 1 - hýdroxietýlfosfónat)
 TRÍKLÓREDIKSSÝRA og sölt *sýrunnar í lausnum eða blöndum*, ef styrkleiki
 er *meira en 50% (w/v)*, sbr. lista III
 TRÍKLÓRETÝLEN (1, 1, 2 - tríklóretýlen), ef látið er úti *meira magn en 100*
 ml, sbr. lista IV A
 WARFARIN (3 - [(*beta*-acetýl-*alfa*-fenýl) - etýl] - 4 - hýdroxíkúmarín)
 ZINKARSENAT

Öll önnur efni, sem í lyfjabúðum skal merkja eiturmerki (einum krossi) samkvæmt ákvæðum gildandi lyfjaskrár og látin eru úti gegn lyfseðlum. Ákvæði þetta tekur þó ekki til fíknilyfja (nautnalyfja; euforetica), sbr. 6. gr. í reglugerð um gerð lyfseðla og afgreiðslu lyfja nr. 30 16. maí 1966.

Viðauki II: Hættuleg efni.

LISTI III (Hættuleg efni).

ACETALDEHÝÐ

alfa-naftól (NAFTÓL)

alfa-naftýlamín (NAFTÝLAMÍN)

ALKÝLNÍTRÓSAMÍN, hvers konar

AMMÓNÍAKVATN (SALMÍAKSPÍRITUS), sem að styrkleika er meira en 3% (w/w eða w/v)

ANILÍN — Ef anilín eða anilínsölt eru í merkibleki, skal letra á ílát eftirfarandi: *Má ekki nota til þess að merkja bleiur eða önnur klæði ung- barna*

BENZÍN, nema benzín, sem notað er á benzínhreyfla til eldsneytis

beta-naftól (NAFTÓL)

beta-naftýlamín (NAFTÝLAMÍN)

BLEIKIVATN (HÝPÓKLÓRÍTTLAUSNIR), ef látið er úti meira magn en 30 ml

BLÝSAMBÖND, önnur en blýarsenat (sbr. lista II) og tetraetýlbly (sbr. lista I).

— Ef uppleyst litarefni, málning eða aðrar lausnir, sem fullbúnar eru til notkunar, innihalda meira magn af blyi en nemur 50% (w/w) þurrefnis, skal letra á ílát eftirfarandi: *Varúð. Hætta á blýeitrun.*

BÓRSÝRA, óblönduð, í duftblöndum og lausnum, ef styrkleiki fer fram úr 5% (w/w eða w/v)

BRENNISTEINSKLÓRÍÐ (KLÓRBRENNISTEINN)

BRENNISTEINSSÝRA, ef styrkleiki fer fram úr 5% (w/v)

DDT (KLÓRFENÓTAN; PENTICÍÐ; 1, 1, 1 - triklór - 2, 2 - dí - (4 - triklórfenýl) - etan) í blöndum og samsetningum, sem innihalda 10% (w/w eða w/v) DDT eða minna, sbr. lista II

DÍKLÓRAMÍN-T (N - díklór - 4 - tólúensúlfónamið)

DÍKLÓRBENZEN (*para*-díklórbenzen)

DÍKLÓREDIKSSÝRA og sölt sýrunnar í lausnum eða blöndum, ef styrkleiki er 50% (w/v) eða minni, sbr. lista II

DÍMETÝLAMÍNÓAZÓBENZEN

DÍMETÝLNÍTRÓSAMÍN (sbr. alkýlnitrósamín)

EDIKSSÝRA, ef styrkleiki fer fram úr 15% (w/v). — Á ílát skal letra eftirfarandi: *Hættulegt að neyta óþynnt.*

FENÓL (PHENOL; KARBÓLSÝRA)

FENÝLENDÍAMÍN (*para*-fenýlendíamín)

FENÝLHÝDRAZÍN

FLÚSKÍSILSÝRA (hýdrógensilíciumflúorið) og sölt sýrunnar

FORMALÍN (formaldehýð í vatnslausn), ef styrkleiki fer fram úr 4% (w/w)

FOSFÓRSÝRA (*ortó*-fosfórsýra) í blöndum og samsetningum, ef styrkleiki fer fram úr 5% (w/w eða w/v)

gamma-benzenhexaklóríð, sjá HEXICÍÐ

HEXAKLÓRETAN

HEXICÍÐ (LINDAN; *gamma*-benzenhexaklórið; *gamma*-1, 2, 3, 4, 5, 6-hexaklórcýklóhexan) *i blöndum og samsetningum*, sem innihalda 2% hexicíð (w/w eða w/v) *eða minna*, sbr. lista II

HÝDRÓGENPEROXÍÐ, sjá SÚRVATN

JÓÐ

KALÍUM

KALÍUMHÝDROXÍÐ (ÆTIKALÍUM)

KALÍUMKLÓRAT. — Á ilát skal letra eftirfarandi: *Mjög sprengifimt i snertingu við eldnæm efni.*

KALÍUMLÚTUR (KOH í vatnslausn), ef styrkleiki *fer fram úr 3%* (w/v)

KALÍUMNÍTRAT

KALÍUMPERMANGANAT *i lausnum*, ef styrkleiki *fer fram úr 3%* (w/v)

KARBÓLSÝRA (FENÓL)

KLÓRAMÍN B (N-klór-benzensúlfónamíðnatríum)

KLÓRAMÍN T (CHLORAMINUM; N-klór-*para*-tólúensúlfónamíðnatríum)

Ef KLÓRAMÍN T er látið úti í töfluformi, skulu töflurnar vera sexstrendar lausnartöflur (solublettae) og innihalda 1 g. — Á umbúðir skal letra: *Klóraminlausnartöflur.*

KLÓRAMÍNLAUSNIR (klóramín B og T), ef styrkleiki *fer fram úr 1%* (w/v)

KLÓRBRENNISTEINN (BRENNISTEINSKLÓRIÐ)

KLÓRFENÓTAN, sjá DDT

KLÓRSÚLFÓNÝRA

KRESÓLAR (CRESOL), m. a. klórkresól og trikresól

KRESÓLAR *i sápuvatni* (SÁPUKRESÓLAR), ef styrkleiki *fer fram úr 1%* (w/v)

KVARTER AMMÓNÍUM-, PÝRÍDÍNÍUM-, og ÍMÍDAZOLÍNÍUMSÖLT *i lausnum*, ef styrkleiki *fer fram úr 10%* (w/v)

LITÍUM

LINDAN, sjá HEXICÍÐ

MAURASÝRA

METALDEHÝÐ((C₂H₄O)_n, t. d. „þurrspritt“)

METHOXYCHLOR (1, 1, 1-tríklór-2, 2-dí-(4-metoxifenýl)-etan)

NAFTALEN (NAFTALÍN)

NAFTÓL (*alfa*- og *beta*-)

NAFTÝLAMÍN (*alfa*- og *beta*-)

NATRÍUM

NATRÍUMHÝDROXÍÐ (VÍTISSÓTI; ÆTINATRÍUM)

NATRÍUMKLÓRAT. — Á ilát skal letra eftirfarandi: *Mjög sprengifimt i snertingu við eldnæm efni.*

NATRÍUMLÚTUR (NaOH í vatnslausn), ef styrkleiki *fer fram úr 3%* (w/v)

NATRÍUMNÍTRAT

NÍTRÓANILÍN

NÍTRÓSÓALKÝLAMÍN, sjá ALKÝLNÍTRÓSAMÍN

ortó-fosfórsýra, sjá FOSFÓRSÝRA

OSMÍUMTETROXÍÐ

OXALSÝRA og *sölt sjárunnar*, m. a. „sýrusalt“

para-díklórbenzen (DÍKLÓRBENZEN)

para-fenýlendíamín (FENÝLENDÍAMÍN)

para-tólúýlendíamín (TÓLÚÝLENDÍAMÍN)

PENTAKLÓRFENÓL og *sölt þess*

PENTICÍÐ, sjá DDT

PERKLÓRSÝRA. — Á ílát skal letra eftirfarandi: *Mjög sprengifimt i snertingu við eldnæm efni.*

PETROLEUM, sjá STEINOLÍA

PÍKRÍNSÝRA (2, 4, 6-trínítrófenól) og sölt *sýrinnar*

SALMÍAKSPÍRITUS, sjá AMMÓNÍAKVATN

SALTPÉTURSSÝRA, ef styrkleiki *fer fram úr 5%* (w/v)

SALTSÝRA, ef styrkleiki *fer fram úr 5%* (w/v)

SÁPUKRESÓLAR, sjá KRESÓLAR *i sápuvatni*

SILFURNÍTRAT (VÍTISSTEINN)

STEINOLÍA (PETROLEUM), *óblönduð*

SÚRVATN (HÝDRÓGENPEROXÍÐ; „Brintoverilte“), ef styrkleiki *fer fram úr 3%* (w/v)

TERPENTÍNA (hvers konar), *óblönduð*

TÓLÚYLENDÍAMÍN (*para*-tólúylendíamín)

TRÍKLÓREDIKSSÝRA og sölt *sýrinnar i lausnum eða blöndum*, ef styrkleiki er *50%* (w/v) *eða minni*, sbr. lista II

VÍTISÓTI (NATRÍUMHÝDROXÍÐ; ÆTINATRÍUM)

VÍTISSTEINN (SILFURNÍTRAT)

ZINKKLÓRÍÐ, *i lausnum* (t. d. lóðvatn), ef styrkleiki *fer fram úr 5%* (w/v)

ÆTIKALÍUM (KALÍUMHÝDROXÍÐ)

ÆTINATRÍUM (NATRÍUMHÝDROXÍÐ; VÍTISÓTI)

Öll önnur efni og efnasamsetningar, sem viðurkennd eru til nota í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra og skráð eru í B og C hættuflokkum á listum yfir slík efni (sbr. 14. gr.).

LISTI IV A

(Hættuleg leysiefni (lífræn), A flokkur).

ACETÓNÍTRÍL (METÝLCÝANÍÐ)

ACETÝLENDÍKLÓRÍÐ (DÍKLÓRETÝLEN)

ACETÝLENTETRABRÓMÍÐ (TETRABRÓMETAN)

BENZEN (BENZÓL; STEINKOLSNAFTA)

BRENNISTEINSKOLEFNI (KARBÓDÍSÚLFÍÐ)

BÚTÝLCELLÓSOLVE (ETÝLENGLYKÓLMÓNÓBÚTÝLETER;

$\text{CH}_2\text{OH}\cdot\text{CH}_2\cdot\text{O}\cdot\text{C}_4\text{H}_9$)

BÚTÝLGLÝKÓL (ETÝLENGLYKÓLMÓNÓBÚTÝLETER; $\text{CH}_2\text{OH}\cdot\text{CH}_2\cdot\text{O}\cdot\text{C}_4\text{H}_9$)

DÍACETÓNALKÓHÓL (4-hýdroxí-4-metýl-2-pentanón)

DÍBRÓMETAN (1, 2-dibrómetan), ef látið er úti *100 ml eða minna magn*, sbr. lista II

DÍETÝLENDÍOXÍÐ (DIOXAN; 1, 4-dietýlendíoxíð)

DÍÍSÓBÚTÝLKETÓN

DÍKLÓRBENZEN (1, 2-díklórbenzen)

DÍKLÓRETAN (1, 2-díklóretan), ef látið er úti *100 ml eða minna magn*, sbr. lista II

1, 1-díklóretan (ETÝLÍDENKLÓRÍÐ)

DÍKLÓRETÝLEN (ACETÝLENDÍKLÓRÍÐ; 1, 2-díklóretýlen)

DÍKLÓRETÝLETER (2, 2'-díklóretýleter)

DÍKLÓRMETAN (METÝLENDÍKLÓRÍÐ)

DÍKLÓRNÍTRÓETAN (1, 1 - díklór - 1 - nítróetan)
 DÍKLÓRPRÓPAN (1, 2 - díklórprópan)
 DÍKLÓRPRÓPÝLEN (1, 3 - díklórprópýlen)
 DÍMETÝLFORMAMÍÐ (DMF; N, N - dímetýlformamíð)
 DIOXAN (DÍETÝLENDÍOXÍÐ)
 ETRI (ETER; ETÝLETER)
 ETÝLENDÍBRÓMÍÐ, sjá DÍBRÓMETAN
 ETÝLENDÍKLÓRÍÐ, sjá DÍKLÓRETAN
 ETÝLENGLÝKÓLMÓNÓBÚTÝLETER (BÚTÝLCELLÓSOLVE;
 BÚTÝLGLÝKÓL)
 ETÝLENGLÝKÓLMÓNÓMETÝLETER (METÝLCELLÓSOLVE;
 METÝLGLÝKÓL)
 ETÝLENGLÝKÓLMÓNÓMETÝLETERACETAT (METÝLCELLÓ-
 SOLVEACETAT; METÝLGLÝKÓLACETAT)
 ETÝLENKLÓRHÝDRÍN (1 - hýdroxí - 2 - klóretan)
 ETÝLENTÍKLÓRÍÐ (TRÍKLÓRETAN)
 ETÝLFORMÍAT
 ETÝLÍDENKLÓRÍÐ (1, 1 - díklóretan)
 FÚRFÚRÓL (FÚRFÚRAL; 2 - formýlfúran)
 FÚRFÚRÝLALKÓHÓL (2 - hýdroxímetyl - fúran)
 ISOFORON (3, 5, 5 - trimetylcyklóhexen (2) - ón (1))
 KARBÓDÍSÚLFÍÐ (BRENNISTEINSKOLEFNI)
 KLÓRNÍTRÓPRÓPAN (1 - klór - 1 - nítróprópan)
 KLÓRBENZEN (KLÓRBENZÓL; MÓNÓKLÓRBENZEN)
 KLÓRÓFORM (TRÍKLÓRMETAN), ef látið er úti 100 ml eða minna magn,
 sbr. lista II
 MESITÝLOXÍÐ (2 - metýl - penten (2) - ón (4))
 METANÓL (METÝLALKÓHÓL; TRÉSPÍRITUS)
 METÝLAMÝLALKÓHÓL (METÝLÍSOBÚTÝLKARBÍNÓL)
 METÝLCELLÓSOLVE (METÝLGLÝKÓL;
 ETÝLENGLÝKÓLMÓNÓMETÝLETER)
 METÝLCELLÓSOLVEACETAT (METÝLGLÝKÓLACETAT;
 ETÝLENGLÝKÓLMÓNÓMETÝLETERACETAT)
 METÝLCÝANÍÐ (ACETÓNÍTRÍL)
 METÝLENDÍKLÓRÍÐ (DÍKLÓRMETAN)
 METÝLFORMÍAT
 METÝLGLÝKÓL (METÝLCELLÓSOLVE;
 ETÝLENGLÝKÓLMÓNÓMETÝLETER)
 METÝLGLÝKÓLACETAT (METÝLCELLÓSOLVEACETAT;
 ETÝLENGLÝKÓLMÓNÓMETÝLETERACETAT)
 METÝLÍSOBÚTÝLKARBÍNÓL (METÝLAMÝLALKÓHÓL)
 MÓNÓKLÓRBENZEN (KLÓRBENZEN; KLÓRBENZÓL)
 NÍTRÓETAN
 NÍTRÓMETAN
 NÍTRÓPRÓPAN
orto-díklórbenzen (DÍKLÓRBENZEN)
para-tert.-bútýltólúen (1 - metýl - 4 - tert. bútýlbenzen)
 PENTAKLÓRETAN
 PERKLÓRETÝLEN, sjá TETRAKLÓRETÝLEN
 PRÓPÝLENOXÍÐ
 STEINKOLSNAFTA (BENZEN; BENZÓL)
 TETRABRÓMETAN (1, 1, 2, 2 - tetrabrómetan)

TETRAKLÓRETÝLEN (PERKLÓRETÝLEN; 1, 1, 2, 2-tetraklóretýlen), ef látið er úti *200 ml eða minna magn*, sbr. lista II
 TRÉSPÍRITUS (METANÓL; METÝLALKÓHÓL)
 TRÍKLÓRETAN (ETÝLENTRÍKLÓRÍÐ; 1, 1, 2-tríklóretan), sbr. tríklóretan, lista IV B
 TRÍKLÓRETÝLEN (1, 1, 2-tríklóretýlen), ef látið er úti *100 ml eða minna magn*, sbr. lista II
 TRÍKLÓRMETAN, sjá KLÓRÓFORM
 TRÍKLÓRPRÓPAN (1, 2, 3-tríklórprópan)

LISTI IV B

(Hættuleg leysiefni (lífræn), B flokkur).

ACETÓN
alfa-metýlstýren (METÝLSTÝREN)
 AMÝLACETAT
 AMÝLALKÓHÓL
 AMÝLBENZEN (AMÝLBENZÓL)
 AMÝLFORMÍAT
 ANON (CÝKLÓHEXANÓN)
 BÚTANÓL (BÚTÝLALKÓHÓL)
 BÚTANÓN (METÝLETÝLKETÓN)
 BÚTÝLACETAT
 BÚTÝLFORMÍAT
 CELLÓSOLVE (ETÝLGLÝKÓL; ETÝLENGLÝKÓLMÓNÓETÝLETER)
 CELLÓSOLVEACETAT (ETÝLGLÝKÓLACETAT;
 ETÝLENGLÝKÓLMÓNÓETÝLETERACETAT)
 CUMOL (CUMEN; ÍSÓPRÓPÝLBENZEN)
 CÝKLÓHEXAN (HEXAMETÝLEN; HEXAHÝDRÓBENZÓL)
 CÝKLÓHEXANÓL (HEXALÍN)
 CÝKLÓHEXANÓN (ANON)
 CÝKLÓHEXEN (TETRAHÝDRÓBENZÓL)
 CÝKLÓHEXÝLACETAT (HEXALÍNACETAT)
 CÝKLÓHEXÝLFORMÍAT (HEXALÍNFORMÍAT)
 CYMOL (*p*-CYMEN; 1-metýl-4-ísóprópýlbenzen)
 DEKAHÝDRÓNAFTALEN (DEKALÍN)
 DÍETÝLBENZEN (DÍETÝLBENZÓL)
 DÍFLÚORDÍBRÓMMETAN
 DÍMETÝLBENZEN (XÝLEN)
 DÍPRÓPÝLENGLÝKÓLMETÝLETER
 ETÝLACETAT
 ETÝLBENZEN (ETÝLBENZÓL)
 ETÝLENGLÝKÓLMÓNÓETÝLETER (CELLÓSOLVE; ETÝLGLÝKÓL)
 ETÝLENGLÝKÓLMÓNÓETÝLETERACETAT (CELLÓSOLVEACETAT;
 ETÝLGLÝKÓLACETAT)
 ETÝLGLÝKÓL (CELLÓSOLVE; ETÝLENGLÝKÓLMÓNÓETÝLETER)
 ETÝLGLÝKÓLACETAT (CELLÓSOLVEACETAT;
 ETÝLENGLÝKÓLMÓNÓETÝLETERACETAT)
 HEXAHÝDRÓBENZÓL (CÝKLÓHEXAN)
 HEXAHÝDRÓKRESÓL (METÝLCÝKLÓHEXANÓL)

HEXALÍN (CÝKLÓHEXANÓL)
 HEXALÍNACETAT (CÝKLÓHEXÝLACETAT)
 HEXALÍNFORMÍAT (CÝKLÓHEXÝLFORMÍAT)
 HEXAMETÝLEN (CÝKLÓHEXAN)
 HEXÝLACETAT (sek. hexýlacetat)
 ÍSÓBÚTANÓL (ÍSÓBÚTYLALKÓHÓL)
 ÍSÓPRÓPANÓL (ÍSÓPRÓPÝLALKÓHÓL)
 ÍSÓPRÓPÝLBENZEN (CUMOL)
 MESÍTYLEN (TRÍMETÝLBENZEN; 1, 3, 5 - trimetýlbenzen)
 METÝLACETAT
 METÝLANON (METÝLCÝKLÓHEXANÓN)
 METÝLBENZEN (TÓLÚEN)
 METÝLBÚTYLKETÓN (2 - hexanón)
 METÝLCÝKLÓHEXANÓL
 METÝLCÝKLÓHEXANÓN
 METÝLCÝKLÓHEXÝLACETAT (METÝLHEXALÍNACETAT)
 METÝLCÝKLÓHEXÝLFORMÍAT
 METÝLETÝLKETÓN (BÚTANÓN)
 METÝLÍSÓBÚTYLKETÓN (METÝLPENTANÓN; 4-metýlpentanón (2))
 METÝLÍSÓPRÓPÝLBENZEN (CYMOL; *p*-CYMEN; 1 - metýl - 4 - ísóprópýl-
 benzen)
 METÝLKLÓRÓFORM (TRÍKLÓRETAN; 1, 1, 1 - triklóretan)
 METÝLPENTANÓN (4 - metýlpentanón (2))
 METÝLPRÓPÝLKETÓN (PENTANÓN; 2 - pentanón)
 METÝLSTÝREN (METÝLSTÝRÓL; *alfa*-metýlstýren)
 PENTANÓN (METÝLPRÓPÝLKETÓN; 2-pentanón)
 PRÓPÝLACETAT
 PRÓPANÓL (PRÓPÝLALKÓHÓL)
 PRÓPÝLBENZEN (PRÓPÝLBENZÓL)
 STÝREN (STÝRÓL; VÍNÝLBENZEN)
 TETRAHÝDRÓBENZÓL (CÝKLÓHEXEN)
 TETRAHÝDRÓFÚRAN
 TETRAHÝDRÓNAFTALEN (TETRALÍN; 1, 2, 3, 4 - tetrahýdrónaftalen)
 TRÍKLÓRETAN (METÝLKLÓRÓFORM; 1, 1, 1 - triklóretan), sbr. triklóretan,
 lista IV A
 TÓLÚEN (TÓLÚÓL)
 TRÍMETÝLBENZEN (1, 3, 5 - trimetýlbenzen)
 VÍNÝLBENZEN (VÍNÝLBENZÓL; STÝREN)
 VÍNÝLTÓLÚEN (VÍNÝLTÓLÚÓL)
 XÝLEN (XÝLÓL)

LISTI V

(Hættulegar lofttegundir, er ekki hafa lækningagildi).

AMMÓNÍAK
 BRENNISTEINSDÍOXÍÐ (SO_2)
 BRENNISTEINSVETNI (HÝDRÓGENSÚLFÍÐ; H_2S)
 DÍAZÓMETAN ($\text{CH}_2 = \text{N}^+ = \text{N}^-$)
 DÍCÝAN ($(\text{CN})_2$)
 FLÚOR

KLÓR
 KARBÓMÓNOXÍÐ (CO)
 METÝLKLÓRÍÐ (MÓNÓKLÓRMETAN)
 T-gas (ETÝLENOXÍÐ)

Gjört í Reykjavík, 31. desember 1968.

Kristján Eldjárn.
 (L. S.)

Jóhann Hafstein.

L Ö G

um breyting á lögum um verðlagsmál, nr. 54 frá 14. júní 1960.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Með verðlagsákvæðanir fer 9 manna nefnd, verðlagsnefnd. 3 nefndarmenn skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu Alþýðusambands Íslands, 1 samkvæmt tilnefningu Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, 2 samkvæmt tilnefningu Vinnuveitendasambands Íslands, 1 samkvæmt tilnefningu Verzlunarráðs Íslands og 1 samkvæmt tilnefningu Sambands ísl. samvinnufélaga. Niundi nefndarmaðurinn er ráðuneytisstjórinn í viðskiptamálaráðuneytinu, og skal hann vera formaður nefndarinnar. Hver nefndarmaður skal tilnefna varamann, er taki sæti í forföllum hans. Viðskiptamálaráðherra skipar nefndina.

Meiri hluti atkvæða ræður ákvörðunum verðlagsnefndar. Verði atkvæði jöfn, sker atkvæði formanns úr.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1969 og gilda til 31. des. 1969.

Gjört í Reykjavík, 31. desember 1968.

Kristján Eldjárn.
 (L. S.)

Gylfi P. Gíslason.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 36 15. maí 1964, um breytingu á lausaskuldum iðnaðarins í föst lán.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1 mgr. 1. gr. laganna orðist þannig:

Iðnlánasjóði er heimilt að gefa út sérstakan flokk vaxtabréfa í þeim tilgangi að breyta í föst lán lausaskuldum iðnfyrirtækja, sem skylt er að greiða iðnlánasjóðsgjald samkvæmt ákvæðum laga um Iðnlánasjóð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 24 8. maí 1965, um breyting á lögum nr. 36 15. maí 1964.

Gjört að Bessastöðum, 20. desember 1968.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Jóhann Hafstein.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir 8. gr. komi:

Ákvæði til bráðabirgða.

Að fengnum tillögum Hafrannsóknastofnunar Íslands og Fiskifélags Íslands skal ráðherra heimilt með reglugerð að veita vélbátum allt að 200 brúttó-rúmlestum að stærð leyfi til togveiða á tímabilinu 1. jan. til 30. apríl 1969 innan fiskveiðilandhelginnar, þannig: Á svæði, sem takmarkast að vestan af línu, sem dregin yrði réttvísandi í norður frá Horni (grunnlínupunktur nr. 1), og að austan af línu, sem dregin yrði réttvísandi í norður frá Rauðanúp (grunnlínupunktur nr. 6), allt að 4 sjómílum frá línu, sem dregin er á milli grunnlínupunkta. Þó skal við útgáfu veiðileyfa verða tekið tillit til nauðsynlegrar friðunar fyrir botnvörpu á svæðinu frá Rauðanúp vestur að Gjögurtá. Á svæði, sem takmarkast að vestan af línu, sem dregin yrði réttvísandi í vestur frá Garðsskaga, og að austan af línu, sem dregin yrði réttvísandi í suður frá Stokksnesi (grunnlínupunktur 19), allt að 3 sjómílum frá strandlengju.

Heimilt er þó ráðherra að veita frekari heimildir til botnvörpuveiða á svæði, sem takmarkast að austan af lengdarbaug 21° og 57 mín. vesturlengdar og að vestan af lengdarbaug 22° og 32 mín. vesturlengdar. Togveiðar skulu þó ekki heimilaðar á svæðinu frá Stokksnesi að Skaftárósum á tímabilinu frá 1. marz til 30. apríl. Leyfi til togveiða skal að öðru leyti takmarka hverju sinni við tíma og svæði, m. a. til þess að forða frá árekstrum á veiðisvæðum við báta með önnur veiðarfæri, svo sem línu og net. Hrygningarsvæði síldar og önnur svæði, sem Hafrannsóknastofnunin telur nauðsynlegt að vernda, skulu friðuð fyrir botnvörpu þann tíma, sem nauðsynlegt er talið.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 20. desember 1968.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Jóhann Hafstein.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 7 31. marz 1967, um námslán og námsstyrki.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna hljóði svo:

Hlutverk lánasjóðs íslenzkra námsmanna er að veita íslenzkum námsmönnum lán til náms við Háskóla Íslands, kennaradeild stúdenta, framhaldsdeild og menntadeild Kennaraskóla Íslands, fyrsta hluta Tækniskóla Íslands, erlenda háskóla og tækniskóla, svo og aðrar hliðstæðar erlendar kennslustofnanir, samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 31. desember 1968.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Gylfi Þ. Gíslason.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 49/1967, um skólakostnað.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við ákvæði til bráðabirgða bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
Á árinu 1969 skulu framlög til nýrra skólamannvirkja skiptast á 4ra ára greiðslu-
tímabil vegna hvernar framkvæmdar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört i Reykjavík, 31. desember 1968.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Gylfi P. Gislason.

L Ö G

um breyting á lögum um ferðamál, nr. 29 30. apríl 1964.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

4. gr. laganna orðist þannig:

Skilyrði til að geta öðlazzt leyfi til reksturs ferðaskrifstofu er, að forstöðu-
maður hennar uppfylli eftirtalin skilyrði:

a. 25 ára aldur.

b. Verzlunarskólapróf, eða hliðstæð menntun eða meiri, að dómi ráðuneytisins.

c. Að minnsta kosti 5 ára starf við almennan ferðaskrifstofurekstur, eða 3 ár sem forstjóri ferðaskrifstofu. Störfín skulu vera þess eðlis, að þau geti, að dómi ráðuneytisins, veitt alhliða þekkingu á ferðaskrifstofurekstri.

Ráðuneytið getur ákveðið, að 5 ára störf við farþegaafgreiðslu í millilanda-
ferðum hjá flugfélagi eða skipafélagi teljist jafngilda starfstíma á ferðaskrif-
stofu samkvæmt þessari grein.

d. Fjarræði og forræði á húi sínu.

e. Búseta á Íslandi.

Leyfi má veita félagi eða fyrirtæki, enda sé stjórn þess innlend og aðsetur hér á landi, og skal þá sá maður, sem hefur með höndum daglega stjórn ferðaskrifstofu, uppfylla skilyrði a—e-liða þessarar greinar.

Nú telur ráðuneytið, að málavöxtum athuguðum, að ekki sé unnt að reka starfsemi þá, sem sótt er um leyfi fyrir samkvæmt lögum þessum, á viðunandi hátt, og skal þá umsókninni synjað.

2. gr.

1. mgr. 5. gr. orðist þannig:

Leyfi til reksturs ferðaskrifstofu má því aðeins veita, að umsækjandi setji tryggingu, eigi lægri en 1.5 millj. kr. Ráðuneytið getur, að fengnum tillögum Ferðamálaráðs, ákveðið almenna hækkun tryggingarfjárins.

3. gr.

7. gr. orðist þannig:

Ferðaskrifstofur, sem öðlzt hafa leyfi til reksturs samkvæmt lögum þessum, skulu færa bókhald samkvæmt bókhaldslögum. Þær skulu árlega senda ráðuneytinu reksturs- og efnahagsreikning undanfarandi árs, endurskoðaðan af löggiltum endurskoðanda. Skylt skal þeim að veita ráðuneytinu frekari upplýsingar, ef það æskir.

4. gr.

9. gr. laganna orðist þannig:

Leyfi til reksturs ferðaskrifstofu fellur niður:

- a. Ef leyfishafi verður gjaldþrota eða er sviptur fjárræði.
- b. Ef trygging sú, sem sett er samkvæmt 5. gr., rýrnar, fellur niður eða fullnægir ekki þeim reglum, sem ráðuneytið setur.
- c. Ef leyfishafi hættir að hafa búsetu hér á landi.

Ráðuneytið getur afturkallað leyfi fyrirvaralaust, ef það telur sannað, að um sé að ræða hjá ferðaskrifstofu meiri heildarvanskil en tryggingarfé samkvæmt 5. gr. nemur.

Sé félag leyfishafi eða ef annar en leyfishafi veitir daglegum rekstri ferðaskrifstofunnar forstöðu, fellur leyfið niður, ef forstöðumaður missir einhvers þeirra skilyrða, sem leyfishafi verður að uppfylla samkvæmt lögum þessum, eða andast, enda sé ekki ráðinn nýr forstöðumaður, sem uppfyllir skilyrði laga þessara, innan þess frests, sem ráðuneytið setur.

5. gr.

10. gr. orðist þannig:

Nú andast leyfishafi, og er þá ekkju hans, ef hún situr í óskiptu búi, heimilt að halda áfram rekstrinum í eitt ár, enda sé fullnægt hinum almennu skilyrðum um ábyrgð, og ekki ástæða til afturköllunar leyfis samkvæmt 9. gr.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

7. gr.

Við gildistöku laga þessara skal fella meginmál þeirra, meginmál laga nr. 71 30. desember 1964 og laga nr. 36 29. apríl 1966, svo og breytingu samkvæmt 12. gr. laga nr. 5 10. apríl 1968, inn í lög um ferðamál, nr. 29 30. apríl 1964, og gefa lögin út svo breytt.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ferðaskrifstofur þær, sem öðlazi hafa leyfi og eru starfandi við gildistöku laga þessara, skulu innan 6 mánaða frá gildistöku laga þessara leggja fyrir ráðuneytið tryggingarskilríki í samræmi við 2. gr. laga þessara og reglur þær, sem ráðuneytið setur, og eiga þær þá rétt til að fá útgefin ný leyfi.

Sé trygging samkvæmt 2. gr. laga þessara ekki sett innan tilskilins frests, falla leyfi niður.

Gjört í Reykjavík, 31. desember 1968.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.

L Ö G

um breyting á lögum um vörumerki, nr. 47 2. maí 1968.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðanna „Lög þessi öðlast þegar gildi“ í 48. gr. laga um vörumerki, nr. 47 2. maí 1968, komi: Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1969.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 13. desember 1968.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Jóhann Hafstein.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 33/1967, um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 55/1962,
um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

Frestir þeir, sem ræðir í ákvæði til bráðabirgða, breytist þannig, að ágreiningur milli aðila gangi til Kjaradóms 1. febrúar 1969 og Kjaradómur hafi lokið dómsorði á ágreiningsefnið eigi síðar en 1. marz 1969.

Gjört í Reykjavík, 31. desember 1968.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Magnús Jónsson.

12. nóvember 1968.

Nr. 94.

AUGLÝSING

um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands
nr. 76 frá 17. júní 1958, með áorðnum breytingum.

Forseti Íslands féllst hinn 12. nóvember 1968 á tillögu menntamálaráðherra um að staðfesta eftirfarandi breyting á reglugerð fyrir Háskóla Íslands, nr. 76 frá 1958, með áorðnum breytingum:

1. gr.

Við 43. gr. 2. tölulið bætist:

Þær þrjár prófgreinar, sem greindar eru í þessum tölulið, teljast prófhluti í merkingu þessarar reglugerðar.

2. gr.

Fyrri málsgrein 43. gr. 6. töluliðs orðist svo:

Stúdent telst ekki hafa staðizt upphafspróf, sbr. 2. tölulið, hafi hann hlotið lægri meðaleinkunn en 9 í hinum þremur prófgreinum eða undir 7 í einhverri þeirra.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 42. gr. laga nr. 60 7. júní 1957, um Háskóla Íslands, öðlast þegar gildi, og taka ákvæði hennar til þeirra stúdenta, sem innritast til náms í læknadeild frá haustinu 1968 og telja.

Í menntamálaráðuneytinu, 12. nóvember 1968.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius.

FORSETA BRÉF
um frestun á fundum Alþingis.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Að ég, samkvæmt tillögu forsætisráðherra og að fengnu samþykki Alþingis, fresta hér með fundum Alþingis, 89. löggjafarþings, enda verði þingið kvatt til fundar á ný eigi síðar en 7. febrúar 1969.

Gjört í Reykjavík, 23. desember 1968.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

STJÓRNARTÍÐINDI A 19 — 1968

31. desember 1968.

355

Nr. 96.

FJÁRLÖG

fyrir árið 1969.

FÖRSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

A - HLU TI

Fjárreiður ríkissjóðs og ríkisstofnana.

1. gr.

Greiðslufirlit ríkissjóðs.

	Þús. kr.
0 Gjöld	7 000 607
1 Tekjur	7 096 482
	<hr/>
Tekjur umfram gjöld	95 875
3 Lánahreyfingar út	90 068
4 Lánahreyfingar inn	4 050
	<hr/>
Mismunur	86 018
Greiðslujöfnuður:	
Á rekstrarreikningi	95 875
Á lánahreyfingum	86 018
	<hr/>
Greiðsluafgangur	9 857
	<hr/>

2. gr.

Árið 1969 eru veittar til gjalda fjárhæðir þær, sem tilgreindar eru á rekstrarreikningi í þessari grein, sbr. sundurliðun í 4. grein.

		Rekstrar-	
		0 Gjöld:	
		Dús. kr.	Dús. kr.
1 00	Æðsta stjórn ríkisins		54 286
1 01	Forsætis- og menntamálaráðuneytið		1 151 165
	101—102 Yfirstjórn	18 611	
	201—783 Fræðslumál	1 000 294	
	801—899 Söfn, listir og önnur menningarstarfsemi	132 260	
1 02	Utanríkisráðuneytið		117 402
	101—102 Yfirstjórn	15 672	
	201 Löggæzla á Keflavíkurlugvelli	20 221	
	301—310 Sendiráð	51 304	
	400 Alþjóðastofnanir	30 205	
1 03	Atvinnumálaráðuneytið		820 513
	101—172 Yfirstjórn	17 603	
	201—299 Búnaðarmál	534 767	
	301—399 Útvegsmál	128 981	
	401—472 Orkumál	85 792	
	532—999 Annað	53 370	
1 04	Dóms- og kirkjumálaráðuneytið		631 369
	101—102 Yfirstjórn	9 578	
	202—283 Dómgæzla, lögreglumál o. fl.	317 927	
	301—399 Heilbrigðismál	230 242	
	401—473 Þjóðkirkjan	54 205	
	566—981 Annað	19 417	
1 05	Félagsmálaráðuneytið		2 352 138
	101 Yfirstjórn	4 291	
	270—272 Almannatryggingar	1 959 300	
	371—372 Húsnæðismál	228 756	
	601—999 Önnur félagsmál	159 791	
1 06	Fjármálaráðuneytið		400 688
	101—181 Yfirstjórn	25 954	
	201—281 Toll- og skattheimta	121 946	
	381—384 Lífeyrissjóðir, styrktarfé og eftirlaun	106 557	
	402—999 Annað	146 231	
Flutt			5 527 561

3. gr.

Árið 1969 er ætlað til, að tekjur ríkissjóðs verði þær, sem tilgreindar eru á rekstrarreikningi skv. þessari grein.

reikningur.

1 Tekjur:

1 1	Skattar.	Beinir skattar.	Dús. kr.	Dús. kr.
	Persónuskattar			549 578
1 11 0	Iðgjöld lífeyristrygginga:			
1 11 01	Almannatryggingagjald	313 100		
1 11 02	Lífeyristryggingagjald atvinnurekenda	140 000		
1 11 1	Slysa- og atvinnuleysistryggingagjöld:			
1 11 11	Slysatryggingaiðgjöld atvinnurekenda, áhættuið- gjald af trillubátum og áhættuiðgjald af búvélum ..	43 000		
1 11 12	Iðgjald til atvinnuleysistryggingasjóðs	45 500		
1 11 9	Aðrir skattar:			
1 11 91	Námsbókagjald	7 978		
	Eignarskattar			133 967
1 12 0	Eignarskattar, alm.:			
1 12 01	Eignarskattur einstaklinga	95 400		
1 12 02	Byggingarsjóðsgjald af eignarskatti einstaklinga ..	954		
1 12 03	Eignarskattur félaga	31 300		
1 12 04	Byggingarsjóðsgjald af eignarskatti félaga	313		
1 12 1	Erfðafjárskattur:			
1 12 11	Erfðafjárskattur	6 000		
	Tekjuskattar			673 569
1 13 0	Tekjuskattar:			
1 13 01	Tekjuskattur einstaklinga	587 500		
1 13 02	Byggingarsjóðsgjald af tekjuskatti einstaklinga ..	5 875		
1 13 03	Tekjuskattur félaga	79 400		
1 13 04	Byggingarsjóðsgjald af tekjuskatti félaga	794		
	Óbeinir skattar.			
	Gjöld af innflutningi			2 780 708
1 15 0	Aðflutningsgjöld:			
1 15 01	Aðflutningsgjöld	2 363 000		
	Þar af til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga ..	118 200		
		<hr/>		2 244 800
1 15 02	Aðflutningsgjöld af sjónvarpstækjum	37 000		
1 15 03	Byggingariðnaðarsjóðsgjald	2 700		
1 15 04	Tollstöðvargjald	11 820		
1 15 05	Byggingarsjóðsgjald af innflutningi	11 820		
		<hr/>		
	Flutt			4 137 822

Rekstrar-

0 Gjöld:

	Flutt	Dús. kr.	Dús. kr.
			5 527 561
1 07 Samgöngu- og iðnaðarmálaráðuneytið			870 508
101 Yfirstjórn		3 918	
211 Vegamál		506 537	
321—374 Önnur samgöngumál		322 661	
400—499 Iðnaðarmál		28 330	
569—582 Annað		9 062	
1 08 Viðskiptaráðuneytið			584 047
101 Yfirstjórn		5 335	
201 Niðurgreiðslur		570 290	
902—999 Annað		8 422	
1 09 Hagstofa Íslands			9 533
1 10 Ríkisendurskoðun			8 958

Flutt

7 000 607

reikningur.

1 Tekjur :

	Flutt	Þús. kr.	Þús. kr.
			4 137 822
1 15 1	Innflutningsgjöld af benzíni og gúmmígjald:		
1 15 11	Innflutningsgjald af benzíni	321 400	
1 15 12	Gúmmígjald	39 400	
1 15 2	Innflutningsgjöld af bifreiðum og bifhjólum:		
1 15 21	Gjald af bifreiðum og bifhjólum	102 400	
1 15 8	Hagnaður af sölu varnarliðseigna:		
1 15 81	Hagnaður af sölu varnarliðseigna	9 368	
	Skattar af framleiðslu		89 700
1 16 0	Gjöld af innlendum tollvörum:		
1 16 01	Gjald af innlendum tollvörum	64 000	
1 16 02	Sælgætisgjald	2 700	
1 16 03	Flöskugjald	23 000	
	Skattar af seldum vörum og þjónustu		2 319 078
1 17 0	Söluskattur:		
1 17 01	Söluskattur	1 565 400	
	Til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga	125 260	
		1 440 140	
1 17 1	Skemmtanaskattur:		
1 17 11	Miðagjald til Menningarsjóðs	3 400	
1 17 12	Skemmtanaskattur	17 600	
1 17 2	Launaskattur:		
1 17 21	Launaskattur	135 000	
1 17 3	Rekstrarhagnaður Á.T.V.R.:		
1 17 31	Rekstrarhagnaður Á.T.V.R.	679 000	
1 17 32	Gjald af seldum vindlingum	12 500	
1 17 33	Gjald af seldum eldspýtum	1 600	
1 17 5	Gjöld af útfluttum sjávarafurðum:		
1 17 51	Síldargjald	4 600	
1 17 52	Ferskfiskmatsgjald	10 400	
1 17 53	Hluti útflutningsgjalds af sjávarafurðum	10 400	
1 17 54	Síldarmatsgjald	60	
1 17 55	Síldarsölugjald	3	
1 17 9	Aðrir skattar:		
1 17 91	Iðnaðargjald	2 600	
1 17 92	Sérleyfisgjald	1 575	
1 17 93	Gjald af eyðublöðum heillaskeyta	200	
	Aðrir óbeinir skattar		476 387
1 19 0	Aukatekjur og stimpilgjald:		
1 19 01	Stimpilgjald	105 000	
1 19 02	Aukatekjur	34 800	
1 19 03	Þinglýsingar	30 700	
	Flutt		7 022 987

Rekstrar-

0 Gjöld :

	Þús. kr.	Þús. kr.
Flutt		7 000 607

Gjöld samtals	7 000 607
Tekjur umfram gjöld	95 875
Samtals	7 096 482

reikningur.

1 Tekjur :

	Flutt	Þús. kr.	Þús. kr.
1 19 1	Ýmsir skattar af bifreiðum:		
1 19 11	Bifreiðaskattur	122 100	
1 19 12	Bifreiðaskattur vegna hægri umferðar	17 000	
1 19 13	Skrásetningargjald bifreiða	4 000	
1 19 14	Skoðunargjald bifreiða	5 900	
1 19 15	Vegagjald	15 000	
1 19 2	Ýmsir skattar af skipum:		
1 19 21	Lestagjald	1 300	
1 19 22	Vitagjald	3 800	
1 19 23	Skipaskoðunargjald	2 700	
1 19 3	Tekjur af sölu erlends gjaldeyris:		
1 19 32	Hluti af umboðspóknun og gengismun viðskipta- bankanna	68 500	
1 19 33	Leyfisgjald	12 800	
1 19 9	Aðrir óbeinir skattar:		
1 19 90	Verðjöfnunargjald	22 500	
1 19 91	Áhættugjald vegna ríkisábyrgða	8 000	
1 19 92	Skipulagsgjald	7 800	
1 19 93	Rafmagnseftirlitsgjald	8 000	
1 19 94	Einkaleyfisgjald frá Happraetti H. Í.	4 500	
1 19 95	Prófgjöld bifreiðastjóra	1 100	
1 19 96	Prófgjald iðnnema	450	
1 19 97	Rafstöðvargjald	30	
1 19 98	Sérlyfjagjald	400	
1 19 99	Hvalveiðigjald	7	
1 2	Arðgreiðslur frá fyrirtækjum og sjóðum í ríkiseign, fluttar úr B-hluta ríkisreiknings		37 328
1 21 0	Arðgreiðslur frá B-hluta stofnunum:		
1 21 01	Afgjöld ríkisjarða	450	
1 21 02	Keflavíkurflugvöllur, flugmálastjórn	25 139	
1 21 03	Ríkisprentsmiðjan Gutenberg	535	
1 21 04	Frihöfnin, Keflavíkurflugvelli	11 204	
1 3	Ýmsar tekjur		36 167
1 31 0	Vextir og arður af hlutabréfum:		
1 31 01	Vextir	15 000	
1 31 02	Arður af hlutabréfum	2 000	
1 39 0	Ýmsar tekjur:		
1 39 02	Sameignir ríkisins	2 667	
1 39 03	Yfirverð líknarfrímerkja	100	
1 39 04	Samúðarskeyti Landssímans	1 400	
1 39 05	Sektir og upptækar vörur til Menningarsjóðs....	1 700	
1 39 06	Sektir og upptækar vörur til ríkissjóðs	13 000	
1 39 07	Ýmsar óvissar tekjur	300	
	Tekjur samtals		7 096 482

4. gr.

1 00 Æðsta stjórn ríkisins.

101 Embætti forseta Íslands:		Dús. kr.	Dús. kr.
0 10 Laun		1 889	
0 20 Önnur rekstrargjöld		2 091	
0 27 Viðhald		541	
Gjöld samtals			4 521
201 Alþingi:			
0 10 Laun		24 056	
0 20 Önnur rekstrargjöld		20 790	
Gjöld samtals			44 846
Viðfangsefni:			
02 Þingfararkaup alþingismanna		18 169	
03 Skrifstofu- og alþingiskostnaður		18 137	
04 Rekstrarkostnaður fasteigna		4 185	
05 Útgáfukostnaður Alþingistiðinda		4 050	
06 Yfirskoðunarmenn ríkisreiknings		305	
Gjöld samtals		44 846	
301 Ríkisstjórn:			
0 10 Laun		2 688	
0 20 Önnur rekstrargjöld		302	
Gjöld samtals			2 990
401 Hæstiréttur:			
0 10 Laun		1 929	
Gjöld samtals			1 929
		<hr/>	
	Samtals		54 286

1 01 Forsætis- og menntamálaráðuneytið.

	Dús. kr.	Dús. kr.
101 Forsætis- og menntamálaráðuneytið, aðalskrifstofa:		
0 10 Laun	6 631	
0 20 Önnur rekstrargjöld	8 929	
Gjöld samtals		15 560
Viðfangsefni:		
01 Yfirstjórn	9 782	
02 Fræðileg rannsókn á skólakerfinu	1 790	
03 Byggingardeild	2 568	
04 Fjármáladeild	1 420	
Gjöld samtals	15 560	
102 Efnahagsstofnunin:		
0 10 Laun	1 776	
0 20 Önnur rekstrargjöld	1 080	
0 27 Viðhald	120	
0 80 Gjaldfærður stofnkostnaður	75	
Gjöld samtals		3 051
201 Háskóli Íslands:		
0 10 Laun	34 667	
0 20 Önnur rekstrargjöld	11 255	
0 27 Viðhald	600	
0 80 Gjaldfærður stofnkostnaður	1 300	
0 90 Yfirfærslur:		
0 94 Til einstaklinga, heimila og samtaka	630	
Gjöld samtals	48 452	
1 00 Tekjur	300	
Mismunur		48 152
Viðfangsefni:		
01 Yfirstjórn	3 376	
02 Guðfræðideild	1 478	
03 Læknadeild	8 500	
04 Tannlækningar	6 360	
05 Lyfjafræði lyfsala	958	
06 Lagadeild	1 881	
07 Viðskiptadeild	1 844	
08 Heimspékiðeild	7 235	
09 Verkfræðideild	5 600	
10 Bókasafn	1 770	
11 Íþróttakennsla	1 199	
12 Rekstur fasteigna	4 271	
13 Sameiginleg útgjöld	3 980	
Gjöld samtals	48 452	

		Þús. kr.	Þús. kr.
202	Tilraunastöð Háskólans á Keldum:		
0 10	Laun	5 207	
0 20	Önnur rekstrargjöld	13 327	
0 27	Viðhald	840	
0 80	Gjaldfærður stofnkostnaður	600	
		<hr/>	
	Gjöld samtals	19 974	
1 00	Tekjur	15 190	
	Mismunur	<hr/>	4 784
203	Raunvísindastofnun Háskólans:		
0 10	Laun	5 028	
0 20	Önnur rekstrargjöld	2 662	
0 27	Viðhald	528	
0 80	Gjaldfærður stofnkostnaður	500	
		<hr/>	
	Gjöld samtals	8 718	
1 00	Tekjur	220	
	Mismunur	<hr/>	8 498
	Viðfangsefni:		
01	Yfirstjórn	2 617	
02	Rannsóknarstofa í stærðfræði	804	
03	Rannsóknarstofa í eðlisfræði	2 840	
04	Rannsóknarstofa í efnafræði	1 081	
05	Rannsóknarstofa í jarðvísindum	1 376	
		<hr/>	
	Gjöld samtals	8 718	
205	Handritastofnun Íslands:		
0 10	Laun	1 775	
0 20	Önnur rekstrargjöld	324	
0 80	Gjaldfærður stofnkostnaður	1 300	
	Gjöld samtals		3 399
206	Orðabók Háskólans:		
0 10	Laun	1 232	
0 20	Önnur rekstrargjöld	81	
	Gjöld samtals		1 313
231	Náttúrufræðistofnun Íslands:		
0 10	Laun	2 278	
0 20	Önnur rekstrargjöld	878	
0 80	Gjaldfærður stofnkostnaður	25	
	Gjöld samtals		3 181
232	Rannsóknarráð ríkisins:		
0 10	Laun	711	
0 20	Önnur rekstrargjöld	2 764	
0 27	Viðhald	66	
	Gjöld samtals		3 541

	Pús. kr.	Pús. kr.
Viðfangsefni:		
01 Yfirstjórn	1 680	
02 Til frumathugana á nýtingu náttúruauðæfa lands- ins	1 661	
03 Til hafisrannsóknna	200	
	<hr/>	
Gjöld samtals	3 541	
271 Reiknistofnun Háskólans:		
0 90 Yfirfærslur:		
0 91 Til fyrirtækja í B hluta	1 038	
Gjöld samtals		1 038
276 Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna:		
0 90 Yfirfærslur:		
0 91 Til fyrirtækja í B hluta	4 500	
Gjöld samtals		4 500
301 Menntaskólinn í Reykjavík:		
0 10 Laun	19 393	
0 20 Önnur rekstrargjöld	2 932	
0 27 Viðhald	1 380	
0 70 Vextir	599	
0 80 Gjaldfærður stofnkostnaður	300	
Gjöld samtals		24 604
3 00 Lánahreyfingar út	573	
302 Menntaskólinn á Akureyri:		
0 10 Laun	8 726	
0 20 Önnur rekstrargjöld	3 351	
0 27 Viðhald	924	
0 70 Vextir	239	
0 80 Gjaldfærður stofnkostnaður	8 500	
Gjöld samtals		21 740
3 00 Lánahreyfingar út	282	
303 Menntaskólinn á Laugarvatni:		
0 10 Laun	3 572	
0 20 Önnur rekstrargjöld	814	
0 27 Viðhald	462	
0 70 Vextir	118	
0 80 Gjaldfærður stofnkostnaður	9 500	
0 90 Yfirfærslur:		
0 94 Til einstaklinga, heimila og samtaka	25	
Gjöld samtals		14 491
3 00 Lánahreyfingar út	153	
304 Menntaskóli við Hamrahlíð:		
0 10 Laun	9 110	
0 20 Önnur rekstrargjöld	1 920	
0 70 Vextir	1 492	
0 80 Gjaldfærður stofnkostnaður	14 768	
Gjöld samtals		27 290
3 00 Lánahreyfingar út	1 651	

		Dús. kr.	Dús. kr.
305 Menntaskóli á Ísafirði, byggingarstyrkur:			
0 80 Gjaldfærður stofnkostnaður		2 500	
Gjöld samtals			2 500
306 Menntaskóli á Austurlandi, byggingarstyrkur:			
0 80 Gjaldfærður stofnkostnaður		2 500	
Gjöld samtals			2 500
321 Kennaraskólinn:			
0 10 Laun		16 803	
0 20 Önnur rekstrargjöld		3 367	
0 27 Viðhald		422	
0 70 Vextir		1 009	
0 80 Gjaldfærður stofnkostnaður		840	
0 90 Yfurfærslur:			
0 94 Til einstaklinga, heimila og samtaka		75	
Gjöld samtals			22 516
3 00 Lánahreyfingar út		2 493	
322 Æfinga- og tilraunaskóli Kennaraskólans, byggingarstyrkur:			
0 80 Gjaldfærður stofnkostnaður		6 000	
Gjöld samtals			6 000
331 Íþróttakennaraskóli Íslands:			
0 10 Laun		755	
0 20 Önnur rekstrargjöld		608	
0 27 Viðhald		600	
0 80 Gjaldfærður stofnkostnaður		3 000	
Gjöld samtals		4 963	
1 00 Tekjur		30	
Mismunur			4 933
336 Húsmæðrakennaraskóli Íslands:			
0 10 Laun		1 060	
0 20 Önnur rekstrargjöld		405	
0 27 Viðhald		204	
Gjöld samtals		1 669	
1 00 Tekjur		60	
Mismunur			1 609
401 Fræðslumálaskrifstofan:			
0 10 Laun		5 822	
0 20 Önnur rekstrargjöld		4 805	
0 90 Yfurfærslur:			
0 92 Til sveitarfélaga		7 040	
Gjöld samtals			17 667

	Þús. kr.	Þús. kr.
Viðfangsefni:		
01 Yfirstjórn	4 891	
02 Námsstjórar	1 783	
07 Bókmenntakynning í skólum	143	
08 Miðskólapróf í bóknámsdeild, landspróf	405	
09 Námsflokkar	250	
11 Eftirlit með veikindaforföllum	16	
12 Til framkvæmda sundskyldu í skólum	6 070	
13 Til skiðakennslu í barnaskólum	90	
14 Til skiðakennslu í gagnfræðaskólum	130	
16 Til fyrrv. barnakennara eftir tillögum fræðslu- málastjóra	105	
17 Gjöld samkvæmt 28. og 40. gr. laga um al- mannatryggingar	2 204	
18 Til fræðslumyndasafns ríkisins samkvæmt lög- um nr. 49/1967	1 080	
19 Til unglíngafraeðslu eftir tillögum fræðslu- málastjóra	500	
	<hr/>	
Gjöld samtals	17 667	
 402 Fjármálaeftirlit skóla:		
0 10 Laun	997	
0 20 Önnur rekstrargjöld	632	
Gjöld samtals		1 629
 421 Fræðslumyndasafn:		
0 10 Laun	761	
0 20 Önnur rekstrargjöld	374	
0 80 Gjaldfærður stofnkostnaður	1 100	
	<hr/>	
Gjöld samtals	2 235	
1 00 Tekjur	1 000	
